Snemma í desember, ár hvert, skal hreinsunarmaður senda heilbrigðisfulltrúa skýrslu um lækninguna, er tilgreini hvenær og hvar lækningin hafi farið fram, hve margir og hverra hundar hafi verið læknaðir, með hvaða lyfi og með hverjum árangri.

Nú er hundi skotið undan lækningu, og skal þá hreinsunarmaður tilkynna það lögreglustjóra þegar í stað, og er þá hundurinn rétt dræpur, nema eigandinn láti lækna hann innan viku frá því hann fær viðvörun um það.

7. gr.

Hreinsunarmaður annast útvegun meðala og baðlyfja, sem borgist úr bæjarsjóði samkvæmt reikningi, sem heilbrigðisnefndin tekur gildann.

Fyrir hreinsun hvers hunds, fær hreinsunarmaður 2 — tvær — kr. úr bæjarsjóði.

8. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað, og varða brot gegn henni 5—50 króna sekt, er renni í bæjarsjóð. Mál er rísa út af brotum gegn reglugerð þessari, skal fara með sem opinber lögreglumál.

Framanrituð reglugerð var þannig samþykkt á fundi bæjarstjórnarinnar hinn 1. febr. 1921, og staðfestist hérmeð.

Bæjarfógetinn á Akureyri, 2. febr. 1921.

Júlíus Havsteen.

settur.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Gjafasjóð frú Þóru Melsteðs“, út- 9
gefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra Íslands 9. febr. 1921. 9. febr.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

um

Gjafasjóð frú Þóru Melsteðs.

1. gr.

Sjóður þessi, sem frú Þóra Melsteð hefir stofnað með bréfi dagsettu 5. apríl 1902, heitir „Gjafasjóður frú Þóru Melsteðs“. Því nafni má aldrei breyta.

2. gr.

Sjóður þessi er undir stjórn biskupsins yfir Íslandi og ávaxtast í Aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands.

3. gr.

Allir ársvextir leggjast við höfuðstól sjóðsins í 100 ár frá stofnun hans, eða í síðasta sinn vorið 2002. Síðan skal greiða árlega allt að ¾ — þrjá fjórðu hluta — ársvaxtanna til biskupsins yfir Íslandi, og úthlutar hann þeim meðal þeirra kennara við Kvennaskólann í Reykjavík, sem verið hafa að minnsta kosti í tíu ár kennarar við Kvennaskólann, og hann álítur verðugasta og mest þurfandi. En að öðru leyti skal leggja vextina árlega við höfuðstól sjóðsins.

4. gr.

Reikninga sjóðsins skal endurskoða löglega, þá er tekið er að veita fé úr honum, og birta árlega í stjórnartíðindunum.

5. gr.

Á skipulagsskrá þessari er biskup beðinn að fá konunglega staðfestingu og birta hana í stjórnartíðindunum.

Kaupmannahöfn, 26. nóv. 1920.

Bogi Th. Melsteð.

REGLUGERÐ

um

notkun og meðferð rafmagns á Eyrarbakka.

1. gr.

Rafveitan á Eyrarbakka selur öllum rafmagn innan þess svæðis, sem taugar rafveitunnar ná yfir, að svo miklu leyti sem afl stöðvarinnar nægir samkvæmt reglugerð þessari.

2. gr.

Rafmagnið er eingöngu ætlað til lýsingar, þó má rafveitunefnd með ráði stöðvarstjóra, selja til annara afnota afl það, sem stöðin getur framleitt umfram það, sem til ljósa þarf, ef það á engan hátt truflar rekstur stöðvarinnar til ljósa.

3. gr.

Reksturstími stöðvarinnar til ljósaframleiðslu er frá 1. ágúst til 15. maí, frá þeim tíma dags, sem ljósa er þörf, og þar til á morgna að vinnubjart er orðið.

4. gr.

Þann tíma, sem ljósa er þörf, má ekki taka strauminn af, nema nauðsyn beri til, og svo stuttan tíma sem unnt er.

5. gr.

Aðalálmur og húsálmur, ásamt öryggjum, leggur rafveitan á sinn kostnað; þó ekki lengri húsálmur en 40 metra, það sem umfram er kostar húseigandi.

Aðalkerfi rafveitunnar má ekki stækka nema með leyfi hreppsnefndar.

6. gr.

Hver sem óskar að fá hús sitt raflagt eða breytt eldri raflagningu, skal senda stöðvarstjóra skriflega beiðni um það með upplýsingum um, hve mikið rafmagn hann óskar að fá, ásamt öðrum upplýsingum nauðsynlegum fyrir raflagninguna.

Stöðvarstjóri sendir umsóknina með athugasemdum sínum til rafveitunefndar, og nefndin ákveður þvínæst, hvort lagningin eða breytingin skuli leyfð. Umsækjanda sé tilkynntur úrskurður nefndarinnar, og skal sú tilkynning vera komin til hans ekki seinna en þrem vikum eftir að stöðvarstjóri fékk umsóknina.

7. gr.

Húsveitur skal gera á kostnað húseiganda af löggiltum rafvirkja. Enginn nema sá eða þeir, sem hreppsnefnd eftir tillögum rafveitunefndar og stöðvarstjóra hefir löggilt til þess má framkvæma slík verk eða breyta neinu, er rafveitunni tilheyrir innan húss eða utan.

8. gr.

Nú hefir hús verið raflagt, áhöld sett í hús, eða breytt eldri raflagningu, og má þá

ekki taka húsveituna til afnota fyrr en stöðvarstjóri hefir skoðað og prófað hana og vottað að hún sé fullnægjandi. Álítist raflagningin ófullnægjandi, skal hlutaðeigandi rafvirki laga hana þannig að hún sé fullnægjandi. 10 11. febr.

9. gr.

Allir rafmagnsnotendur skulu hafa straummæla, er rafveitan leggur til, gegn hæfilegu ársgjaldi, þó getur rafveitunefnd selt ljós án straummæla, og greiðist gjald fyrir það eftir styrkleika ljósa.

10. gr.

Rafveitan selur ljósin í réttu hlutfalli við það, sem mælir hvers notanda segir til um straumeyðsluna. Ef straummælar bila, skal rafveitan hafa til varamæla, sem nota má í þeirra stað.

11. gr.

Enginn má án leyfis rafveitunefndar taka rafmagn úr taugakerfi rafveitunnar, né aðhafast neitt það, er valdið geti skemmdum á raftaugum eða öðrum raftækjum, sem notuð eru í sambandi við taugarnar, hvort heldur er í húsi hans eða utan þess. Brjóti nokkur gegn ákvæði þessu, skal hann greiða fullar skaðabætur og sæta sektum, sé verkið ekki þannig vaxið, að þyngri refsing liggi við samkvæmt hegningarlögunum.

12. gr.

Hver rafmagnsnotandi er skyldur til að sjá um, svo sem honum er unnt, að innleiðsla hans sé jafnan í góðu lagi. Komi ólag á raftaugar eða tæki í húsi þannig, að skemmdum geti valdið á taugum eða áhöldum rafveitunnar t. d. að öryggi hrökkvi í sundur eða að bilun sjáist á einangrun á leiðslum, þá skal húsráðandi tafarlaust tjá það stöðvarstjóra. Varast skal að taka sundur ljóstækin, straumsnerlana, tengihylkin, o. s. frv.

13. gr.

Rafveitunefndinni er heimilt að banna að nota í sambandi við rafveituna gamla lampa og önnur áhöld, sem eftir áliti hennar og stöðvarstjóra eru ótrygg eða til tálmunar góðum rekstri.

14. gr.

Stöðvarstjóri og rafveitunefnd skulu ætíð hafa frjálsan aðgang þar sem eru taugar eða áhöld, sem standa í sambandi við aðaltaugar stöðvarinnar, til þess að ganga úr skugga um hvort allt sé í góðu lagi.

15. gr.

Vanræki rafmagnsnotandi skyldur þær, sem á honum hvíla samkvæmt reglugerð þessari, eða virðir að vettugi fyrirskipanir rafveitunefndar, skal stöðvarstjóra heimilt að slíta sambandinu við hann til bráðabirgða og að fullu með samþykki rafveitunefndar. Notandi ber fulla ábyrgð á öllum afleiðingum, sem af vanrækslunni kunna að stafa.

16. gr.

Þegar sérstaklega stendur á, er hreppsnefnd, eftir tillögum rafveitunefndar, heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum þessarar reglugerðar. Rísi ágreiningur út af einstökum ákvæðum sker hreppsnefnd úr, en úrskurði hennar má áfrýja til stjórnarráðsins.

17. gr.

Hreppsnefndin hefir á hendi yfirstjórn rafveitunnar. Hún kýs þrjá menn í rafveitunefnd til þriggja ára í senn. Gengur einn maður úr nefndinni árlega, tvö fyrstu skiptin eftir hlutkesti og er kosið í þeirra stað. Stjórnin kýs sér formann og féhirðir og ræður stöðvarstjóra, sem á að setja fundi nefndarinnar og hefir atkvæðisrétt, í öllum málum, sem ekki snerta hann persónulega. Stöðvarstjóra ber að fylgja í öllu fyrirmælum rafveitunefndar.

18. gr.

Rafveitunefndin skal hafa nákvæmt eftirlit með rekstri stöðvarinnar, sjá um að jafnan sé nægilegt efni til reksturs, varahlutar, o. s. frv. Hún skal halda glögga bók yfir tekjur og gjöld rafveitunnar, svo og eignir og skuldir. Ársreikning skal hún semja fyrir 1. marz ár hvert og afhenda hann hreppsnefndinni, sem kýs tvo menn til að endurskoða reikninginn og úrskurðar hann síðan.

Reikningsár rafveitunnar er almanaksárið.

19. gr.

Hreppsnefndin semur, í samráði við rafveitunefnd, gjaldskrá fyrir notkun rafmagnsins og leitar samþykkis stjórnarráðsins á henni.

20. gr.

Reglugerð þessari og einnig gjaldskránni má breyta með samþykki stjórnarráðsins.

21. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 200 krónum, nema þyngri hegning liggi við og skal farið með mál út af þeim sem almenn lögreglumál. Sektir renna í sveitarsjóð Eyrarbakkahrepps.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 51, 3. nóvbr. 1915 og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 11. febrúar 1921.

Pétur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

GJALDSKRÁ

11
11. febr.

fyrir

rafveitu Eyrarbakkahrepps 1920.

1. gr.

Verð á rafmagni til ljósa skal fyrst um sinn vera kr. 2.00 fyrir hverja kílóvattstund.

Verð þetta má lækka eða hækka um allt að þriðjung, eftir því sem stöðin ber sig.

2. gr.

Rafmagnsgjaldið greiðist 5 sinnum á ári miðað við rafmagnsnotkun 1. okt., 1. des., 1. febr., 1. apr. og 15. maí. Sé gjaldið eigi greitt 15 dögum eftir gjalddaga, má slíta sambandi við hlutaðeigandi notanda, eftir skriflegri tilkynningu til hans eða húseiganda. Húseigandi ber ábyrgð á að gjaldið sé greitt í tæka tíð. Taka má gjaldið lögtaki.

3. gr.

Leiga fyrir hvern straummæli skal vera 12 krónur á ári hverju, er greiðist í einu lagi með rafmagnsgjöldum í nóvember ár hvert. Að öðru leyti gilda sömu reglur um það gjald og rafmagnsgjaldið.

Gjaldskrá þessi er hérmeð sett samkvæmt lögum nr. 51, 3. nóvember 1915, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 11. febrúar 1921.

Pétur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

12 26. febr. Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Styrktarsjóð Verkstjórafélags Reykjavíkur“ útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra Íslands 26. febr. 1921.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

„Styrktarsjóð Verkstjórafélags Reykjavíkur“.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Styrktarsjóður Verkstjórafélags Reykjavíkur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af tillögum verkstjóra þeirra, sem eru meðlimir Verkstjórafélags Reykjavíkur, og er hann í ársbyrjun 1921 kr. 3268.83.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja verkstjóra þá, sem í félaginu eru, sem og konur þeirra og börn.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru árstillög félagsmanna í Verkstjórafélagi Reykjavíkur, sem er 1 kr. fyrir hvern almanaksmánuð eða 12 kr. á ári, sem greiðast í tvennu lagi: 31. maí og 30. nóv. ár hvert. Vextir af höfuðstól og frjálsar gjafir.

5. gr.

Stjórn Verkstjórafélags Reykjavíkur hefir á hendi stjórn sjóðsins. Henni ber að sjá um, að höfuðstóll sjóðsins sé ávaxtaður með sömu tryggingu, sem fyrirskipuð er fyrir lánum af ómyndugra fé, sem og tekjur sjóðsins séu lagðar við höfuðstólinn og ávaxtaðar á sama hátt og hann, eins fljótt og því verður við komið að því leyti sem þeim er ekki varið til styrkveitinga samkv. 6. gr. Stjórn sjóðsins ber um hver áramót að gera reikning um fjárhag sjóðsins fyrir það ár, sem þá er að líða út, og skal sá ársreikningur endurskoðaður af sömu mönnum og kosnir eru til að endurskoða reikninga Verkstjórafélags Reykjavíkur samkvæmt lögum þess. Aðalfundur Verkastjórafélagsins leggur síðan úrskurð á reikninginn.

6. gr.

Höfuðstólinn má aldrei skerða. Þegar hann er orðinn 4000 kr. má verja helming af vöxtum hans og helmingi árstillaga til styrkveitinga. Þó má þegar sérstakleg atvik ber að höndum, verja allt að því öllum ársvöxtum og helmingi árstillaga í þessu skyni.

7. gr.

Aðnjótandi styrks úr sjóðnum geta orðið meðlimir Verkstjórafélags Reykjavíkur, þegar þeir verða hjálparþurfa, sökum veikinda eða ellilasleika, sömuleiðis ekkjur þeirra og eftirlátin börn, sem hjálpar þurfa sér til framfæris.

8. gr. 12

Styrk úr sjóðnum veitir 5 manna nefnd, og eru í henni stjórn Verkstjórafélags 26. febr.
Reykjavíkur og 2 félagsmenn aðrir, sem til þess eru kosnir á ári hverju á aðalfundi félagsins. Um styrkveitingar skal sækja fyrir hver árslok, og eiga umsóknarbréfum að fylgja skilríki um verðleika og þörf umsækjenda. Sé styrkur veittur skal því lokið, og honum úthlutað, fyrir aðalfund Verkstjórafélags Reykjavíkur ár hvert.

Nú verður svo ástatt um félagsmann, eða konu hans eða börn, vegna sérstakra óhappa af veikindum, slysum eða dauða, að nefndinni virðist bráð þörf á skjótri hjálp, en of langt að bíða næstu árlegrar styrksúthlutunar. Er nefndinni þá heimilt að veita styrk þá þegar, en leita skal hún þó áður samþykkis aukafundar í félaginu.

9. gr.

Skyldi svo fara að Verkstjórafélag Reykjavíkur leystist upp, skal sjóðurinn ganga til Ekknasjóðs Reykjavíkur svo framarlega sem hann þá er enn til og starfandi. En sé hann undir lok liðinn skal sjóðnum varið til styrktar stofnun eða starfrækslu gamalmennahælis í Reykjavík. Sé það þá enn óstofnað, afhendist sjóðurinn bæjarstjórn Reykjavíkur til geymslu og ávöxtunar samkv. skipulagsskrá þessari, þartil nefnt hæli verður stofnað.

10. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal leitað konunglegrar staðfestingar.

Skipulagsskrá þessi er þannig samþykkt á fundi Verkstjórafélags Reykjavíkur 12. des. 1920.

Reykjavík, 31. des. 1920.

Í stjórn Verkstjórafélags Reykjavíkur:

Bjarni Pétursson. *Jón Jónatansson.* *Jóhannes Hjartarson.*

GJALDSKRÁ 13

2. marz

fyrir

notkun rafmagns í Vestmannaeyjakaupstað.

1. gr.

Verð á rafmagni til ljósa í íbúðarhúsum, samkomuhúsum, skólum, búðum, verksmiðjum og öðrum húsum, sem ekki eru sérstaklega tiltekin á gjaldskránni skal vera yfir árið, auk gjalds þess er síðar getur:

Fyrir	1	ljós	16	kerta	kr 7,00
—	2	—	—	—	— 13,00
—	3	—	—	—	— 19,00
—	4	—	—	—	— 25,00
—	5	—	—	—	— 30,00

Síðan 5 krónur að auki fyrir hvert ljós 16 kerta þar yfir upp í 20 ljós, en 4 krónur fyrir hvert ljós 16 kerta þar yfir.

13 3. marz

Þegar ljósmagn það sem hvert hús vill fá er talið saman í 16 kerta ljós, skal ¼ ljóss slept, en ¾ ljóss reiknað sem heilt; hálft ljós reiknað sem hálft.

Bæjarstjórn er heimilt að færa gjald þetta niður allt að helmingi fyrir þau hús, sem nota ljósin minna en hálfan ljóstima ársins.

Verð á rafmagni til ljósa á götum, bryggjum og fiskhúsum kaupstaðarins skal vera hið sama eftir ljósmagni eins og að ofan er ákveðið; en bæjarstjórn hefir hina sömu heimild til niðurfærslu, allt að helmingi, ef sérstakar ástæður mæla með því.

2. gr.

Auk þess gjalds, sem um getur í fyrstu grein þessarar gjaldskrár, greiða sömu notendur, þeir er fá rafmagn um mæli, 70 aura fyrir hverja kilowattstund.

3. gr.

Aðrir þeir, er gjald eiga að greiða samkvæmt 1. gr., en ekki hafa mæla, skulu greiða gjaldið samkvæmt 1. gr. þrefallt.

Þó skulu allir notendur greiða ljósgjald samkvæmt 2. gr. eftir 1. júlí 1921, og rafmagn eftir þann tíma eingöngu selt um mæla.

4. gr.

Verð á rafmagni til suðu eða hitunar, eða til vélareksturs, verður ákveðið með samningi fyrir hvern sérstakan notanda, verði á annað borð nokkurt rafmagn selt til slíkrar notkunar.

5. gr.

Árið reiknast frá nýjári til nýjárs, og ljósagjaldið greiðist í tvennu lagi. Fyrri helmingur gjaldsins greiðist fyrir 1. marz, en síðari helmingurinn fyrir 1. október ár hvert.

Taka má öll gjöld rafmagnsstöðvar lögtaki. Húseigandi ber ábyrgð á því að gjaldið sé greitt í tæka tíð.

6. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari um allt að 50%, en þó skal slíkt auglýst í kaupstöðum á venjulegan hátt einum mánuði fyrir gjalddaga.

Gjaldskrá þessi er hérmeð sett samkvæmt lögum nr. 51, 3. nóv. 1915 og birt til ertirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 3. marz 1921.

Pétur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

SAMÞYKKT

14
30. marz

um

samgirðingu í Hjallahverfi í Ölfushreppi í Árnessýslu.

Hreppsnefndin í Ölfushreppi hefir, samkvæmt girðingalögum 22. nóvember 1913, gert eftirfarandi samþykkt um samgirðingu í Hjallahverfi í Ölfushreppi.

1. gr.

Stofna skal girðingafélag í Hjallahverfi í Ölfusi. Tilgangurinn með því er sá að gera gaddavírsgirðingu um sauðfjárhaga í Hjallahverfislandi, 5-þætta og að öðru leyti samkvæma girðingarlögum frá 22. nóv. 1913 og reglugerð um sama efni. Girðingin skal vera á mörkum milli Riftúns og Hjallatorfunnar að austan, en að vestan á mörkum milli hennar annarsvegar og Breiðabólstaða, Hrauns og Grímslækjar hinsvegar; að sunnan og norðan liggur girðingin þvert yfir land Hjallatorfunnar.

2. gr.

Í girðingarfélaginu eru þessar jarðir eða ábúendur þeirra: Hjalli, Lækur ásamt Gerðakoti, Bjarnastaðir, Þorgrímsstaðir, Krókur og Bakki.

3. gr.

Félagið tekur lán til þess að koma girðingunni á fót. Lánið fylgir jörðunum, enda ábyrgjast ábúendur jarðanna skilvíslega greiðslu á vöxtum þeirra og afborgunum svo og öðrum kostnaði, sem girðingin og félagsskapurinn kann að hafa í för með sér.

4. gr.

Öllum kostnaði við girðinguna svo sem vöxtum af láninu, afborgunum þess og árlegu viðhaldi girðingarinnar skal jafna niður á alla félagsmenn þannig: að hálfu leyti á hvert jarðarhundrað og hinum helmingnum á tölu sauðfjár þess, sem á fóðrun er.

Ábúendur annast um greiðslu á sjálfsögðum gjöldum til félagsins fyrir sig og sína heimamenn.

5. gr.

Engum félagsmanni skal heimilt að nota girðinguna fyrir meira en 10 sauðkindur og 1 stórgrip fyrir hvert jarðarhundrað þeirrar jarðar, er hann hefir til ábúðar, án þess félagsstjórnin samþykki. Nú vill félagsmaður nota girðinguna fyrir fleiri fénað og verður hann þá að sækja um leyfi til félagsstjórnarinnar, en ganga verður hann þá að hærra gjaldi fyrir hvern grip, er hann hefir fram yfir sína tiltölu. Öllu sauðfé, sem beitt er í girðingunni, skal réttað innan girðingar.

6. gr.

Engum félagsmanni er heimilt að taka sauðfé eða nokkurn annan fénað af utanfélagsmönnum án samþykkis félagsstjórnar. Þá skulu innansveitarmenn ganga fyrir utan-

14 sveitarmönnum ef tekinn er fénaður í girðinguna. Nú notar einhver félagsmaður ekki sína
30. marz tölu og skal hann þá hafa gefið það félagsstjórn til kynna fyrir 15. apríl ár hvert.

7. gr.

Girðingarfélagið heldur einn aðalfund á ári hverju í maímánuði. Skulu á aðalfundi kosnir 3 menn í stjórn félagsins til þriggja ára í senn; skal formaður kosinn sérstaklega og svo tveir meðstjórnendur. Skipta þeir svo að öðru leyti verkum á milli sín. Ef stjórnarnefndarmaður forfallast eða flytur burtu af félagssvæðinu áður en kjörtími hans er á enda, skal kjósa mann í stjórnina í hans stað fyrir þann tíma sem eftir var. Endurkosning er heimil, en sá sem unnið hefir í stjórn hinn ákveðna tíma er þó ekki skyldur að taka á móti endurkosningu næstu þrjú árin.

8. gr.

Formaður félagsins skal ásamt meðstjórnendum sínum annast um alla stjórn í félaginu, innheimta gjöld félagsins í tæka tíð, líta eftir girðingunni og sjá um viðhald hennar o. s. frv. Ennfremur skal girðingin vera sauðheld og í góðu lagi.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum, 25—100 kr., er renna í sveitarsjóð.

10 gr.

Mál út af brotum á samþykkt þessari skal farið með sem almenn lögreglumál og annast stjórn félagsins um rekstur slíkra mála.

Samþykkt þessi er hérmeð staðfest til að öðlast þegar gildi, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 30. marz 1921.

Pétur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Sigríðar Baldvinsdóttur“ útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra Íslands 31. marz 1921. 15 31. marz

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Minningarsjóð Sigríðar Baldvinsdóttur.

Gjafabréf.

Ég undirritaður gef hérmeð kr. 300 — þrjú hundruð — krónur, til að stofna með sjóð einn með þeim skilyrðum er hér segir:

1. gr.

Sjóður þessi skal bera nafn móður minnar Sigríðar Baldvinsdóttur og heita „Minningarsjóður Sigríðar Baldvinsdóttur“. Nafni þessu má aldrei breyta.

2. gr.

Sjóður þessi skal vera handa fátækum munaðarlausum ekkjum, er eiga barn eða börn innan 15 — fimmtán — ára aldurs og lögheimili eiga í Glæsibæjar-, Öxnadals-, Skriðu- og Arnarnes-hreppum, eða eins og þeir hreppar verða, er styrkur er veittur úr sjóðnum. Ef eitthvað af þessum hreppum skiptist sundur og mynda sjálfstæð sveitafélög, njóta þau styrks úr sjóðnum.

3. gr.

Sjóður þessi skal ávaxtast í Söfnunarsjóði Íslands þar til ársvextir eru orðnir kr. 500 — fimm hundruð — krónur.

4. gr.

Þegar ársvextir af sjóðnum eru orðnir 500 — fimm hundruð — krónur, má taka til styrkveitinga allt að hálfum ársvöxtum, en afgangurinn leggist allt af við höfuðstólinn þar til sjóðurinn er orðinn kr. 100.000 — eitt hundrað þúsund — krónur.

5. gr.

Ef þessum hálfum ársvöxtum er ekki öllum varið til styrkveitinga á ári, skal leggja afgang við höfuðstólinn.

6. gr.

Skilyrði fyrir styrkveitingu úr sjóðnum eru:

Að ekkjan eigi börn eða barn innan 15 — fimmtán — ára aldurs, og hafi ekki sjálf fengið sveitarstyrk eftir að hún náði 16 ára aldri, eða maður hennar meðan þau voru í hjónabandi.

15 31. marz

Styrkbeiðni þarf að fylgja vottorð frá sóknarpresti þeirrar kirkjusóknar, er ekkjan á lögheimili í, um aldur hennar, hve mörg börn hún eigi innan 15 ára aldurs, hvort hún sé fátæk og þurfi styrksins með.

7. gr.

Ekkjur, er biðja um styrk úr sjóðnum, skulu senda skriflega beiðni ásamt áðurnefndu vottorði frá sóknarpresti sínum til héraðsprófasts eða sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu, er taka á móti styrkbeiðnum, og sjá um útborgun úr sjóðnum, enda stendur sjóðurinn undir stjórn þeirra.

Engri ekkju má veita minni styrk en 80 — áttatíu — krónur í einu. Fyrir styrk ganga þær ekkjur, er flest börn eiga innan 15 ára, eða eru mjög heilsulitlar.

8. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 100.000 — eitt hundrað þúsund krónur — má verja ársvöxtum hans — að undanskyldum kr. 200 — tvö hundruð krónum — sem um aldur og æfi leggist við höfuðstólinn — til að veita styrk ekkjum, sem lögheimili eiga í Eyjafjarðarsýslu.

9. gr.

Á þessari skipulagsskrá sjóðsins skal fengin konungleg staðfesting.

Akureyri, 9. júlí 1920.

Sigurvin Jónsson.

16 9. apríl

SAMÞYKKT

um

þyngd bakarabrauða í Vestmannaeyjum.

1. gr.

Samkvæmt heimild, sem gefin er í lögum nr. 11, 16. marz 1917, um þyngd bakarabrauða, hefir bæjarstjórnin í Vestmannaeyjum ákveðið að þyngd bakarabrauða í lögsagnarumdæmi Vestmannaeyjakaupstaðar skuli vera sem hér greinir:

1. Rúgbrauð	heil	3000	grömm
2. —	hálf	1500	—
3. Fransbrauð	heil	500	—
4. —	hálf	250	—
5. Sigtibrauð	heil	500	—
6. —	hálf	250	—
7. Súrbrauð	heil	500	—

8. Súrbrauð	hálf	250	grömm
9. Landbrauð	heil	500	—
10. —	hálf	250	—
11. Normalbrauð og hálfsigtirúgbrauð	heil	2500	—
12. — —	hálf	1250	—
13. Hveitihleifar		1500	—

16
9. apríl

2. gr.

Óheimilt er að selja brauð, sem hafa minni þyngd en þá, sem ákveðin er í 1. gr., er þau eru vegin nýbökuð, en þó kólnuð svo, að vel megi handleika þau berum höndum. Mega brauðin eigi hafa meira vatn í sér, er þau eru vegin, en 38%. Þó skal það eigi teljast brot þótt einstök brauð séu 4% léttari en ákveðið er, en á þyngd 20 brauða má mismunurinn aðeins vera 1%.

3. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum 25—500 króna, er renna í bæjarsjóð.
Mál út af brotum á samþykkt þessari skal farið með sem almenn lögreglumál.

4. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar samkvæmt lögum 16. marz 1917, um þyngd bakarabrauða, staðfestist hérmeð.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 9. apríl 1921.

Pétur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

HAFNARREGLUGERÐ

17
12. apríl

fyrir

Stykkishólmskauptún.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið hefir í dag gefið út svofellda hafnarreglugerð fyrir Stykkishólmskauptún í Snæfellsnessýslu samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóv. 1917.

I. Hafnargjald.

Af öllum skipum og gangvélabátum, sem mæld eru til lestatals, hvort sem þau sigla tóm, með seglfestu eða fermd vörum, skal greiða í hafnargjald 15 aura af hverri smá-

17 12. apríl lest alls farmrúmsins í hvert skifti, er þau leggjast á höfnina, minnsta gjald þó 5 krónur. Þar með eru talin fiskiskip og öll önnur skip, er ganga millum hafna á Íslandi. Undanþegin þessu gjaldi eru þau skip, sem ræðir um í 3. gr., en gangvélabátar minni en 12 smálestir greiða í hvert skifti 3 krónur eða 10 krónur í árgjald.

Skipin greiði framangreind gjöld, þá er lagst er fyrir innan línu, sem hugsast dregin úr svo nefndum Baulutanga beina línu í Hvítabjarnarey, þaðan beina leið í Þórishólma, þaðan beina línu í Böllusker og þaðan sjónhending í Lundaklett. Gjaldið skal og greiða af skipum, er leita hafnar fyrir ísreks sakir, storma eða því um líkt.

Þau skip, sem liggja vetrarlangt á Stykkishólmshöfn, skulu greiða í hafnarsjóð: Skip stærri en 50 smálestir 20 krónur, skip 50 smálesta og minni 10 krónur, en til vetrarlegunnar þurfa slík skip að fá leyfi hafnarnefndar.

II. Aukagjald.

Auk þeirra gjalda, sem þegar eru talin, skal greiða 8 aura af hverri smálest í skipi, sem lagt hefir verið upp í fjöru til hreinsunar eða aðgerðar, þó aldrei minna en 5 krónur.

Skip, sem taka seglfestu í landi Stykkishólmskauptúns greiði í hafnarsjóð 8 aura af hverri smálest skipsins, en þó aldrei minna en 5 krónur.

III. Undanþágur frá hafnargjaldi.

Undanþegin hafnargjaldi eru:

1. Öll herskip og skemmtiskip hverrar þjóðar sem eru.
2. Skip, sem leita hafnar sakir sjóskemmda eða veikinda skipshafnar, þótt farmur hafi verið fluttur úr þeim, ef þau flytja allan farminn í burtu aftur og eigi annað.

IV. Seglfesta.

Seglfestu má hvergi kasta út á höfninni, nema með leyfi hafnarnefndar, og seglfestu má hvergi taka, nema með leyfi landeiganda eða umráðamanns.

V. Hafnarsjóður og hafnarnefnd.

Gjöld þau, sem talin eru hér að framan, skulu renna í hafnarsjóð Stykkishólmskauptúns og skal honum eingöngu varið til þess að standast kostnað af mannvirkjum, er við höfnina eru eða verða gerð, viðhaldi þeirra og frekari umbótum.

Hreppsnefnd Stykkishólmshrepps kýs 3 menn í hafnarnefnd til þriggja ára í senn og skal einn þeirra jafnan vera hreppsnefndarmaður. Hafnarnefndin hefir umsjón með, að reglugerð þessari sé hlýtt; innheimtir eða sér um að gjöldin til hafnarsjóðs séu innheimt, og stjórnar sjóðnum með umsjón hreppsnefndar. Hreppsnefndin veitir fé úr sjóðnum til umræddra framkvæmda, eftir tillögum hafnarnefndar, og ákveður hvernig hann skuli ávaxta, enda ber hún ábyrgð á innstæðu hans, eins og öðrum eignum hreppsfélagsins. Reikningar hafnarsjóðs skulu fylgja sveitarsjóðsreikningunum og endurskoðast og úrskurðast ásamt þeim.

VI. Notkun hafnarbryggjunnar.

a. Öll skip, er ætla að leggjast við hafnarbryggjuna, skulu skyld að hlífa bryggjuhöfðinu sjálfu við átökum, en nota aðallega til að draga sig að, ból þau beggja megin bryggjunnar og hringi í Stykkinu, sem til þess er ætlað. Leiðbeini hafnsögumaður skipi inn á höfn skal hann skyldur að benda skipstjóra á bólin og hringina, er skipinu sé ætlað að nota, til að draga sig að bryggjunni.

b. Skip hafa rétt til þess að leggjast að bryggjunni í þeirri röð, sem þau koma; þó skulu þau skip, sem sigla fyrir fastákveðinni fyrirfram auglýstri ferðaáætlun og flytja póst, hafa rétt til þess að leggjast að bryggjunni, þó önnur liggi þar fyrir, og verða þau að víkja á burt meðan hin fá afgreiðslu. 17 12. apríl

Hafnarnefnd ákveður hvar skip skuli liggja fyrir innan línu, sem hugsast dregin úr vestra horni Súgandiseyjar í svo nefndan Fálka.

c. Sérhver skemmd, sem verður á bryggjunni, áhöldum eða öðru því, sem skip nota, skal að fullu bætt af viðkomandi skipi, ef hún stafar af ásettu ráði eða vangá.

Aðrar skemmdir, er bryggjan og áhöld hennar verða fyrir af manna völdum, skal að fullu bæta af þeim, er skemmdunum valda af ásettu ráði eða vangá.

d. Hafnarnefndin hefir, undir umsjón hreppsnefndar, alla umsjón með hafnarbryggjunni og áhöldum þeim, er henni fylgja, og er öllum óheimilt að nota, nema leyfi nefndarinnar komi til.

Hafnarnefnd skipar hafnarvörð, er hafi stöðuga umsjón með bryggjunni og áhöldum hennar, og kveður á um starfsvið hans og þóknun.

VII. Vörugjald.

Af öllum vörum, sem fluttar eru úr eða í skip á höfninni skal greiða gjald sem hér segir, hvort sem vörurnar eru fluttar um hafnarbryggjuna eða eigi:

1. Af kolum, 1 kr. af hverri smálest.
2. — salti, 75 aura - — —
3. — timbri og öðrum vörum sem reiknast eftir rúmmáli, 4 aurar af hverju teningsfeti.
4. — múrsteini og sementssteini, 50 aurar af hverjum 100 stk.
5. — stórgripum, 1 kr. af hverjum.
6. — sauðfé, 25 aurar af hverri kind.
7. — kjöttunnum, síldartunnum, fisktunnum og oliutunnum, 30 aurar af hverri tunnu.
8. — öllum öðrum vörum, 20 aura af hverjum 100 kg., minnsta gjald þó 20 aurar.

Af umhlöðnum vörum greiðist gjaldið aðeins einu sinni.

Póst- og farþegaflutningur er undanþeginn gjaldi þessu.

Vörugjaldið skal reikna eftir máli eða þyngd vörunnar með umbúðum. Brot úr gjaldeining telst sem heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrám skipa við útreikning vörugjalds, og er öllum skipaafgreiðslumönnum skylt að láta hafnarverði í té eintak af öllum farmskrám yfir vörur, sem skipað er upp eða út í Stykkishólmi, innan sólarhrings eftir komu eða burtför skipanna.

Hafnarnefndin hefir haldsrétt á vörum þeim, sem greiða skal af vörugjald, unz gjaldið er greitt.

Hafnarnefndin sér um innheimtu á vörugjaldinu og reikningsskil fyrir því, og ræður einn eða fleiri menn til að hafa innheimtuna á hendi gegn innheimtulaunum þeim er um semur.

Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins innheimta gjaldið að öllu eða nokkru leyti, eftir því sem hafnarnefnd ákveður, og standa skil á því.

VIII. Lögtaksréttur.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

17 12. apríl

IX. Sektarákvæði o. fl.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 400 krónum, er renna í hafnarsjóð Stykkishólms, og skal með mál út af brotum á reglugerð þessari farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. maí 1921.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 12. apríl 1921.

Pétur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

18 12. apríl

SAMÞYKKT

um

lokunartíma sölubúða í Vestmannaeyjakaupstað.

1. gr.

Öllum sölubúðum kaupmanna og kaupfélaga í Vestmannaeyjakaupstað skal lokað eftir því sem segir í 2. og 3. grein samþykktar þessarar.

Undanskyldar eru þó sölubúðir er eingöngu verzla með brauð og mjólk.

2. gr.

Alla virka daga skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 7 síðdegis og opnaðar eigi fyrr en kl. 9 árdegis, þó með þeim undantekningum, er nú skal greina:

Aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal öllum sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 4 síðdegis. Síðustu virka daga fyrir aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal heimilt að halda opnum búðum til kl. 10 síðdegis.

3. gr.

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta og 17. júní mega engan sölubúðir vera opnar.

4. gr.

Á lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja í sölubúðum, brauðsölubúðum, á strætum, torgum eða annarsstaðar utan sölubúða kaupmanna, nema úr sjálfsölum, nokkurn þann varning, sem verzlunarleyfi þarf til að selja. Heimilt er þó að selja á þeim tíma vistir, kol, salt og olíu til báta, skipa og viðskiptamanna, er nauðsyn krefur.

5. gr.

Menn sem komnir eru inn í verzlun fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er, þó eigi lengur en í hálftíma.

18
12. apríl

6. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, þegar sérstaklega stendur á að veita undanþágu frá samþykkt þessari fyrir einstaka daga og til þess að sala fari fram í góðgerðarskyni, eða til ágóða fyrir stofnanir eða vegna nauðsynjafyrirtækja, sem að dómi lögreglustjóra horfa til almenningsheilla.

7. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum 20—500 krónum og renna sektirnar í bæjarsjóð.

Mál út af brotum á samþykkt þessari skal reka sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Samþykkt þessi gengur í gildi 1. maí 1921.

Samþykkt þessi staðfestist hérmeð samkvæmt lögum nr. 79, 14. nóv. 1917, sbr. lög nr. 9, 2. ágúst 1918, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 12. apríl 1921.

Pétur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

REGLUGERÐ

19
13. apríl

um

grenjaleitir og refaeyðing í Skagafjarðarsýslu.

1. gr.

Sérhver hreppsnefnd skal annast um grenjaleitir og grenjavinnslu í heima- og afréttarlöndum hrepps síns, og því í tæka tíð á hverju vori útnefna svo marga kunnuga og áreiðanlega menn, sem þörf er á, til þess að grenjaleit geti orðið sem víðast sama dag. Hver innanhreppsmaður er skyldur til þess að starfa, ef forföll ekki banna, gegn sanngjarnri borgun.

2. gr.

Hreppsnefndin skal semja skrá yfir öll gren, sem eru í landeign hreppsins, hvar

19 13. apríl

þau séu og hvernig á sig komin. Á skrá þessa skal bæta þeim grenjum, er síðar kynni að finnast eða eru óþekkt þá er skráin fyrst var samin. Hver, sem til grenjaleitar er sendur, skal hafa seðil frá hreppsnefndinni um, á hvaða grenjum hann skal leita í hvert skipti. Fyrsta grenjaleit skal fara fram svo snemma, sem líkindi eru til, að refir séu lagstir á gren, og síðan svo oft, sem þurfa þykir eftir áliti kunnugra manna og kringumstæðum, en þó aldrei sjaldnar en tvisvar sinnum. Jafnan skulu 2 menn vera saman í grenjaleit, og ef unnt er, skotmaður með þeim að öllu útbúinn til grenjavinnslu.

Finnist refar á greni, má ekki yfirgefa það fyrr en skotmaður er kominn á það. Í afréttar- og heimalöndum, sem saman liggja (þótt ekki sé í sama hreppi) skulu grenjaleitir í hvert skipti fara fram hinn sama dag.

3. gr.

Hreppsnefnd skal í tæka tíð ár hvert hafa ráðið áreiðanlega skotmenn til grenjavinnslu í landeign hreppsins, og má enginn skotmaður innanhrepps skorast undan því verki án gildra orsaka. Einnig ræður hreppsnefndin vökumann, sem er vaxinn þeim starfa og skotmaður tekur gildan. Enginn má hafa með sér hund á gren, eða gera nokkuð það, er fælt geti refi frá þeim, eða á annan hátt spillt fyrir grenjavinnslu.

4. gr.

Hreppsnefndin skal tilkynna hreppsbúum, áður en grenjaleitir byrja hverjir skotmenn séu ráðnir, og skal landráðandi, þegar gren finnst og skotmaður ekki er í leitinni, senda tafarlaust eftir honum, sem skyldur sé að hafa útbúnað allan og skotfæri í gildu standi. Ef út af er brugðið, án þess gild forföll sé sönnuð, varðar það sektum.

5. gr.

Ekki má skotmaður yfirgefa gren, eða fara heim af því, ef dýrin eru ekki bæði unnin, fyrr en 4 sólarhringar eru liðnir frá því hann kom á það, nema sérstakar orsakir séu til þess. Vanræki skotmaður eða vökumaður vísvitandi að einhverju leyti að vinna gren, og það verði vitnum fest, missa þeir kaup fyrir að hafa legið á greninu, og geta þess utan sætt sektum eftir málavöxtum.

6. gr.

Á vetrum skal hreppsnefndin í hverjum hreppi láta eitra fyrir refi á hentugustu stöðum í heimalöndum hreppsbúa og afréttum. Til eitrunar skal jafnan hafa „strychnin“, og skal hreppsnefndaroddviti taka út eitur þetta með ráði héraðslæknis, og segja fyrir um notkun þess. Varðar það sektum ef út af þessu er brugðið.

7. gr.

Nú finnst gren af ferðamönnum eða utansveitarmönnum, og skulu þeir þá tilkynna það þeim, sem landið tilheyrir, er grenið er í og fer að öllu leyti með það gren eins og segir í 1. og 4. gr.

8. gr.

Hver sem vinnur fullorðið dýr á öðrum tímum en almennar grenjaleitir og grenjavinnsla fer fram, skal fá fyrir það borgun úr sýslusjóði, 30 krónur fyrir dýrið, og eiga

það að auki. Hver, sem slíka þóknun vill fá, skal skyldur að sanna fyrir sýslunefndinni að hann hafi unnið til hennar. Kostnað allan ber hann sjálfur. Komi dýrbítir fyrir í sveitinni, skal hreppsnefndin sjá um, að þau dýr vinnist, sem því valda, svo fljótt, sem unnt er.

9. gr.

Refaeldi er bannað og yrðlinga, sem nást lifandi á grenjum má enginn ala nema meðan á grenjavinnslunni stendur og þó ekki lengur en til 30. júní. Sleppi yrðlingur úr haldi varðar það sektum fyrir þann, sem elur hann, 10—20 kr. fyrir hvern.

10. gr.

Kostnað við eyðing refa í heimalöndum, á almenningum og afréttum þeim, er sveitarfélög eiga, skal greiða úr sveitarsjóði eða sveitarsjóðum ef fleiri hreppar eiga afrétt saman.

11. gr.

Borgun til skotmanna skal vera þessi, nema öðruvísi um semji:

a.	dagpeningar fyrir hvern sólarhring frá því er hann fer að heiman og þangað til hann kemur heim	Kr. 12.00
b.	fyrir fyrra dýrið, sem vinnt við hvert gren	— 5.00
c.	fyrir síðara dýrið	— 10.00
d.	fyrir hvern yrðling	— 1.50

en leggja skal hann sér til fæði, reiðskjóta, skotfæri, byssu og hvolpaboga. En eitur leggja þeir til, sem kosta grenjavinnsluna.

Vökumaður skal hafa um sólarhringinn, frá því hann fer að heiman og þangað til hann kemur heim kr. 9.00, en leggja skal hann sér allt til.

Annar kostnaður fer eftir samkomulagi við þá menn, er að einhverju leyti þjóna að grenjavinnslu eða eyðing refa, eftir því sem áður er sagt.

12. gr.

Hreppsnefndin skal hvetja unga menn, er með byssu fara, að temja sér skotfimi, einkum þá, er líklegir eru til að verða dýraskyttur, og stuðla til þess, að þeir séu vökumenn með skotmönnum á grenjum.

13. gr.

Skylt skal hverri hreppsnefnd fyrir desemberlok ár hvert að gefa sýslunefndinni skýrslu um grenjavinnslu og eyðing refa á annan hátt, um eitrun fyrir refi og árangur af henni. Ennfremur sendi þær reikning yfir kostnað þann, er til refaeyðingar hefir gengið úr sveitarsjóði.

14. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 10—200 kr.; sem renna í sveitarsjóð þess hrepps, þar sem brotið er framið.

15. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

19
13. apríl

16. gr.

Reglugerð um grenjaleitir og refaeyðing í Skagafjarðarsýslu frá 12. júlí 1894 er úr gildi felld.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Skagafjarðarsýslu hefir samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 48, 28. nóvember 1919, staðfestist hérmeð til að öðlast gildi 1. júní 1921.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 13. apríl 1921.

Pétur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

20
13. apríl

REGLUGERÐ

um

eyðing refa í Norður-Ísafjarðarsýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd annast um eyðing refa samkvæmt reglugerð þessari. Hreppur er refaeyðingarsvæði.

2. gr.

Refum skal einkum eytt með grenjavinnslu og skotum. Eyða má og refum með eitri er hreppsnefnd þykir líklegt að þeir gangi í útburð, enda annist hún um eitrunina.

3. gr.

Áður en 6 vikur eru af sumri skal hver búandi hafa leitað grenja í landi ábúðarjarðar sinnar. Leitir þessar kostar hann sjálfur.

Almenninga og eyðilönd lætur hreppsnefnd leita á kostnað sveitasjóðs. Hreppsnefnd lítur eftir að grenjaleitir fari fram.

Nú finnst gren eftir grenjaleitir og má þá hreppsnefnd greiða finnanda fundarlaun allt að 5 kr. fyrir gren.

4. gr.

Hreppsnefnd ræður skotmann til grenjavinnslu í hreppnum, ef þess er kostur, og birtir hreppsbúum í tæka tíð, hver hann er. Eigi mega aðrir en skotmaður vinna að grenjavinnslu án samþykkis hreppsnefndar.

5. gr. 20

Nú finnst gren og tilkynnir finnandi það tafarlaust búanda þeim, er býr á landi 13. apríl
þar sem gren finnst eða næst því og tilkynnir hann það tafarlaust skotmanni eða hreppsnefnd.

6. gr.

Ekki má hafa hund á greni né í grenjaleitir og varast skal allt sem styggt getur refina.

7. gr.

Á tímabilinu frá 1. maí til 1. des. skal gjalda 10 kr. fyrir hvern hlauparef, sem skotinn er.

Sanna skal skotmaður tölu skotinna hlauparefa fyrir hreppsnefnd með vottorði hreppstjóra eða vottorði tveggja áreiðanlegra manna.

Fyrir grenrefi fær skotmaður 15 kr. fyrir hinn fyrri og 25 kr. fyrir hinn seinni og 10 kr. fyrir hvern sólarhring er hann liggur á greni, þó ekki lengur en 2 sólarhringa. Hafa má skotmaður vökumann með sér og fær hann sömu daglaun.

8. gr.

Afhenda skal grenjaskytta búanda þeim, er næstur býr greni, skottin af grenrefum þeim, er hún hefir unnið en hann afhendir þau hreppsnefnd, nema skyttan kjósi heldur að afhenda þau hreppsnefnd sjálf. Nú eru ekki skottin afhent og missir skyttan þá rétt sinn til borgunar fyrir refina. Skottin skal ónýta.

9. gr.

Enginn má ala refi án leyfis sýslunefndar lengur en einn mánuð. Sá er refi vill ala um lengri tíma skal senda sýslunefnd beiðni um það ásamt vottorði hreppsnefndar um að hann hafi öruggan geymslustað fyrir yrðlingana. Leyfið veitist eigi lengur en til 5 ára í senn, það má endurnýja.

10. gr.

Nú missir maður yrðling úr eldi og skal hann þá sekur um ekki minna en 50 kr. fyrir hvern yrðling, er sleppur; tekur uppljóstrarmaður helming sektar en helmingur rennur í sveitarsjóð þar sem yrðlingur slapp. Sömu sekt varðar ef eldisrefir eru ekki unnir fyrir 20. febrúar.

11. gr.

Verðlaun má veita úr sýslusjóði fyrir framúrskarandi dugnað í eyðing refa. Ákvæði þetta nær þó eigi til dráps refa, sem teknir hafa verið í eldi.

12. gr.

Allur kostnaður við eyðing refa, sem ekki er skyldukvöð, greiðist úr sveitarsjóði.

13. gr.

Hreppsnefnd semur skýrslu um eyðing refa og refaeldi og kostnað til þess úr sveitarsjóði, eftir fyrirmynd er stjórnarráðið semur. Skýrsluna sendir hún sýslumanni fyrir lok hvers árs og má halda henni til þess með allt að 2 kr. dagsekt.

20 13. apríl

14. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 10 til 500 kr. Sektir renna í sveitarsjóð þar sem brotið er framið en dagsektir þó í sýslusjóð.

15. gr.

Mál, sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari, skal fara með sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 48, 28. nóv. 1919 staðfestist hérmeð til að öðlast gildi 1. júní 1921.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 13. apríl 1921.

Pétur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

21 13. apríl

REGLUGERÐ

um

eyðing refa í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

1. gr.

Hreppsnefndir annast eyðing refa.

2. gr.

Refum skal eyða með skotum og eitrun.

3. gr.

Áður en þrjár vikur eru af sumri skulu hreppsnefndir hafa skipað fyrir um grenjaleitir, er fari fram áður en 7 vikur eru af sumri. Búandi hver skal kosta grenjaleitir í heimalandi sínu og upprekstrarlandi, en leitir eyðilanda kostar sveitarsjóður. Vanræki einhver grenjaleit, lætur hreppsnefnd leita á hans kostnað.

4. gr.

Aukagrenjaleitir fyrirskipa hreppsnefndir þegar þörf gerist og kveða á um hvar og hvenær þær skuli fara fram. Um kostnað við leitir þessar fer eftir því, sem segir í 3. gr.

5. gr.

Varast skal að hafa hund með sér í grenjaleit eða á gren, sem og allt annað, er fælt geti refina í burtu eða valdi því að þeir flytji yrðlinga sína.

Engin merki má gera við gren er valdið geti því að refirnir verði áskynja um að grenið sé fundið.

6. gr.

Þegar gren finnst skal tafarlaust tilkynna það búanda þeim, er leita ber landið, sem grenið hefir fundizt í, en hann tilkynnir það annaðhvort skotmanni eða hreppsnefnd. Sé um eyðiland að ræða, skal tilkynna hreppsnefnd grenfundinn.

7. gr.

Hreppsnefndir ráða skotmenn til grenjavinnslu og tilkynna hreppsbúum í tæka tíð, hverjir þeir séu.

Eigi mega aðrir en skotmenn vinna að grenjavinnslu án samþykkis hreppsnefndar.

8. gr.

Hreppsnefnd ákveður daglaun við grenjavinnslu og grenjaleitir í eyðilöndum. Verðlaun fyrir refi unna á greni skulu vera þessi: Fyrir fyrri refinn 5 krónur, fyrir síðari refinn 15 kr. og fyrir hvern yrðling 1 kr., en yrðlinga má skotmaður eigi selja án leyfis hreppsnefnda. Auk þessa skal greiða 5 kr. fyrir hvern hlauparef, sem unninn er á tímabilinu frá 1. maí til 1. okt.

9. gr.

Eftir að skotmaður hefir unnið gren, skal hann afhenda hreppsnefndinni skottin af refum þeim, er hann hefir unnið og sömuleiðis fullnægjandi sannanir fyrir því, hve marga yrðlinga hann hefir unnið; að öðrum kosti glatar hann rétti sínum til verðlaunanna.

10. gr.

Heimilt er hreppsnefndum að eyða refum með eitrun, en gæta skulu þær allrar varúðar við það, svo ekki hljótist af tjón fyrir búpening eða alidýr.

11. gr.

Allur kostnaður við eyðing refa, sem ekki er skyldukvöð samkvæmt reglugerð þessari, greiðist úr sveitarsjóði.

12. gr.

Enginn má ala refi án leyfis sýslunefndar, þó mega skotmenn ala yrðlinga allt að mánaðartíma með samþykki hreppsnefnda.

13. gr.

Sá, er ala vill refi, skal senda beiðni um það til sýslunefndar ásamt vottorði hreppsnefndar um að hún sé því samþykk að leyfið sé veitt.

21 14. gr.

13. apríl Missi maður ref eða yrðling úr eldi, skal hann greiða 100 — eitt hundrað — króna sekt fyrir hvern ref eða yrðling sem sleppur.

Brot gegn öðrum ákvæðum reglugerðar þessarar, varða frá 10—500 kr. sektum. Sektir renna í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið.

15. gr.

Mál, sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari, skal fara með sem opinber lögreglumál.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 48, 28. nóv. 1919, staðfestist hérmeð til að öðlast gildi 1. júní 1921.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 13. apríl 1921.

Pétur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

22 **REIKNINGUR**

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs frú Önnu Claessen, árið 1918.

Tekjur:

1. a. Stofnfé	Kr.	600,00		
b. Gjafir	—	820,33		
			Kr.	1420,33
2. Vextir af innstæðu í sparisjóði			—	39,11
			Samtals kr.	1459,44

Gjöld:

1. Eignir 31. desember.				
Innstæða í viðskiptabók nr. 1172 í Sparisjóði Sauðárkróks			Kr.	1459,44
			Samtals kr.	1459,44

Sauðárkróki, 15. janúar 1919.

Álfheiður Blöndal, Herdís Pétursdóttir, Helga Guðjónsdóttir.

23 **REIKNINGUR**

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs frú Önnu Claessen, árið 1919.

Tekjur:

1. Inneign 31. desbr. 1918 í viðskiptabók nr. 1172 í Sparisjóði Sauðárkróks			Kr.	1459,44
2. Gjafir	Kr.	185,00		
3. Hagnaður við kaup á bankavaxtabréfum	—	105,00		
			—	290,00
			Flyt kr.	1749,44

4. Vextir:			Fluttar kr.	1749,44
a. Af bankavaxtabréfum	Kr.	33,75		
b. Af innstæðu í sparisjóði	—	14,93		
			Kr.	48,68
			Samtals kr.	1798,12

Gjöld:

1. Eignir 31. desember 1919:				
a. 3 bankavaxtabréf			Kr.	1500,00
b. Innstæða í Sparisjóði Sauðárkróks í viðskiptabók nr. 1172			—	298,12
			Samtals kr.	1798,12

Sauðárkróki, 1. janúar 1920.

Álfheiður Blöndal, Herdís Pétursdóttir, Helga Guðjónsdóttir.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs frú Önnu Claessen árið 1920.

Tekjur:

1. Eign frá fyrra ári: 3 bankavaxtabréf á 500,00	Kr.	1500,00		
Innstæða í sparisjóði	—	298,12		
			Kr.	1798,12
2. Innkomið fyrir sjónleiki			—	200,00
3. Gjafir: 1 bankavaxtabréf	Kr.	500,00		
Peningar	—	20,00		
			—	520,00
4. Keypt bankavaxtabréf nr. 56	Kr.	450,00		
Hagnaður af kaupinu	—	50,00		
			—	500,00
5. Vextir: Af bankavaxtabréfum	Kr.	67,50		
— — innstæðufé	—	8,31		
			—	75,81
			Samtals kr.	3093,93

Gjöld:

1. Keypt bankavaxtabréf			Kr.	450,00
2. Eign 31. desember:				
5 bankavaxtabréf á 500 kr.	Kr.	2500,00		
Innstæða í Sparisjóði Sauðárkróks	—	110,18		
Óinnleystir arðmiðar	—	33,75		
			—	2643,93
			Samtals kr.	3093,93

Sauðárkróki, 2. janúar 1921.

Álfheiður Blöndal, Herdís Pétursdóttir, Helga Guðjónsdóttir.

25

Verðlagsskrá

sem gildir fyrir

Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstað

frá 16. maímánaðar 1921 til jafnlengdar 1922.

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
	A. Fríður peningur.					
1.	1 hndr., 1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fard. . á	566	67	566	67	472
2.	— 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í fard. hver á	82	08	492	48	410
3.	— 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti . . . . hver á	69	00	414	00	345
4.	— 8 sauðir, tvævetrir, á hausti . . . . . hver á	58	33	466	64	389
5.	— 12 sauðir, veturgamlir, á hausti . . . . hver á	44	33	531	96	443
6.	— 8 ær geldar á hausti . . . . . hver á	53	92	431	36	359
7.	— 10 ær mylkar á hausti . . . . . hver á	41	00	410	00	342
8.	— 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fard. á	472	92	472	92	394
9.	— $1^1/_2$ hryssu, á sama aldri . . . . . hver á	436	00	581	33	484
	B. Ull, smjör og tólg.					
10.	1 hndr., 120 pd. af hvítri ullu, vel þveginni . pd. á	1	52	182	40	152
11.	— 120 pd. af mislitri ullu, vel þveginni . . pd. á	1	04	124	80	104
12.	— 120 pd. af smjöri, vel verkuðu . . . . . pd. á	2	50	300	00	250
13.	— 120 pd. af tólg, vel bræddri . . . . . pd. á	1	30	156	00	130
	C. Tóvara af ullu.					
14.	1 hndr., 30 pd. hespugarns, 3 til 6 hespur í pundi, haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði . . . . . pundið á	»	»	»	»	»
15.	— 60 pör eingirnissokka . . . . . parið á	»	»	»	»	»
16.	— 30 pör tvíbandsgjaldsokka . . . . . parið á	»	»	»	»	»
17.	— 180 pör sjóvetlinga . . . . . parið á	»	»	»	»	»
18.	— 20 eingirnispeysur . . . . . hver á	»	»	»	»	»
19.	— 15 tvíbandsgjaldpeysur . . . . . hver á	»	»	»	»	»
20.	— 120 álnir gjaldvoðarvaðmáls, áln. breiðs, 1 al. á	»	»	»	»	»
21.	— 120 álnir einskeftu, 1 al. til 5 kv. breiðrar 1 al. á	»	»	»	»	»
	D. Fiskur.					
22.	1 hndr., 6 vættir af saltfiski, vel verkuðum vættin á	49	60	297	60	248
23.	— 6 vættir af harðfiski, vel verkuðum . vættin á	»	»	»	»	»
24.	— 6 vættir af þyrsklingi, vel verkuðum vættin á	»	»	»	»	»
25.	— 6 vættir af ýsu, hertri . . . . . vættin á	»	»	»	»	»
26.	— 6 vættir af hákarli, hertum . . . . . vættin á	»	»	»	»	»

25

		Í peningum		Hundruð á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
	E. Lýsi.					
27.	1 hndr., 1 tunna (120 pt.) hvalslýsis . . . 8 pottar á	»	»	»	»	»
28.	— 1 tunna (120 pt.) hákarlslýsis . . . 8 pottar á	»	»	»	»	»
29.	— 1 tunna (120 pt.) selslýsis . . . . . 8 pottar á	»	»	»	»	»
30.	— 1 tunna (120 pt.) þorskalýsis . . . 8 pottar á	»	»	»	»	»
	F. Skinnavara.					
31.	1 hndr., 4 fjórðungar nautsskinns . . . . 10 pund á	44	21	176	84	147
32.	— 6 fjórðungar kýrskinns . . . . . 10 pund á	40	32	241	92	202
33.	— 6 fjórðungar hrossskinns . . . . . 10 pund á	33	05	198	30	165
34.	— 8 fjórð. sauðskinns, af tvæv. og eldri 10 pund á	24	44	195	52	163
35.	— 12 fjórð. sauðskinns, af veturg. og ám 10 pund á	15	50	186	00	55
36.	— 6 fjórðungar selskinns . . . . . 10 pund á	»	»	»	»	»
37.	— 240 lambskinn (vorlamba), einlit . . . hvert á	0	32	76	80	64
	G. Ýmislegt.					
38.	1 hndr., 6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum pundið á	19	42	116	52	97
39.	— 40 pd. af æðardún, óhreinsuðum . . pundið á	»	»	»	»	»
40.	— 120 pd. af fuglafiðri . . . . . 10 pund á	»	»	»	»	»
41.	— 480 pd. af fjallagrösum . . . . . 10 pund á	»	»	»	»	»
42.	5 álnir, 1 dagsverk um heyannir . . . . . á	11	96	»	»	239
43.	— 1 lambsfóður . . . . . á	14	79	»	»	296
Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrtöldum landaurum verður:						
	Eftir A. eða í friðu			485	26	404
	Eftir B. eða í ullu, smjöri og tólg			190	80	159
	Eftir C. eða í ullartóvöru			»	»	»
	Eftir D. eða í fiski			297	60	248
	Eftir E. eða í lýsi			»	»	»
	Eftir F. eða í skinnavöru			179	23	149
En meðalverð allra landaura samantalið				1152	89	960
17. maí Reykjavík, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 17. maí 1921. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

styrktarsjóðs iðnaðarmanna í Reykjavík.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Iðnaðarmannafélaginu í Reykjavík 7. apríl 1895, með þeim 2263 krónum og 6 aurum, er það átti í Söfnunarsjóði Íslands í ársbyrjun 1895, og nefnist Styrktarsjóður iðnaðarmanna í Reykjavík.

56

17. maí

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja meðlimi sjóðsins, ekkjur þeirra og börn, en meðlimir geta orðið allir meðlimir Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík og aðrir iðnaðarmenn í Reykjavík, ef þeir eru samþykktir á aðalfundi sjóðsins.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru árstillög meðlima, ársvextir af höfuðstólnum og frjálsar gjafir.

Árstillagið er 5 krónur frá hverjum meðlimi sjóðsins, en breyta má upphæð tillagsins á aðalfundi sjóðsins.

Aðalfundur setur reglur um innheimtu tillagsins og gjalddaga, og telst enginn meðlimur sjóðsins, sem í árslok skuldar árstillag, fyrr en hann hefir greitt áfallin gjöld.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal vera skipuð 5 mönnum, er kjósist af meðlimum sjóðsins á aðalfundi í marzmánuði ár hvert, og skiptir stjórnin með sér verkum. Á sama fundi ber einnig að kjósa 2 menn til að endurskoða reikninga sjóðsins fyrir yfirstandandi ár. Kjósa skal og til vara 1 mann í stjórnina og 1 endurskoðanda.

Stjórninni ber að sjá um að höfuðstóll sjóðsins sé ávaxtaður í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands, og að tekjur sjóðsins séu lagðar við höfuðstólinn og ávaxtaðar á sama hátt og hann, eins fljótt og því verður viðkomið, að því leyti sem þeim ekki er varið til styrkveitinga samkvæmt 5. grein.

Stjórn sjóðsins skal þegar eftir hver áramót semja reikning sjóðsins fyrir liðið ár, og skal reikningurinn úrskurðaður á aðalfundi eftir að endurskoðendur hafa yfirfarið hann.

5. gr.

Höfuðstólinn má aldrei skerða, en verja má árlega til styrkveitinga allt að ¼ af ársvöxtum og ¾ af árstillögum meðlima.

6. gr.

Aðnjótandi styrks úr sjóðnum geta orðið þeir meðlimir sjóðsins, er greitt hafa árstillag í minnst 3 ár samfleytt, svo og ekkjur þeirra og eftirlátin börn.

7. gr.

Umsóknir um styrk skal senda stjórn sjóðsins fyrir 20. september ár hvert, og skal umsóknunum fylgja skilríki um verðleika og þörf umsækjanda.

Stjórn sjóðsins úthlutar síðan styrk 1. dag októbermánaðar, og skal miða fjárhæð styrks við tekjur sjóðsins næsta ár á undan.

Aðalfundur sjóðsins getur sett nánari reglur um styrkveitingar og um upptöku nýrra meðlima.

8. gr.

Skyldi svo fara að meðlimir sjóðsins verði færri en 10, skal sjóðurinn leggjast undir umsjón borgarstjórans í Reykjavík, og skal hann taka með sér til styrkveitinga 4 menn úr flokki iðnaðarmanna í Reykjavík. Skulu þeir árlega veita styrk úr sjóðnum samkvæmt fyrirmælum þessarar skipulagsskrár.

56 17. maí

9. gr.

Eftir aðalfund í marzmánuði ár hvert, sendir stjórn styrktarsjóðsins, eða borgarstjórinn í Reykjavík (sbr. 8. gr.), skýrslu um fjárhag og starfsemi sjóðsins síðastliðið ár, til Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík, sem hefir eftirlit með því að sjóðnum sé stjórnað samkvæmt framanskráðri skipulagsskrá.

10. gr.

Skipulagsskrá þessi er samin af sameiginlegri nefnd Iðnaðarmannafélagsins og styrktarsjóðs iðnaðarmanna í Reykjavík, og samþykkt á fundi Iðnaðarmannafélagsins 6. apríl 1921.

Skal leita konunglegrar staðfestingar á skipulagsskránni, og komi hún í stað skipulagsskrár þeirrar, er samþykkt var á fundi Iðnaðarmannfélagsins 7. apríl 1895 og staðfest af konungi 18. september 1896.

Í stjórn Iðnaðarmannafélagsins, 6. apríl 1921.

Jón Halldórsson	*Magnús Gunnarsson*	*Guðm. H. Þorláksson*
form.	féhirðir.	ritari.

57 21. maí

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Sjúkrasjóð Reykdæla útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 21. maí 1921.

Skipulagsskráin er þannig:

FRUMVARP

til skipulagsskrár fyrir Sjúkrasjóð Reykdæla.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sjúkrasjóður Reykdæla, og er stofnaður af Kvenfélagi Reykdæla með kr. 535,00.

2. gr.

Sjóðurinn er eign Reykdælahrepps, en hagnýta má hann þó aðeins á þann hátt, sem skipulagsskrá þessi mælir fyrir um.

3. gr.

Stjórn Kvenfélagsins í Reykjadal hefir á hendi umsjón sjóðsins og reikningshald. Hún annast um, að hann sé á vöxtum í tryggum opinberum sjóði. Hún gerir og árlega fulla grein fyrir reikningum sjóðsins, bæði gagnvart meðlimum Kvenfélagsins og sveitarmönnum.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fátæka sjúklinga í Reykdælahreppi.

5. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast óskertur þangað til hann er orðinn kr. 1000,00 (eitt þúsund krónur). Eftir það skal leggja að minnsta kosti ¼ vaxtanna við höfuðstólinn, auk þess sem sjóðnum kann að hlotnast af öðrum tekjum t. d. gjöfum o. fl.

6. gr.

Þeim vöxtum sjóðsins, sem ekki eru lagðir við höfuðstólinn, má árlega verja sem sjúkrastyrk handa fátækum sjúklingum einum eða fleiri, sem heimili eiga í sveitinni. Skal það vera aðalreglan að styrkja þá sjúklinga sérstaklega er flytja verður á sjúkrahús, eða þá er taka verða hjúkrunarkonu um lengri tíma.

7. gr.

Það ár, sem sjóðurinn tekur til starfa, skal kjósa þrjá menn í úthlutunarnefnd. Nefnd þessi tekur á móti umsóknum um styrk úr sjóðnum, og úthlutar styrknum. Kosning gildir til þriggja ára, þó þannig að einn maður gengur úr nefndinni á hverju vori. Í fyrsta og annað sinn eftir hlutvarpi. Eftir fyrstu kosningu fer þannig fram kosning á einum manni í nefndinni á hverju ári. Hreppsbúar Reykdælahrepps kjósa einn mann í úthlutunarnefnd, en Kvenfélagið hina tvo innan félagsins.

8. gr.

Umsóknir um styrk úr sjóðnum séu komnar árlega til úthlutunarnefndar fyrir lok nóvembermánaðar. Skulu þeim fylgja upplýsingar um veikindi umsækjanda og kostnað viðvíkjandi hjálp læknis, hjúkrunarkonu og sjúkrahúsleigu. Skal héraðslæknir votta að frásögnin sé rétt.

9. gr.

Skipulagsskrá þessari má því aðeins breyta að hún nái ekki fullum tilgangi. Og því aðeins skulu breytingartillögur fá gildi að þær hafi eindregið fylgi stjórnarinnar og séu samþykktar á sveitarfundi með ¾ atkvæða að minnsta kosti, enda nái konunglegri staðfestingu. (Ákvæðum 2. og 4. gr. má aldrei breyta).

10. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal leitað konunglegrar staðfestingar.

58 24. maí Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Framfarasjóð Nauteyrarhrepps, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 24. maí 1921.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Framfarasjóð Nauteyrarhrepps.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Framfarasjóður Nauteyrarhrepps", er hann stofnaður af „Búnaðarfélagi Nauteyrarhrepps", árið 1920, með kr. 100,00 og skal aukinn með árlegu tillagi frá sama félagi er sé minnst kr. 100,00, þar til sjóðurinn er orðinn kr. 5000,00, þá hættir Búnaðarfélagið að leggja í hann.

2. gr.

Höfuðstólinn má aldrei skerða, en þegar sjóðurinn er orðinn kr. 1000,00 má fara að verja ½ árlegra vaxta hans til einhvers þess, er lýtur að uppörfun og eflingu á búnaði í Nauteyrarhreppi og ákveður stjórn sjóðsins það í hvert sinn. Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 5000,00 má verja ⅔ árlegra vaxta hans, og þegar hann er orðinn kr. 10000,00 má verja ¾ árlegra vaxta hans í því skyni er að ofan greinir. Sá hluti vaxtanna, sem ekki er notaður samkvæmt ofangreindu, leggist við sjóðinn.

3. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður með því að lána hann út til jarðabótaframkvæmda innan Nauteyrarhrepps, hverskonar sem eru. Skal lánað gegn 6% vöxtum p. a. og nægri tryggingu. Lán sem eru yfir 800,00 kr. skulu lánuð til 15 ára og séu afborgunarlaus 5 fyrstu árin. Smærri upphæðir séu lánaðar allt að 8 árum og séu afborgunarlausar 3 fyrstu árin.

Minna en kr. 100,00 eru ekki lánaðar.

Það af fé sjóðsins, sem ekki kynni að standa í útlánum samkvæmt því er að ofan greinir, skal ávaxta í sparisjóði.

4. gr.

Lánbeiðandi verður skriflega að leggja fram fyrir stjórn sjóðsins, til hvers hann ætli að verja hinu umbeðna láni og má aldrei lána meira en sem nemur ⅔ af áætluðum kostnaði við jarðabót þá, er lánið er veitt til. Áður en þrjú ár eru liðin frá útborgunardegi lánsins, verður lánþegi að hafa að fullu og öllu lokið því verki er lánið var veitt til og til var ætlast, annars sé lánið við lok þess tímabils fallið í gjalddaga, ásamt með 1% vöxtum p. a., frá útborgunardegi lánsins, auk 6% vaxta er áður greinir.

5. gr.

Sjóðurinn sé undir stjórn og eftirliti stjórnar Búnaðarfélags Nauteyrarhrepps og hafi hún glöggt reikningshald yfir hann.

Leysist Búnaðarfélag Nauteyrarhrepps upp, skal hreppsnefnd Nauteyrarhrepps hafa stjórn og umsjón sjóðsins með höndum. 58 24. maí

Reikningsár sjóðsins sé almanaksárið. Skal reikningur hans árlega lagður fram endurskoðaður, með reikningi Búnaðarfélags Nauteyrarhrepps, meðan stjórn þess félags hefir stjórn sjóðsins með höndum, en annars fylgi hann með hreppsreikningnum.

6. gr.

Leitað skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Fyrir hönd Búnaðarfélags Nauteyrarhrepps.

Melgraseyri, 4. apríl 1921.

(sign.) *Jón H. Fjalldal.*

REGLUGERÐ 59 30. maí

um

hafnargjöld í Reykjavík.

1. Lestagjald.

1. gr.

Öll skip, seglskip, gufuskip, mótorskip, bátar, hverskyns uppskipunartæki, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða lestagjald í hvert sinn sem þau leggjast við festar á höfninni, þó með þeim undantekningum er síðar getur.

2. gr.

a. Allar fleytur, sem heima eiga í Reykjavík og minni eru en 30 tons brúttó, skulu greiða lestagjald tvisvar á ári, 2. janúar og 1. júlí, 1 kr. fyrir hvert nettó tonn, þó aldrei minna en 2 krónur í senn.

Uppskipunarbátar, prammar og önnur uppskipunartæki, svo og geymsluskip, greiða sama gjald, þótt stærri séu en 30 tons brúttó.

b. Öll skip, sem til hafnarinnar koma, nema herskip, varðskip, björgunarskip, skip, sem hafa skírteini sem skemmtiskip, skip sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, og skip þau, sem getur um í staflið c þessarar greinar, skulu greiða 20 aura lestagjald fyrir hvert nettó tonn.

Innlend fiskiskip og öll skip, sem eru eingöngu í innanlands siglingum, skulu þó eigi greiða lestagjald þetta oftar en tvisvar í mánuði, þótt þau komi oftar til hafnar.

c. Skip, sem leita hafnar vegna illveðurs, sjóskaða, eða skemmda á skipi á einhvern hátt, greiða ekki lestargjald nema þau jafnframt fermi eða affermi einhverjar vörur.

59 30. maí

Sama gildir og um skip, sem leita hafnarinnar til að rétta áttavita, setja á land sjúka menn eða látna, eða til að fá skipanir.

3. gr.

Ef skip er lengur í höfninni en einn mánuð og notar eigi festar hafnarinnar, skal það að þeim tíma liðnum greiða 5 aura lestagjald af tonni fyrir hverja viku, eða hluta af viku, sem skipið dvelur í höfninni. Hafi skipið verið tekið á land til viðgerðar, telst sá tími ekki með, er það stóð uppi.

2. Vita- og sæmerkjagjald.

4. gr.

Skip, sem heima eiga í Reykjavík og minni eru en 30 tonn brúttó, skulu greiða vitagjald 2. janúar og 1. júlí, 2 krónur í hvert sinn.

Öll önnur skip greiða vitagjald í hvert sinn er þau koma til hafnarinnar, 2 kr. fyrir fyrstu 50 nettó tonnin og 2 aura fyrir hvert nettó tonn þar fram yfir.

Undanþegin vitagjaldi eru þau skip, sem eigi greiða lestagjald samkvæmt b-lið 2. greinar.

3. Bryggjugjald.

5. gr.

Hvert skip, sem leggst við bólverk eða bryggju, aðra en bátabryggju, skal greiða bryggjugjald af nettó burðarmagni skipsins, talið í heilum tonnum, en brotum skal sleppa.

Gjaldið skal greiða fyrir hvern sólarhring eða hluta af sólarhring, 10 aura af hverju tonni, þó aldrei minna en 10 krónur um sólarhringinn.

Ef skip liggur utan á öðru skipi, sem liggur við bólvirki eða bryggju, skal það greiða 5 aura af hverju nettó tonni fyrir hvern sólarhring, þó aldrei minna en 5 krónur um sólarhringinn.

Herskip og varðskip eru undanþegin bryggjugjaldi.

6. gr.

Bátar, sem stærri eru en 30 tonn brúttó, skulu greiða 5 krónur fyrir hvern sólarhring, eða hluta úr sólarhring, sem þeir liggja við bátabryggju á innri höfninni, en minni bátar 2 krónur.

Undanþegnir þessu gjaldi eru bátar, sem heima eiga í Reykjavík, og eingöngu eru notaðir við fólksflutning eða vöruflutning á höfninni.

4. Festargjald.

7. gr.

Skip og bátar, önnur en herskip og varðskip, sem nota festar hafnarinnar skulu greiða 5 aura af hverju tonni af nettó burðarmagni skipsins fyrir hvern sólarhring eða hluta sólarhrings, þó aldrei minna en 50 aura um sólarhringinn.

Noti skip eða bátur sömu festar lengur en 3 mánuði samfleytt lækkar gjaldið að þeim tíma liðnum um helming.

5. Fjörugjald.

8. gr.

Fyrir að leggja skipi á fjöru til hreinsunar eða aðgerðar, skal greiða 10 aura af hverju tonni af nettó-burðarmagni skipsins fyrir hvern sólarhring eða hluta af sólarhring, þó aldrei minna en 2 krónur um sólarhringinn.

Fyrir báta-uppsátur á innri höfninni greiðast 10 krónur á misseri fyrir fram 2 janúar og 1. júli.

6. Kjölfestugjald.

9. gr.

Ef skip tekur kjölfestu á Reykjavíkurhöfn, skal það greiða 10 aura af hverju tonni af nettó burðarmagni skipsins, en 5 aura af hverju tonni, ef það skipar upp kjölfestu.

7. Vatnsgjald.

10. gr.

Fyrir drykkjarvatn og ketilvatn handa skipum skal greiða það gjald fyrir hvert tonn, sem hafnarnefnd ákveður.

8. Hafnsögugjald.

11. gr.

Öll skip, sem stærri eru en 30 tonn brúttó, skulu, hvort sem þau nota hafnsögumann eða eigi, skyld að greiða hafnsögugjald í fyrsta sinn á ári hverju, er þau koma frá útlöndum og leggjast við festar innan takmarka Reykjavíkurhafnar.

Komi skip oftar á sama ári, skal það ekki greiða hafnsögugjald, nema það noti hafnsögumann.

Herskip, skemmtiskip og fiskiskip, sem skrásett eru hér á landi, eru undanþegin hafnsögugjaldi, nema þau noti hafnsögumann.

12. gr.

Hvert það skip, sem hafnsögumann notar til hafnarinnar eða frá höfninni, skal greiða hafnsögugjald.

Auk þess skal greitt sérstakt gjald fyrir leiðsögn skipa um höfnina, þar á meðal inn í og út úr innri höfninni.

13. gr.

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

a. Fyrir leiðsögu til hafnarinnar, 10 aura á hvert netto reg. tonn skipsins, þó aldrei minna en 15 krónur.

b. Fyrir leiðsögu frá höfninni hálft gjald, þó aldrei minna en 10 krónur.

59 30. maí

c. Fyrir leiðsögu um höfnina, þar á meðal inni í og út úr innri höfninni greiðist: 10 krónur fyrir hvert skip, sem er allt að 100 nettó reg. tonn og 2 aura að auki fyrir hvert nettó reg. tonn fram yfir 100.

d. Fyrir leiðsögu frá og til nærliggjandi hafna greiðist sú borgun, er hafnarstjóri ákveður í hvert sinn.

e. Auk þess skal hvert skip, sem hafnsögumann notar til hafnarinnar, eða sem skylt er að greiða hafnsögugjald samkv. 11. grein, greiða 1 krónu í hafnsögumannssjóð.

9. Vörugjald.

14. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum, lifandi eða dauðum, sem fluttar eru af skipsfjöl á land, eða úr landi á skipsfjöl, eða úr einu skipi í annað, með þeim undantekningum er síðar getur.

15. gr.

Ef vörur, sem á farmskrá skips eru ákveðnar til annara hafna en Reykjavíkur, eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald, þegar vörurnar eru fluttar í land.

Undanþegnar þessu gjaldi eru þær vörur, sem látnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

16. gr.

Af vörum, sem fluttar eru úr landi á skip, og ákveðnar eru til annara hafna innanlands, greiðist hálft vörugjald.

17. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

a. Nýr og saltaður fiskur, óverkaðar og nýjar fiskiafurðir, sem fluttar eru á land í höfninni.

b. Innlend mjólk og rjómi, sem flyzt til hafnarinnar.

c. Umbúðir, sem endursendar eru.

d. Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.

e. Bréfapóstur og farangur ferðamanna.

f. Vörur og tæki til hafnarinnar.

18. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd, með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu, sem nemur helmingi eða meiru telst heil gjaldeining, en minna brot hálf gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds, og er skipstjóri skyldur að láta hafnarstjóra í té eftirrit af farmskrá skips hans. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem fleyta hans hefir fermt eða affermt. Þyki hafnarstjóra ástæða til, getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugastan. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn.

Ef ýmsar vörutegundir eru í sendingu, skal reikna vörugjald eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af.

19. gr. 59

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldsskrá tiltekur og gjald 30. maí
greiða eins og þar segir. Þó skal aldrei reikna vörugjald lægra en 10 aura.

Ef vafi leikur á í hverjum flokki skuli telja vöru, skal hafnarstjóri úrskurða, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarnefndar.

20. gr.

Vörugjaldsskrá.

1. flokkur: *Gjald 15 aurar fyrir hver 100 kg.*
Blý, brýni, cement, eldfastur leir, gaddavír og stálvír, gærur saltaðar í pökkum, hverfisteinar, ís, ísvarinn fiskur, járn, koparvír, járn og stál, járnkeðjur og járnpípur, kaðlar, kítti, kol, krít, litarvörur þungar, nýr fiskur slægður og óslægður, ofnar og steyptar járnvörur, óverkaður saltfiskur, prentsverta, salt, síld sódi, togleður, þakjárn, þakpappi.
2. flokkur: *Gjald 30 aurar fyrir hver 100 kg.*
Áburðarolía, baðlyf, benzín, feiti, fernisolía, fiskilínur, garnir, hrogn, hey, kálmeti, kartöflur, kornvörur allsk., kjöt, leður, leirvörur, linolíum, mör, pappír og bækur, pokar, pokastrigi, rjúpur og aðrir fuglar, rúðugler, saltfiskur þur, saumur, sápa, segldúkur, seglgarn, steinolía, tólg, tjara, tvistur, vaxdúkur.
3. flokkur: *Gjald 40 aurar fyrir hver 100 kg.*
Ávextir nýjir, þurkaðir og niðursoðnir, brauðvörur, harðfiskur, kaffi, kakao, lyf og lyfjavörur, lýsi, mjólk, niðursuðuvörur, nýlenduvörur allskonar, palmín, smjör, smjörlíki, súkkulaði, sundmagar, sykur, te, ull.
4. flokkur: *Gjald 60 aurar fyrir hver 100 kg.*
Dúnn, eldspýtur, fiður, glervörur, glysvarningur og þess háttar léttar vörur, rjól, rulla, reyktóbak, skinnvörur, skófatnaður, vefnaðarvörur, vindlar, vindlingar.
5. flokkur: *Gjald 50 aurar fyrir hver 100 kg.*
Aðrar vörur, sem reiknast eftir þyngd.
6. flokkur: *Gjald kr. 1,60 fyrir hvern ten.m.*
Timbur, tunnur og þess háttar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.
7. flokkur: *Gjald kr. 3,25 fyrir hvern ten.m.*
Bifreiðar, húsgögn, orgel, pianó, saumavélar, skilvindur, stundaklukkur og þess háttar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.
8. flokkur: *Gjald 2 kr. fyrir hvert stykki.*
Hross, nautgripi og svín.
9. flokkur: *Gjald 25 aurar fyrir hvert stykki.*
Sauðfé.

10. Lóðir og geymsluhús m. m.

21. gr.

Fyrir að leggja vörur, sem affermdar eru, á land hafnarinnar, skal greiða 2 aura fyrir hvern fermeter af landi því sem varan liggur á, fyrir hvern sólarhring, eða hluta af

59 30. maí sólarhring, talið frá öðrum degi eftir að affermingu er lokið. Sama gjald skal greiða fyrir vörur, sem fluttar eru á land hafnarinnar og fara eiga í skip.

22. gr.

Ef vörur, sem affermdar eru, eru látnar í geymsluhús hafnarinnar, skal greiða 5 aura fyrir hvert stykki fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, talið frá öðrum degi eftir að affermingu er lokið, enda sé varan hirt innan 3ja daga. Fyrir aðra vörugeymslu greiðist það gjald, sem um semur við hafnarstjóra.

23. gr.

Fyrir lóðir hafnarinnar og geymsluhús, sem leigð eru einstökum mönnum eða félögum um lengri tíma, skal greiða gjald, sem ákveðið verður með samningi.

24. gr.

Fyrir að nota dráttarbáta hafnarinnar, krana hennar, sporbrautir og önnur tæki, skal greiða það gjald, sem hafnarstjóri ákveður í hvert skipti.

11. Innheimta og greiðsla hafnargjalda.

25. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hafnarinnar.

26. gr.

Skipstjóri eða formaður á skipum, bátum og öðrum fleytum ber ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem ákveðin eru í 1. til 13. gr. Ef enginn skipstjóri eða formaður er á fleytunni, ber eigandi fleytunnar ábyrgð á greiðslu gjaldanna. Hafnarsjóður hefir haldsrétt yfir fleytunni, unz gjöldin eru greidd.

Að svo miklu leyti, sem ekki er í reglugerð þessari ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldunum, skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfninni, og enginn skipstjóri getur vænzt þess, að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá lögreglustjóra, nema hann með vottorði frá hafnarstjóra sanni, að hann hafi greitt öll gjöld til hafnarinnar.

27. gr.

Vörugjald, og leigu fyrir lóðir og geymsluhús hafnarinnar samkv. 21. og 22. gr., greiðir móttakandi af vörum, sem koma til hafnarinnar, og sendandi af vörum, sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarstjóra skil á greiðslunni. Ef skip eða bátur hefir ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjald, er affermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga, þegar skipið, sem vörurnar flytur, er komið í höfnina, og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar á skip. Hafnarsjóður hefir haldsrétt á vörunum unz gjaldið er greitt.

28. gr.

Leigu af lóðum og húsum hafnarinnar samkv. 23. gr. greiðir samningsaðili.

29. gr.

Gjald fyrir að nota krana hafnarinnar, sporbrautir og önnur tæki samkv. 24. gr. greiðir sá, sem hafnarstjóri semur við um afnotin.

30. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð má taka lögtaki.

31. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 10—500 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð Reykjavíkur.

32. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

33. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi numin reglugerð 27. marz 1918 um hafnargjöld í Reykjavík og reglugerð 31. desember 1918, um hafnsögugjöld í Reykjavík.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefir samið og samþykkt, er hérmeð staðfest til að öðlast gildi 1. júní 1921.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 30. maí 1921.

Pétur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

60
2. júní

FJALLSKILAREGLUGERÐ

fyrir Mýrasýslu.

I.

Um stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Sýslunefndin í Mýrasýslu hefir á hendi yfirstjórn allra fjallskilamála innan takmarka sýslunnar, eins þótt afréttur eða fénaður, er þar gengur, sé eign utansýslubúa. Hún sker úr ágreiningi og kærumálum, er til hennar verður skotið samkvæmt reglugerð þessari.

2. gr.

Málefni þau, sem nefnd eru í 1. gr., standa undir umsjón og framkvæmd hreppsnefndanna í Mýrasýslu, hverrar í sínum hreppi. Þær skulu gæta þess, að reglugerðinni sé hlýtt og ef eitthvað er vanrækt af því, er hún fyrirskipar, eða brotið gegn ákvæðum hennar, að fullar bætur komi fyrir.

Hreppsnefndir, hver í sínum hreppi, gera allar nákvæmari ákvarðanir um fjallskil og aðrar framkvæmdir samkvæmt reglugerð þessari eftir þörfum. Þær hafa úrskurðarvald í öllum ágreinings- og kærumálum innan hrepps. Úrskurðum þeirra má skjóta til sýslunefndar.

Þar sem tveir eða fleiri hreppar eða partar af hreppum eiga einn afrétt saman, hafa hreppsnefndir allra þeirra stjórn fjallskilamála á hendi í sameiningu. Oddvitinn í þeim hreppi, er rétt sú liggur í, er afrétturinn á að leitast til, skal kveðja til funda þeirra, er skipa eiga slíkum málum. Á fundum þessum ræður afl atkvæða.

3. gr.

Nú er afréttur innan ummerkja Mýrasýslu notaður af hreppsfélagi annarar sýslu, og er þá heimilt að fela hreppsnefndinni í þeim hreppi umsjón og framkvæmd fjallskila á afréttinum. Fer þetta eftir samkomulagi við hreppsnefnd þess hrepps, er afréttur liggur í, en að öðru leyti eftir fyrirmælum þessarar reglugerðar.

II.

Um notkun afrétta.

4. gr.

Skylt er að láta öll stóðhross, geldfé, dilkær og fráfærulömb ganga í afrétti til sumarbeitar, nema:

a. Að haft sé í gripheldri girðingu, eyjum eða hólmum, sem fénaður getur ekki að sjálfráðu gengið úr.
b. Að fengið sé leyfi hreppsnefndar og nágranna til þess að hafa það í heimahögum, eða leyft sé í löggiltri samþykkt, þó svo að eigandi fénaðar ábyrgist, ef skaði hlýzt af.

5. gr. 60

Enginn má nota annan sameignar-afrétt en þann, er hann á upprekstur á, nema 2. júní
hlutaðeigandi hreppsnefnd eða hreppsnefndir leyfi. Enginn má heldur taka hross eða sauðfé í sameiginlegt upprekstrarland af öðrum en þeim, sem heimili eiga í því upprekstrarfélagi, enda hafi fénaðurinn verið fóðraður á upprekstrarsvæðinu undanfarandi vetur.

6. gr.

Enginn má nota sameiginlegt upprekstrarland til annars en sumarbeitar fyrir afréttarfénað, nema hann hafi sérstaka lagaheimild til þess. Enginn má ná sauðfé eða ótömdum hrossum úr afrétti, frá því 11 vikur eru af sumri til fjallgangna, nema hann fái til þess leyfi hreppsnefndar þess hrepps, er afréttur liggur í, enda fullnægi þeim skilyrðum, er hún setur.

Þetta ákvæði nær og til þeirra afréttarnota, er nefnd eru í 7. grein.

7. gr.

Nú er afréttarland eða fjalllendi einstaks manns sameiginlegt leitarsvæði með sameignarafrétti, og ætlar hann að leigja það öðrum til sumarbeitar, þá er hann skyldur að tilkynna það fyrir 10. júnímánaðar, hreppsnefnd þess hrepps, er landið liggur í, og jafnframt skýra frá, fyrir hve mikinn fénað landið er ætlað og hverjir notendur eru. Þó er honum óheimilt að taka annan eða meiri fénað í landið en hreppsnefnd samþykkir.

III.

Um fjársmalanir á vorum og rekstur í afrétt.

8. gr.

Allir, sem jörð eða jarðarpart hafa og búfjárhagar fylgja, skulu smala þá á vorum, þegar rýja þarf sauðfé eða reka það eða stóðhross í afrétt, allt eftir því sem hreppsnefnd ákveður. Vanræki einhver slíka smölun, þá er nágrönnunum heimilt að smala landið og reka fénað í aðhald til sundurdráttar, en haga skulu þeir framkvæmdum svo, að landsnotanda verði sem minnst mein að og aldrei má reka hans eigin fénað úr hagagirðingu nema hann leyfi. Hreppsnefnd getur einnig látið smala landið á kostnað þess, er á að gera það.

9. gr.

Nú finnast sauðkindur, er sloppið hafa úr heimahögum eða fjarri eiganda, órúnar, eða ómörkuð unglömb, er þá finnanda skylt að handsama þær og koma þeim áleiðis til eiganda ef hann er í nágrenni, að öðrum kosti rýja þær ef tími er til þess kominn og marka unglömb. Skal hann gera eiganda full skil á ull og grein fyrir marki og öðrum einkennum á hverri kind, er hann hefir rúið eða markað.

Geti finnandi eigi vitað með vissu hver eigandi er slíkra kinda ber honum að inna af hendi sömu skil við hreppstjóra í hreppi sínum. Hreppstjóri ráðstafar ull eins og öðru óskilafé.

Í ómakslaun fær finnandi allt að 50 aura fyrir að rýja kind og 1 kr. fyrir að marka lamb, ef eigi umsemst öðruvísi.

60
2. júní

10. gr.

Ef gróðurleysi eða illviðri banna eigi, eða undanþága fengin, sbr. 4. gr., á allur geldfénaður — annar en fráfærulömb — að vera kominn á afrétt fyrir 24. júní ár hvert, ella svo fljótt sem tíð leyfir, og fráfærulömb jafnskjótt og fært er frá. Eigi má þó fénað á afrétt reka fyrr en nægur gróður er þar kominn.

11. gr.

Fráfæring allan, sem rekinn er á ógirtan afrétt, skal sitja þannig, að 3 sólarhringar líði frá því fært er frá þangað til hann er eftirskilinn í afrétti. Aldrei má án leyfis eiganda eða ráðstöfunar hreppsnefndar reka fénað annara manna á afrétt, nema víst sé að hann eigi þangað að fara og sé ekki tekinn í sínum heimahögum. Reka skal þannig gegnum heimalönd, að sem minnstur bagi verði og aldrei yfir tún né engi, nema ómögulegt sé að fara aðra leið.

12. gr.

Hreppsnefnd hvers hrepps skal ákveða fyrir eitt eða fleiri ár í senn, hvað íbúar hreppsins, er á afrétt reka, skuli skemmst mega fara með rekstra sína, til þess að skilja þá eftir. Þó skal heimilt að skilja eftir á leiðinni allt að 20 kindum úr rekstri, ef þær eru örþreyttar og komnar í afrétt þann, er þær eiga að ganga á.

13. gr.

Hver, sem heimildarlaust, rekur fénað í annars manns land, hvort sem það er heimaland eða afréttur og skilur hann þar eftir, er skaðabótaskyldur til landsnothafa eftir því sem hæfa þykir, auk sektar.

14. gr.

Ef kindur í rekstri gefast upp á leið til afréttar og þess vegna eða af öðrum ástæðum verður að skilja þær eftir í landi, sem ekki er heimilt að láta þær ganga í til beitar, þá skal eigandi eða umráðamaður þeirra, sem skjótast láta umráðamann landsins vita um það og semja við hann, hversu með skal fara. Vanræki eigandi eða umráðamaður fénaðarins þetta, þá skal svo álíta, að hann hafi brotlegur orðið samkvæmt 13. gr.

15. gr.

Nú er afréttarfénaður ekki rekinn í afrétt þá er tími er til kominn, eða hafður annarsstaðar samkvæmt 4. gr., en skilyrðum ekki fullnægt að áliti hreppsnefndar, og má hún þá láta reka fénaðinn í afrétt á kostnað eiganda eða umráðamanns.

16. gr.

Ef sauðfé eða hross ganga úr afrétti að sumri í búfjárhaga, þá má sá, er fyrir ágangi verður, reka fénaðinn aftur í afrétt þann, er hann hyggur hann úr vera.

Skylt er nágrönnum hans, að gera þetta með honum, ef hann kveður þá til. Skal haga rekstri svo að ágangsfénaði verði ekki mein að. Kostnaður við slíkan rekstur í eitt skipti fæst ekki endurgoldinn, en verði að endurtaka slíka vörn fyrir ágangi það sama sumar, þá getur sá er fyrir ágangi verður, gert hreppsnefnd aðvart um það og skipar hún þá fyrir um smölun og rekstur til afréttar, kveður hún til þess öðrum fremur þá, er fyrir

ágangi verða og næstir eru ágangssvæðinu, en öllum sem til eru kvaddir er skylt að hlýða. Kostnaður greiðist úr sveitarsjóði eða sveitarsjóðum þeirra hreppa, er eiga eða nota afrétt þann, er ágangsfénaður kom frá. 60 2. júní

Gangi stóðhross úr afrétti, og tolli þar ekki eftir ítrekaðan rekstur, er þeim, sem fyrir ágangi verður, heimilt að tilsegja þau eiganda, sem þá er skyldur að hirða þau.

17. gr.

Nú safnast fénaður að girðingu, sem er því til fyrirstöðu að hann gangi sjálfkrafa á leið til afréttar og er þá stranglega bannað að sleppa honum um hlið eða á annan hátt yfir girðinguna. Ef sá, sem fyrir slíkum ágangi verður, getur ekki á hagkvæmari hátt umsamið, þá gerir hann hreppsnefnd í sínum hreppi aðvart um áganginn og ber henni þá, að láta smala ágangsfénaði og reka þangað sem hann má vera, á kostnað eiganda nema öðruvísi sé ákveðið í samþykkt, er nái yfir ágangssvæðið.

IV.

Um fjallskil og leitir.

18. gr.

Fjallskilaskyldur er hver sá, sem á kind eða stóðhross hvort sem það er rekið á afrétt eða ekki. Öll fjallskil skal miða við tölu geldra kinda. Hvert stóðhross jafngildir 5 kindum geldum; 2 ær með dilkum jafngilda 3 geldum kindum, en fráfærð lömb teljast geldar kindur.

Hverjar 3 kindur, sem geymdar eru í eyjum eða hólmum að sumri til — sbr. 4. gr. — jafngilda einni kind geldri til fjallskila, en kviaær, sem nytkaðar eru skulu undanþegnar fjallskilum, ef eigandi eða umráðamaður þeirra hefir tilkynnt hlutaðeigandi hreppsnefnd tölu þeirra, áður en fjallskilaniðurjöfnun fer fram. Að öllu öðru leyti skulu full fjallskil gerð eftir fénaðarfjölda.

19. gr.

Hver búandi eða húsráðandi er skyldur að halda uppi fjallskilum heimilismanna sinna, gegn fullu endurgjaldi.

20. gr.

Þrennar leitir skal gera á hverju hausti, til þess að smala til réttа. Í öllum leitum skal smala sauðfé, en hrossum í annari og þriðju leit. Þó má hreppsnefnd eða hreppsnefndir, á fjallskilafundi, ákveða, að hross skuli smöluð til fyrstu réttar og þeim þá réttað, en þá skal það tilkynnt í þá hreppa utan upprekstrarfélagsins, er þar eiga hrossa von.

Einnig skal eftir þörfum senda menn til þess að hirða fé og hross í útréttum, er fjár von er við.

21. gr.

Til Fljótstunguréttar skal gera fyrstu leit föstudag, laugardag og sunnudag í 22. viku sumars, og aðra leit þriðjudag og miðvikudag í sömu sumarviku og fimmtudag næstan á eftir.

60 2. júní

Til Þverárréttar skal gera fyrstu leit mánudag, þriðjudag og miðvikudag í 22. viku sumars, og aðra leit föstudag, laugardag og sunnudag í 23. viku sumars.

Til Brekkuréttar skal gera fyrstu leit þriðjudag í 22. viku sumars, og aðra leit mánudag í 23. viku sumars.

Til Þinghólsréttar skal gera fyrstu og aðra leit mánudag, þriðjudag og miðvikudag í 22. viku sumars.

Auk þess skulu heimalönd í Borgarhreppi og Borgarneshreppi smöluð mánudag eða þriðjudag í 23. viku sumars.

Til Hraundalsréttar skal gera fyrstu og aðra leit mánudag, þriðjudag og miðvikudag í 22. viku sumars og fimmtudaginn næstan eftir.

Auk þess skulu heimalönd í Álftaneshreppi smöluð sunnudag eða mánudag í 23. viku sumars.

Til Hítárdalsréttar skal gera fyrstu leit, mánudag og þriðjudag og aðra leit miðvikudag í 22. viku sumars.

Auk þess skulu heimalönd í Hraunhreppi smöluð laugardag eða sunnudag í 23. viku sumars.

Í öllum upprekstrarfélögum sýslunnar skal þriðja leit ger í hverju fyrir sig næstu daga fyrir skilarétt.

22. gr.

Fyrir 10. ágúst ár hvert skal hreppstjóri hafa samið og sent oddvita þeirrar hreppsnefndar, er jafnar niður fjallskilum viðkomandi hrepps, skrá yfir alla framteljendur og fjölda sauðfjár og stóðhrossa eins og það er framtalið, eða hann telur rétt vera. Í Hvítársíðuhreppi, Norðurárdalshreppi og Stafholtstungnahreppi skal skrá þessi vera í tvennu lagi og skipting hin sama og hreppanna í upprekstrarfélög.

Skylt er hreppsnefnd, ef henni er kunnugt um annan eða meiri fjallskilaskyldan fénað í upprekstrarfélagi en á skrá stendur, að jafna fjallskilum einnig á hann.

23. gr.

Hreppsnefnd hver jafnar niður fjallskilum á hreppsbúa sína og þá utanhreppsbúa, er fjallskil eiga að gera í hreppnum, nema öðruvísi sé um samið, sbr. 3. gr. Skal niðurjöfnun lokið svo tímanlega, að hún geti orðið öllum kunn eigi síðar en þrem dögum áður en leitir byrja.

Niðurjöfnun skal birta með fjallskilaseðli eða fjallskilaseðlum, er ganga bæ frá bæ um hreppinn, og hefir hann eða þeir þá þingboðsrétt. Utanhreppsmönnum má boða fjallskil svo sem haganlegast þykir.

Í fjallskilaseðli skal skráð, hvaða fjallskil á að gera það haust, hvernig leitum og rekstrum skal haga, hver verði leitarforingi, og annað því um líkt, eftir þörfum.

24. gr.

Hver búandi er skyldur að leita heimaland ábýlisjarðar sinnar á hausti, að svo miklu leyti og svo oft sem hreppsnefnd ákveður, og reka skilvíslega til réttа eða annað, allan óskilafénað eftir nánari ráðstöfun hreppsnefndar. Vanræki einhver slíka smölun, er heimilt að fara svo að sem fyrir er mælt í 8. gr.

25. gr. 60

Hreppsnefnd eða hreppsnefndir skulu árlega meta allan fjallskilakostnað upprekstr- 2. júní
félagsins til peningaverðs. Eftir því mati skal fara, þá er eitthvað til fjallskila er greitt í peningum. Tillagi hvers einstaklings til fjallskila skal jafna niður með vinnu eða öðru þess háttar, að svo miklu leyti, sem auðveldlega verður viðkomið. En heimilt er hreppsnefnd ef hún telur það hagkvæmt, að ákveða, að einhver hluti fjallskilatillags greiðist í peningum án þess þó, að jafnað sé á alla eða eftir sömu hlutföllum.

26. gr.

Hreppsnefnd skal árlega kjósa leitarstjóra, fyrir hvert leitarsvæði er hún á yfir að segja. Enga aðalleit má gera, nema leitarstjóri sé í henni og stjórni henni, enda er leitarmönnum skylt að hlýða honum.

Einnig skal hún kjósa réttarstjóra og foringja er stjórni ferðum í útréttir, eftir því sem þurfa þykir.

27. gr.

Í gerðabók hreppsnefndar skal skrá niðurjöfnun fjallskila og yfir höfuð allar ákvarðanir, er hún gerir viðvíkjandi fjallskilum, leitum, réttum og smölunum.

28. gr.

Hver, sem fjallskil á að inna af hendi, skal vanda vel tillag sitt, svo sem með því að senda fullgilda og vel útbúna menn í leitir, útréttir og annað því um líkt. Láti einhver farast fyrir að senda mann í leit eða gera önnur þau fjallskil, er hann hefir verið kvaddur til í fjallskilaboði og eigi má fresta, skal hann borga einum þriðja parti hærra verði, en matið er tillag það, er vantar.

Ef einhver sendir mann í leit, sem leitarforingja og helmingur manna í hans flokki telur óhæfan sökum galla eða ills útbúnaðar, skal vísa honum heim aftur, og er þá sá, er slíkan mann sendir, skyldur að borga eins og hann hefði engan sent. Sama gildir um mann í útréttir.

Sannist það eftir á, að einhver, sem fjallskil á að framkvæma, hafi vanrækt verk sitt, getur hreppsnefnd krafizt uppbótar frá honum eða þeim, er sendi hann, eftir því, er hæfa þykir.

29. gr.

Áður en leit byrjar, skal leitarforingi gæta þess í hæfilegan tíma, hvort nokkrum manni verði að vísa heim, hvort nokkurn vantar eða annað, er til leitarinnar þarf. Kaupir hann þá mann eða annað í stað þess, er vantar, ef þörf krefur og þess er nokkur kostur.

Leitarforingi hefir á hendi alla stjórn á leitunum. Hann skipar fyrir um hvernig hver leitarmaður hagar göngu sinni, gætir þess að farið sé eftir fyrirskipunum hans, að úr sé bætt, ef eitthvað fer óskipulega, að ekki sé illa farið með skepnur, að fatlaðar kindur og kindalamar sé flutt til byggða, að safnins sé vel gætt þar til það er í rétt komið og réttarstjóri tekur við stjórn og yfirhöfuð alls þess, er tilheyrir góðu skipulagi í leitum.

30. gr.

Þeir, sem sendir eru í útréttir, skulu hlýða foringja sínum. Hann skal gera það, sem unnt er, til þess að ekki verði kindur eða hross eftir í útréttum, og fari þar fram markaskrár yfirlestur, má ekki fara frá réttinni fyrr en honum er lokið.

60 2. júní

Sé einhver skepna svo fötluð að hún verði ekki rekin með öðrum fénaði, þá skal útréttamannaforingi ráðstafa henni svo sem hann telur hagkvæmast fyrir eiganda og á hans kostnað. Ráðstöfunina tilkynnir hann eiganda svo fljótt sem unnt er.

Fatlaða kind má ekki skilja eftir milli bæja eða á víðavangi.

Foringi útréttarmanna gætir þess, að skepnum sé ekki hætta búin í rekstri, í vatnsföllum, hraungjótum, af ofþreytu og öðru því um líku.

31. gr.

Eftir að aðalleitir eru afstaðnar, getur hreppsnefnd, ef henni þykir ástæða til, látið gera enn eina leit á leitarsvæði þau, er hún á um að sjá. Til þeirrar leitar má gera aukaniðurjöfnun á alla hlutaðeigendur.

Leitin kallast eftirleit og skal hún ákveðin svo fljótt sem við verður komið, að afstaðinni þriðju leit. Heimilt er einstökum mönnum að gera eftirleit, þó eigi fyrr en hreppsnefnd hefir látið gera slíka leit, eða vissa fengin um að leit verði ekki gerð að ráðstöfun hreppsnefndar. Finni einstakir menn fénað á afrétti eftir leitir er þeim heimilt að taka fundarlaun; náist ekki samkomulag við eiganda, metur viðkomandi hreppsnefnd fundarlaun, en ekki mega þau hærri vera en ¼ verðs af sauðfé og ⅒ verðs af hrossum.

32. gr.

Nú þykir einhverjum niðurjöfnun fjallskila ekki rétt og vill fá leiðréttingu á því, ber honum engu að síður að inna þau af hendi, en sent getur hann rökstudda kæru til hreppsnefndar fyrir hausthreppskil og beðið hana lagfæringar og fer þá um hana sem um útsvarskæru. Kærur út af aukaniðurjöfnun fjallskila fer um á sama hátt og kærur yfir aukaniðurjöfnun útsvara.

V.

Um réttir og réttahöld.

33. gr.

Þessar skulu vera aðalréttir í sýslunni:

1. Fljótstungurétt. Leitarsvæði hennar er: Heimalönd allra jarða í Hvítársíðu frá Gilsbakka að Kalmannstungu að þeim jörðum báðum meðtöldum, eins og Hvítá ræður að sunnan og girðingar að vestan og norðvestan að Skammá; svo og afréttur Reykdæla og Hálsasveitar og önnur heiðalönd að afréttarlöndum Þverárréttar og að löndum Húnvetninga að norðan og jöklum að austan.

   Fyrsta rétt skal vera mánudaginn í 22. viku sumars, önnur rétt föstudaginn í 23. viku sumars, og skilarétt föstudag í 24. viku sumars.

2. Þverárrétt. Leitarsvæði til hennar er: Öll heimalönd, heiðalönd og afréttarlönd allra jarða í Norðurárdal og Stafholtstungum austan Sanddalsár og Norðurár; svo og allra jarða í Þverárhlíð og Hvítársíðu allt að girðingum þeim, er áður eru nefndar, að löndum Húnvetninga að norðaustan og að löndum Strandasýslu og Dalasýslu að norðvestan. Þó getur stjórn Þverárréttarfélags leyft að Lambatungur séu leitaðar til Fljótstunguréttar.

   Fyrsta rétt skal vera fimmtudag í 23. viku sumars, önnur rétt mánudag í sömu sumarviku og skilarétt laugardag í 25. viku sumars.

3. Brekkurétt. Leitarsvæði er: Öll afréttarlönd og heimalönd tilheyrandi Norðurárdal og Stafholtstungum fyrir vestan Sanddalsá og Norðurá allt að löndum Dalamanna og Borghreppinga að norðan og norðvestan. 60 2. júní

Fyrsta rétt skal vera miðvikudag í 22. viku sumars, önnur rétt þriðjudag í 23. viku sumars og skilarétt föstudag í 25. viku sumars.

4. Þinghólsrétt. Leitarsvæði er: Öll afréttarlönd og heimalönd tilheyrandi Borgarhreppi og Borgarneshreppi.

Fyrsta rétt skal vera fimmtudag í 23. viku sumars, önnur rétt miðvikudag í sömu viku og þriðja rétt föstudag í 25. viku sumars.

5. Hraundalsrétt. Leitarsvæði er: Öll afréttarlönd og heimalönd tilheyrandi Álftaneshreppi, svo og allt Ytra-Hraundalsland og Svarfhólsmúli í Hraunhreppi.

Fyrsta rétt skal vera föstudag í 23. viku sumars, önnur rétt þriðjudag í sömu sumarviku og þriðja rétt fimmtudag í 25. viku sumars.

6. Hítardalsrétt. Leitarsvæði er: Öll afréttarlönd og heimalönd í Hraunhreppi að undanskyldu Ytra-Hraundalslandi og Svarfhólsmúla.

Fyrsta rétt skal vera fimmtudag í 23. viku sumars, önnur rétt mánudag í sömu sumarviku og þriðja rétt miðvikudag í 24. viku sumars.

Önnur og þriðja rétt í Borgarhreppi, Álftaneshreppi og Hraunhreppi kallast skilaréttir og er heimilt að halda þær annarsstaðar en í aðalrétt. Heimilt er að leggja og viðhalda aukarétt til þess.

34. gr.

Aukaskilarétt má halda í hverju upprekstrarfélagi fyrir sig, hvenær sem hreppsnefnd ákveður.

35. gr.

Hreppsnefnd skal sjá um:

Að almenningur réttar sé hæfilega stór og svo haganlega gerður, að engin hætta sé á að fé þrengi sér meira saman á einum stað en öðrum og að gólfflötur sé sem næst láréttur.

Að veggir réttar og dilka séu svo vel gerðir, stöðugir og háir, að engin sauðkind geti stokkið upp á þá.

Að sérhver fénaðareigandi innan upprekstrarfélagsins hafi nóg dilkrúm fyrir fé sitt við réttina, að ómerkingadilkur sé til og að nægir dilkar séu til fyrir fé annara upprekstrarfélaga.

Að grindur eða hurðir séu í öllum dilkadyrum, sem dregið er um úr almenningi, og ytri og innri dyrum réttar.

36. gr.

Hver sem jörð eða jarðarpart hefir til ábúðar eða notkunar eða fénað á, er skyldur til að vinna að byggingu aðalréttar, aukaréttar, dilka, girðingar til að geyma safn í, leitamannaskýlis og hverrar annarar byggingar, sem notuð kann að verða við leitir eða réttir og að viðhaldi þeirra eftir því, sem hreppsnefnd ákveður.

Við hverja aðalrétt skulu allar jarðir í upprekstrarfélaginu eiga nóg dilkrúm, hver fyrir sig eða fleiri saman og eru ábúendur skyldir til að kosta bygging þeirra, eftir þeim

60 hlutföllum, er hreppsnefnd ákveður. Vanræki einhver að vinna að dilkabyggingu eða við-
2. júní haldi svo sem skylt er, getur hreppsnefnd látið vinna verkið á hans kostnað.

Ennfremur skulu vera til sérstakir dilkar fyrir fé úr öðrum hreppum eða upprekstrarfélögum, er byggja skal og viðhalda á kostnað hlutaðeiganda, nema öðruvísi sé um samið.

37. gr.

Nú þykir meiri hluta hreppsnefndar eða 5 bændum í upprekstrarfélagi þörf á að færa afrétt á annan stað eða endurbyggja rétt úr steinsteypu eða útlendu efni, þá skal hreppsnefnd sjá um, að allir búendur, er hlut eiga að máli, verði kvaddir á fund til þess að ræða og greiða atkvæði um það mál. Verði meiri hluti fundarmanna með breytingunni, skal málið, ásamt sundurliðaðri áætlun um kostnað og fjáröflun til byggingarinnar, borið undir sýslunefnd og leggur hún úrskurð á það.

Kostnaði við byggingu, endurbyggingu eða viðhald réttar og annara bygginga, sem taldar eru í 35. gr. svo og vöxtu og afborganir af lánum til slíkra bygginga,skal jafnað niður eftir þeim hlutföllum, er hreppsnefnd ákveður og sýslunefnd samþykkir.

38. gr.

Skylt er að leggja til land undir rétt, en engin umráð hefir landeigandi eða landsnothafi þess vegna yfir réttinni, en þóknun fyrir átroðning á landið og við réttarhaldið fær hann eftir því sem um semur. En verði ágreiningur ákveður sýslunefnd gjaldið.

39. gr.

Í fyrstu rétt skal byrja að rétta þá markljóst er, enda er þá öllum þeim, sem fjárvon eiga við réttina skylt að vera þar til að hirða fénað sinn. Réttarstjóri sér um að allt fari skipulega fram við réttarhaldið og hefir vald til að banna allt, sem getur hindrað það eða tafið. Öllum, sem í rétt eru, er skylt að hlýða skipunum hans og getur hann kært til sekta, ef út af er brugðið. Hann getur skipað annan í sinn stað eða sér til aðstoðar, ef þörf er á.

Réttarstjóri sér um, að ómerkingar séu látnir í þar til gerðan dilk og gefur hverjum, sem óskar þess kost á að láta á helga sér lamb. Hann skal einnig sjá um að hryssur fái að helga sér folöld, þó ekki séu þau látin í ómerkinga dilk. Enginn má taka ómerking án leyfis réttarstjóra. Enginn má draga sauðfé eða hross nema látið sé í dilk eða annað aðhald þar sem auðvelt er að kanna það, áður en út er hleypt.

Enginn má hleypa út úr dilk, fyrr en réttarstjóri leyfir og búið er að kanna féð eða hrossin, ef réttarstjóri fyrirskipar það.

Hreppstjóri þess hrepps, er rétt liggur í, skal ætíð vera við, þá réttað er, og gæta lögreglu.

40. gr.

Skylt er hverjum þeim, er kindavon eða hrossavon á í aðalrétt eða aukarétt síns réttarfélags, að hafa þar nægan mannafla til þess að hirða þar fénað sinn. Vanræki einhver þetta, er réttarstjóra heimilt að láta hirða fénaðinn og reka heim á kostnað eiganda.

41. gr. 60

Þá er réttarstjóri álítur tíma til kominn skal tófludráttur fara fram og markaskrár 2. júní
Mýrasýslu, og nærliggjandi sýslna vera við hendina. Allar sauðkindur og hross, sem að því loknu hefir ekki verið ráðstafað á leið til eiganda, skal fara með sem óskilafé.

VI.

Um meðferð óskilafénaðar.

42. gr.

Alla ómerkinga, sem eigi hafa fundizt eigendur að, svo og allar aðrar kindur, er eftir verða í rétt hverri þá dráttí er lokið og ekki hefir verið ráðstafað öðruvísi á ábyrgð eiganda, skal hreppstjóri í þeim hreppi, er réttin liggur í, selja þegar í stað við opinbert uppboð, þó má hreppsnefnd láta geyma úrtíning úr fyrstu rétt til annarar réttar.

Hreppsnefnd kveður til 2 menn að lýsa mörkum og öðrum einkennum á fénaði þeim, er selja skal. Verði þeir ekki á eitt sáttir um lýsingu á marki, kveður nefndin þriðja mann til þess að skera úr ágreiningnum. Vafa-atriða skal þó getið í uppboðsgerðinni.

43. gr.

Óskilafénað, sem finnst eða framkemur eftir allar réttir og verður ekki komið til eiganda, skal reka til hreppstjóra í þeim hreppi, er fénaðurinn fannst í, og skal hann að því búnu seldur við uppboð, svo fljótt sem verða má.

44. gr.

Nú heimtir einhver kind með sínu marki, en kannast ekki við hana sem sína eign, þá skal með hana fara sem annað óskilafé.

45. gr.

Þá er óskilahross er selt, skal, auk venjulegra söluskilmála, áskilja að eiganda sé heimilt að innleysa það innan 12 vikna frá söludegi. Hið selda hross skal vera í gæzlu kaupanda en ekki í ábyrgð hans fyrr en að innlausnarfresti liðnum. Gæzlukaup og hagatollur má eigi meiri vera en 15 aurar um sólarhring og telst frá söludegi þar til hross er hirt af eiganda. Komi hross á hús og hey áður en innleyst er, greiðist kostnaður af því eftir samkomulagi. Hreppsnefnd þess hrepps, sem hross er selt í, sker úr ágreiningi út af kostnaði.

Eiganda er því aðeins heimilt að innleysa hross, að hann um leið greiði allan áfallinn kostnað.

46. gr.

Eftir hvert uppboð á óskilahrossum, skal hreppstjóri, svo fljótt sem verða má, senda auglýsingu til birtingar hreppstjóranum í Borgarnesi. Í auglýsingunni skal getið um, kynferði, aldur, lit og auðkenni hins selda, svo og verð, nafn kaupanda og bústað.

47. gr.

Fyrir lok janúarmánaðar skal hreppstjóri senda sýslumanni skýrslu um óskilafénað

60 21. apríl með mörkum, seldan á síðastliðnu ári, og þá er ekki útgenginn. Sýslumaður auglýsir hinn selda fénað í Lögbirtingablaðinu. Sýslunefnd getur kvatt annan til þess, ef hún telur það hentugra.

48. gr.

Af andvirði óskilafénaðar greiðist uppboðskostnaður, gæzla og fóðurkostnaður, fundarlaun, auglýsingagjald og burðargjald með pósti. Að öðru leyti greiðist andvirði hins selda, til hvers þess, er kröfu gerir fyrir lok septembermánaðar það ár, sem auglýst er, ef hann þykir hafa sannað eignarrétt sinn.

49. gr.

Þá er kröfufrestur er útrunninn samkv. 47. gr. skal hreppstjóri senda oddvita í sínum hreppi afrit af uppboðsbók um seldan óskilafénað haustið áður, ásamt skýrslu um hverjir hafa fengið útborgað verð óskilafénaðar. Jafnframt sendir hann oddvita það sem þá er óútgengið af óskilafjárverðinu, að frádregnum kostnaði.

Andvirði ómerkinga — þar með talið mýétningar og fé með óþekkjanlegum mörkum vegna skemmda — að frádregnum kostnaði, greiði hreppstjóri til oddvita fyrir lok marzmánaðar ár hvert.

50. gr.

Andvirði ómerkinga og óskilafénaðar, er greiðist til oddvitanna í Hvítársíðuhreppi, Þverárhlíðarhreppi og Stafholtstungnahreppi rennur í sjóð er heitir fjallskilasjóður Þverárréttar og skal honum aðallega varið til viðhalds réttinni með tilheyrandi girðingum. Oddviti Þverárhlíðarhrepps gerir árlega reikninga sjóðsins og skulu þeir endurskoðaðir og úrskurðaðir af oddvitum Hvítársíðu- og Stafholtstungnahreppa.

Andvirði ómerkinga og óskilafénaðar í öðrum hreppum sýslunnar, rennur í sveitarsjóð hvers hrepps fyrir sig, eins og það er greitt til oddvita.

Heimilt er þó hreppsnefnd í hreppi, er rétt liggur í, að greiða þóknun til marklýsingamanna og réttarstjóra af óskilafjárverði, er hreppsjóði eða fjallskilasjóði tilheyrir, og af óskiptu því, er skipta á milli hreppa.

VII.

Um mörk og markaskrár.

51. gr.

Hver maður skal einkenna fé sitt og hross með glöggu marki á eyrum. Enginn má fleiri mörk eiga í senn en tvö á sauðfé og eitt á hrossum. Enginn má heldur nota annars manns sauðfjármark á hrossum eða hrossamark á sauðfé. Ef kind er með annars manns marki á eyrum, skal marka hana glöggu hornamarki eða brennimarki.

Skylt er að nota hreppsbrennimark á sauðfé og setja það á vinstra horn.

Hreppsbrennimörk eru:

Hvítársíðuhrepps: M. 1.
Þverárhlíðarhrepps: M. 2.
Norðurárdalshrepps: M. 3.
Stafholtstungnahrepps: M. 4.

Borgarhrepps: M. 5.
Álftaneshrepps: M. 6.
Hraunhrepps: M. 7.
Borgarneshrepps: M. 8.

52. gr.

Mark helgar eiganda kind, nema sönnur komi fyrir, að annar eigi, eða eigandi marks viðurkenni hana ekki sem sína eign, sbr. 43. gr. Kind, sem ekki ber rétt mark manns, er óheimilt að draga sér, hversu lítið sem á vantar eða umfram er. Ef kind er með hornamarki eða brennimarki annars, en þess, sem eyrnamarkið á, skal sá talinn eigandi, sem á brennimarkið eða hornamarkið; skal hann þó, ef eigandi eyrnamarks krefst, gera grein fyrir, hvernig hann hefir eignast kindina. Kind, sem er með eyrnamarki eins manns, hornamarki annars og brennimarki hins þriðja, skal talin eign þess, er brennimarkið á, en sönnur skal hann færa á eignarrétt sinn, ef krafist er.

53. gr.

Enginn má upptaka mikil særingamörk, sem vandi er að marka svo auðþekkt séu. Hin helztu þeirra eru: Afeyrt, blaðrifað, blaðstúfrifað, blaðtvístúfrifað, blaðtvístýft, gatrifað, geilrifað, geirrifað, hvatblaðstýft, hvathamrað, hvattvírifað, jaðrað, miðhlutað í sneitt, netnál, sneiðblaðstýft, sneiðfráblaðstýft, sýlrifað, tíglað, tvíhamrað, tvístúfrifað, vagllögg, vaglrifað, vinkill, þrírifað í heilt, þrírifað í sneitt, þrírifað í stýft og þrístýft. Mörk þessi má heldur ekki nota þó fengin séu að erfðum, gefins eða keypt eftir að reglugerð þessi gengur í gildi.

54. gr.

Sýslunefnd skal láta prenta markaskrá sýslunnar 10. hvert ár, þá er ártal stendur á tug. Ef nauðsynlegt þykir má einnig prenta hana það ár, sem endar á tölunni 5. Skal þá hver markeigandi koma marki sínu eða mörkum í hana og gjalda fyrir svo sem sýslunefnd ákveður. Fá markeigendur ókeypis jafnmörg eintök af markaskránni og mörk þeirra eru, sem í hana eru skráð.

Sýslunefnd sér um að nægilega margar markaskrár séu sendar í þá hreppa utan sýslu, er fjársamgöngur eru við.

Gjald það, er sýslunefnd ákveður fyrir mörkin, skal áætla svo hátt, að það nægi fyrir kostnaði við markasöfnun, skrásetningu og prentun markanna. Verði afgangur rennur hann í sýslusjóð, en nægi gjaldið eigi fyrir öllum kostnaði, greiðist það sem á vantar úr sýslusjóði.

55. gr.

Sýslunefnd kýs einn mann til 5 ára í senn til þess að hafa umsjón með upptöku marka og búa markaskrá undir prentun. Þóknun fyrir þetta starf fær hann eftir því sem um semur og skal hún talin með kostnaði þeim, sem nefndur er í 53. gr.

Starfstilhögun markaumsjónarmanns, skal nánar ákveðin af sýslunefnd.

56. gr.

Hreppsnefnd, hver í sínum hreppi, skal kjósa mann til að safna mörkum hreppsins, næsta ár á undan því, er markaskrá skal prentuð. Hreppsnefnd tilkynnir markaumsjónarmanni kosninguna. Markaumsjónarmaður kveður á um tilhögun markasöfnunar og til-

60 kynnir það markasafnara þegar þörf gerist. Markasafnari innheimtir markagjöld í sínum
2. júní hreppi um leið og hann safnar mörkunum. Í þóknun fyrir starf sitt fær hann hundraðshluta af markagjöldum, eftir því sem sýslunefnd nánara ákveður.

Þegar markasöfnun er lokið í hreppunum skulu markaseðlar sendir markaumsjónarmanni ásamt markagjöldum, að frádreginni þóknun markasafnara.

57. gr.

Markaumsjónarmaður skal gera sér far um að koma festu og samræmi í nöfn og röðun marka. Þegar mörkum er safnað, skal hann heimta sérstaka skýrslu um nýuppteknin mörk. Markaskýrslur hreppanna skal hann bera saman og þær allar saman við gildandi markaskrár innan sýslu og utan, þar sem samgöngur geta verið. Heimilt er honum að fella niður nýuppteknin mörk, sem of lík eru eldri mörkum og þau sem bannað er upp að taka, ef nokkur eru á skýrslu. Nú hefir hann ákveðið að fella niður mark, eða breyta marki, svo sem hann telur nauðsynlegt, þá skal hann svo fljótt, sem við verður komið tilkynna það hlutaðeigendum og benda þeim á önnur mörk eða breytingu á marki, er komið geti í staðinn. Verði tillögum hans ekki mótmælt innan 6 vikna frá því að hann sendi þær, skulu þau mörk gilda til skrásetningar að því sinni.

Að öðru leyti ber honum að taka til greina óskir eða kröfur markeiganda, svo fremi að þær geta samrýmst ákvæðum þessarar reglugerðar.

Vilji einhver mark upp taka í milli þess að markaskrá er samin, ber honum að fá til þess samþykki markaumsjónarmanns. Að því fengnu skal markeigandi auglýsa það í Lögbirtingablaðinu og er það þá heimilt til notkunar.

58. gr.

Sýslunefndinni í Mýrasýslu er heimilt að leita samvinnu við sýslunefndir Snæfellsnessýslu, Dalasýslu, Strandasýslu, Húnavatnssýslu og Borgarfjarðarsýslu til þess að afstýra sammerkingum innan þessara sýslna, eftir því sem henta þykir.

Kostnaður við það greiðist úr sýslusjóði.

VIII.

Um eftirlit með förgun á fé o. fl.

59. gr.

Heimilt er að kaupa og selja fé í réttum, en skylt er kaupanda að gera réttarstjóra aðvart um það áður en kaup byrja, og vera háður eftirliti og fyrirskipunum hans.

60. gr.

Vilji einhver kaupa fé eða hross, eða boða markað annarsstaðar en í réttum, þá er honum skylt að gera hreppsnefnd í þeim hreppi, er markaðsstaður er í, það vitanlegt fyrirfram. Er henni þá heimilt að skipa eftirlitsmann á markaðinum.

Skylt er eftirlitsmanni að stuðla að góðri reglu við markaðshald. Þóknun fær hann svo sem um semur.

61. gr. 60

Svo skal rekstrum haga á sölufénaði eða öðrum förgunarfénaði, að sem minnstur 2. júní
hagi verði að, þeim sem lönd eiga, sem um er rekið eða áð er í. Varast skal að rekstri lendi saman við annan samskonar fénað.

Verði rekstrarmenn sannir að því, að hafa tekið kind eða hross frá öðrum saman við í rekstur, er þeim skylt að koma hinu tekna á sinn stað aftur eiganda að kostnaðarlausu. Hver, sem fyrir rekstri ræður, greiði auk þess fullar skaðabætur, ef tjón hlýzt af, og sekt eftir atvikum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

62. gr.

Við hvert sláturhús eða aðra slátrunarstaði skal vera markaeftirlitsmaður um aðalslátrunartímann, skipaður af sýslumanni eftir tillögum forstöðumanns félags eða verzlunar er í hlut á. Fyrir starf sitt fær hann þóknun hjá félaginu eða kaupmanni, er ekki skal minni vera en dagkaup verkamanna almennt. Hann skal athuga mark á hverri kind áður eða um leið og hún er leidd til slátrunar, og hafa vakandi auga á því, að misdráttur eða ruglingur eigi sér ekki stað. Þyki eftirlitsmanni eignarheimild á kind vafasöm, er honum skylt að leita upplýsinga um málið þegar í stað eða síðar eftir atvikum.

63. gr.

Markaeftirlitsmönnum, er starfa í Borgarnesi um sláturtímann, er og skylt að hafa eftirlit með fé, er flytja á sjóleið þaðan til Reykjavíkur eða Suðurlands, áður eða um leið og það er flutt á skip, gegn þóknun frá sendanda. Er hverjum þeim, sem kindur annast til burtflutnings, skylt að gera grein fyrir hverjir eiga eða senda kindurnar, ef eftirlitsmaður krefst þess.

64. gr.

Nú kemur fyrir kind í sláturhúsi, eða á slátrunarstöð, sem eigi tilheyrir neinum af þeim, er þar eru viðstaddir, eða eigi verður ráðstafað þegar í stað af eiganda eða öðrum úr hans byggðarlagi, þá skal forstöðumaður slátrunar ráðstafa kindinni, svo sem hann telur hagkvæmast fyrir eiganda, ef kunnugt er hver hann er. Ef ekki er kunnugt um eiganda slíkra kinda, skal fara með þær sem annað óskilafé í þeim hreppi, sem þær eru þá komnar í.

Ef sannað verður hverjir rekið hafa óráðstafaðar kindur til slátrunarstöðva, skal þeim refsað samkvæmt niðurlagi 61 gr.

IX.

Ýmisleg ákvæði.

65. gr.

Hver, sem valdur er að illri meðferð á skepnum, svo sem með því að etja hundum um of, svelta þær eða misþyrma, hindra ekki í tæka tíð að þær troðist undir, skal sæta sektum og skaðabótum, ef tjón hlýzt af, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

60
2. júní

66. gr.

Þegar einhver, sem fer með umboð hreppsnefndar samkvæmt reglugerð þessari, hefir samið um borgun fyrir vinnu eða annað er þörf krefur, eins þótt innheimta þurfi hjá þriðja manni, ber hreppsnefnd ábyrgð á slíkum greiðslum og innheimtum.

Um það, hver ber ábyrgð athafna eða vanrækslu og ekki er berum orðum fram tekið í reglugerð þessari, fer eftir almennum lögum.

67. gr.

Brot gegn fyrirmælum þessarar reglugerðar varða sektum frá 10—300 krónum og renna í sveitarsjóð eða sveitarsjóði þess upprekstrarfélags, er brot er framið í, eftir sömu hlutföllum og andvirði óskilafénaðar.

68. gr.

Mál sem rísa út af brotum gegn fyrirmælum reglugerðarinnar, skal fara með sem almenn lögreglumál.

69. gr.

Reglugerð fyrir Mýrasýslu um notkun afrétta, fjallskil, réttir og refaveiðar 25. júlí 1892, svo og allar síðari breytingar á þeirri reglugerð, eru hér með úr gildi felldar.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Mýrasýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, staðfestist hér með til að öðlast gildi 15. júní 1921.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 2. júlí 1921.

Pétur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

REGLUGERÐ

61
2. júní

um

eyðing refa í Mýrasýslu.

I. KAFLI

Um eyðing refa.

1. gr.

Skylt er hreppsnefnd hverri að sjá um eyðing refa í heimalöndum og afréttarlöndum sveitar sinnar svo og löndum þeim utan sveitar, er hún hefir umsjón með sem leitarsvæði.

Nú er afréttarland notað til uppreksturs af hreppsfélagi utan sýslu og er þá heimilt að fela hreppsnefnd þess hrepps umsjón og framkvæmd refaeyðingar á landinu, og fer það eftir fyrirmælum þessarar reglugerðar.

2. gr.

Hver, sem jörð eða jarðarpart hefir til ábúðar, er skyldur til, á sinn kostnað, að leita grenjaleit á heimalandi sínu, hvenær sem hreppsnefnd ákveður, ef henni þykir þess við þurfa, með þeim undantekningum, er reglugerð þessi ákveður.

3. gr.

Hreppsnefnd hver skal svo oft og þar, sem þurfa þykir á vori hverju, láta gera rækilega grenjaleit á afrétti hrepps síns, svo og á afréttarlöndum og heimalöndum, sem liggja við afrétt hreppsins og almennt eru leituð til rétta með afrétti eða fráskilin eru heimalöndum með afréttargirðingu.

Hreppsnefnd getur ennfremur, á kostnað sveitarsjóðs að hálfu leyti, látið gera grenjaleit á heimalandi einstakra jarða, þótt ekki liggi við afrétt, ef þau eru sérstaklega erfið til grenjaleitar, svo sem er um hraun og önnur stór landssvæði, þar sem grenjavon getur verið.

4. gr.

Hreppsnefnd skala hafa ráðið skotmann, einn eða fleiri, áður en grenjaleit byrjar. Hann skal vera með í leitinni, ef því verður við komið. Hreppsnefnd sér um, að vökumaður sé til taks til að liggja á greni með skotmanni svo fljótt sem verða má.

Skotmaður og vökumaður fá dagkaup svo sem um semur.

5. gr.

Fyrir eitt dýr unnið á greni fær sá er vinnur 5 kr.; fyrir annað dýr unnið á sama greni 10 kr., og fyrir yrðling hvern, sem drepinn er á greni 1 kr. Heimilt er þó hreppsnefnd að ákveða hærri borgun fyrir dýr þau, sem við gren vinnast.

61 2. júní

Hreppsnefnd getur heimilað skotmanni, að hirða yrðlinga lifandi og selja þá tófueldismanni eða ala þá sjálfur samkvæmt fyrirmælum reglugerðar þessarar.

Náist yrðlingur á greni, sem skotmaður er frágenginn eða annarsstaðar, er þeim sem nær, heimilt að fara með þá á sama hátt.

Fyrir dýr hvert, sem unnið er á víðavangi, er rétt að greiða 4 kr. þeim, er vinnur.

6. gr.

Semja skal við skotmann um það hversu lengi skuli á greni liggja og hversu með skuli fara, ef það vinnst ekki að fullu. Þó má aldrei rjúfa gren né færa það úr lagi.

7. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að greiða sérstaklega þóknun þeim er finnur nýtt gren með yrðlingum í.

8. gr.

Hreppsnefnd ber að annast um að árlega sé eitrað fyrir refi á hentugum tíma.

9. gr.

Allur kostnaður við eyðing refa samkvæmt síðari málsgrein 1. gr. skal greiddur af hreppsfélagi því, er landsnotin hefir.

Þar sem ekki öðruvísi er ákveðið í reglugerð þessari, greiðist allur kostnaður við grenjaleit og eyðing refa úr sveitarsjóði.

II. KAFLI

Um refaeldi.

10. gr.

Hver sem óskar að ala upp yrðlinga, verður að fá leyfi til þess hjá sýslumanni á hverju ári ekki síðar en á manntalsþingi. Fyrir leyfið greiðast 5 kr., er renna í sýslusjóð. Auk þess greiði leyfishafi 5 kr. í sýslusjóð fyrir hvern belg, er hann sýnir og söluhæfir eru. Fyrstu leyfisbeiðni skal fylgja úttektarreglugerð sú, sem getur um í 11. gr.

11. gr.

Yrðlingaeldi skal bannað, nema í húsum með steinlímdum eða járnvörðum veggjum að innan, steinlögðu gólfi og öruggum umbúnaði um glugga og dyr.

Skal hlutaðeigandi hreppstjóri með lögskipuðum úttektarmanni, taka hús þessi út

og meta hvort fulltryggilega sé frá þeim gengið. Sé þeim í nokkru áfátt að þeirra dómi og bæti eigandi það eigi þegar, skal hreppstjóri þegar í stað kæra það fyrir sýslumanni. 60 2. júní

Sá, sem elur refi, borgar þessar úttektargerðir, svo sem venja er um aðrar úttektir.

12. gr.

Hreppstjóri hefir eftirlit með refaeldi í sínum hreppi. Hann skal hið fyrsta eftir að grenjavinnsla er hjá liðin og yrðlingaeldi komið á, fara til og telja yrðlinga, sem á eldi eru og sjá um að tryggilega sé um þá búið. Þegar eldi er lokið og refirnir drepnir skal hreppstjóri fara til og telja skinnin hjá refaeldismanni. Vanti nokkuð á tölu þeirra yrðlinga, er teknir voru á eldi að sumrinu, sektast refaeldismaður fyrir hvern yrðling sem á vantar svo sem hann hefði sloppið nema full sönnun komi fyrir að svo hafi ekki verið.

Eftirlitsferðir hreppstjóra borgist honum af þeim, er yrðlinga elur, svo sem fyrir er mælt um ferðakostnað úttektarmanna.

13. gr.

Fyrir hvern yrðling er sloppið hefir frá refaeldismanni, greiði hann 50 kr. í sekt. Sama gildir um hvern yrðling er sleppur í flutningi frá grenjum eða á annan hátt. Sekt greiðir sá er yrðling átti eða hafði hann í vörzlum.

14. gr.

Hafi hreppstjóri refaeldi með höndum eða sé nákominn refaeldismanni í sínum hreppi, skipar sýslumaður annan mann í hans stað til þess að hafa á hendi eftirlit með refaeldi í hreppnum.

15. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 10—200 krónum, nema öðruvísi sé ákveðið hér á undan. Sektir renna að ⅔ í hreppsjóð þar sem brot eru framin og að ⅓ í sýslusjóð.

Með mál sem rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem opinber lögreglumál.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Mýrasýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 48, 28. nóvember 1919, staðfestist hér með til að öðlast gildi 15. júní 1921.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 2. júní 1921.

Pétur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

62
7. júní

REGLUGERÐ

fyrir

Eyjafjarðarsýslu um fjallgöngur og fjárskil.

I. KAFLI

Um stjórn fjárskilamála.

1. gr.

Eyjafjarðarsýsla er eitt fjárskilafélag, sem sýslunefndin skiptir í deildir, eftir því, sem landi hagar og fjöll eða vatnsföll deila.

Yfirstjórn allra félagsdeildanna hefir sýslunefndin á hendi, samkvæmt sveitarstjórnarlögunum 10. nóv. 1905, en hreppsnefndir hafa á hendi alla stjórn og framkvæmd í fjárskilamálum, innbyrðis í deildunum.

2. gr.

Nú eru tveir eða fleiri hreppar sameinaðir í eina deild, og hefir þá hver hreppsnefnd téð störf á hendi fyrir sinn hrepp, en stendur í sambandi við hinar aðrar hreppsnefndir í þeirri deild, eftir því sem reglugerð þessi mælir fyrir.

3. gr.

Hver hreppsnefnd velur einn mann úr sínum flokki, til að hafa yfirstjórn og umsjón allra fjárskilamála í hreppnum og nefnist hann fjárskilastjóri. Hann skal vera sjálfur við aðalrétt í hvert sinn, sem þar er réttað, nema gild forföll banni. Setur hann þá hæfan mann í sinn stað með fullu umboði. Ennfremur ber honum að útnefna réttarstjóra við þær aukaréttir, sem kunna að vera í hans fjallskilaumdæmi.

4. gr.

Hver hreppsnefnd skal árlega útnefna einn gangnaforingja fyrir hvert gangnasvæði, sem hún á yfir að ráða.

Enginn getur skorazt undan að vera gangnaforingi þrjú ár í senn, nema að hann sanni, að hann sé ófær til þess sökum elli eða heilsuleysis.

5. gr.

Hver hreppsnefnd haldi sérstaka fjárskilabók, staðfesta af oddvita sýslunefndarinnar. Í hana skal rita allt, sem gerist um fjárskilamál í hreppnum.

Sýslunefndin getur heimtað eftirrit af fjárskilabókinni, hvenær sem með þarf.

II. KAFLI

Um afrétti.

6. gr.

Allt land skiptist í afrétti og heimalönd. Það skulu vera afréttir, sem áður hafa verið. Hreppsnefnd getur tekið upp nýja afrétti, breytt takmörkum afrétta og lagt til þeirra

heimalönd eða landshluta einstakra jarða með samþykki landeiganda, umráðamanna og sýslunefndar. 62 7. júní

Hver hreppsnefnd skal semja skrá yfir þá afrétt, með tölu og ummerkjum, er hún hefir umsjón með, og skal rita hana í fjárskilabók hreppsins. Þessar skrár skal senda sýslunefnd, er sér um, að þær séu innfærðar í eina bók.

7. gr.

Heimilt er hreppsnefndum að gangast fyrir því, hverri í sínum hreppi, að gerð sé sveitarsamþykkt um það, að notuð skuli heimalönd til upprekstrar fyrir sauðfé; skal í samþykktinni skýrt tekið fram, hver þau lönd séu og tala þess fjár, er í þau má reka. Má enginn nota eða leyfa öðrum að nota ógirt heimaland sitt til upprekstrar, nema það sé þannig heimilað með gildandi sveitarsamþykkt, samþykktri af eigendum og umráðamönnum og staðfestri af sýslunefnd, ella tvígjaldi hann fjártolla grönnum þeim, sem lönd eiga að landi hans.

Nú liggja saman heimalönd hreppa, er menn vilja nota til upprekstrar, og geta þá hlutaðeigandi hreppsnefndir gert sameiginlega samþykkt um notkun þeirra.

Heimalönd þau, sem heimild er fyrir að nota til upprekstrar, skal skoða sem afrétti, að því er göngur snertir, enda séu þau notuð á þann hátt af fleirum en landeiganda sjálfum.

8. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að gera ákvörðun um, hve margt sauðfé, stóðhross og nautgripi má reka á hvern afrétt, sem heyrir undir stjórn hennar. Sé eigandi eða umráðamaður afréttar óánægður með ákvörðunina, er honum heimilt, að skjóta máli sínu til sýslunefndar, er leggur fullnaðarúrskurð á það.

Nú telur hreppsnefnd of margt fé rekið á aðliggjandi utansveitar afrétt, getur hún þá skotið því atriði til fullnaðarúrskurðar sýslunefndar, náist eigi samkomulag við umráðanda afréttarins.

III. KAFLI.

Um smölun sauðfjár á vorin.

9. gr.

Hreppsnefndin skipar fyrir um smölun sauðfjár á vorin, bæði í heimalöndum og afréttum hreppsins.

Hver, sem jörð hefir til ábúðar, afréttarnot eða afréttarumráð, er skyldur að taka þátt í vorsmölun eftir því, sem hreppsnefnd þess hrepps, er land liggur í, ákveður.

Sama skylda hvílir á fjáreigendum með öll fjárskil að vori sem hausti.

10. gr.

Ef tveir eða fleiri hreppar eru í sama upprekstrarfélagi, skulu vorgöngur á afrétti ákveðnar af hreppsnefndum upprekstrarfélagsins í sameiningu.

11. gr.

Nú finnst órúið fé eftir að samanrekstrar og rúningur er afstaðinn, ber þá finnanda 50 aurar fyrir að rýja kind og 30 aurar fyrir að marka lamb. Skal hann gera eiganda full skil á ullinni og grein fyrir marki og öðrum einkennum á hverri kind, sem hann hefir rúið eða markað.

62
7. júní

IV. KAFLI

Um rekstur til afrétta og fyrirstöðu.

12. gr.

Hreppsnefnd skal sjá um, að dilkar og geldfé — þegar það er komið úr ullu, — sé rekið til afrétta svo tímanlega á vorin, sem árferði og önnur atvik leyfa.

Heimilt er þó að hafa sauðfé í eyjum og fjárheldum girðingum yfir sumarið.

Áður en fráfærnalömbum er sleppt í upprekstrarland, skal setja þau ekki skemur en þrjá daga. Reka skal í miðjan afrétt, nema hlutaðeigandi hreppsnefnd hafi öðruvísi ákveðið.

13. gr.

Eigandi eða umráðamaður afréttar er skyldur að sjá um fyrirstöðu afréttarfjár. Allir þeir, sem eiga frjálsan upprekstur á almenninga, skulu kjósa einn mann úr sínum flokki, sem hafi umsjón með afréttinum, og komi fram gagnvart hreppsnefnd og öðrum, að öllu leyti, sem aðrir afréttareigendur. Skylt er þeim, sem næstir búa afrétti, að varna því eftir föngum, að fé renni af afréttum í heimahaga manna og ber þeim þóknun fyrir frá umsjónarmanni afrétta. Komi þeir sér ekki saman, ákveður hreppsnefnd gjaldið, þó má skjóta úrskurði hennar til sýslunefndar.

Ef hreppsnefnd verður vör við, eða berst umkvörtun um það, að afréttarfé gangi í heimahögum manna; skal hún þá tafarlaust, ef henni líst þess þörf, gefa út skipun um, að því sé smalað. Skal svo hagað smölun og rekstri, að eigi verði mein að. Reka skal á þann afrétt eða afrétti, sem hreppsnefnd ákveður. Sannist það hvar fyrirstaða hefir verið vanrækt, ber fjártakanda að bera kostnað þann, er af smöluninni leiðir, annars greiðist hann úr viðkomandi sveitarsjóði, eða sveitarsjóðum.

14. gr.

Hver eigandi eða umráðamaður upprekstrarlands, er skyldur til að gefa hlutaðeigandi hreppsnefnd — í síðasta lagi fyrir miðsumar ár hvert, — skýrslu um það, hverjir noti afrétti eða upprekstrarland hans það sumar, og fyrir hve margt fé.

Eigendum eða umráðamönnum afrétta ber að láta innansveita- og þar næst innansýslumenn sitja fyrir utansýslubúum með upprekstur fjár í afrétti, enda sé komin beiðni um það, fyrir miðjan maímánuð ár hvert.

V. KAFLI

Um fjárskil.

15. gr.

Enginn fjáreigandi, sem löglega er sjálfs sín, eða býr á jarðarhundruðum, getur skorazt undan að gera gangnaskil eftir niðurjöfnun hreppsnefndar.

Nú á einhver utansveitarmaður afrétt í hreppnum; skal hann þá gera þar gangnaskil eftir ráðstöfun viðkomandi hreppsnefndar.

Bágstöddum einyrkjum og heilsulitlum má hreppsnefnd veita undanþágu frá göngum. Húsbændur annast fjárskil vegna hjúa sinna.

62

7. júní

16. gr.

Nú á einhver að gera fjárskil í öðrum hreppi, en hann er búsettur í, og skal þá hreppsnefndin, þar sem hann á heima, senda hreppsnefnd þeirri, er hlut á að máli, skýrslu um fjáreign hans eftir vorframtali.

Ef tveir eða fleiri hreppar eru í sama upprekstrarfélagi, skulu haustgöngur á afrétti ákveðnar, af hreppsnefndum upprekstrarfélagsins, í sameiningu.

17. gr.

Hreppsnefnd kveður menn til gangna nægum tíma áður en göngur byrja, skal hún taka fram, hvað hverjum ber að leggja til fjárskila það haust og hverjir eru gangnaforingjar á hverju svæði.

Sá er gildur gangnamaður, sem gangnaforingi og helmingur gangnamanna með honum tekur gildan. Nú verður einhver gangnamanna sannur að óhlýðni eða hirðuleysi, skal það álitið sem gangnarof og varðar sektum.

Nú vanrækir einhver að gera þau fjárskil, sem á hann hafa skipst, eða leggur ógildan mann til fjárskila og er honum það sjálfrátt, þá varðar það sektum og margfaldast ef brotið er ítrekað.

18. gr.

Þrennar skulu löggöngur á hausti hverju. Löggöngur skulu byrja í hverju afréttarfélagi fyrir sig þá daga, er venja er til (mánudaginn í 22. viku sumars). Þó getur hreppsnefnd ákveðið aðra gangnadaga með samþykki hreppsbúa og sýslunefndar.

19. gr.

Gangnaforingi skal jafnan vera í göngum, nema lögmæt forföll banni, og setur hann þá fullkominn mann í sinn stað. Skipar hann fyrir um það, hvernig göngum skal haga. Óhlýðnist gangnamenn skipun gangnaforingja, varðar það sektum.

20. gr.

Gangnaforingjar skulu sjá um, að söfnin séu rekin tafarlaust og með reglu til rétta. Þegar á rétt er komið, skulu þeir kveðja til svo marga menn, sem með þarf til þess að gæta safnsins, þar til réttarstjóri hefir tekið við því.

21. gr.

Ef fé festist í ógöngum, skal sá, er finnur það, tafarlaust skýra hlutaðeigandi gangnaforingja frá því, ef það er um fjárskilatíma, en afréttarbónda eða hlutaðeigandi hreppsnefnd að öðrum kosti. Er þeim skylt svo fljótt, sem unnt er, að gera tilraun að bjarga því. Kostnaður sá, er slík björgun hefir í för með sér, greiðist eftir mati hreppsnefndar af eiganda ef hann finnst, en annars úr sveitarsjóði.

VI. KAFLI

Um hreinsun heimalanda.

22. gr.

Hver búandi er skyldur að hreinsa heimalönd sín eftir skipun hreppsnefndar.

62 7. júní

23. gr.

Skyldir eru allir búendur, að hirða fé það, sem finnst í heimalöndum eftir að fjárskilum er lokið og reka það tafarlaust til næsta bæjar, þá leið, sem það á að ganga.

Nú kemur fjárrekstur til manns bæ frá bæ, og er hann skyldur að reka hann tafarlaust þá leið, sem hann á að ganga, nema kvöld sé komið eða óveður, svo eigi þyki fært að reka féð bæja á milli. Skal þá beita fénu eða gefa hey ella, unz fært er að reka það. Sleppi nokkur fjárrekstri, sem á að ganga bæ frá bæ, varðar það sektum.

VII. KAFLI

Um réttir og réttahöld.

24. gr.

Aðalréttir og aukaréttir skulu vera þær sömu og nú eru. Nú þykir þörf á að fjölga fjárréttum eða færa þær af þeirra fyrri stöðvum á annan hentugri stað; skal þá hreppsnefnd sú er hlut á að máli bera það — á almennum sveitarfundi — undir atkvæði fjáreigenda í hreppnum og ræður meiri hluti atkvæða úrslitum. Sé um aðalrétt að ræða, skal auk þess leita samþykkis sýslunefndar. Skyldur er hver að leggja land til undir fjárrétt og hleðsluefni í hana, valdi það ekki skemmdum á yrktu landi. Sanngjarna þóknun úr sveitarsjóði ber landeiganda fyrir jarðrask og átroðning, eftir mati tveggja óvilhallra manna, sem sýslumaður útnefnir, ef samkomulag ekki næst.

25. gr.

Það er skylda allra fjáreigenda, að byggja fjárréttir og nægilega marga dilka í sameiningu og viðhalda þeim svo sem þörf er á.

Skulu þeir leggja þar til skylduvinnu eftir því, sem hlutaðeigandi hreppsnefnd ákveður. Ef einhver vinnur eigi þá skylduvinnu að fjárréttum og dilkum, er á hann skiptist, getur hreppsnefnd látið gera það á kostnað hans. Dilkrúm skal vanalega fylgja jörð þeirri, er það hefir fylgt, eins þó ábúendaskipti verði. Að öðru leyti ráði réttarstjóri dilkrúmi hvers eins.

26. gr.

Réttarstjóri skal vera kominn til réttar svo snemma, sem þörf gerist hvern réttardag. Skipar hann fyrir um hvernig fjárdrætti skal haga í réttinni og heldur mönnum til starfa. Hann bannar stranglega allt slark og óreglu, sem miðar til að hindra starf manna á réttinni.

27. gr.

Hver aukarétt heyrir undir einhverja aðalrétt, og skal þar jafnan réttað næsta dag á undan aðalrétt þeirri, sem hún heyrir undir. Skal úrtíningsfé úr aukaréttum rekið til aðalréttar af mönnum sem hreppsnefndin hefir útnefnt til þess. Fjárskilastjóri kveður hæfilega marga menn til þess, að koma til aðalréttar, árdegis þann dag, sem úrtíningsfé er greitt sundur, þar skulu þeir í öllu vera háðir stjórn fjárskilastjóra.

Enginn má reka burtu úr rétt fyrr en úrtíningur er upp dreginn, nema fjárskilastjóri leyfi. Fjárskilastjóri hefir einn öll umráð á réttar- og dilkrúmi aðalréttardaga. Öll óhlýðni og þrjózka við fjárskilastjóra varðar sektum.

28. gr. 62

Jafnan skal draga sundur fé í aðalréttum eftir markaskrá og í aukaréttum, þar 7. júní
sem þörf er á.

Í eða við almennar fjárréttir að hausti til, má enginn blóðmarka kind, án samþykkis réttarstjóra.

Ómerkinga skal draga í sérstakan dilk undir eftirliti réttarstjóra, og skal öllum gefinn kostur á að leiða þangað lambamæður til að helga sér lamb sitt.

Ómerkinga þá, sem enginn finnst eigandi að, ber að fara með sem annað óskilafé.

VIII. KAFLI

Um hirðing fjár í utanhreppsréttum.

29. gr.

Nokkru á undan fyrstu löggöngum á hausti hverju skal hreppsnefnd kveðja svo marga menn, sem þarf til þess að sækja fé hreppsbúa í utanhreppsréttir, skulu sendimenn þessir taka féð, reka það tafarlaust heim í hreppinn og ganga þar frá því samkvæmt ráðstöfun hreppsnefndar.

IX. KAFLI

Um óskilafé.

30. gr.

Fé það, sem kemur fyrir á haustum og ekki finnst eigandi að, skal ganga til fjárskilastjóra og hirðir hann það sem sitt eigið fé til hausthreppaskila. Þar skal það seljast við uppboð þó með því skilyrði ef eigandi gefur sig fram innan hálfs mánaðar frá söludegi, sé honum heimilt að fá eign sína, ef hann borgar allan áfallinn kostnað. Fé því, sem þannig er selt, skal hreppstjóri lýsa með mörkum, lit, aldri og einkennum þegar eftir uppboðið og senda sýslumanni lýsinguna til birtingar í „Lögbirtingablaðinu". Hafi enginn lýst sig eiganda að fénu áður 6 mánuðir eru liðnir frá prentun auglýsingarinnar, fellur verð þess í sveitarsjóð að frádregnum kostnaði.

Afeyrðar kindur, eða með svo skemmdum mörkum, að enginn geti helgað sér, skal farið með sem eigendalaust fé, og má bjóða það upp ásamt ómerkingum að afstöðnum réttum.

31. gr.

Í hreppi hverjum skal hreppstjóri útnefna tvo menn til að dæma um mörk á óskilafé, sem selt er. Verði ágreiningur um mörkin sker hreppstjóri úr.

62 7. júní

Nú ætlar einhver að hann eigi kind, sem þannig er seld, skal þá dómnefndin úrskurða um eignarrétt hans á kindinni.

Vilji hann ekki hlíta þeim úrskurði getur hann skotið honum til dómstólanna.

32. gr.

Gæzlukaup fyrir kindur þær, sem ekki spyrjast uppi í þriðju göngum, má eigi hærra vera en 10 aurar um sólarhring hvern, og borgist það þegar eigandi vitjar fjárins, eða það er selt, annars er gæzlumaður ekki skyldur að sleppa fénu, þó má fjárskilastjóri hækka gjald þetta fyrir fé úr öðrum sýslum til jafnaðar móts við samskonar gjöld í þeim.

X. KAFLI

Um eftirleitir.

33. gr.

Eigi síðar en viku eftir að löggöngum er lokið, skal hreppsnefndin láta gera eftirleit á afréttum hreppsins.

Þegar eftirleit þessari er lokið, skal hverjum heimilt að gera enn eftirleit, ef hreppsnefnd leyfir. Nú finnur einhver fé í eftirleit, skal hann þá fá 4 krónur fyrir hverja óheimta kind, og 2 kr. fyrir hverja þá kind, sem áður hefir verið heimt. Heimilt er þó hreppsnefndum að hækka fundarlaunin fyrir fé úr öðrum sýslum, þó eigi meira, en þar er tekið í fundarlaun. Fyrir fé, sem finnst í heimalöndum, skal engin fundarlaun greiða

Nú sést fé enn í afréttum, eftir að eftirleitum er lokið, skal þá tafarlaust skýra hlutaðeigandi hreppsnefnd frá því, og er henni þá skylt að sjá um, að fénu verði bjargað.

XI. KAFLI

Um fjármörk.

34. gr.

Hver maður skal auðkenna fé sitt með glöggu marki á eyrum, en ef það er soramarkað, þá brennimerkja það á hornum. Einnig skal brennimerkja sauðfé með hreppsbrennimörkum á vinstra horn og séu þau þannig — eftir röð og tölu hreppanna — E. 1, E. 2 o. s. frv.

Enginn fjáreigandi má eiga fleiri mörk en tvö.

35. gr.

Sýslunefnd skal láta prenta markaskrá fyrir alla sýsluna fimmta hvert ár og útbýta eftir þörfum.

Nú flytur einhver inn í sýsluna, skal hann þá auglýsa mark sitt hreppsnefndum

sýslunnar. Þeir, sem vanrækja að láta prenta mark sitt í markaskrá sýslunnar, mega búast við, að með fé þeirra verði farið sem óskilafé. 62 7. júní

XII. KAFLI

Um sölu fjárrekstra.

36. gr.

Hverjum fjárrekstri, sem rekinn er til sölustaðar, skulu fylgja nægilega margir og dugandi menn.

Ávalt þegar rekstrarmenn eru fleiri en einn, skal einn vera yfirmaður þeirra, útnefndur af eigendum fjárins. Ber hann ábyrgð á því, að rekstur hans gangi að öllu leyti vel og reglulega, og ábyrgð gagnvart þeim, er kynnu að kæra til skaðabóta einhver afbrot rekstrarmanna, en hann á aftur aðgang að samrekstrarmönnum sínum, ef þeim er um að kenna. Þó hvílir ábyrgðin aðeins á hverjum einstökum rekstrarmanni, er brýtur, ef brotið er svo vaxið, að það heyri undir almenn hegningarlög.

37. gr.

Allt fé í sölurekstrum, skal vera merkt ákveðnum rekstrarmerkjum, er séu svo glögg að þau sjáist tilsýndar í björtu, og svo traust, að þau máist ekki af, þó að votviðri gangi.

Skulu rekstrarmenn gæta þess nákvæmlega, að engin kind, sem merkt er rekstrarmarki þeirra, glatist úr rekstrinum, og að engin kind með öðru merki eða ómerkt slæðist inn í hann.

Ef fé heldur sig meðfram vegi, þar sem sölurekstur fer um, mega rekstrarmenn ekki siga hundum á það, heldur aðeins beina því frá með gætni, þannig, að það styggist sem minnst.

Nú sannast það, að einhver hafi beðið tjón af sölurekstri, skal þá formaður rekstrar annast um skaðabætur til hlutaðeiganda, eftir mati tveggja dómkvaddra manna.

XIII. KAFLI.

Um stóðhross og nautgripi.

38. gr.

Hver, sem á stóðhross eða trippi, er skyldur að reka þau á afrétt, ekki síðar en 8 vikur af sumri, nema ótíð og gróðurleysi banni og varðar sektum, ef út af er brugðið. Þó er búendum heimilt, að hafa veturgömul trippi sín í heimahögum, sem ganga undir mæðrum sínum, enda séu þær hafðar til brúkunar og í rækilegri gæzlu. Sömuleiðis er búendum heimilt, að hafa trippi sín heima á sumrum, þó eldri séu, ef þeir hafa þau í gripheldum girðingum. Reynist girðingin ótrygg, skal tafarlaust reka trippin til afréttar.

Eigandi eða umráðandi afrétta, sem hefir trippi á þeim, er skyldur að sjá um nægilega fyrirstöðu að viðlögðum sektum. Nú vanrækir hann þá skyldu sína, skal þá

62 hreppsnefnd skyld að útvega nægilega fyrirstöðu á hans kostnað. Eigandi eða umráða-
7. júní maður afréttar, skal senda hreppsnefndinni áður en tíu vikur eru af sumri, lýsingu af öll-
um þeim trippum, sem hann hefir undir höndum, með mörkum, lit, aldri og einkennum.

39. gr.

Nú ganga trippi samt á sumrum úr afréttum og í heimalönd manna, geta þá þeir, er fyrir ágangi verða, tekið þau í gæzlu og gert eigendum eða umráðamönnum afréttarins, eða þeim sem fyrirstöðu hafa á hendi, aðvart, áður en 2 sólarhringar eru liðnir, um að útleysa þau gegn gæzlukaupi, allt að 50 aurum um sólarhringinn, fyrir hvert hross. Auk þess skal og borga ómakslaun fyrir tilkynning. Gjald þetta skal greitt um leið og hrossanna er vitjað, annars er gæzlumaður ekki skyldur að afhenda þau. Vitji eigendur eða umráðamenn eigi hrossa sinna innan þriggja sólarhringa frá tilkynning, skal farið með þau sem annað óskilafé.

Gangi nú stóðhross af utansýsluafréttum á afrétti eða í heimalönd sýslunnar, getur hreppsnefnd sú, sem hlut á að máli, kært yfir því til sýslunefndar eða oddvita hennar. Skal þá sýslunefndin eða oddviti hennar svo fljótt sem við verður komið, semja við nágrannasýsluna um, að áganginum verði afstýrt. Náist ekki slíkur samningur, eða sé hann brotinn, má taka ágangshrossin í hald, hvenær sem er að sumrinu og fara með þau samkvæmt 42. gr.

40. gr.

Ef trippi koma fyrir í heimalöndum á vorin eða sumrin, sem ekki finnst eigandi að, skal þá farið með þau sem annað óskilafé.

41. gr.

Hreppsnefndin í hverjum hreppi skal gera ráðstafanir til þess, að stóðhrossum sé smalað af afréttum og heimalöndum áður en löggöngum er lokið, og dregin sundur í réttum.

42. gr.

Með óskilahross og trippi, sem eftir verða við réttir og koma fyrir af fjalllöndum eða í byggðum eftir réttir, skal fara með sem annað óskilafé, nema hrossin skulu seljast með þriggja vikna auglýsingarfresti fyrir söludag. Nú þarf að hafa þau í vöktun, og má þá vöktunargjald hvers um sig vera allt að 50 aurar um sólarhring, nema í húsi og á heygjöf þurfi að vera.

43. gr.

Hver sem á graðneyti eldra en ársgamalt, er skyldur að hafa það í gripheldri girðingu, eða á annan hátt í öruggri gæzlu yfir allan útigöngutíma þess að sumrinu, nema hreppsnefnd og nábúar leyfi, að öðruvísi sé; þessi ákvæði ná eigi til þeirra héraða, er sett hafa löggiltar samþykktir um kynbætur nautgripa.

Brot móti þessu varða sektum og skaðabótum ef tjóni veldur.

XIV. KAFLI.

Almenn ákvæði.

44. gr.

Sýslunefnd sker úr öllum ágreiningi milli hreppsnefnda út af fjárskilamálum. Ennfremur geta einstakir menn komið sér saman um, að leggja slík ágreiningsmál undir úrskurð sýslunefndar.

45. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 10 til 200 kr. eftir málavöxtum, og renna þær í sveitarsjóð þess hrepps þar sem brotið er framið.

46. gr.

Mál sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari, skal fara með sem almenn lögreglumál.

47. gr.

Með reglugerð þessari er numin úr gildi I. til XII. og XIV. kafli reglugerðar fyrir Eyjafjarðarsýslu um fjallgöngur, fjárskil og melrakkaveiðar frá 14. júní 1910 og reglugerð um viðauka og breytingar á henni frá 2. sept. 1916.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, staðfestist hérmeð til að öðlast gildi 1. júlí 1921.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 7. júní 1921.

Pétur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

63
7. júní

REGLUGERÐ

um

melrakkaveiðar fyrir Eyjafjarðarsýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd í hverjum hreppi, er skyld að sjá um, að eytt sé melrökkum í afréttum og heimalöndum hreppsins, svo sem með því að láta vandlega leita grenja á hverju vori, að fá skotmenn til að vinna melrakka þá, er þar hafast við og hvolpa þeirra. Áliti hreppsnefndin þörf til, ber henni eftir leiðbeiningum dýralæknis, að láta bera út eitrað agn fyrir melrakka, svo mikið og á svo mörgum stöðum, sem með þarf. Alla aðalframkvæmd og umsjón þessa starfa getur hún falið einum manni á hendur og nefnist hann melrakkaveiðastjóri.

2. gr.

Hreppsnefnd skal skipta afréttum og heimalöndum, sem líkindi eru til að melrakki geti tekið gren í, í hæfilega stórar melrakkaleitir og ritar melrakkaveiðastjóri skrá yfir þær með tölu og ummerkjum í melrakkabókina, þar skal telja upp öll þau gren, sem menn þekkja að séu í landeign hreppsins, með stuttri lýsingu á hverju greni og afstöðu þess. Finnist síðar ný gren skal þeim nákvæmlega lýst í melrakkabókinni.

3. gr.

Hreppsnefndin útnefnir svo margar melrakkaskyttur fyrir hreppinn, sem hún álítur að þurfi, og skal rita nöfn þeirra og heimili í melrakkabókina. Skyldur er hver innanhreppsmaður, sem hreppsnefndin útnefnir fyrir melrakkaskyttu að hafa þann starfa á hendi þrjú ár í senn. Skal melrakkaveiðastjóri aðvara hvern þeirra í tækan tíma, að vera viðbúinn að fara á gren, þegar von er til að melrakkar haldi sig þar. Líta skal og melrakkaveiðastjóri eftir því, að þessir menn hafi byssu og skotfæri í góðu lagi. Einnig skal sjá um, að ungir menn, sem kunna að fara með byssu, séu einkum til þess valdir, að liggja við gren með melrakkaskyttum til að læra af þeim. Nú er eigi hæfa menn að fá innan hrepps fyrir melrakkaskyttur og er þá hreppsnefndinni heimilt að ráða utanhreppsmenn til þess starfa, ef kostur er á.

4. gr.

Á hverju vori skal hreppsnefnd nefna til einn leitarforingja fyrir hvert melrakkaleitarsvæði og færir melrakkaveiðastjóri nöfn þeirra í melrakkabókina. Þegar hreppsnefnd skipar fyrir um melrakkaleitir, getur hún kvatt búendur og aðra fjáreigendur til leitarinnar og nær það eins til utanhreppsmanna, er upprekstur nota í hreppnum. Kostnað þann, er af grenjaleitum leiðir, greiða eigendur og umráðamenn afrétta svo og þeir, er frjálsan upprekstur eiga hlutfallslega við notkunarréttinn, nema öðruvísi sé um samið.

5. gr.

Hver leitarforingi skal vera sjálfur í grenjaleit með leitarmönnum sínum. Skal leita

vandlega í öllum fornum grenjum á hverju melrakkaleitarsvæði og athuga jafnframt sem nákvæmast, hvort þar séu ekki ný gren. Leitarforingi skal skipa fyrir um það hvar og hvernig hver leitarmaður skuli ganga, og sjá um, að þeir fylgi allir þeim reglum, sem hann setur. Þegar því verður við komið skal melrakkaskytta vera í leitinni með skotfæri sín, til þess að leggjast þegar í stað við gren, ef það finnst með melrökkum í. Leitarforingi skipar fyrir um það, hver leitarmanna liggja skal við gren með skotmanni; en sé hann eigi í leitinni sendir leitarforingi, ef þörf gerist, einn af leitarmönnunum tafarlaust til hans, en setur annan til að gæta grenisins á meðan. Sjá skal leitarforingi um, að þeir, sem við gren liggja, séu svo útbúnir, að þeir geti legið þar í hverju veðri, sem er, svo lengi sem með þarf. 63 7. júní

6. gr.

Skotmaður og aðstoðarmaður hans skulu með allri kostgæfni leitast við að drepa melrakka þá, er halda við grenið og beita til þess öllum þeim brögðum, sem þeir eiga kost á. Eigi mega þeir yfirgefa gren, fyrr en þeir hafa annaðhvort unnið það að fullu, eða að öðrum kosti legið við það þrjá sólarhringa og gert allt það, er í þeirra valdi stóð til að vinna það. Hvolpunum skulu þeir leitast við að ná út úr greninu, án þess að umróta því, en náist þeir eigi, skulu þeir þó reyna að drepa þá með eitri, eða með því, að bræla þá inni í greninu, ef því verður við komið.

7. gr.

Jafnskjótt og skotmaður er heim kominn af greni, skal hann skýra melrakkaveiðastjóra bréflega eða munnlega frá hve lengi hann hefir legið við grenið, hverja aðferð hann hefir þar við haft og hvað honum hefir orðið ágengt. Með skýrslu sinni skal hann láta fylgja skott eða hauskúpu melrakka þeirra, er hann hefir unnið að því sinni, til sannindamerkis. Vanræki skotmaður að gefa skýrslu þessa í tækan tíma, hefir hann fyrirgert því endurgjaldi, sem honum annars ber, fyrir veru sína á greninu.

8. gr.

Skotmaður skal fá að launum fyrir hver tvö dægur, sem hann er frá heimili sínu til að vinna gren hæfilegt kaup, sem ekki sé innan við 5 álnir eftir meðalverði verðlagsskrár það ár og gildir sama um aðstoðarmann hans. Sjálfir skulu þeir sjá sér fyrir skotfærum, fæði og öðru, sem þeir með þurfa.

Auk daglaunanna fær skotmaður 5 kr. fyrir fyrra dýrið, er hann vinnur við gren og 10 kr. fyrir það síðara og 1 kr. fyrir hvern hvolp.

9. gr.

Finni einhver gren með melrökkum í, áður en grenjaleit er gerð, eða eftir að henni er lokið, skal hann tafarlaust gera leitarforingja eða melrakkaveiðastjóra varan við. Skal þá jafnframt fá skotmann og aðstoðarmann með honum til að vinna það gren, og fer um það eins og áður segir um gren, sem finnst í leit.

Þeim, er þannig finnur gren utan grenjaleitar, má veita hæfilega þóknun, þyki hreppsnefndinni ástæða til þess.

10. gr.

Nú finnur einhver gren á þann hátt, sem um er rætt í næstu grein á undan, og

63 7. júní

lætur ekki leitarforingja eða melrakkaveiðastjóra vita, eða leggst sjálfur á grenið heimildarlaust og annaðhvort vinnur ekkert eða spillir greninu á einhvern hátt, þá varðar það sektum eftir málavöxtum.

11. gr.

Nú leggst bitvargur á fé manna annaðhvort í afréttum eða heimalöndum, á hverjum tíma árs sem er, og skal þá melrakkaveiðastjóri fá skotmann til að eyða þeim bitvargi, fyrir sanngjarnt kaup, ef þess má auðið verða. Hreppsnefndin skal á fundi ákveða, hver verðlaun skal veita þeim, er þannig eyðir bitvargi. Á sama hátt skal hún og ákveða verðlaun fyrir veiði annara melrakka, sem drepnir eru í hreppnum annarsstaðar en við gren, og á þeim tíma árs, þegar melrakkinn er einskis virði.

12. gr.

Auk þess skal melrakkaveiðastjóri styðja að því, að reyndar séu á vetrum melrakkaveiðar, með dýrabogum, refagildrum eða með því, að halda uppi skotkofa, hvar legið sé í til að skjóta melrakka við útburð, einnig með því að ala upp og venja hunda á, að taka melrakka, allt eftir því, sem hverjum tíma heyrir og bezt hagar á hverjum stað. Það, sem gert er í hreppnum á þennan hátt, skal rita árlega í melrakkabókina, og hvern árangur það hefir.

13. gr.

Hverjum, sem sýnir afbragðs dugnað á melrakkaveiðum, eða kennir öðrum góða aðferð við þær, má hreppsnefndin veita verðlaun, eftir atvikum, og skal hún ennfremur, ef henni þykir sem slíkur maður eigi sér fáa eða enga jafningja innan sýslu við melrakkaveiðar, skýra sýslunefndinni sérstaklega frá framkvæmdum hans, svo sýslunefndin geti gert að álitum, hvort hún vill sýna slíkum manni viðurkenningu.

14. gr.

Þar sem heimalönd eða afréttir tveggja eða fleiri hreppa liggja saman, skulu melrakkaveiðastjórar þessara hreppa eiga fund með sér, að minnsta kosti einu sinni á ári, til að ræða um og koma sér niður á, hve mikinn útburð fyrir melrakka skal við hafa það ár, hvernig útburðinum skal haga, og hvað víða niðursetja og sömuleiðis um hverjar aðrar veiðibrellur, sem hugsanlegar þykja, eða fundið kann að verða uppá, til að eyða melrökkum. Sýni melrakkaveiðastjóri eða einhver annar, sem trúað er fyrir melrakkaveiðinni, óhlýðni eða hirðuleysi í þeirri grein, varðar það sektum eftir málavöxtum.

15. gr.

Á hverju hausti skal hreppsnefndin semja reikning yfir allan þann kostnað, sem er áfallinn það ár fyrir grenjavinningar og aðrar melrakkaveiðar í hreppnum, einnig til verðlauna fyrir þær og það, sem gengið hefir í kostnað við eitrun og útburð. Skal rita reikning þennan í melrakkabókina eins og allt annað, sem hreppsnefndin og melrakkaveiðastjóri gera og ráðstafa í þessu máli. Allan kostnað, sem leiðir af melrakkaveiðinni, skal greiða úr sveitarsjóði hvers hrepps.

63
7. júní

16. gr.

Þar sem ekki eru til löggiltar melrakkabækur, skal hreppsnefndin tafarlaust útvega melrakkabók og fá hana staðfesta af oddvita sýslunefndarinnar. Er hver hreppsnefnd skyld til að gefa honum endurrit af melrakkabókinni þegar hann krefst þess.

17. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum 10—200 krónum, sem renni í sveitarsjóð þess hrepps, sem brotið er framið í, og skal fara með málin, sem almenn lögreglumál.

18. gr.

Með reglugerð þessari er numinn úr gildi 13. kafli reglugerðar Eyjafjarðarsýslu frá 14. júní 1910 um fjallgöngur, fjárskil og melrakkaveiðar.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 48, 28. nóvember 1919, staðfestist hérmeð til að öðlast gildi 1. júlí 1921.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 7. júní 1921.

Pétur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

64
10. júní

AUGLÝSING

um

staðfesting stjórnarráðsins á reglum um mjólkursölu á Ísafirði.

Samkvæmt lögum nr. 32, 22. nóvember 1918 um mjólkursölu á Ísafirði, eru hérmeð staðfestar eftirritaðar reglur um mjólkursölu á Ísafirði, er bæjarstjórnin þar hefir samþykkt:

REGLUR

um

mjólkursölu á Ísafirði.

1. gr.

Mjólk má eigi selja í bænum nema með leyfi heilbrigðisnefndar. Þó mega eigendur mjólkurgripa, sem búsettir eru í Eyrarlandi og fóðra þá þar, selja mjólk sína á heimilum sínum meðan heilbrigðisnefnd leggur eigi bann fyrir.

64
10. júní

2. gr.

Mjólkursalar eru háðir eftirliti heilbrigðisnefndar; setur hún nánari reglur um meðferð mjólkurinnar og getur fyrirvaralaust svift þá mjólkursöluheimild, er ástæða þykir til. Nefndin getur lagt bann við sölu á mjólk, sem hún telur vera svikna eða óhreina.

3. gr.

Þegar heilbrigðisnefnd telur mjólkurskort í bænum og birtir það með auglýsingu; getur hún gefið heimilum eða einstökum mönnum ávísun á mjólk hjá mjólkursölum eða mjólkurgripaeigendum bæjarins og hafa þeir þá forgangsrétt til mjólkurinnar, þá má og banna bæjarbúum, öðrum en mjólkursölum, að afla sér mjólkur úr gripum utan Eyrarlands.

Sömuleiðis getur nefndin bannað að selja mjólk til neyzlu á mjólkursölustöðum eða veitingahúsum.

4. gr.

Brot gegn ákvæðum þessum varða sektum, allt að 1000 kr. og renna þær í bæjarsjóð.

5. gr.

Mál út af brotum gegn reglum þessum sæta sömu meðferð og almenn lögreglumál.

Reglur þessar öðlast gildi 15. ágúst 1921.

Þetta er hérmeð gert heyrum kunnugt.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 10. júní 1921.

Jón Magnússon.

G. Sveinbjörnsson.

65
15. júní

REGLUGERÐ

um

grenjaleitir og eyðing refa í Austur-Húnavatnssýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd, eða sá, er hún hefir falið eyðing refa, skal á hverju vori skipa öllum búendum hreppsins að leita vandlega í heimalöndum sínum að tóugrenjum og hvort lagt hafi verið í þeim. Skal gera tvær leitir, þá fyrri 3 til 6 vikur af sumri og hina síðari 8 til 11 vikur af sumri eftir tíðarfari.

Á tímabilinu 6 til 11 vikur af sumri skal hreppsnefndin láta að minnsta kosti eina rækilega grenjaleit fara fram í afréttarlöndum hreppsins.

Vanræki nokkur grenjaleit er hreppsnefnd skylt að láta leita grenjanna á hans kostnað og kæra hann til sekta.

2. gr.

Hreppsnefnd skiptir hreppnum í leitarsvæði og skipar leitarstjóra á hverju þeirra. Leitarstjóri ábyrgist að leitir séu fulltryggar, skal hann gæta þess að aldrei leiti færri en tveir menn á hverju greni. Hver búandi, sem hefir land til umráða, er skyldur að leggja til hverrar leitar þar til hæfan mann. Enginn leitarmaður má hafa hund í för með sér.

Vanræki nokkur að leggja menn til grenjaleitar, þar og þá er hreppsnefnd fyrirskipar, kærir hún það til sekta.

3. gr.

Þess skal vandlega gætt er gren finnst, sem tóur hafa lagt í, hvort sem er af reglulegum leitarmönnum eða öðrum, að hafa þar sem minnsta viðdvöl. Enginn má spilla tóugrenjum eða róta við þeim á nokkurn hátt, hvort sem dýr liggur í þeim eða ekki.

4. gr.

Hver, sem finnur gren, sem dýr liggur í milli leita eða eftir þær, er skyldur að tilkynna það tafarlaust hlutaðeigandi hreppsnefnd, er veitir honum hæfilega þóknun fyrir ómak hans.

5. gr.

Nú hefir hreppsnefnd fengið vitneskju um að dýr hafi lagt í greni og skal hún þá tafarlaust aðvara skyttu þá og vökumann, er henni ber að hafa ráðið til grenjavinnslu.

6. gr.

Hreppsnefnd ræður skotmann og vökumann fyrir sanngjarna borgun miðað við kaupgjald í sveitinni.

Auk daglauna fær skotmaður:

a.	fyrir fyrra fullorðna dýrið, er hann vinnur	Kr. 6,00
b.	fyrir hið síðara	— 14,00
d.	fyrir hvern yrðling er hann drepur á greni	— 2,00

Skyttan leggur til skotfæri og önnur veiðiáhöld án sérstakrar borgunar, en eitur fyrir yrðlinga leggur hreppsnefnd til.

65 7. gr.

15. júní Sjái skyttan hvorugt fullorna dýrið þrjú fyrstu dægrin (2 nætur, 1 dag), er hún liggur á greni og heyri eigi til yrðlinga, skal hún eigi skyld að bíða þar lengur, en sjáist annaðhvort eða bæði dýrin eða heyrist til yrðlinga, skal hún dvelja þar full 5 dægur ef eigi verður fyrri fullunnið, en lengur er hún ekki skyld að bíða, þó ekkert vinnist. Yfirgefi hún grenið fyrr en hér segir án lögmætra orsaka og liggi þó dýr þar, skal hún enga borgun fá og varðar það einnig sektum.

8. gr.

Nú fær hreppsnefnd tilkynning um nýfundið gren, er dýr hafi lagt í, í landeign annara hreppa, skal hún þá tafarlaust senda til oddvita þess hrepps, er þá annast um vinnslu þess og greiðir kostnað þann, er af sendiförinni leiðir. Vanræki oddviti þá skyldu sína, skal hreppsnefndin í hreppi þeim, er finnandi á heima í, annast um að grenið sé þegar unnið á kostnað sveitarsjóðs þess hrepps, er grenið heyrir til, og kæra slíkt hirðuleysi fyrir sýslumanni til sekta og fullra skaðabóta.

9. gr.

Nú vill maður gera refaboga á annars manns landi eða gera þar refagildrur eða skothús, skal hann tilkynna það ábúanda, sem er skyldur að leggja á samþykki sitt, nema hann kjósi heldur að eyða á þennan hátt refum í landi sínu, en ef hann synjar leyfis en vinnur þó ekkert að eyðing refa og óvilhallir menn meta svo, að hann geti eigi beðið neinn skaða af refaveiði þeirri, er til var stofnað, er hann skyldur að þola, að hinn geri umgetnar veiðivélar og varðar það sektum.

10. gr.

Fyrir hvert dýr, sem unnið er á öðrum tímum árs en grenjavinnsla stendur yfir, skal greiða vinnanda kr. 15,00.

11. gr.

Sá, sem unnið hefir 50 dýr fær í aukaverðlaun 50 kr. og sömu verðlaun fær hann framvegis fyrir hver 50 dýr, en sanna hlýtur hann með greinilegri skýrslu um vinnslu sína, hve mörg dýr hann hefir unnið og í hverjum hreppum. Verðlaun þessi greiðast úr sýslusjóði.

12. gr.

Verði dýrbits vart í sveitinni, skal hreppsnefnd gera ítrustu tilraun til að láta vinna þau dýr, er því valda og ákveður hún í hvert sinn borgun til skotmanna.

13. gr.

Hreppsnefnd skal árlega útvega nægilegt refaeitur til að eitra agn fyrir refi, til agnsins skal hún útvega það æti, er henni virðist hentast og bera það út á hæfilega mörgum stöðum. Eitrunin skal framkvæmd á fjærliggjandi afréttum í fjárleitum eftir því sem við verður komið, en í nærliggjandi afréttum og sveitum fyrir nóvembermánaðarlok og svo síðar að vetrinum ef hreppsnefnd telur þörf. Ennfremur skal eitra á vorum í grenjum þeim, sem ekki vinnast að fullu. Hreppsnefnd skal árlega gera sýslunefnd grein fyrir eitrunarútburði og árangri hans.

14. gr. 65

Í hvert sinn sem borið er út agn fyrir refi í byggð eða nálægt henni, ber hverjum 15. júní
þeim er það gerir að auglýsa það fyrirfram í sveitinni, svo öllum verði það kunnugt og hafa eigendur hunda þá engan rétt til að kæra, þó hundar, sem í agn fara, drepist af því.

Rjúpur, sem eitraðar eru, skulu auðkenndar þannig, að stýft sé af öðrum vængnum.

15. gr.

Hreppsnefnd hver skal hafa refaveiðabók, er í skal rita:

a. Skrá yfir öll gren hreppsins og afréttar þeirrar, er hann hefir umsjón með, svo og skýrslu um einkenning grenjanna.
b. Árlegar skýrslur frá refaskyttum um í hvaða gren refir hafi lagt, hve mörg dýr hafi unnizt á hverju greni og tölu yrðlinga, sem ætlaðir eru til uppeldis.
c. Hverjir unnið hafi hlaupadýr og hve mörg. Skýrslurnar séu gefnar undir drengskaparorð.
d. Lögskipaðar skýrslur.

16. gr.

Hreppsnefndir þeirra hreppa, er næst liggja afréttar- og fjallalöndum, skulu hafa á hendi alla framkvæmd við refavinnslu á þeim.

17. gr.

Kostnað við grenjaleitir í heimalöndum þeirra jarða, sem ábúð fylgir, beri umráðamenn heimalandanna. En annar refaveiðakostnaður greiðist úr sveitarsjóði.

Séu fleiri hreppar í sama upprekstrarfélagi eða noti afréttarlönd saman, skiptist kostnaðurinn á sveitarsjóði hreppanna í réttu hlutfalli við fjárfjölda. Þó skal refaeyðingarkostnaður í löndum Upprekstrarfélags Eyvindarstaðaheiðar allur greiðast úr „Afréttarsjóði Eyvindarstaðaheiðar".

18. gr.

Brot móti reglugerð þessari varða 20—200 króna sektum. Allar sektir renna að hálfu til uppljóstrarmanns og að hálfu í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið.

19. gr.

Mál sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari, skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi, sem sýslunefndin í Austur-Húnavatnssýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 48., 28. nóvember 1919, staðfestist hérmeð til að öðlast gildi 1. júlí 1921.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 15. júní 1921.

Pétur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

16 15. júní Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Framtíðarsjóð Mýrasýslu útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 15. júní 1921.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Framtíðarsjóð Mýrasýslu.

1. Sjóðurinn er stofnaður af sýslunefnd Mýrasýslu 1919 þannig að sýslunefndarmenn gáfu laun sín á einum fundi og er upphæð hans nú kr. 547,49.

2. Sýslunefnd Mýrasýslu hefir umsjón og yfirráð sjóðsins og leitast við að efla hann með fjárframlögum og stuðla að því að hver sýslunefndarmaður gefi sjóðnum að minnsta kosti hálf laun sín í fyrsta sinn, er hann situr á sýslufundi, og skal haldin skrá yfir gefendur.

3. Sjóðurinn sé ávaxtaður í sparisjóði Mýrasýslu, eða annari tryggri peningastofnun þar til upphæð hans er orðin kr. 1,000,000 — ein miljón krónur — og skal oddviti sýslunefndar gera reikning sjóðsins árlega og leggja fram á sýslufundi.

4. Þegar sjóðurinn hefir náð þeirri upphæð, er getið er um í 3. gr., skal sýslunefnd Mýrasýslu ráðstafa vöxtunum af sjóðnum til eflingar því, er henni þykir mestu varða um velferð sýslunnar.

5. Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Þannig samþykkt á aðalfundi sýslunefndar Mýrasýslu 9.—14. maí 1921.

Skrifstofu Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, 23. maí 1921.

G. Björnsson.

REGLUGERÐ

um

breyting á reglugerð 2. nóvember 1917, fyrir Austur-Húnavatnssýslu.

Auglýsingagjald fyrir selt óskilafé skal hækka úr kr. 0.80 í kr. 1.10.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 7. gr. sveitarstjórnarlaganna, staðfestist hér með.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 15. júní 1921.

Pétur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

GJALDSKRÁ

68
20. júní

fyrir

Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Rafmagnsveita Reykjavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Þar sem orkan er notuð aðallega til ljósa verður hún seld um kilówattstundamæli fyrir 75 aura hver kwst. (kílówattstund).

Raforku til lækninga má þó selja lægra verði, enda geri rafmagnsstjórn sérstakan samning í hvert skipti og ber þá að taka tillit til, á hvaða tíma dags orkan er notuð.

B. Þar sem orkan er notuð til ljósa og auk þess hlutfallslega að verulegum mun til suðu, hitunar o. þ. l., má selja hana
1. um hemil fyrir 500 krónur hvert kílówatt um árið, eða
2. um sérstakan mæli fyrir 20 aura hverja kwst.

C. Ef orkan er notuð til iðnaðar má selja hana
1. um hemil fyrir 500 krónur hvert kílówatt um árið, eða
2. um mæli fyrir 50 aura hverja kílówattstund.

D. Afgangsorku má selja til suðu, hitunar o. þ. l. fyrir 12 aura kwst. eða 300 krónur kw-ár ef jafnframt er gert að skilyrði, að orkan sé ekki notuð allt að 7 ljósfrekustu klukkustundir dagsins eða lengri tíma, eftir nánari fyrirmælum rafmagnsstjóra í hvert skipti.

E. Þegar sérstaklega stendur á, má rafmagnsstjóri selja orku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó ekki til lengri tíma en eins árs í senn, nema til komi samþykki rafmagnsstjórnar.

F. Verð fyrir orku til götu- og hafnarlýsingar ákveður bæjarstjórnin eftir tillögum rafmagnsstjórnar.

Bæjarstjórninni er heimilt án frekari staðfestingar stjórnarráðsins, að hækka eða lækka gjöld fyrir notkun raforku um allt af 20% frá því sem ákveðið er í gjaldskrá þessari.

Gjaldskrá þessi er hérmeð sett samkvæmt lögum nr. 51, 3. nóvember 1915, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 20. júní 1921.

Pétur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

69
30. júní

REGLUGERÐ

um

niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Siglufjarðarkaupstað.

1. gr.

Af öllum húsum á vatnsveitusvæði kaupstaðarins skal greiða vatnsskatt árlega. Skal skatturinn lagður á eftir virðingarverði húsanna til húsaskatts. Skattinn skal einnig greiða af virðingarverði fastra véla, sem í húsinu eru.

2. gr.

Húsum kaupstaðarins skal skipt í flokka eftir virðingarverði þeirra, og vatnsskattur goldinn af þeim eins og hér segir:

1. fl. Hús, sem eru virt allt að 7500 krónum 6%
2. — — — — — yfir 7500 til 10000 — 5%
3. — — — — — — 10000 krónur:
   Af fyrstu 10000 kr. virðingarverðsins 4%
   — næstu 10000 — — 3%
   — því sem þar er yfir 2%

3. gr.

Af húsum þeim, sem nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, skal greiða aukagjald, og skal það venjulega ákveðið með samningi; sömuleiðis vatnsskattur fyrir hreyfivélar, verksmiðjur, baðhús, þvottastöðvar, iðnaðarfyrirtæki og fyrir vatn til annarar slíkrar notkunar.

4. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á því, að vatnsskattur sé greiddur í tæka tíð.

5. gr.

Árið reiknast frá 1. apríl til 31. marz, og skal vatnsskattur greiddur í einu lagi fyrir 15. sept. ár hvert.

6. gr.

Fyrir vatn til skipa skal gjalda 5 krónur fyrir hverja smálest vatns, eða hluta úr smálest, þó þannig, að vélskip, sem stunda síldveiðar, greiði minnst 40 kr., eimskip 60, fyrir veiðitímann. Gjaldið greiðist þegar þess er krafizt. Innlend skip, sem taka vatn að staðaldri úr vatnsleiðslunni, geta fengið ívilnun á verðinu, með samkomulagi við bæjarstjórnina. Bæði útgerðarmaður, skipstjóri og skipseigandi, bera ábyrgð á greiðslu vatnsgjaldsins.

7. gr.

Af hverri saltaðri síldartunnu í Siglufirði greiðist 3 — þrír — aurar í vatnsgjald og greiðist gjaldið þegar þess er krafizt.

8. gr. 69

Bæjarstjórninni er heimilt, án samþykkis stjórnarráðsins, að hækka eða lækka 30. júní
vatnsgjaldið um allt að 10% fyrir eitt ár í senn, þó nær hækkunin ekki til húsa í 1. flokki.

9. gr.

Enginn má leggja vatnsæðar frá leiðslum kaupstaðarins inn í hús, nema sá eða þeir, sem bæjarstjórn felur þann starfa á hendur.

10 gr.

Bæjarstjórn skal heimilt að loka vatnsæðum kaupstaðarins fyrir þeim, sem eftir ítrekaða áminningu eyða vatni til muna að óþörfu.

11. gr.

Vatnsskatt þann, er ekki er greiddur í tæka tíð, má taka lögtaki, eins og önnur gjöld til bæjarsjóðs.

12. gr.

Bæjarstjórnin hefir einkarétt til neyzluvatnssölu í kaupstaðnum og til skipa á höfninni.

13. gr.

Hver, sem skemmir eða saurgar vatnsæðar kaupstaðins, vatnsþróna, brunahana eða önnur mannvirki, sem heyra vatnsleiðslunni til, skal, auk þess að greiða skaðabætur að fullu, sæta sektum allt að 200 krónum, nema þyngri hegning liggi við samkvæmt hegningarlögunum. Sömu sektum sætir sá, sem brýtur gegn einkarétti bæjarstjórnarinnar til neyzluvatnssölu.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefir samið, staðfestist hérmeð til að öðlast gildi 1. júlí 1921, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 30. júní 1921.

Pétur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

70
6. júlí

SAMÞYKKT

um

lokunartíma sölubúða í Seyðisfjarðarkaupstað.

1. gr.

Allar sölubúðir kaupmanna og kaupfélaga í Seyðisfjarðarkaupstað, að undanskildum þeim sölubúðum, sem eingöngu verzla með brauð og mjólk, skulu vera lokaðar eftir því, sem ákveðið er í 2. og 3. gr.

2. gr.

Á tímabilinu frá 1. nóvember til 30. apríl, að báðum dögum meðtöldum, ennfremur mánuðina ágúst og september, skal alla virka daga opna sölubúðir eigi fyrr en kl. 9 árdegis og loka þeim eigi síðar en kl. 7 síðdegis. Frá 1. maí til 15. júní skulu sölubúðir vera lokaðar frá kl. 8 síðdegis til kl. 9 árdegis. Frá 15. júní til 31. júlí, ennfremur yfir októbermánuð, frá kl. 8 síðdegis til kl. 8 árdegis. Aðfangadag jóla og gamlaárskvöld skal öllum sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 4 síðdegis. Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að hafa sölubúðir opnar til kl. 11 síðdegis.

3. gr.

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta, 17. júní, frídag verzlunarmanna og 1. desember mega engar sölubúðir vera opnar.

4. gr.

Eftir lokunartíma er óheimilt að selja í lyfjabúðum, á strætum og torgum eða annarsstaðar utan sölubúða kaupmanna og kaupfélaga, nema úr sjálfsölum, nokkurn þann varning, sem ekki má selja, nema samkvæmt verzlunarleyfi. Heimilt er þó að selja einnig á þeim tíma kol, salt, veiðarfæri og skipsforða handa skipum; sömuleiðis er leyfilegt að taka á móti innlendum vörum aðkomumanna í geymsluhúsum verzlananna.

5. gr.

Menn, sem komnir eru inn í verzlun fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

6. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, 20—500 krónum, og renna sektirnar í bæjarsjóð. Mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal reka sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórnin í Seyðisfjarðarkaupstað hefir samið og samþykkt, staðfestist hérmeð samkvæmt lögum nr. 79, 14. nóvember 1917, sbr. lög nr. 9, 2. ágúst 1918, til að öðlast gildi 1. ágúst 1921.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 6. júlí 1921.

Pétur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

SAMÞYKKT 71
15. júlí

um

viðauka við og breyting á samþykkt um ýms atriði, er snerta fuglaveiðar í Vestmannaeyjum, frá 16. júlí 1895.

Lunda má veiða með háf á heimalandi í sumar, frá því 11 vikur eru af sumri, þar til fullar 16 vikur eru af sumri.

Samþykkt þessi er hér með staðfest.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 15. júlí 1921.

Pétur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

REGLUGERÐ 72
8. ágúst

fyrir

Rangárvallasýslu, um notkun afrétta, fjallskil, réttahöld, meðferð á óskilafénaði, grenjaleitir, refaveiðar o. fl.

I. KAFLI.

Um stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Samkvæmt sveitarstjórnarlögunum 10. nóv. 1905 hefir sýslunefndin yfirstjórn allra fjallskilamála, en hreppsnefndin annast alla stjórn og framkvæmd á þeim.

II. KAFLI.

Um upprekstur í afrétti og heimalönd.

2. gr.

Hreppsnefndir skulu sjá um, að búfjárhögum sé eigi íþyngt um skör fram á sumrum. Í þeim hreppum, sem afréttir tilheyra, skulu allir, er sauðfé hafa til eignar eða umráða, skyldir að reka geldfé, lömb og dilkær á afrétt eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar, og gildir hið sama í þeim hreppum, þar sem hreppsnefndir hafa útvegað mönnum afrétt í annari sveit.

72 Hins vegar er það bannað og heyrir undir brot á reglugerð þessari, að skilja vís-
8. ágúst vitandi eftir í afréttum fé að haustlagi til útigangs yfir veturinn. Gildir þetta ákvæði eins um hina smærri afrétti, sem hina stærri.

3. gr.

Ef afréttur ber ekki allt fjallafé hreppsmanna, eiga þeir að nota hann annaðhvort til skiptis eða hver einn að tiltölu, eða nokkrir af hreppsmönnum með samþykki hinna.

4. gr.

Hreppsnefndin hefir vald til að segja fyrir, hvort og hve lengi lömb skulu setin, áður en þau eru rekin til afréttar, hvernig haga skuli rekstrum í afrétt svo og um rekstur þess fjár til afréttar, sem rennur úr afrétti.

5. gr.

Noti einhver eigi ítölu sína í afrétt hreppsins, annaðhvort af því að hann á ekkert sauðfé, hefir það í girtu landi eða kemur því fyrir í öðrum hreppum til sumarbeitar, má hann með samþykki hreppsnefndarinnar leigja öðrum ítölu sína. Synji hreppsnefnd um þetta samþykki, má skjóta úrskurði hennar til sýslunefndar.

6. gr.

Hreppsnefnd er skylt, þegar einstakir menn krefjast þess að afstýra yfirgangi af innsveitis- og utansveitarfénaði og hrossum í heimalandi, sem ekkert leyfi eða heimild er fyrir, og hefir í því skyni vald til að fyrirskipa smölun á stærra eða minna svæði í sveitinni þegar henni þykir þurfa og reka til rétta. Það sauðfé, er fyrir kemur, má hreppsnefndin láta reka í afrétt hreppsins og taka af utansveitarfé, sem eigi er hirt, hagatoll er sé 30 aurar af kind, ef fé þetta er rekið á afrétt fyrir miðjan ágústmánuð, og sér oddviti þess hrepps, þar sem eigendur fjárins eiga heima, — eftir að hafa fengið vottanlegar markaskýrslur — um innheimtu á því gjaldi og stendur á því skil. Sé afrétturinn, sem á er rekið notaður af öðrum hreppi jafnhliða, getur hagatollurinn, að því er þann hrepp snertir fallið niður, ef hann leggur jafnt til smölunar upprekstur og hreppur sá, sem fyrir áganginum verður. Svo er og hreppsnefndum í þeim hreppum, er engan afrétt eiga, heimilt að láta reka fé, sem þannig er smalað til almenningsrétta í þeim hreppi, sem féð á heima í.

Þegar hreppsnefnd fyrirskipar smölun, er hér um ræðir, skal henni skylt áður en smölunin fer fram að birta þá ráðstöfun sína í nágrannahreppunum svo að ábúendum þar gefist kostur á að hirða fé sitt.

7. gr.

Enginn má reka fénað sinn í lönd annara án leyfis þeirra eða skilja þar eftir af rekstrum sínum. Heldur eigi mega menn láta annara fé fara í rekstra sína til og frá afrétti og reka fé þetta með rekstrum sínum.

III. KAFLI.

Um fjallskil.

8. gr.

Sérhver, sem afrétt á að nota, á tiltölu til hans eða leigir hann, og hefir 40 kindur

veturgamlar og eldri til eignar og umráða, er skyldur til, hvort sem hann rekur fé sitt á afrétt eða eigi, að leggja 1 mann til fjallsafns, er sé að minnsta kosti 16 ára að aldri og álitist til þess fær. Þó skulu þeir, sem í Holtamannaafrétt reka, því aðeins skyldir að leggja einn mann hver til fjallsafns, að þeir hafi hver um sig 60 kindur veturgamlar og eldri, og þeir, sem hafa 250 fjár eða meira til eignar og umráða, veturgamallt og eldra, leggi til viðbótarfjallskil eftir mati hreppsnefndar. Sá, sem hefir 80 fjár til eignar og umráða, veturgamalt og eldra, skal auk þess taka þátt í kostnaði, sem leiðir af utansveitarréttaferðum til hirðingar á sauðfé, er þar ber að hirða, og reka upp að sumrinu þar sem þess þarf við. Ef maður eða menn eiga hlut að tveimur afréttum, ber honum eða þeim að gegna fullum fjallskilum á báðum afréttunum, að tiltölu við aðra, ef hreppsnefnd eða hreppsnefndir krefjast þess. Alla, sem færra fé eiga en hér er tiltekið, lætur hreppsnefndin leggja til eftir ástæðum þeirra. 72 8. ágúst

Ef hreppsnefndin álítur mjög sett í afrétt hreppsins, og einhver búandi í hreppnum útvegar sér upprekstur í annan afrétt, má hreppsnefndin leysa þann mann undan fjallskilum að meira eða minna leyti.

Ákvæði þessi gilda jafnt um húsmenn og lausamenn sem bændur.

9. gr.

Fjallskilakostnaður, sem hreppsnefndin finnur út með því að leggja í dagsverk og meta til verðs vinnu þá og annan kostnað, er til þess þarf, að afréttur sé fullsmalaður, er henni heimilt, með samþykki meiri hluta hreppsbúa að jafna niður á ábúð jarða og eyðijarða, sem notaðar eru til slægna eða beitar að ½ eftir gildandi mati og á sauðfé að ⅔ jafnt á hverja kind 1 v. og eldri eftir framtali til Búnaðarskýrslnanna.

Skyldur er húsráðandi að inna gjaldið af hendi fyrir heimamenn sína. Noti tveir eða fleiri hreppar einn og sama afrétt, skal gjaldið á hvert jarðarhundrað og hverja kind vera hið sama í hverjum hreppnum fyrir sig.

Skylda sú, að senda mann til fjalls eftir fyrirmælum hreppsnefndar, er um ræðir í upphafi 8. gr., hvílir jafnt á, þótt heimild þessarar greinar sé notuð.

10. gr.

Hreppsnefnd skal með fjallseðli, sem byrji að ganga um sveitina 3 vikum áður en fyrsta fjallleit er byrjuð, boða fjallleit fyrir hvern einstakan afrétt, enda skal hún láta gera fjallleitir svo snemma, að fjallsafni sé lokið og verði réttað: Í Holta- og Landréttum og Rangárvallaréttum föstudaginn í 23. viku sumars — hreppsnefnd Ásahrepps skal þó heimilt að rétta fjallsafni þess hrepps degi fyrr — í Fljótshliðarhreppi og Hvolhreppi fimmtudaginn og í öðrum hreppum sýslunnar miðvikudaginn næstan á undan. Smölun í Heklu-hraunum má geyma þangað til mánudaginn fyrir fyrstu byggðasafnsrétt.

Fjallseðlar hafi þingboðsrétt.

11. gr.

Hreppsnefnd ber að ráða umsjónarmann „fjallkong“ einn eða fleiri í hvern einstakan afrétt, og getur enginn skorazt undan slíkum starfa nema brýn nauðsyn beri til. Fjallkongur skal fara eftir því, sem hreppsnefndin fyrirskipar um söfnun afréttarins, en í afréttinum hefir hann öll ráð og fyrirsögn á hendi, hann skipar í leitir, hann ræður fyrir réttahaldi, ef rétta þarf, og sérhverju öðru, er söfnun fjárins viðvíkur, allt þangað til safnið er komið til almenningsrétta, og er safnmönnum skylt að hlýða honum meðan á þessu stendur.

72 8. ágúst

12. gr.

Sérhver fjallsafnsmaður skal vera með fullri verkgreind og heilsu, og svo útbúinn að hestum, mat, fötum og skóleðri og fjaldrúmi o. fl. sem hreppsnefndin ákveður.

13. gr.

Ef fjallkongur með meiri hluta fjallsafnsmanna álítur einhvern brest á því, er áður var talið, eða fjallsafnsmaður gerir sig sekan í óhlýðni, ber að álíta, sem sá maður, er þennan mann leggur til, hafi engin fjallskil gert, og skal hann því borga fyrir fjallskil sín eftir mati hreppsnefndar eða missi af umsömdu kaupi.

Vanræki einhver að inna af hendi fjallskil þau, er honum eru sett í fjallseðli, annaðhvort samkvæmt skyldu eða samningi, skal hann auk sektar þeirrar, sem um ræðir í 58. gr., greiða bætur fyrir vanrækslu sína eftir mati hreppsnefndar. Úrskurð hreppsnefndar í þessu efni má áfrýja til sýslunefndar.

14. gr.

Haga skal svo fjallgöngum, þar sem því verður við komið, að ekki verði misgöngur afrétta á milli; skulu hreppsnefndir þær, er hlut eiga að máli, koma sér saman um, hvernig því verði við komið.

IV. KAFLI.

Um bygging og viðhald almenningsrétta og stjórn á réttahöldum.

15. gr.

Hreppsnefnd sér um að almenningsréttum hreppsins með tilheyrandi dilkum, sé vel við haldið, og heyrir þar til eigi einungis að allir veggir þeirra séu stæðilegir um réttatímann og nægilega háir, heldur einnig að almenningsréttinni sé svo hagað, að ekki standi vatn í henni, þótt votviðri séu, til óhægðar við fénaðarhirðingu. Við sérhverjar almenningsréttir skulu vera nægir dilkar fyrir utansveitarfé og óskilafé og nægilegt rúm í hverjum dilk, til þess að enginn þurfi að hleypa út úr þeim, fyrr en réttum er lokið og hreppsnefndin eða sá, sem í umboði hennar stjórnar réttahaldi, leyfir, og hefir látið rannsaka féð í dilkunum af markglöggum mönnum. Bygging og endurbygging almenningsrétta hvílir á fjáreigendum hreppsins og fer fram undir umsjón hreppsnefnda. Viðhald réttanna, sem hreppsnefnd sér og um, má greiða úr sveitarsjóði.

16. gr.

Vilji hreppsnefnd breyta um réttarstæði, þarf hún til þess samþykki meiri hluta hreppsbúa.

17. gr.

Hreppsnefndin skipar mann til að sjá um innrekstur við réttahöld og kveða á um hvenær réttum sé lokið, og gæta þess, að allt fari þar fram í sem beztri röð og reglu. Líka skal það í valdi hennar, hvort hún vill bjóða með undirboði upp til geymslu á kostnað sveitarinnar þann óskilafénað, sem verður í fjallsafnrétt, eða sleppa honum.

18. gr. 72

Hvenær sem réttir eru haldnar, skulu hlutaðeigandi hreppstjórar einnig vera við- 8. ágúst staddir, hvort sem þeir eru í hreppsnefnd eða ekki, og gæta almennrar lögreglu.

V. KAFLI.

Um eftirleitir.

19. gr.

Eftirleit í afréttum skal gerð svo fljótt eftir fjallsafnsréttir, sem unnt er og veður leyfir, og í því sambandi við byggðasöfn, að sem minnstar misgöngur eigi sér stað milli afrétta og heimalanda. Þyki hreppsnefnd þörf á fleiri eftirleitum, hefir hún vald til að fyrirskipa þær. Hamli óveður fjallsafns- eða eftirleitarmönnum, áður en þeir hafa byrjað leit á afrétti, er sú ferð, sem ófarin væri. Fyrsta eftirleit í Hekluhraunum skal fram fara mánudaginn í 26. viku sumars.

20. gr.

Sé fjallgöngum hagað eftir fyrirmælum 8. gr. og reynist þeir of fáir til eftirleita, sem ganga af fyrsta fjallsafni, jafnar hreppsnefndin niður þeirri viðbót, sem með þarf á alla efnaðri fjáreigendur, er hafi hver um sig eigi færri en 60 sauðkindur eldri en lömb að eign og umráðum. Ef afréttur er notaður af sumum en ekki öllum hlutaðeigendum til uppreksturs, skulu þeir, sem nota hann, ávalt leggja í viðbótina allt að 1 manni hver, en nægi það ekki, þá sé bætt við á sama hátt og fyrr segir.

Í afréttum, sem þurfa allra sinna manna með til fyrsta fjallsafns, skipar hreppsnefndin fyrir um eftirleitir á sama hátt og segir í 1. málsgr. þessarar greinar.

21. gr.

Fé því, sem finnst í eftirleitum og eigandi leiðir sig ekki fyrr að, skal ávalt haldið til skila af eftirleitamönnum til næstu byggðasafnsréttar á eftir.

22. gr.

Að afloknum þeim fjallleitum, sem hreppsnefndin lætur gera, eru hreppsbúum heimilar eftirleitir í afrétti, en skylt skal þeim að fá til þess samþykki hlutaðeigandi hreppsnefnda, ef þeir vilja eiga von á borgun fyrir fyrirhöfn sína. Finnist fé í þessum leitum skal eigandi borga þriðjung verðs fyrir heimt og óheimt fé. Heimilt er hreppsnefnd að hækka borgun þessa, en þá skal sú hækkun greiðast úr sveitarsjóði. Hreppstjórar skulu virða féð til þessarar borgunar.

Skylt er að hagamerkja allt fé jafnóðum og það heimtist.

23. gr.

Úr heimahögum leyfist engum að selja nokkra skepnu eins og fundna í eftirleit að afloknum lögsöfnum.

Skyldur skal þó hver einn, sem verður var við að fé er komið í svelti í hömrum eða annarsstaðar í landeign sinni, á hverjum tíma árs sem er, að sjá um, ef eigi næst til

72 eiganda, að því sé bjargað ef unnt er, og ber honum borgun fyrir það af eiganda eða af
8. ágúst andvirði kindarinnar, ef eigandi finnst eigi, eftir mati hlutaðeigandi hreppsnefndar. Hver sá, sem verður var við meinakind í búfjárhögum sínum, er skyldur að tilkynna það eiganda sem fyrst.

VI. KAFLI.

Um byggðasöfn og byggðasafnsréttir.

24. gr.

Í hverjum hreppi skulu auk fjallsafnsrétta haldnar að minnsta kosti 4 byggðasafnsréttir að sauðfé, þriðjudagana í 23., 24., 26., viku sumars og 2. viku vetrar með þeim undantekningum, er hér greinir: 1. Í Rangárvalla-, Fljótshlíðar- og Vestur-Landeyjahreppum skal halda fyrstu byggðasafnsrétt á miðvikudaginn í 23. viku sumars. 2. Í Hvolhreppi og Austur-Landeyjahreppi skal halda fyrstu byggðasafnsrétt á þriðjudaginn í 23. viku sumars, en allar aðrar réttir á mánudögum.

25. gr.

Byggðasöfnun skal fram fara næsta dag á undan hverri byggðasafnsrétt, nema í Austur-Landeyjahreppi að því er snertir 2., 3. og 4. rétt, og Hvolhreppi að því er allar réttir snertir, þar skal söfnunin fram fara sama dag og réttað er. Hver og einn skal þá skyldur til að smala allt heimaland sitt, og hlýðnast þeim fyrirskipunum hreppsnefndarinnar, sem miða því til tryggingar, að vel sé smalað, og að almenningur sé samtaka í smölúninni, bæði innbyrðis og sveita á milli. Skal síðan allt óskilfé forsvaranlega byrgt inni um nóttina og rekið til almenningsréttarinnar í tækan tíma næsta dag.

26. gr.

Heimilt skal hreppsnefnd, þar sem því verður við komið, að fyrirskipa þeim, er búa næstir afrétti, að smala sérstaklega heimaland sitt í sambandi við fjallsöfn og koma því óskilafé, sem þeir finna, í fjallsafnið.

27. gr.

Sérhver hreppsnefnd skal tiltaka fyrirfram á hverju hausti, hverjir skulu sveitar sinnar vegna senda í byggðasafnsréttir til að hirða það óskilafé úr sinni sveit, sem þar kynni að koma fyrir. Mega aldrei vera færri en 2 úr hverjum hreppi í fyrstu byggðasafnsrétt utan sveitar.

Þurfi að greiða ferjutoll fyrir fé, sem sótt er í réttir, borgast hann af sjóði þess hrepps, er rekstrarmenn eru úr, en sá hreppur hafi endurgjaldskröfu til þeirra hreppa, sem féð er úr.

28. gr.

Hreppsnefnd Rangárvallahrepps skal láta hirða í fyrstu byggðasafnsréttum í Holtum og á Landi, allt óskilafé úr öllum hreppum sýslunnar fyrir austan Eystri-Rangá, og sjá um, að það komist í fyrstu byggðasafnsrétt Rangárvallahrepps daginn eftir. Hreppsnefnd Vestur-Eyjafjallahrepps hefir hins sama að gæta í fyrstu byggðasafnsrétt Austur-Eyja-

fjallahrepps með óskilafé úr þeim hreppum sýslunnar, er liggja fyrir utan Markarfljót. Hreppsnefndin í Fljótshlíðarhreppi skal og í fyrstu byggðasafnsréttum á Rangárvöllum og í Hvolhreppi láta hirða allt óskilafé úr Eyjafjallahreppum. Óskilafé úr sömu hreppum, er fyrir kemur í fyrstu byggðasafnsrétt í Vestur-Landeyjahreppi skal og hreppsnefndin í Austur-Landeyjahreppi hirða láta. Ennfremur skulu og hreppsnefndirnar í Fljótshlíðarhreppi og Hvolhreppi hafa hinnar sömu skyldu að gæta í Vestur-Eyjafjallahreppi með óskilafé úr hreppum sýslunnar fyrir utan Þverá. Skulu þeir menn, er sendir eru, koma fénu áleiðis til einhvers hreppsnefndarmanns í næstu sveit. Að öðru leyti mega tveir hreppar leggja saman til að senda í byggasafnsréttir í þeim hreppum, er engan afrétt eiga. Bakkabæjamenn austan Fróðholtsóss reki óskilaféð til skilaréttar í Vestur-Landeyjahreppi. 72 8. ágúst

29. gr.

Sérhver hreppsnefnd hefir heimild til að fyrirskipa byggðasafnsréttir lengur fram á vetur, ef henni þykir þurfa, einkum ef veður falla vel, svo að von sé á miklum samgöngum.

30. gr.

Verði einhver ber að því, að smala land sitt óforsvaranlega eða alls ekki í byggðasöfnum, hefir hreppsnefndin vald til að setja tilsjónarmann við smölun hans, eða þá láta aðra framkvæma hana, hvorttveggja á kostnað hins seka.

31. gr.

Skilarétt á hrossum skal haldin í hverjum hreppi þriðjudaginn í 25. viku sumars, eftir smölun á þeim, er búendur skulu leysa forsvaranlega af hendi. Heimilt skal þó hreppsnefndum að ákveða aðra hrossarétt fyrr á haustinu. Hver einstakur eigandi hefir ábyrgð á að hirða hross sín að skilarétt, hvort sem er utansveitar eða innan, að öðru leyti en því, sem ákveðið er í 32. grein um tökuhross.

VII. KAFLI.

Um tökufénað.

32. gr.

Hver, sem kemur lömbum sínum, sauðfé, nautum eða hrossum til sumarbeitar hjá öðrum, og hver sá, er tekur slíkan fénað til sumarbeitar, er skyldur að skýra hreppsnefndum sínum frá þessu, ef þær krefjast þess. Nú þykir hreppsnefnd einhver taka óhæfilega mikið af innansveitar- eða utansveitarfénaði, nautum eða hrossum til sumarbeitar eða hagagöngu á vetrum, og hefir hún þá heimild til að banna slíka töku fram yfir það, er hún metur að hagarúm hans geti leyft. Skjóta má úrskurði hreppsnefndar til sýslunefndarinnar.

33. gr.

Komi tökufénaður til rétta, hefir sá ábyrgð á, sem tekið hefir.

72
8. ágúst

VIII. KAFLI.

Um kalineyrt og eyrnalaust fé og ómerkinga.

34. gr.

Kalineyrt og eyrnalaust fé og ómerkinga, sem lambsmæður eigi helga sér í heimaréttum, skal sérhver reka til almenningsrétta, bæði í fjallsöfnun og byggðasöfnun, og skal hreppsnefndin sjá um, að slíkt fé sé dregið í dilk sér. Haldi einhver slíku fé frá réttum eða dragi sér það án leyfis hreppsnefndar, með launung eða ofríki, hefir hann fyrirgert eignarrétti að hinni sömu kind, er þannig er meðfarið, þótt lambsmóðir helgi sér á eftir. Síðan skal leiða ær að dilkum, sem og leyfa mönnum með öðru móti að sanna eignarrétt sinn með óbrigðulum einkennum, en þó eigi af fjárbragði einu saman. Ómerkinga þá, er enginn hefir helgað sér í lok hverrar réttar, skal selja hlutaðeigandi sveitarsjóði til inntektar, en hver hreppur greiði í hið minnsta 15 kr. fyrir réttarstæði, ef eigi er áður öðruvísi um samið.

IX. KAFLI.

Um meðferð á óskilafénaði.

35. gr.

Allar óskilakindur skal tafarlaust selja jafnóðum og þær koma fyrir í byggðasafnsréttum, og ennfremur þær óskilakindur, er finnast að afloknum byggðasöfnum veturinn út. Skulu hreppstjórar að öllum haustréttum loknum senda í hvern hrepp sýslunnar skýrslu yfir allt hið selda fé, og mega eigendur þess leiða sig að andvirðinu, er tveir mánuðir eru liðnir frá söludegi til septemberloka árið eftir, að frádregnum öllum kostnaði.

Sölu á óskilahrossum skal hreppstjóri jafnan auglýsa innan hrepps, nema þegar um lögskipaða hrossarétt er að ræða. Um hross þessi skal hreppstjóri senda skýrslu í hvern hrepp, eins og um annan óskilafénað.

36. gr.

Til þess að geta sannað eignarrétt sinn á sauðfé, hlýtur eigandi að hafa lögheimilt og auglýst mark. Gefi tveir eða fleiri sig fram sem eigendur að sama marki, er hreppsnefndinni ekki skylt að svara andvirði hinnar seldu kindar, fyrr en einhver þeirra hefir löglega sannað forgangsrétt sinn.

37. gr.

Hross, sem eigandi þekkist eigi að, eða eigandi er utan hrepps og á engan þann að, er hirða vill gripinn eða gripina fyrir hans hönd, skulu jafnan talin í óskilum á hvaða tíma árs sem er og vakta í viku og fara síðan með sem annað óskilafé (sbr. 6. og 35. gr.). Þó skal eigandi hross, sem selt er, hafa innlausnarrétt á því 6 mánuði frá söludegi, enda ber hann þann tíma ábyrgð á því, nema það farist fyrir handvömm kaupanda. Borga skal eigandi allan áfallinn kostnað, svo sem uppboðs-, fóður- eða beitarkostnað, Beitarkostnaður má þó ekki fara fram úr hálfum fisk á sólarhring og fóður að vetri ekki fram úr 2 fiskum á landsvísu í peningum eftir verðlagsskrá um sólarhring. Andvirðis geta eig-

endur vitjað innan árs frá söludegi, en að öðrum kosti færist það hlutaðeigandi sveitar- 72
sjóði til inntektar. 8. ágúst

38. gr.

Fyrir lok janúarmánaðar næsta ár skulu hreppstjórar senda manni, sem sýslunefndin kýs til þess, greinilegar lýsingar yfir allan þann óskilafénað, sem seldur hefir verið og enginn hefir leitt sig að. Hinn kjörni maður sendir síðan eftirrit af lýsingum þessum til birtingar í „Lögbirtingablaðinu". Ásamt lýsingunum skulu hreppstjórar greiða til sýslusjóðs 2 fiska á landsvísu í peningum fyrir hverja kind í auglýsingarkostnað. Á sama hátt skal lýsa seldum óskilahrossum.

Verði verðlagsskrá numin úr gildi, skal kostnaður sá, sem talinn er í fiskum, greiðast eftir mati sýslunefndar ár hvert.

X. KAFLI.

Um vorréttir.

39. gr.

Hreppsnefndirnar í Hvolhreppi, Fljótshlíðarhreppi og Landeyjahreppum, skulu sjá um, að sérhver búandi maður í hreppum þessum smali heimalönd sín mánudaginn í 7. og 9. viku sumars og 4. júlí eða næsta virkan dag. Hreppsnefndir annarsstaðar í sýslunni skulu sjá um, að slík smölun fari fram frá byrjun 7. viku til loka 9. viku sumars. Öllum aðkomnum fénaði, sem finnst og eigandi eigi lætur hirða heima hjá mönnum, skal eftir smölunina haldið til rétta, svo sem unnt er, og haldið rétt á honum eftir nánari ákvæðum hreppsnefndar. Auk þess er hreppsnefnd heimilt að fyrirskipa smölun á vorin og vorréttahöld, eftir því sem henni þykir bezt henta og ákveða rekstrardaga til afréttar.

40. gr.

Hreppsnefndum er skylt að auglýsa vorréttadagana í næstu hreppum.

41. gr.

Skylt er að marka lömb undir óskilaám með sama marki og á þeim er.

42. gr.

Hreppsnefndir hafa að öðru leyti heimild til að gera nánari fyrirskipanir um vorsöfn og vorréttir, en hér er greint.

XI. KAFLI.

Um einkenni á fé.

43. gr.

Menn skulu einkenna fé sitt með eyrnamarki og mega hreppsnefndir skipa svo fyrir, að búendur í hreppnum skuli brennimerkja fé sitt með sýslu- og hreppsbrenni-

72 8. ágúst marki á horni, er sé þannig: R1. fyrir Ásahrepp, R2. fyrir Holtahrepp, R3. fyrir Landmannahrepp o. s. frv. eftir röð hreppanna í markaskrá sýslunnar.

44. gr.

Öll mörk sýslunnar skal rita á eina skrá, og skal prenta hana að minnsta kosti á 10 ára fresti. Borgun fyrir að fá prentað mark skal vera 1 króna í hvert sinn, sem það er prentað, og rennur sú borgun í sýslusjóð.

Ef einhver flytur inn í sýsluna eða tekur upp nýtt mark, er hann skyldur að tilkynna það oddvita í sínum hreppi, er ritar það á viðeigandi stað í hina gildandi markaskrá, og tilkynnir það svo öllum oddvitum sýslunnar, er einnig skulu innfæra markið og sjá um, að markabækur með þessum innfærslum séu í hverri skilarétt. Fyrir þetta greiði markeigandi oddvita sínum kr. 2,00.

Eigandi kindar missir eignarrétt sinn að henni, ef hún lendir í óskilum, og mark er eigi auglýst í markaskrá sýslunnar.

45. gr.

Eigi skulu menn hafa námerkt frekara en þörf gerist, og hefir sýslunefnd rétt til að kveða á um, hversu námerkt má vera. Sá, sem tekur upp náið mark, eða flytur inn í sveit með náið mark, skal breyta marki sínu, en sá, sem á erfðamark eða fyrir er, skal halda sínu marki.

46. gr.

Eigi má prenta í markabók neitt mark, sem er afeyrt eða aðeins eitt hnífsbragð.

XII. KAFLI.

Um sölurekstra.

47. gr.

Allt fé í sölufjárrekstrum skal rækilega merkt með skýru rekstrarmarki, er sé svo glöggt, að sjáist vel tilsýndar, í björtu, og svo traust, að eigi geti máðst af.

48. gr.

Svo skal rekstrum haga, að sem minnstur bagi verði að þeim, sem land eiga, þar sem fé er rekið um.

Varast skal að rekstrum lendi saman við annað fé. Alls ekki má halda áfram með rekstur þegar dimmt er orðið að kvöldi, og ekki leggja upp að morgni fyrr en sauðljóst er.

Yfirmaður reksturs ber ábyrgð á, að reglum þessum sé hlýtt.

XIII. KAFLI.

Um grenjaleitir, refaveiðar og eitranir.

49. gr.

Hreppsnefndir skulu vandlega annast um grenjaleitir og refaveiðar; þær skipa fyrir um grenjaleitir í tækan tíma, bæði í afréttum og heimalöndum, og gæta þess vandlega, að

þeirrar almennu skyldu sé gætt, að hver og einn leiti vandlega í heimalandi sínu, þar sem grenja von er. 72 8. ágúst

50. gr.

Kostnaður og fyrirkomulag grenjaleita fer eftir sömu reglum og beitt er við fjallsöfnun.

51. gr.

Skotmaður skal vera við grenjaleitir í afrétti. Borgun til skotmanns fyrir hvert fullorðið dýr, sem hann vinnur, er 6 kr. fyrir fyrra dýrið, sem hann vinnur, en 9 kr. fyrir hið síðara, fyrir hvern yrðling 1 kr. 50 au., kaup og fæði um daginn 6 krónur, og fyrir hest 3 kr. um daginn. Ef skotmaður er hlutaðeigandi leitarmaður, reiknast borgunin einungis fyrir þann tíma, sem gengur til þess að liggja yfir greni; fyrir þann tíma ber einnig að borga öðrum grenmönnum allt að sömu upphæð um daginn. Á sama hátt ber að borga skotmanni fyrir gren unnið í heimalandi.

52. gr.

Skylda til grenjaleita í afrétti byggist á sama grundvelli og skylda til aðalfjallsafns.

53. gr.

Sérhver hreppsnefnd í þeirri sveit, er liggur til afréttar eða fjalllendis, skal að haustlímanum annast um eitrun fyrir refi á þessum svæðum, og eins þó landið tilheyri einstökum mönnum.

54. gr.

Hreppsnefnd má banna alla smölun og umferð í afréttum, er hún álítur að spilla muni fyrir refaveiðum.

55. gr.

Allan kostnað, er leiðir af refaveiðum og eitrun fyrir refi, skal greiða af hlutaðeigandi sveitarsjóði.

Einnig er heimilt að greiða af sveitarsjóði kostnað við grenjaleitir í afréttum, ef hreppsnefnd þykir haganlegra að fá nokkra menn til þess, heldur en að búendur almennt leggi menn til grenjaleitar.

XIV. KAFLI.

Um smáafrétti.

56. gr.

Hreppsnefnd Fljótshlíðarhrepps og hreppsnefnd Vestur-Eyjafjallahrepps skulu sjá um fjallskil, réttahöld og grenjaleitir o. s. frv. á Þórsmörk, en hreppsnefnd Fljótshlíðarhrepps á Teigs-, Múla- og Guðrúnartungum. Hreppsnefnd Vestur-Eyjafjallahrepps sér um það á Almenningum, Merkurtungum, Stakkholti og Steinsholti, og hafa hreppsnefndirnar rétt til að gera nauðsynlegar fyrirskipanir í þessu efni. Sá eða sú hreppsnefnd, sem

72 heldur Goðaland til upprekstur, hafi öll umráð yfir afréttinum, að því er snertir rétta-
8. ágúst höld, grenjaleitir o. fl. og skal þar halda skilarétt. Eigi má þá sá, er heldur Goðaland, láta reka fé yfir jökul að haustlagi.

57. gr.

Hinar almennu reglur, er gilda um afrétti í sýslunni, skulu einnig gilda um smáafrétti þessa, en þó skulu sérstaklega gilda um þá þessar reglur:

Fjallskil og réttarhöld skulu fram fara með tilsjón tveggja manna, sem eru settir til þess, annar af hreppsnefndinni í Fljótshlíðarhreppi, en hinn af hreppsnefndinni í Vestur-Eyjafjallahreppi, á kostnað þeirra, sem afréttinn nota.

Afréttir skulu smalaðir svo, að eigi verði misgöngur á milli.

Eftirleit skal fram fara föstudaginn í 25. viku sumars. Skal eftirsafnið réttað í afréttunum á sama hátt og aðalsafnið. Öll söfnin skulu könnuð á víxl, þannig, að Fljótshlíðingar hirða allt fé, sem þekkist að vera utan yfir Markarfljót, en Vestur-Eyjafjallamenn á sama hátt það, sem tilheyrir Eyjafjallahreppunum. Um óskilafé sem ekki þekkist ræður afréttur til hvers hreppsins skuli ganga. Eftirleitinni skal lokið svo snemma, að eftirsafnið nái í næstu byggðasafnsréttir Fljótshlíðarhrepps og Vestur-Eyjafjallahrepps. Grenjaleitir, refaveiðar og eitranir á smáafréttum þessum skulu hlutaðeigandi hreppsnefndir annast um á kostnað þeirra, er halda afréttina til notkunar en ef þeir eigi borga góðfúslega, þá skulu eigendur afréttanna borga þennan kostnað á Almenningum, Merkurtungum og Stakkholti, ef hreppsnefndin ákveður svo.

XV. KAFLI.

Um sektir og málssóknir.

58. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða 10—300 kr. sektum. Sektin rennur í sveitarsjóð þess hrepps, sem brotið er framið í.

59. gr.

Með mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

60. gr.

Með reglugerð þessari er numin úr gildi fjallskilareglugerð 7. júní 1915 og 13. júní 1919.

Reglugerð þessi, sem sýslunefndin í Rangárvallasýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaga 10. nóv. 1905, staðfestist hérmeð til að öðlast gildi 1. september 1921.

Atvinnu- og samgöngumálanefnd stjórnarráðsins, 8. ágúst 1921.

Í fjarveru ráðherrans

Oddur Hermannsson.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ

73
8. ágúst

fyrir

Strandasýslu, um notkun upprekstrarlands, fjallskil, réttahöld o. fl.

1. gr.

Sérhver fjáreigandi er skyldur til að hafa skýrt eyrnamark á fé sínu. Aðfengið fé skal hann marka upp undir eyrnamark sitt, annars að brennimerkja þær kindur, sem hyrndar eru, en festa spjald eða plötu, með skýru eignarmerki í eyrun á kollóttu fé.

2. gr.

Markaskrá fyrir sýsluna skal prenta að minnsta kosti fimmta hvert ár, og skal hreppsnefndin í hverjum hreppi annast um að safna öllum eyrna- og brennimörkum í hreppnum og setja þau saman eftir stafrósröð, í greinilega skrá. Í því skyni skal sérhver markeigandi, skyldur til að skýra hlutaðeigandi hreppsnefnd, greinilega frá eyrna- og brennimarki sínu. Sérhver fjáreigandi greiðir 1 krónu fyrir hvert mark, hafi hann eigi nema tvö, en fyrir þriðja markið greiðist 8 krónur. Fyrir brennimark greiðist sama gjald og fyrir fyrsta og annað mark. Hreppsnefndin sendi síðan sýslunefndinni skrárnar, er annast um að ein skrá sé samin yfir öll mörk í sýslunni, eftir því formi, er hún ákveður. Markagjöldin renna í sýslusjóð, en hann greiðir aftur á móti kostnað við samningu og prentun skránna.

3. gr.

Sýslu-, hreppa- og bæjamörk fyrir Strandasýslu skulu prentuð með markaskránni. Öll þessi mörk eru brennimörk og eru þau þessi:

a) *Sýslumark.*

Str. = Strandasýsla.

b) *Hreppamark.*

Str. 1. = Bæjarhreppur.
Str. 2. = Óspakseyrarhreppur.
Str. 3. = Fellshreppur.
Str. 4. = Kirkjubólshreppur.
Str. 5. = Hrófbergshreppur.
Str. 6. = Kaldrananesshreppur.
Str. 7. = Árnesshreppur.

c) *Bæjamörk.*

Str. 1. Bæjarhreppur.

1. Str. 1. Gilhagi.
2. —— Grænamýri.
3. —— Melar.
4. —— Fagrabrekka.
5. —— Fjarðarhorn.
6. Str. 1. Valdasteinsstaðir.
7. —— Borðeyrartangi.
8. —— Borðeyri.
9. —— Kjörseyri.
10. —— Kvíslar.

73
8. ágúst

11. Str. 1. Laxárdalur.
12. —— Hlaðhamar.
13. —— Bær.
14. —— Jónssel.
15. —— Bakkasel.
16. —— Hrafnadalur.
17. —— Ljótunnarstaðir.
18. —— Prestsbakki.
19. —— Kollsá.
20. Str. 1. Litla-Hvalsá.
21. —— Stóra-Hvalsá.
22. —— Borgir.
23. —— Kolbeinsá.
24. —— Guðlaugsvík.
25. —— Skálholtsvík.
26. —— Miðhús.
27. —— Heydalur.

Str. 2. Óspakseyrarhreppur.

1. Str. 2. Þambárvellir.
2. —— Þórustaðir.
3. —— Brunngil.
5. —— Óspakseyri.
4. —— Snartartunga.
6. —— Krossárbakki.
7. Str. 2. Einfætlingsgil.
8. —— Gröf.
9. —— Hvítahlíð.
10. —— Bræðrabrekka.
11. —— Skriðinsenni.

Str. 3. Fellshreppur.

1. Str. 3. Broddadalsá.
2. —— Broddanes.
3. —— Stórafjarðarhorn.
4. —— Þrúðardalur.
5. —— Hamar.
6. —— Fell.
7. Str. 3. Miðhús.
8. —— Steinadalur.
9. —— Ljúfustaðir.
10. —— Litlafjarðarhorn.
11. —— Hlíð.

Str. 4. Kirkjubólshreppur.

1. Str. 4. Kollafjarðarnes.
2. —— Hvalsá.
3. —— Þorpar.
4. —— Smáhamrar.
5. —— Heydalsá.
6. —— Kirkjuból.
7. —— Klúka.
8. —— Gestsstaðir.
9. Str. 4. Tindur.
10. —— Gröf.
11. —— Heiðarbær.
12. —— Húsavík.
13. —— Tungugröf.
14. —— Tröllatunga.
15. —— Arnkötludalur.
16. —— Vonarholt.

Str. 5. Hrófbergshreppur.

1. Str. 5. Hrófá.
2. —— Víðidalsá.
3. —— Þiðriksvellir.
4. —— Vatnshorn.
5. —— Skeljavík.
6. —— Kálfanes.
7. —— Hólmavík.
8. —— Ós.
9. —— Fitjar.
10. —— Hrófberg.
11. Str. 5. Víðivellir.
12. —— Áratunga.
13. —— Kleppsstaðir.
14. —— Kirkjuból.
15. —— Hólar.
16. —— Staður.
17. —— Grænanes.
18. —— Geirmundarstaðir.
19. —— Gilsstaðir.

Str. 6. Kaldrananesshreppur.

1. Str. 6. Bólstaður.
2. —— Bassastaðir.
3. —— Sandnes.
4. —— Hella.
5. —— Kleifar.
6. —— Hafnarhólmur.
7. —— Gautshamar.
8. —— Drangsnes.
9. —— Bær.
10. —— Bjarnanes.
11. —— Kaldrananes.
12. —— Bakki.
13. —— Hvammur.
14. Str. 6. Skarð.
15. —— Sunddalur.
16. —— Goðdalur.
17. —— Svanshóll.
18. —— Klúka.
19. —— Ásmundarnes.
20. —— Reykjarvík.
21. —— Brúará.
22. —— Asparvík.
23. —— Eyjar.
24. —— Kleifar.
25. —— Kaldbakur.

Str. 7. Árnesshreppur.

1. Str. 7. Kolbeinsvík.
2. —— Byrgisvík.
3. —— Veiðileysa.
4. —— Kambur.
5. —— Kúvíkur.
6. —— Kjós.
7. —— Reykjarfjörður.
8. —— Naustvík.
9. —— Kjörvogur.
10. —— Gjögur.
11. —— Reykjanes.
12. —— Litla-Ávík.
13. —— Stóra-Ávík.
14. —— Finnbogastaðir.
15. Str. 7. Bær.
16. —— Árnes.
17. —— Melar.
18. —— Norðurfjörður.
19. —— Krossnes.
20. —— Fell.
21. —— Munaðarnes.
22. —— Eyri.
23. —— Ingólfsfjörður.
24. —— Seljanes.
25. —— Ófeigsfjörður.
26. —— Drangavík.
27. —— Drangar.
28. —— Skjaldarbjarnarvík.

4. gr.

Hreppsnefndin í hverjum hreppi skal annast um að þeir fjáreigendur, sem ekki hafa nægilegt upprekstrarland fyrir sig, fái upprekstur annarsstaðar, þar sem fjalllendi er nægilegt í hreppnum, og skal hún því jafna fénu niður í löndin að réttri tiltölu.

Nú er ekki nægilegt fjalllendi til í einhverjum hreppi, fyrir innanhreppsfé, skal þá hreppsnefndin útvega upprekstrarland í öðrum hreppum ef unnt er. Allar ráðstafanir hreppsnefndar í þessu tilliti, skulu birtar hlutaðeigendum í tæka tíð. Er hver fjáreigandi skyldur til, að reka geldfé sitt á fjall, samkvæmt ráðstöfunum hreppsnefndarinnar, nema hann hafi sjálfur útvegað sér upprekstrarland í öðrum hreppi, en þá er hann skyldur til að tilkynna það landeiganda þeim, er honum bar upprekstur hjá, í síðasta lagi tíunda maí, ella gjaldi hann honum upprekstrartoll.

5. gr.

Til þess að framkvæma ákvæði 4. gr., skal hver hreppsnefnd, þegar er reglugerð þessi hefir öðlazt gildi, semja reglur um notkun upprekstrarlands í hreppnum.

73 8. ágúst

Sá sem er óánægður með ákvæði hreppsnefndarinnar, getur skotið máli sínu til sýslunefndar, sem leggur endilegan úrskurð á málið.

6. gr.

Í þeim sveitum, sem að áliti hreppsnefndanna, aðeins hafa upprekstrarland fyrir fé sitt, skal öllum búendum bannað, að taka fé til upprekstur, úr öðrum sveitum eða sýslum. Þó má landeigandi taka jafnmargt fé til upprekstur, og þeim bar að reka í land hans, er nota rétt þann, sem veittur er í 4. gr. til þess að fá upprekstur utansveitar.

7. gr.

Í upprekstrartoll greiðast 12 aurar fyrir hverja sauðkind, hvort heldur er lömb eða roskið, alls þess fjár, sem á fjall ber að reka, ef öðruvísi er eigi um samið. Upprekstrartollur skal greiddur fyrir lok októbermánaðar ár hvert.

8. gr.

Tvær skulu fjallgöngur á hausti; fyrri leitardagur skal vera mánudagur í 22. viku sumars, og skal réttað sjálfan leitardaginn, nema í Skarðsrétt, Staðarrétt og Árnesrétt, þar sem réttað skal að morgni þriðjudaginn næstan eftir. Þó skal hreppsnefnd Kaldrananesshrepps heimilt, að rétta fyrsta leitardag í Skarðsrétt og láta eftirleit fara fram á miðvikudag. Sé heimildin notuð, skal hreppsnefndinni skylt, að tilkynna það nærliggjandi hreppum nægilega snemma.

Annar leitardagur skal vera næsti miðvikudagur þar eftir, nema Kaldrananesshreppi, þar skal annar leitardagur vera næsti fimmtudagur eftir fyrra leitardag

Annar réttardagur skal vera sjálfan leitardaginn.

Þegar hreppsnefndin álítur það nauðsynlegt, getur hún skipað fyrir, að leita þriðju leit, og ákveðið dag til þess.

9. gr.

Fjallskilaskyldur er hver fjáreigandi. Hreppsnefnd skal leggja fjallskilakostnað, hlutfallslega eftir fjárfjölda, á hvern þann mann í hreppnum, er sauðkindur á. Einnig er hreppsnefnd heimilt að gera þeim mönnum meiri fjallskil, er búa á fleiri en einni jörð, hvort sem hann rekur þar upp nokkra kind eða ekki.

Heimilt er og hreppsnefnd, að meta allan fjallskilakostnað til peningaverðs, og jafna honum niður á allar sauðkindur í hreppnum og ábúð eftir því sem að framan greinir. Þegar fjallskil einhvers nemur hálfu dagsverki, á hreppsnefnd heimting á, að hann leggi mann til fjallskila, ef þörf krefur.

Sá, er notar land utanhrepps fyrir fénað sinn eða nokkurn hluta hans, skal hafa tilkynnt það hreppsnefndinni í þeim hreppi, þar sem hann á heima, áður 12 vikur eru af sumri og er hann þá undanþeginn fjallskilum þar fyrir þennan fénað.

10. gr.

Hlutaðeigandi hreppsnefnd skal árlega, í tæka tíð semja fjallskila-seðil, þar sem hún fyrirskipar hvernig fjallgöngum og heimalandsleitum skuli hagað, skal hún útnefna einn eða fleiri leitarstjóra í hreppnum, sem stjórni göngum leitarmanna og annist um að allt fari vel og skipulega fram.

11. gr.

Fjallafé það, er á sumrum slangrar í kvífé manna, skal tafarlaust skilja úr og reka frá, svo það eigi verði kvífast. 8. ágúst

12. gr.

Í fjallleitum þeim, sem ákveðnar eru í 8. gr. skal öllu geldfé safnað til lögréttar, bæði úr heimalöndum og upprekstrarlöndum. Heimaleitir og sundurdráttur á bæjum skal bannaður, en þó skal hreppsnefnd hafa leyfi til að veita undanþágu frá þessu ákvæði, þar sem brýna nauðsyn ber til, sakir þess hversu sérstaklega hagar landi og afstöðu frá réttarstöðum. En risi ágreiningur út af þessari undanþágu, skulu hlutaðeigendur hlíta úrskurði sýslunefndar. Geldfé það af öðrum bæjum, er kynni að vera saman við búsmalann leitardaginn, eru hlutaðeigendur skyldir til að skilja frá og koma því í fjallsafn eða til réttar í tæka tíð.

13. gr.

Leitarstjóri skal hlífðarlaust tilkynna hlutaðeigandi hreppsnefnd alla óhlýðni gegn fyrirskipunum sínum, en hreppsnefndin kærir slíkt til sekta, samt alla aðra skylduvanrækt í tilliti til fjallskila.

14. gr.

Ein eða tvær skulu lögréttir vera fyrir hvern hrepp á þeim stöðum, sem hér greinir:

Í Bæjarhreppi að Melum og Kollsá.
Í Óspakseyrarhreppi að Snartartungu.
Í Fellshreppi að Felli.
Í Kirkjubólshreppi að Kirkjubóli.
Í Hrófbergshreppi að Víðidalsá og Stað.
Í Kaldrananeshreppi að Skarði.
Í Árneshreppi að Árnesi.

15. gr.

Valdi bygging lögréttar grasnámi eða jarðusla, skal, ef þess verður krafizt, koma fullt endurgjald af sveitarsjóði hlutaðeigandi hrepps eftir mati óvilhallra manna, sem rétturinn útnefnir.

16. gr.

Hreppsnefndin skal sjá um að fjárréttir séu í gildu standi, og skulu dilkar svo rúmgóðir, að enginn þurfi út að hleypa fyrr en fjárdrætti er lokið.

Utanhreppsmenn skulu í þeim lögréttum þar sem þeir eiga von á töluverðum fénaði, skyldir að hlaða upp hæfilega stóra dilka, eftir nákvæmri fyrirsögn hlutaðeigandi hreppsnefndar. Það er skylda hvers jarðarábúanda og fjáreiganda, sem er í sjálfsmennsku, að vinna að réttarbyggingu eða aðgerð, samkvæmt fyrirskipunum hreppsnefndarinnar.

Allur slíkur kostnaður jafnast niður á hreppsbúa í hlutfalli við sauðfjáreign þeirra.

17. gr.

Oddviti hreppsnefndarinnar skal ávallt vera við staddur við réttarhaldið, eða annar,

73 8. ágúst er hann til þess kveður til þess að hafa umsjón með því, að allt fari vel og skipulega fram, og eru því allir, sem vinna ber að réttarhaldinu, skyldir til að hlýða fyrirskipunum þeirra.

18. gr.

Réttarstjóri skal skipa menn til þess að líta eftir því, svo vel sem unnt er, að fé ekki misdragist, svo sem með því að setja þá við dilksdyr, þar sem hættast er við misdrætti, eða fela þeim að gæta í dilka áður en út er hleypt.

19. gr.

Rétt er að hreppsnefndin ákveði í leitarseðlinum, ef hún álítur þess þörf, hversu marga menn hver fjáreigandi skuli leggja til í réttina og má enginn, sem skyldur er að gegna réttarstörfum, fara fyrri en sundurdrætti er lokið, nema réttarstjóri leyfi. Ef einhver fjáreigandi utan sveitar eða innan leggur svo illa til réttarstarfa að töf verði að, er réttarstjóra heimilt að ráða menn upp á hans kostnað til þess að draga fé hans.

20. gr.

Enginn má marka kindur í lögréttum, nema með samþykki réttarstjóra og undir umsjón hans.

21. gr.

Réttarstjóri skal annast um, að ómerkingar séu dregnir í einn dilk, jafnóðum og þeir finnast, og skal áður en réttahaldinu er lokið, láta lambsmæður helga sér dilka sína, undir umsjón hans. Þeir ómerkingar sem lambsmæður ekki helga sér í fyrstu rétt, skulu geymdir í úrtíningi þangað til í annari rétt, en ómerkinga þá, sem engin getur þá helgað sér, skal þegar selja og rennur andvirði þeirra í sveitarsjóð. Mýétið fé skal og selt í lögrétt og rennur andvirði þess sömuleiðis í sveitarsjóð.

22. gr.

Réttarbónda skal gjalda 6—12 kr. í réttartoll árlega eftir samkomulagi við hreppsnefnd eða eftir mati óvilhallra manna.

23. gr.

Engum skal leyft að hleypa heimtufé aftur á fjall fyrir síðustu fjallleitir.

24. gr.

Skilaréttir skulu haldnar í hverjum hreppi þar og þá daga, er hér segir:

Í Bæjarhreppi að Melum, þriðjudaginn í 23. viku sumars og á Kollsá miðvikudaginn í 23. viku sumars.

Í Óspakseyrarhreppi að Snartartungu, miðvikudaginn í 23. viku sumars.

Í Fellshreppi að Felli, föstudaginn í 24. viku sumars.

Í Kirkjubólshreppi að Kirkjubóli, fimmtudaginn í 24. viku sumars.

Í Hrófbergshreppi að Stað, miðvikudaginn í 23. viku sumars og að Víðidalsá fimmtudaginn í 24. viku sumars.

Í Kaldrananeshreppi að Skarði, föstudaginn í 24. viku sumars.

Í Árneshreppi að Árnesi fimmtudaginn í 24. viku sumars.

25. gr.

Úrtíningur úr fyrstu og annari rétt, skal forsvaranlega geymdur hjá þeim, sem hreppsnefndin ákveður, þar til eigendur vitja hans, og síðasti úrtíningur til skilaréttardags. Borgun fyrir gæzlu úrtínings er 10 aurar fyrir hverja kind um sólarhringinn, er greiðist þegar kindin er afhent, og er ekki skylt að sleppa óskilafé, nema gæzlukostnaður sé borgaður.

26. gr.

Allt það úrtíningsfé, sem kemur fyrir í hreppnum eftir leitir, en fyrir skilaréttir, skal rekast bæ frá bæ þangað, sem úrtíningur er geymdur, og geymast ásamt honum. Sá, sem sleppir rekstri eða fer óforsvaranlega með hann, sæti sektum, og greiði auk þess skaðabætur, ef sannað verður, að kind hafi farizt fyrir vanrækslu hans. Sama ákvæði gildir um þá, sem sækja fé í aðrar réttir. Innansveitarfé skal rekast bæ frá bæ, skemmstu leið til eiganda, einnig það, sem finnst eftir skilarétt.

27. gr.

Uppboð á úrtíningsfé því, sem ekki spyrst í skilarétt, eða ekki verður komið til eiganda, skal haldið að nóni sjálfan skilaréttardaginn. Þó er hreppstjóra heimilt, að ráðstafa óskilakindum til sölu í næsta kauptún, ef hann telur eiganda það hagkvæmara.

28. gr.

Nú koma utanhreppskindur fyrir í einhverri sveit eftir afstaðnar skilaréttir, og þekkja menn eigendur að þeim, skulu þær þá á kostnað eiganda geymdar í vörzlum hreppsnefndarinnar, sem annast um, að eigendunum verði við fyrsta tækifæri gert aðvart um það. Hafi eigendur ekki leitt sig að kindum þessum á Marteinsmessu, skal selja þær við opinbert uppboð, sem áður sé auglýst almenningi í hreppnum með nægum fyrirvara. Kindur þær, sem koma fyrir eftir skilaréttir, og enginn þekkir eigendur að, skulu þegar seldar við opinbert uppboð, er birt sé á lögboðinn hátt í hreppnum.

29. gr.

Lýsing á óskilafé því, er við uppboð er selt og eigendur þekkjast eigi að, skal við lok hvers árs sendast oddvita sýslunefndarinnar, og skal hann sjá um, að lýsingar þessar séu auglýstar í Lögbirtingablaðinu. Hver sá, sem sannar eignarrétt sinn að hinu selda fé, fær andvirði þess að frádregnum kostnaði, ef hann gefur sig fram fyrir næstu septemberlok.

30. gr.

Mánudaginn í 11. viku sumars skal á vori hverju í öllum hreppum sýslunnar fram fara almenn smölun á sauðfé til rúningar. Skal þá ábúandi hverrar jarðar leita vandlega heimaland sitt, og hirða allt órúið fé, er í því kann að finnast, og koma öllu afbæjar fé í skilarekstrum áleiðis til eiganda, ella rýja órúið fé, og skila eigandanum ullinni, og marka

70 6. júlí

ómörkuð lömb undir mark eiganda. Almenn smölun til skilaréttar í Bæjarhreppi skal vera mánudaginn í 23. viku sumars. Auk þess er hreppsnefndum heimilt að fyrirskipa fleiri smalanir á vori, á þeim tíma, er henni þykir henta, og sömuleiðis svo oft sem þeim þurfa þykir, eftir skilaréttir að haustinu og er þá öllum fjáreigendum jafnskylt, að hlíta fyrirskipunum hreppsnefndanna í þessu efni, eins og að því er snertir fjallskil að haustinu.

Sá, sem finnur fé eftir 15. október úr öðrum sýslum, getur krafizt ⅓ verðs kindarinnar í fundarlaun.

31. gr.

Kaupmönnum og verzlunarfélagsstjórum skal skylt að hafa áreiðanlega eftirlitsmenn við slátrun á öllum fjárrekstrum, sem af öðrum eru reknir til þeirra til slátrunar, og skulu eftirlitsmenn þessir hafa nákvæmar gætur á, að þeir, sem með rekstra þessa koma, séu réttir eigendur og umráðamenn fjárins. Til þess að koma þessu í framkvæmd, skulu eftirlitsmenn skoða mark á hverri sauðkind, sem til slátrunar er látin. Komi fyrir kind við eftirlit þetta, með óglöggum mörkum, eða sem vafi getur leikið á, hvort sé rétt eign seljanda, skulu markskoðendur, við votta, skrifa upp aldur, lit og mark kindarinnar, svo og skýringar seljanda, og senda það svo fljótt sem unnt er til hreppstjóra í þeim hreppi, þar sem seljandi á heima.

Þeir, sem fé taka til slátrunar, kosta sjálfir þann mann, sem eftirlitið hefir.

32. gr.

Hrossaeigendur skulu skyldir til að hafa greinilegt eyrnamark á öllum hrossum veturgömlum og eldri, þeim er sjálfala ganga.

33. gr.

Skyldur skal hver maður að koma öllum sínum ótömdu hrossum á afrétt eða til fjalls, svo snemma á vori hverju, sem hlutaðeigandi hreppsnefnd álítur óhætt og nauðsynlegt, og er engum heimilt að hafa hross þessi í heimahögum frá því þau eiga að rekast og til rétta á hausti, nema hlutaðeigandi hreppsnefnd álíti ómögulegt að fá handa þeim fjallland fyrir sanngjarna borgun, ellegar að heimalandi trippaeiganda sé svo varið, að hann geti öðrum skaðlaust haft þau heima.

34. gr.

Öllum ótömdum hrossum skal smalað til rétta í annari leit. Hross þau, sem eftir verða þegar sundurdrætti er lokið, skal fara með sem óskilafé (sbr. 25. gr.), þá skulu þau seld með 3 vikna auglýsingarfresti, fyrir söludag, og 6 vikna innlausnarfresti eftir söludag.

Hross eru ekki í ábyrgð kaupanda fyrr en innlausnarfrestur er liðinn. Gjaldfrestur á söluverði er einnig 6 vikur.

Vöktunarkostnaður fyrir hvert hross má ekki fara fram úr 1 krónu á sólarhring, nema hrossin komi á hús og hey.

35. gr. 73

Brot gegn reglugerð þessari varða 5—100 kr. sektum, er allar renna í sveitarsjóð 8. ágúst
þess hrepps, þar sem brotið er framið.

Með mál sem rísa út af reglugerð þessari, skal farið sem opinber lögreglumál.

36. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi numin fjallskilareglugerð fyrir Strandasýslu frá 15. desbr. 1914.

Reglugerð þessi, sem sýslunefndin í Strandasýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaga 10. nóv. 1905, staðfestist hérmeð til að öðlast gildi 1. september 1921.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 8. ágúst 1921.

Í fjarveru ráðherrans

Oddur Hermannsson.

Vigfús Einarsson.

REGLUR 74

8. ágúst

um

afnot af eignum Ísafjarðar og gjöld fyrir þau o. fl.

I. KAFLI.

Um notkun vatnsveitu og sölu vatns.

1. gr.

Vatnsnefnd hefir umsjón með vatnsveitu bæjarins og vatnssölu, svo sem segir í samþykkt um stjórn bæjarmálefnanna.

2. gr.

Eigi má leggja vatnsæð úr vatnsveitunni án leyfis vatnsnefndar. — Nema sérstaklega sé um samið, má eigi nota vatnsveituna til annars en heimilisþarfa bæjarmanna og atvinnureksturs. Þó getur vatnsnefnd með samþykki bæjarstjórnar bannað afnot vatnsveitunnar til atvinnureksturs.

3. gr.

74 Skip, sem á heimili utanbæjar greiði 4 kr. fyrir hverja smálest vatns, er það tekur.
8. ágúst

4. gr.

Eftir tillögum vatnsnefndar skipar bæjarstjórn menn, er hafi á hendi vatnssölu bæjarins og hlíta þeir fyrirmælum vatnsnefndar. Gjaldið innheimta þeir gegn 60 aurum af löglest í ómakslaun, og gera bæjargjaldkera skil fyrir hvern ársfjórðung.

II. KAFLI.

Um grjót-, malar- og sandnám.

5. gr.

Fasteignanefnd hefir umsjón með grjót-, malar- og sandnámi og skal leyfis til þess leitað til hennar.

6. gr.

Allir, sem ætla sér að fá leyfi til þess að taka upp grjót, möl eða sand í landi bæjarins, skulu leysa til þess heimildarbréf hjá oddvita bæjarstjórnar. Heimildarbréf hljóðar á nafn og gildir til grjótnáms í 3 mánuði, en til malar- og sandnáms í 1 mánuð frá útgáfudegi, og afhendist gegn 2 kr. gjaldi til bæjarsjóðs.

7. gr.

Fyrir hvern teningsfaðm af grjóti, sem tekinn er upp í landi bæjarins skal gjalda 5 krónur, en fyrir hverja kerru af sandi og möl 25 aura og renna gjöld þessi í bæjarsjóð.

III. KAFLI.

Um skelfiskstöku.

8. gr.

Allir, sem stunda vilja skelfiskstöku í landhelgi bæjarlandsins skulu leysa til þess heimildarbréf hjá oddvita bæjarstjórnar, er veitir leyfið með ráði fasteignanefndar. Heimildarbréf hljóðar á nafn og gildir fyrir eins árs veiðitíma og er látið af hendi gegn 15 kr. gjaldi í bæjarsjóð.

IV. KAFLI.

Um uppsátur skipa.

9. gr.

Hver, sem nota vill land bæjarins til uppsáturs fyrir skip skal leita þar til leyfis oddvita bæjarstjórnar, sem veitir leyfið, ef ástæða er til, með ráði fasteignanefndar. Leyfishafi skal leysa heimildarbréf til uppsátursins hjá oddvita, gegn 2 krónu gjaldi í bæjarsjóð.

10. gr. 74

Fyrir uppsátur skipa skal goldið til bæjarsjóðs um leið og heimildarbréf er leyst, 8. ágúst fyrir skip, sem eru að brutto stærð

yfir	5	til 10	smálestir	10 krónur
—	10	- 20	—	20 —
—	20	smálestir		35 —

Auk þessa gjalds, greiðist í bæjarsjóð fyrir skip, sem eru

yfir	5	til 10	smálestir	2 krónur
—	10	- 20	—	3 —
—	20	smálestir		5 —

um mánuð hvern eða brot úr mánuði, sem skipið stendur uppi fram yfir 3 mánuði, og falla gjöld þessi í gjalddaga við lok hvers mánaðar.

V. KAFLI.

Um hagbeit, upprekstur, fjallskil, fjárböðun o. fl.

11. gr.

Bæjarbúum er heimil beit fyrir skepnur þær, er þeir sjálfir eiga, í landareign bæjarins, og skal hagbeitartollurinn vera fyrir hverja skepnu, sem sleppt er á landi bæjarins, sem hér segir:

1. Fyrir hesta eldri en veturgamla: 30 kr. fyrir reiðhesta, 20 kr. fyrir trippi og 15 kr. fyrir vagnhesta.
2. Fyrir nautgripi, veturgamla eða eldri, 10 kr.
3. Fyrir sauðfé og geitur, að lömbum og kiðum undanskildum, 60 aurar.

12. gr.

Allur geldur sauð- og geitfénaður skal rekinn burt úr heimalandi bæjarins í síðasta lagi fyrir Jónsmessu ár hvert. Fasteignanefnd hefir umsjón með því að upprekturinn sé framkvæmdur og getur hún látið annast upprekturinn á kostnað fjáreigenda, hafi þeir eigi 5 dögum fyrir Jónsmessu tilkynnt oddvita hennar, að þeir hafi annast hana sjálfir.

Fasteignanefnd sér og um að almenn böðun á fénaði bæjarmanna sé framkvæmd fyrir nóvembermánaðarlok ár hvert, svo og um fjallskil og grenjaleitir.

Kostnaði við fjallskil, upprekstur, refaeyðingu og fjárböðun eða umsjón með þessu, skal jafnað niður á fjáreigendur eftir fjártölu.

13. gr.

Fyrir ágústmánaðarlok ár hvert skulu allir skepnueigendur senda fasteignanefnd skýrslu um pening þann, sem samkvæmt framangreindum reglum er gjaldskyldur.

Nú verður einhver uppvís að því, að hafa gefið ranga skýrslu og greiði hann þá þrefalt gjald fyrir þann pening, sem undan er dreginn.

14. gr.

Gjalddagi á gjöldum þeim, sem ræðir um í 11. gr., er 30. september ár hvert, og

74 skulu þau innheimt af bæjargjaldkera sem önnur bæjargjöld. Sama máli gegnir um niður-
8. ágúst jöfnunargjöld samkvæmt 12. gr., er falla í gjalddaga undir eins og þeim hefir verið jafnað niður.

VI. KAFLI.

Um mótak og slægjur.

15. gr.

Allir þeir, sem taka vilja upp mó eða heyja í landi bæjarins skulu leita leyfis fasteignanefndar, er veitir leyfi gegn 50 aura gjaldi til bæjarsjóðs fyrir hvern ferfaðm til móskurðar og 50 aura gjaldi fyrir hvern hestburð af þurru heyi.

Fasteignanefnd hefir umsjón með mótaki og slægjum og skipar umsjónarmann til þess, ef þörf þykir. Hún ákveður hvort leyst skuli heimildarbréf hjá oddvita fyrir móskurðar- og slægna afnotum, gegn 2. kr. gjaldi til bæjarsjóðs.

VII. KAFLI.

16. gr.

Gjöld þau, sem ákveðin eru í reglum þessum, má taka lögtaki.

17. gr.

Brot á reglum þessum varða sektum frá 10—500 krónum, ef ekki liggur við þyngri hegning að lögum.

Með mál, sem rísa út af brotum á reglum þessum, skal farið sem almenn lögreglumál.

18. gr.

Með reglum þessum eru úr gildi numdar reglur um hagbeit, upprekstur og fjallskil o. fl. í Ísafjarðarkaupstð 14. september 1896 og reglur um notkun vatnsveitu og sölu vatns á Ísafirði 12. desember 1910, ásamt öllum síðari viðaukum, og öll önnur ákvæði er koma í bága við þær.

19. gr.

Reglur þessar öðlast gildi þegar í stað.

Reglur þessar, sem bæjarstjórn í Ísafjarðarkaupstað hefir samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 67, 14. nóv. 1917, staðfestast hérmeð til að öðlast gildi 1. september 1921.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 8. ágúst 1921.

Í fjarveru ráðherrans.

Oddur Hermannsson.

Vigfús Einarsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Verðlaunasjóð Péturs Péturssonar óðalsbónda á Bollastöðum, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra Íslands 18. ágúst 1921. Skipulagsskráin er þannig: **75** 18. ágúst

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Verðlaunasjóð Péturs Péturssonar óðalsbónda á Bollastöðum.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Verðlaunasjóður Péturs Péturssonar óðalsbónda á Bollastöðum og er stofnaður með gjafabréfi hans, dags. 15. september 1919. Stofnfé sjóðsins er 3000 — þrjú þúsund — krónur.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að hvetja menn til góðrar meðferðar á búpeningi. Skal það gert með vitnisburði og verðlaunum, sem veitt séu af vöxtum sjóðsins fyrir nægar fóðurbirgðir jafnframt góðri meðferð á búpeningi öllum.

3. gr.

Verksvið sjóðsins er Bólstaðarhlíðarhreppur.

4. gr.

Dómendur um verðleika til verðlauna skulu vera tveir forðagæzlumenn hreppsins. Sé forðagæzlumenn fleiri skal á vorhreppaskilum ákveða hverjir gegna skuli starfi þessu.

5. gr.

Áður en menn sleppa skepnum sínum á vorin skulu áðurnefndir forðagæzlumenn fara saman um hreppinn og skoða fóðurbirgðir manna og ásigkomulag búpenings. Verði ágreiningur þeirra á milli um hverjir verðlaunin skuli hljóta, skal hreppstjóri tafarlaust tilkvaddur og sker hans atkvæði úr.

Að því loknu skulu þeir senda viðkomandi hreppsnefnd tilkynningu um hverjir verðlaunin hljóti það ár.

6. gr.

Við veitingu verðlauna má taka nokkurt tillit til kringumstæðna. Að öðru jöfnu skal sá ganga fyrir, sem búið hefir lengur í hreppnum, ef búsetutími þeirra hvors um sig er ekki yfir 10 ár og að sjálfsögðu getur sami maður hlotið verðlaun oft.

75 18. ágúst

Þrenn verðlaun má veita og séu hlutföllin þessi:
fyrstu verðlaun sem 4,
önnur verðlaun sem 2,
þriðju verðlaun sem 1.

Verðlaunin afhendist á vorhreppaskilum ásamt skriflegri tilkynningu um veitinguna.

7. gr.

Sjóðurinn skal vera á vöxtum í Sparisjóði Húnavatnssýslu eða öðrum vel tryggðum opinberum sjóði.

Við stofnfé skal ávalt leggja að minnsta kosti 1/10 vaxtanna, en allt að 9/10 sé varið til verðlauna. Þegar ekki álízt ástæða til verðlauna leggjast allir vextirnir við höfuðstólinn.

8. gr.

Hreppsnefnd Bólstaðarhlíðarhrepps hefir umsjón og stjórn sjóðsins á hendi; ennfremur fjárreiður hans og árleg reikningsskil.

Hún skal halda gerðabók, er í skal rita gerðir funda, verðlaunaveitingar og ársreikninga sjóðsins.

9. gr.

Árlegt eftirlit með reikningshaldi og eign sjóðsins hefir sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu.

10. gr.

Nú virðist hreppsnefnd nauðsynlegt að breyta einhverjum atriðum í skipulagsskránni, er henni það heimilt, en þó mega breytingarnar að engu leyti koma í bága við tilgang gefandans.

11. gr.

Almanaksárið er reikningsár sjóðsins.

Skipulagsskrá þessi var samin og samþykkt á fundi hreppsnefndar Bólstaðarhlíðarhrepps 10. apríl 1920 að Gunnsteinsstöðum. Það vottar

Gunnsteinsstöðum, 20. maí 1921.

Hafsteinn Pétursson
oddviti.

FJALLSKILAMÁLAREGLUGERÐ

76
22. ágúst

I.

Stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Sýslunefnd hefir yfirstjórn og umsjón allra fjallskilamálefna sýslunnar. Hreppsnefnd hefir stjórn og framkvæmd á slíkum málefnum í sveitarfélagi sínu, eða í samvinnu, þar sem fleiri sveitarfélög en eitt hafa réttafélag sameiginlegt.

2. gr.

Hreppsnefndir geta gert ákvarðanir um fjallskilamál, hver í sveit sinni og upprekstrarlöndum hennar, en eigi má með því raska reglugerð þessari, og er hreppsnefnd hverri skylt að gæta þess, að ákvæðum hennar sé í öllu hlýtt.

3. gr.

Verði ágreiningur milli hreppsnefnda út af fjallskilamálefnum, heyrir hann undir úrskurð sýslunefndar, og eins allar kröfur eða kærur á hendur sveitarstjórnarvöldum út af slíkum málefnum. Einstakir menn geta komið sér saman um að leggja ágreining um slík mál undir úrskurð sýslunefndar, er þá skal vera bindandi fyrir málsaðila.

II.

Upprekstrarlönd og notkun þeirra.

4. gr.

Land allt í sýslunni greinist í upprekstrarlönd og heimalönd. Það teljast upprekstrarlönd, sem búpeningur gengur í á sumrum, en eru svo fjarlæg byggð, eða þannig á sig komin, að lítt notast á vetrum, hvort sem eru lönd einstakra jarða eða félagsleg afréttarlönd, og sé skipaðar leitir í þeim til rétta. Öll önnur lönd, nærlægari byggð, sem búfénaður getur í gengið, teljast heimalönd.

5. gr.

Enginn má taka annara skepnur í félagslegt upprekstrarland (afrétt), né án leyfis hreppsnefndar hafa það til sérnota fyrir sig, svo sem til slægna, selstöðvar eða þvílíks. — Enga skepnu má færa í upprekstrarland né skilja þar eftir án heimildar landráðanda.

Fénað, sem færður hefir verið í upprekstrarland (afréttarfénað), má eigi ónáða þar né þaðan taka, án leyfis eða tilsjónar landráðanda, fyrr en í haustleitum.

6. gr.

Hafi maður meira upprekstrarland en svo, að þurfi til eigin nota, og hafi eigi leigj-

76 endur að innansveitar, skal hann bjóða hreppsnefnd forgangsrétt til leigu á því eða upp-
22. ágúst reksturs í það fyrir 1. maí og tilgreina leigukjör. Hafi hreppsnefnd eigi fyrir mailok tilkynnt honum að hún vilji leigja, er honum heimilt að leigja öðrum.

Sá, sem upprekstur tekur í land sitt, skal fyrir 1. ágúst ár hvert skýra hreppsnefnd frá hverjir noti upprekstur hjá honum það sumar og fyrir hve margt sauðfé og hross hver. Sá er þetta vanrækir missir rétt til að kæra yfir álögðum fjallskilum (48. gr.).

7. gr.

Þyki ofsett í ógirt upprekstrarland má krefjast þar ítölu. Tilnefna málsaðilar hvor einn mann í þá gerð, en næsti hreppstjóri sé oddamaður, eða dómkvaddur maður í hans stað, sé hann við málið riðinn. Sé ítölugerð áfrýjað, dómnefnir sýslumaður þrjá óvilhalla menn, og sé einn formaður, til endilegrar gerðar um það mál. Kostnaður við þá gerð greiðist að hálfu úr sveitarsjóði, en að hálfu af landráðanda ef ofsett álízt að vera í landið, ella (að hálfu) af þeim er ítölu krafðist. Sama gildir um borgun til oddamanns við frumgerðina.

III.

Heimalönd og friðun þeirra.

8. gr.

Bannað er að færa skepnur í heimaland eða skilja þar eftir heimildarlaust, nema víst sé að þar eigi frjálst að vera. Sá, er þetta ákvæði brýtur, greiði landráðanda bætur, auk sektar. Sé eigandi viljandi valdur að færslunni má með skepnurnar fara sem óskilafé (11., 32.—33. gr.).

9. gr.

Bannað er að taka nokkra skepnu, þótt sjálfur eigi, í heimalandi, ef spjald með bæjarnafni og nafni hreppstjóra þar í sveit er á fest, nema þamþykki gæzlumanns eða leyfi hreppstjórans komi til (sbr. 11. gr.).

10. gr.

Gangi fénaður úr upprekstrarlandi í heimaland getur sá eða þeir er fyrir slíkum ágangi verða, rekið fénaðinn aftur í upprekstrarlandið, en í land nágranna má ekki reka (8. gr.). Ber grönnum að leggja hver öðrum lið til slíkrar vörzlu. Séu mikil brögð að ágangi á heimalönd í sveit, getur hreppsnefnd gert ráðstafanir til að afstýra honum (31. gr.), en þær ráðstafanir skal með nægum fyrirvara tilkynna nálægum sveitum. Skal þá með óhirt fé, er innansveitar hefir rétt til að ganga, svo og óþekkt úrgangsfé, fara eftir ráðstöfun hreppsnefndar. Utansveitarfé, er sést hvar á heima og eigi er hirt, getur hreppsnefnd ákveðið að rekið sé til heimkynnis þess. Kostnað við þann rekstur má greiða úr sveitarsjóði, en hann á kröfu til eigenda fénaðarins um fulla borgun fyrir reksturinn og áganginn, nema fénaðareigandi sanni að hann hafi það sumar fært skepnurnar í heimilt upprekstrarland, eða þær átt frjálst að ganga í heimalandi hans (sbr. 14. gr.) og eigi verið þaðan færðar af hans völdum.

11. gr.

Leggja má hald á hross, sem ágang gera í heimalandi, og skal þá sá, er fyrir ágangi

verður af þeim, jafnframt tilkynna umráðamanni þeirra það, og aðvara hann um að hirða þau, ef séð verður hvar heima eiga, ella má tilkynna þau hreppstjóra til ráðstöfunar, en hann leggur til á þau merkispjöld um gæzlutímann (9. gr.). Hagagjald má reikna ½ álnar virði um sólarhring fyrir hross, talið frá því tilkynning er send. Hagagjald og kostnaður við tilkynning greiðist um leið og hrossa er vitjað, ella má halda þeim og hafa að veði unz greitt er, eða fara skal með þau sem óskilafé (33. gr.), ef viku lengur dregst að hirða þau frá því tilkynningin kom á heimili umráðamanns eða til heimkynnis hrossanna, er merkin sýna (38. gr.). 76 22. ágúst

IV.

Vorsmalanir.

12. gr.

Hreppsnefnd skipar fyrir um smalanir á vorum eftir þörfum, bæði í heimalöndum og upprekstrarlöndum sveitarinnar. Eru allir, sem ábúð eða afnot jarðar hafa, skyldir að hlýða þar að lútandi ráðstöfunum hennar.

Rétt er að hreppsnefnd gefi öðrum sveitum, sem þar eiga fjár von, kost á að senda menn til smölunar og aðstoðar við réttun, og sé það gert, skulu þeir háðir stjórn þar við þau störf, og mega hirða um fé sveitar sinnar í réttunum.

13. gr.

Hreppsnefnd skipar réttastjóra í vorréttum, og eru allir viðstaddir skyldir að hlýða honum. Hann gerir ráðstafanir til að hirt sé um rúning fjár og mörkun lamba, er fjarstaddir menn eiga þar eða aðrir, sem eigi hafa tekið þátt í smölun í sveitinni, og að réttunarstörfin fari fram með góðri reglu, ull komist til skila, lömb séu rétt mörkuð og komist til mæðra sinna. Skal hreppsnefnd ákveða sanngjarnt gjald fyrir rúning og skil á ull og fyrir mörkun lambs. Við heimasmalanir skulu menn og gera sér far um að greiða eftir föngum fyrir skepnum fjarlægra eigenda á sama hátt, gegn samskonar ákveðinni borgun. Þekkist eigi eigandi kindar, sem rúin er, skal ullin, ásamt marklýsingu, send hreppstjóra, er fer með hana sem óskilafé (33. gr.).

V.

Upprekstrarákvæði.

14. gr.

Hreppsnefnd skal láta þeim sveitarbúum, er þess óska, í té álit sitt um, hve margan fénað, auk málnytarpenings og taminna hrossa, þeim sé frjálst að hafa í ógirtu heimalandi um sumartímann. Að öðru leyti ber öllum, sem eiga eða hafa til umráða dilkær, frá-færulömb, geldfé eða ótamin hross, að reka upp slíkan fénað, nema í fullheldri girðingu sé. Þeir, sem ekki eiga víst upprekstrarland eftir þörfum, snúi sér til hreppsnefndar fyrir 15. maí með tilmæli um, að hún útvegi þeim upprekstrarleyfi, og ber henni þá að hlutast til um þetta (6. gr.). Vanræki maður að útvega sér upprekstrarleyfi eða að reka upp fénað

76 sinn, og kæri nágrannar hans það fyrir hreppsnefnd, getur hún, ef þörf gerist, annast
22. ágúst um þetta, en vanrækslumaður greiði allan kostnað, er af því leiðir, auk sektar.

Mannýgar skepnur, hrúta eða naut, má alls eigi upp reka né hafa óhamlaðar í heimalandi.

VI.

Fjallskil.

15. gr.

Fjallskilaskyldur er hver sá, sem fénað á eða hefir til umráða, hvort sem jörð hefir til afnota eða eigi. Svo má og leggja fjallskil á notanda jarðar þótt hann hafi eigi skepnur til umráða. — Til leita í hverju upprekstrarlandi ber einkum að skipa þá er það nota. — Öllum er skylt að leggja til fjallskila eftir fyrirskipun hreppsnefndar; skal fyrirskipun hennar um aðal-haustfjallskil birt með fjallskilaboði, er komið sé til kynna þeim, er hlut eiga að máli, viku fyrir fyrstu haustleitir.

Fjallskilakostnaði má jafna niður og leggja á bæði í vinnu og í peningum, eftir því sem hreppsnefnd álítur hagkvæmt.

16. gr.

Hver maður er fjallskilaskyldur í sveitarfélagi því, sem hann á heimili í. Fjallskil má leggja á mann þar sem hann notar upprekstur fyrir skepnur sínar, þótt utansveitar sé, og er honum þá skylt að hlýða í því efni fyrirmælum hreppsnefndar þeirrar sveitar, er hann rak upp í; en eigi er hann fyrir það laus við fjallskilaskyldu í sveit sinni, nema að því leyti, sam hann fær þar undanþágu. — Til fjallskila telst eitt hross í upprekstri jafnt 6 sauðkindum.

Umráðamaður lands, sem tekið hefir til sumargöngu fénað af utansveitarmönnum, á að tilkynna þeim, hver fjallskil þeim eru ætluð í fjallskilaboði sveitarinnar, og ber hann ábyrgð á fjallskilum þeirra gagnvart hreppsnefndinni.

VII.

Haustleitir.

17. gr.

Þrennar skulu vera aðal-haustleitir til rétta. Skal í hvert sinn leita öll upprekstrarlönd, er sókn eiga að hverjum réttum. — Leitir fara venjulega fram daginn áður en réttað er. Lamað fé og ósjálfbjarga ber einnig að færa til rétta. Hrossum sé safnað í 2. og 3. leit.

18. gr.

Hver sá, er ábúðarnot jarðar hefir, skal vandlega smala heimalönd hennar í hvert sinn er leitir fara fram, og færa úrtíning þaðan til rétta eða saman við safn á leið þangað. Getur hreppsnefnd ákveðið smölunardag, og einnig skipað menn til að hafa eftirlit með því, að þessu sé hlýtt, og að úrtíningur sé rekinn í samlögum frá bæjum, sem langt eiga til réttanna; má telja slíkt eftirlit með fjallskilum. En sé heimalandssmölun og færsla úrtínings til rétta vanrækt, skal hreppsnefnd láta gera þetta, eftir því sem við verður komið, og er jarðarnotandi skyldur að greiða allan kostnað af því leiðandi, auk sektar.

19. gr. 76

Hreppsnefnd skipar foringja fyrir hverja leit, og varaforingja, er þurfa þykir. 22. ágúst
Leitaforingjar skipa fyrir um leitir, og ræður hver þeirra yfir safni sínu unz það er komið í réttir, eða skipaður safngæzlumaður tekur við umsjón þess. — Leitarmönnum ber að sýna leitarforingja fulla hlýðni meðan þeir eiga að vera undir stjórn hans.

20. gr.

Skipa skal menn til að vera í útréttum, þar sem að mun er von fénaðar úr sveitinni, nema á annan hátt sé um hirðing hans samið. Séu fleiri menn en einn sendir í útréttir saman, ber að tilnefna foringja fararinnar, og skal hann hafa gætur á að vandlega sé hirtur þar fénaður úr sveitinni, vel með hann farið og honum haldið til skila er í sveitina kemur.

21. gr.

Sá, er eigi hirðir um að senda mann í leit eða vanrækir að gera önnur fyrirskipuð fjallskil, skal greiða í sveitarsjóð það, sem hin vanræktu fjallskil eru af hreppsnefnd metin til verðs, auk sektar. Kaupa má, ef kostur er, menn í stað þess er vantar, á kostnað sveitarsjóðs. Ef maður, sem sendur er í útréttir eða leit, reynist svo liðléttur eða illa útbúinn, að eigi fái unnið fullt gagn, að dómi foringja hans og annara réttsýnna manna, er um vita, greiði sá, er þann mann sendi, sveitarsjóði fulla borgun eins og fyrir vanrækt fjallskil, og má, ef þörf gerist og unnt er, kaupa mann í hans stað á kostnað sveitarsjóðs.

VIII.

Réttir og réttastörf.

22. gr.

a. Eyjaréttir í Kjós; fyrsti réttadagur: þriðjudagur í 22. viku sumars; réttafélag: Kjósarhreppur. Sundurdrátt má hafa að Fossá.
b. Kollafjarðarréttir á Kjalarnesi; fyrsti réttadagur: miðvikudagur í 22. viku sumars; réttafélag: Kjalarnesshreppur. Sundurdrátt má hafa við Arnarhamar.
c. Hafravatnsréttir í Mosfellssveit; fyrsti réttadagur: þriðjudagur í 22. viku sumars; réttafélag: Mosfellssveit og Seltjarnarnesshreppur ásamt Reykjavíkurbæjarlandi. Sundurdrátt má í síðari réttum hafa þar sem hreppsnefndir réttafélagsins ákveða. — Önnur réttun fer fram í öllum réttunum 2 vikum síðar sama vikudag og fyrsta réttun, og 3. réttun 2 vikum þar frá. — Úrgang úr sundurdráttarétt skulu tilkvaddir menn reka svo fljótt sem verða má, að í tækan tíma sé kominn til aðalrétta.

23. gr.

Réttastæði má breyta eftir tilsögn hreppsnefndar, hafi $\frac{2}{3}$ fjallaskilaskyldra búenda í réttafélagi samþykkt það, og komi samþykki sýslunefndar til. Sama gildir ef réttafélagi skal breyta. Sé réttastæði breytt skal það auglýst í lögbirtingablaði landsins. — Eigi má synja um réttastæði, þar sem hreppsnefnd óskar að hafa það, ef eigi er ræktað land.

76
22. ágúst

24. gr.

Ábúandi jarðar, er land á undir réttum, fær úr sveitarsjóði þóknun fyrir átroðning af réttunum eftir samkomulagi eða mati dómkvaddra manna.

25. gr.

Bygging og viðhald rétta, með nægum dilkum fyrir fénað réttafélagsmanna, ómerkingadilk og safngerði, annast hreppsnefnd þar sem réttir eru. Við aðalréttir hverjar skal utansveitarmönnum, er þar eiga von fjár að mun, skylt að hafa dilk fyrir fénað sinn, og ber hreppsnefnd þar sem réttirnar eru, að annast bygging og viðhald slíkra dilka á kostnað notasveitarinnar.

Kostnaði við bygging og viðhald rétta skal hreppsnefnd, hver í sinni sveit, jafna niður, að ⅔ eftir tölu sauðfjár og fjallskilaskyldu-hrossa, en að ⅓ eftir tölu jarðahundraða að því er landbúnaðarjörðum viðkemur, en á landlitlum sjávarjörðum ber að jafna á eins mörg hundruð, eins og áhöfn búpenings er á þeim eða gæti verið að hundraðatali (í friðu) eftir áliti hreppsnefndar.

26. gr.

Hreppsnefnd skipar réttavörð, er hafi gætur á að réttir sveitarinnar séu jafnan í góðu standi. Það, sem réttavörður kostar til viðhalds rétta, greiðist honum úr sveitarsjóði eftir reikningi, er hreppsnefnd úrskurðar, en síðan jafnar hún þeim kostnaði á þá, er í hlut eiga (25. gr.).

27. gr.

Hreppsnefnd skipar réttastjóra til að sjá um réttastörfin; skal hann annast um að réttun byrji svo snemma dags sem verða má, og að góð regla og gangur sé á réttastörfunum; má enginn viðstaddur óhlýðnast fyrirskipunum hans þar að lútandi. Ber hreppstjóra að aðstoða hann, ef þörf gerist. — Réttastjóri getur skipað formann í hverju dilkfélagi, er sé honum til aðstoðar við réttastjórnina, sjái um drátt í dilkinn og rekstur fénaðarins úr réttunum. — Enginn má hleypa út úr dilk fyrr en réttastjóri leyfir og hefir látið kanna fé í dilknum; að því er hver viðstaddur skyldur að vinna, sem til er kvaddur; skal einkum vanda til skoðunar í þeim dilkum, sem margir draga í eða fé úr er rekið í fjarlægð.

28. gr.

Réttastjóri sér um að allir markleysingjar (ómarkaðir og eyrnaskemmdir), er í safni finnast, séu dregnir sér í dilk, og skal þeim, er þess óska, gefinn kostur á að láta mæður helga sér þar afkvæmi, undir umsjón manns, er hreppsnefnd hefir til þess skipað. Ber honum ásamt réttastjóra eða hreppstjóra að úrskurða um hvort móðir hafi helgað sér markleysing (lamb, kið, folald).

29. gr.

Réttastjóra ber að annast um að dreginn sé allur sá fénaður, er séð verður hvar á heima, eftir markaskrá eða þekking áreiðanlegra manna og sem viðstaddir menn fást til að birða og trúa má fyrir að koma til skila; má enginn, sem til þess er kvaddur, skorast undan aðstoð við þetta.

Við drátt fénaðar gengur hornamark fyrir eyrnamarki, skrásett brennimerki, ef

eigi eiga fleiri hið sama, fyrir eyrna- og hörna-marki og greinilega áletrað spjald (38. gr.) fyrir öðrum merkjum og mörkum. Þó er sá, sem forgangs merkið á, skyldur að gera grein fyrir, ef þess verður krafizt, hvernig hann hefir eignast skepnuna, og svo hver annara eigenda merkja eða marka. 76 22. ágúst

Úrgangsfé það, sem afgangs verður, eftir nákvæma skoðun á hverri skepnu við skrárdrátt, svo og markleysingja óútgengna, afhendir réttastjóri hreppstjóra sem óskilafé, en hann lætur skoða hverja skepnu á ný, semur með aðstoð tilkvaddra manna lýsing á þeim, og selur þær síðan við uppboð í réttunarlokin.

30. gr.

Í haustréttum eða leitum má eigi eyrnamarka fé nema með leyfi hreppstjóra og að viðstöddum 2 áreiðanlegum mönnum; skulu þeir, ef krafist verður, gera grein fyrir hvers vegna mörkunin fór fram og hvaða mark á var. Ef sala og kaup á skepnum fer fram í réttum, ber seljanda að skýra hreppstjóra frá því, og getur hann haft eftirlit með slíkri verzlun, þyki honum ástæða til.

IX.

Aukasmalanir.

31. gr.

Auk aðal-haustleita (17.—18. gr.) getur hreppsnefndin ákveðið smalanir á öðrum tímum. Sé svo ákveðið, að úrtíningur skuli þá rekinn til rétta, ber að tilkynna réttunardaginn nálægum sveitum. Þá er smalanir án réttunar fara fram, eru allir búendur og jarðanotendur skyldir til að greiða fyrir skilum á annara fénaði, er fyrir kemur í löndum þeirra og senda hann á rétta leið til næsta bæjar (sjá þó 8. og 10. gr.). Hreppsnefnd getur ákveðið rekstrarleiðir í sveitinni, ef þess er þörf. Ber búanda hverjum að flytja fénaðinn áfram bæ frá bæ í leið, unz til skila er kominn.

X.

Meðferð óskilafénaðar.

32. gr.

Markleysingja og annan óskilafénað, er fyrir kemur eftir afstaðnar haustleitir, skal sá, er slíkt kemur fyrir hjá, þegar senda á leið til hreppstjóra (31. gr.), og ber honum að ráðstafa því eftir beztu föngum, ella selja við uppboð (33. gr.).

Sé manni dregin skepna, sem ekki er eign hans, en þó með hans marki, er honum óheimilt að halda henni og auglýsa sjálfum, heldur ber að afhenda hana hreppstjóra sem annað óskilafé.

33. gr.

Óskilakindur skulu venjulega seldar án innlausnarfrests nema einkennt metfé sé (t. d. kynbóta- eða forustukindur). Metfé og hross, eldri en folöld, skal selja með 6 vikna innlausnarfresti frá söludegi og má kaupandi eigi farga þeim þann tíma né marka á eyr-

76 um, þótt í hans ábyrgð séu. Óskilafénað, sem hreppstjóra hefir verið sendur eftir aðal-
22. ágúst haustleitir (32. gr.) og eigi orðið til skila komið, svo og ágangshross sem í óskilum verða vegna þess, að eigi sést hvar heima eiga, á hverjum tíma árs sem fyrir koma, (11. gr.), selur hreppstjóri að undanfarinni uppboðsauglýsingu á þann hátt, sem í sveitinni tíðkast, þó með minnst viku fyrirvara eigi að selja hross, eldra en folald. — Borgun fyrir haga og gæzlu óskilafénaðar, svo og fóður, ef þess er þörf, ákveður hreppstjóri eftir gangverði á slíku þar í sveit. Sá, er kæra vill um of háan kostnaðarreikning, sendi kæru sína sýslunefnd, er leggur endilegan úrskurð á það mál.

Ákvæði þessarar greinar um innlausnarfrest og auglýsingarfyrirvara falla burt ef óskilaskepna, sem þau annars ættu við, er vegna fötlunar, sjúkleika, megurðar eða þvíliks ekki lífvæn eða fóðurtæk, að dómi 2 tilkvaddra, greinargóðra manna.

34. gr.

Eftir uppboð á skepnum þeim, sem með innlausnarfresti eru seldar, skal hreppstjóri við fyrsta tækifæri senda lýsing á þeim til birtingar í lögbirtingablaði landsins, og tilgreina söludag. Séu seldar skepnur innleystar, skal eigandi greiða 10% af uppboðsverðinu til kaupanda fyrir ábyrgð á þeim; svo greiði hann og annan áfallinn kostnað til innlausnardags.

35. gr.

Í janúarmánuði skal hreppstjóri senda markaverði skýrslu um óútgenginn óskilafénað, nema ómörkuð lömb, sem í sveitinni hefir seldur verið á næstliðnu ári. Skal lýsing hverrar skepnu byrja á marki, ef á er, og þeim raðað eftir stafrófi; semur markavörður síðan skýrslu í einu lagi um selt óskilafé í sýslunni, er birtist í lögbirtingablaði landsins.

36. gr.

Andvirði selds óskilafénaðar, að áföllnum kostnaði frádregnum, greiðist eiganda ef hann gefur sig fram við hreppstjóra og sannar honum eignarrétt sinn innan 1. ágúst næsta, ella greiði hreppstjóri það í sveitarsjóð fyrir septemberlok, og gefi jafnframt skýrslu til oddvita um allan óskilafénað, sem seldur hefir verið þar í sveit fyrra ár, er fylgi sveitarsjóðsreikningi.

XI.

Mörk og markaskrár.

37. gr.

Hver, sem skepnur á eða hefir til umráða, er skyldur að hafa á þeim glöggt mark eða merki, svo vafalaust verði séð hvar þær eiga heima. Sé sauðfé með óskýru eða villandi eyrnamarki ber að hornmarka það, ef unnt er, og brennimerkja með skrásettu einkamerki. Séu héraðs- og sveitamörk eigi upp tekin, ber að hafa sveitarbrennimerki á hyrndu fé, eldra en lömbum; sé þetta vanrækt, getur eigandi ekki átalið, þótt féð verði eftir í úrgangi. Metfé ber að merkja með vel festu spjaldi, er orðið: m e t f é eða m e t sé á letrað, ella verður eigi átalið þótt það við óskilafjársölu sé selt án innlausnarfrests. — Við mörkun sauðfjár má alls eigi skera meira af eyra en svo, að minnst ¾ hlutar þess séu óskertir.

38. gr. 76

Hver sem hefir undir hendi hross, sem ekki er með eyrnamarki skrásettu í gild- 22. ágúst
andi markaskrá á því heimili, sem hrossið þá telst til, skal merkja það með spjaldi úr haldgóðu efni vandlega festu í faxið framanvert, eða með málmspjaldi festu í eyra, er á sé letrað svo greinilega að ekki sé um að villast hvar hrossið eigi að vera. Sé þetta vanrækt, getur enginn átalið þótt farið verði með hrossið sem óskilafé, ef það fer á flæking eða gerist ágangshross (11. og 33. gr.).

39. gr.

Markaskrá hefir Kjósarsýsla væntanlega sameiginlega með Gullbringusýslu, ásamt Hafnarfirði og Reykjavík (og ef um semur, Árnessýslusveitunum vestan vatna, sbr. „Ingólfs skrána" 1917). — Enginn má taka upp mark, sem sammerkt er eða villandi námerkt við annað skrásett mark á því svæði, sem skráin tekur yfir, né annarsstaðar í Árnessýslu eða í Borgarfjarðarsýslu. Mikil særingarmörk má eigi upp taka né þau mörk, sem vandgerð eru svo að eigi valdi vafa.

40. gr.

Þá er markaskrá skal prenta fyrir skrársvæðið (39. gr.), væntanlega 5. hvert ár, skal hver markeigandi, sem eigi vill láta mark sitt niður falla, koma því í skrána, og greiða markgjaldið. Fyrir nýtt mark skal greiða 5-falt markgjald. Sýslunefnd getur ákveðið stighækkandi markgjald fyrir fleiri sauðfjármörk en eitt hjá manni. Hafi maður sérstaklega hrossamark má það einungis nota á hross (og naut).

Prenta ber svo mörg eintök af markaskránni handa Kjósarsýslubúum, að hver markeigandi geti fengið eitt, og auk þess nokkur til vara, og til að senda í nálæg héruð, þar sem von er fjársamgangna úr sýslunni. — Fjallskilamálareglugerð sýslunnar ber að prenta með markaskránni.

Áður en mörkum er safnað til prentunar skal sýslunefnd hafa ákveðið markgjald, til lúkningar kostnaði við söfnun markanna, skráning og útgáfu skrárinnar. Nægi markgjaldið eigi, greiðist það, er á skortir, úr sýslusjóði, og í hann rennur afgangur, ef nokkur verður.

41. gr.

Sýslunefnd kýs markavörð (væntanlega í samráði og samvinnu við sýslunefnd Gullbringusýslu) til að annast allt það, er að upptöku marka og útgáfu markaskrár lýtur, í hvert sinn sem ákveðið er að prenta markaskrá að nýju, og gildir kosning hans millitímabilið; sama gildir um vara-markavörð. — Hreppsnefnd hver kýs mann til að safna og raða mörkum í sveitinni og innheimta markgjöldin; kosning hans skal oddviti tilkynna markaverði fyrir lok ágústmánaðar það ár, sem mörkum skal safna. Markasafnari fær sem þóknun 10% af markgjöldum úr sveitinni, en að öðru leyti sendir hann þau með markaseðlunum til markavarðar, er að lokinni skrárútgáfu gerir reikningsskil til sýslunefndar.

Markavörður skipar fyrir um tilhögun markasöfnunar og allt, er þar að lýtur; ber safnendum að haga sér í því eftir fyrirmælum hans; þeir skulu gera grein fyrir hver mörkin eru ný, en svo teljast þau mörk, sem eigi eru í skrá þeirri, er þá gildir í héraðinu, eða hafa auglýst verið samkvæmt reglugerð þessari (41.—42. gr.).

Vel ber að vanda til allra starfa við uppskrift og söfnun marka, röðun í skrá, prófarkalestur og allt því viðkomandi. Verði bagaleg villa í markaskrá ber þeim, sem að henni er valdur, að gefa út leiðréttingu og auglýsa á sinn kostnað í lögbirtingablaði landsins.

42. gr.

Það sem markavörður finnur athugavert við þau mörk, sem honum berast, skal hann tilkynna bréflega þeim, er í hlut eiga, og jafnframt benda á annað mark, er koma megi í stað hins senda. Hafi svör við slíkum bréfum eigi borizt honum fyrir ákveðinn tíma, getur hann litið svo á að hið ávísaða mark sé þegið, og sett það í skrána í hins stað.

Vilji maður taka upp mark eða nota aðflutt mark á skrársvæðinu milli markasöfnunarára, skal hann um það leita samþykkis markavarðar, og að því fengnu auglýsa markið í lögbirtingablaðinu; er honum það þá frjálst til notkunar, en óheimilt að öðrum kosti. Hverri slíkri markleyfisumsókn fylgi 10-falt markgjald, er greiðist markaverði fyrir ómak hans.

43. gr.

Sýslunefnd leiti samvinnu við nágrannsýslunefndir um gagnkvæmar ráðstafanir til að afstýra sammerkjum og námerkjum, einkum að þegar markaskrársetning fer fram í þeim héruðum, þá beri skrársemjendur sig saman við markavörð um ný mörk, nöfn marka, tilhögun í skránum og annað þar að lútandi.

XII.

Rekstra-ákvæði.

44. gr.

Við rekstur sauðfjár og hrossa um Kjósarsýslu, á leið til útflutnings eða slátrunar, skal gæta ákvæða þessarar greinar, og hinnar næstu (44.—45. gr.).

Formaður skal vera fyrir rekstrarmönnum, og ber hann ábyrgð á að rekstra-ákvæðunum sé hlýtt; að honum skal mega ganga um greiðslu sektar, ef til þess kemur; hann skal, ef krafizt verður, gera nákvæma grein fyrir tölu skepnanna í rekstri hans, og annast skal hann um að allar skepnur í rekstrinum séu með rekstrarmerki, jafnan svo skýru að eigi sé um að villast.

Rekstri skal svo haga að forðast sé að skemma lönd þau, sem um er farið, og má alls eigi æja í heimalöndum án heimildar. Eigi má reka yfir heimalönd annarsstaðar en almenningsvegir liggja, nema leyfi landráðanda sé fengið. Varast skal að annar fénaður lendi saman við, og má alls eigi á ferð vera með rekstur þegar rökkvað er af nóttu.

Rekstursformaður ber ábyrgð á að nægilega sé liðað við reksturinn. Við mikla rekstra skal jafnan vera maður á undan (framan við) til að gæta varúðar, en það telst mikill rekstur ef fleira er en 300 kindur eða 80 hross.

45. gr.

Lendi öðrum skepnum saman við rekstur, þá skal að næsta bæ, eftir að þess verður vart, aðgæta reksturinn vandlega og taka úr það sem saman við hefir komizt; er heimamönnum skylt að leggja lið til þess eftir ástæðum, endurgjaldslaust allt að stundar bið, en ef lengur er, gegn endurgjaldi, sem formaður rekstursins sér um greiðslu á. Hann skal annast um að skepnur þær, sem saman við hafa komist, komist aftur til átthaga sinna svo fljótt sem verða má, eigendum þeirra að kostnaðarlausu. — Sá, er fyrir baga verður af misrekstri, á aðgang að rekstursformanni um bætur, en hann aftur að þeim, er valdið kann að hafa.

XIII. 76
22. ágúst

Refavinnslu-ákvæði.

46. gr.

Hreppur hver telst refaveiðasvæði. — Hreppsnefnd skal vandlega hafa gát á og sporna við því, að refir geti hafst við í löndum þeim, er sveitinni tilheyra; skal hún gera ráðstafanir til að leitað sé að grenjum, þau unnin og refum eytt hvenær og hvar sem hittast. Skulu nágranna-hreppsnefndir vinna saman að slíkum ráðstöfunum, svo samtaka geti orðið um fjörráð við refi, ef þeirra gerist vart að mun. — Hreppsnefnd getur skipað refavörð, eða falið manni, sem hún álítur bezt til fallinn, að hafa á hendi framkvæmdir á ráðstöfunum hennar þessu viðvíkjandi. Kostnaður, er af refavinnslufram-kvæmdum leiðir, greiðist úr sveitarsjóði.

Verði nokkur sýslubúa var við refi eða smogin gren þeirra í sýslunni, eða í næstu löndum við hana, skal hann þegar skýra oddvita sveitar sinnar eða refaverði nákvæmlega frá um það, og vísa á staðinn, ef þurfa þykir.

Við lok hvers árs ber oddvita hreppsnefndar að senda oddvita sýslunefndar skýrslu um starfsemi í sveitinni á því ári til að verjast og eyða refum. — Sýslunefnd skal hafa gætur á að hreppsnefndir geri skyldu sína í þessum efnum, og gera ákveðnar fyrirskipanir þar að lútandi, ef ástæða verður til.

XIV.

Ýmisleg ákvæði.

47. gr.

Bannað er að misþyrma skepnum á nokkurn hátt, svo sem með svelting, hundbeiting, hártogun og öðru þvílíku við réttir, í rekstrum eða gæzlu, í leitum, heimasmölunum, eða annari viðureign og meðferð. Brot gegn þessu varða skaðabótum og hegningu að lögum.

48. gr.

Enginn má fresta að framkvæma þær fyrirskipanir, sem gerðar eru samkvæmt reglugerð þessari, þótt óánægður sé með þær, né að greiða ákveðin gjöld. Sá, sem órétti þykist beittur í slíku, getur kært það, og gilda um þær kærur sömu reglur sem um útsvarskærur.

49. gr.

Í fjallskilamálum gilda um geitfé sömu ákvæði og um sauðfé, um nautpening, ef upp er rekinn eða í óskilum verður, sömu og um hross.

50. gr.

Sektir fyrir brot á reglugerð þessari eða gegn einstökum ákvæðum hennar eru 1—200 krónur, er renna í sveitarsjóð þar sem brotið er framið. — Einföld sekt þó aðeins 1—100 krónur, nema þyngri hegning liggi við að lögum. — Tvöföld sekt skal vera fyrir brot gegn ákvæðum 8.—9. gr. og 44.—45. gr. — Gjöld öll út af fjallskilamálum samkvæmt reglugerð þessari hafa lögtaksrétt sem sveitargjöld.

76
22. ágúst

51. gr.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið með sem almenn lögreglumál.

52. gr.

Reglugerð þessi gengur í gildi 1. september 1921 og er jafnframt úr gildi felld „Reglugerð fyrir Kjósarsýslu um fjallskil og fl., 3. ágúst 1909“ og „Reglugerð um grenjaleitir og refaveiðar í Kjósar- og Gullbringusýslu, 30. júlí 1891“ og viðauki við hana, 29. júní 1894 að því er Kjósarsýslu viðkemur.

Reglugerð þessi, sem sýslunefndin í Kjósarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaga 10. nóv. 1905 og lögum nr. 48, 28. nóv. 1919, staðfestist hérmeð til að öðlast gildi 1. september 1921.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 22. ágúst 1921.

Í fjarveru ráðherrans.

Oddur Hermannsson.

Páll Pálmason.

77
22. ágúst

AUGLÝSING

um

breyting á gjaldskrá fyrir rafveitu Suðurfjarðahrepps frá 22. maí 1919.

Í stað orðanna „10%“ í síðustu málsgrein 1. gr. gjaldskrár fyrir rafveitu Suðurfjarðahrepps frá 22. maí 1919 komi: 60%.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 22. ágúst 1921.

Í fjarveru ráðherrans.

Oddur Hermannsson.

Páll Pálmason.

Staðfesting konungs á stofnskrá „Gullpennasjóðsins", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra Íslands 24. ágúst 1921. Stofnskráin er þannig: 78 24. ágúst

STOFNSKRÁ

„Gullpennasjóðsins".

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með tillögum þeirra manna, er útskrifuðust úr Reykjavíkur lærða skóla 1896 og lifðu það að verða 25 ára stúdentar í júnímánuði 1921, og tekur hann við tillögum síðar frá stofnendum eða afkomendum þeirra. Stofnfé er kr. 3650,00.

2. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands og skal leggja öll tillög og gjafir við höfuðstól hans, svo og að minnsta kosti ¼ ársvaxta.

3. gr.

Allir vextir leggjast við sjóðinn unz hann er orðinn svo stór, að ¾ ársvaxtanna nemi 200 kr. og andvirði gullpenna, er þá skal veita að verðlaunum fyrir bezta íslenzka ritgerð um sjálfvalið efni, eða skáldsögu, samda af nemanda í efsta bekk Hins almenna menntaskóla í Reykjavík, eða þess skóla, er koma kynni í hans stað, og sé hún eigi meira en 5000 orð að lengd og send dómendum fyrir 1. apríl. Verðlaunin skulu afhent við skólauppsögn, en verðlaunaritgerðin eða sagan birt í einhverju íslenzku tímariti og þess getið að hún hafi hlotið verðlaun úr sjóðnum.

Nú þykir dómendum eitthvert ár engin af ritgerðum þeim eða sögum, er þeim berast verðlauna verð, og leggjast þá ársvextir óskiptir við höfuðstólinn.

4. gr.

Þegar sjóðurinn hefir vaxið svo að ¾ ársvaxtanna nemi 400 kr. eða meira fram yfir það, sem veitt er til verðlauna, má 6. hvert ár veita úr honum styrk til untanfarar efnilegasta umsækjanda, enda hafi hann fengið verðlaun úr sjóðnum. Eigi má utanfararstyrkur minni vera en 2000 kr.

5. gr.

Rektor skólans hefir stjórn sjóðsins á hendi og birtir árlega reikning hans og skýrslu um störf hans í skýrslu skólans.

6. gr.

Dómendur um ritgerðir þær og sögur, er sendar eru til verðlauna, og um þá menn, er sækja kynnu um utanfararstyrk úr sjóðnum, eru: aðalkennari skólans í íslenzku, aðalprófessor í íslenkum bókmenntum við Háskóla Íslands og sá af stofnendum sjóðsins eða af-

78 komendum þeirra, er rektor skólans tilnefnir ár hvert. Sé efni ritgerðar þann veg, að eng-
24. ágúst inn af dómendum þykist bær um að dæma, skal leita umsagnar bezta sérfræðings, er til næst. Formaður dómnefndar er aðalkennari skólans í íslenzku.

Reykjavk, 30. júní 1921.

G. Björnsson. Guðm. Finnbogason. Þórður Pálsson. Jónas Kristjánsson.
Magnús Þorsteinsson, Ing. Gíslason. A. Fjeldsted. Stefán Kristinsson.
Edwald F. Möller. Sv. Hallgrímsson. Jónmundur Halldórsson.
Steingrímur Matthíasson. H. Kr. Júlíusson. Þorbjörn Þórðarson. Árni Þorvaldsson.

79
29. ágúst

REGLUGERÐ

um

viðauka við reglugerð um notkun og meðferð rafmagns á Patreksfirði frá 3. október 1919.

Við 2. gr. reglugerðar um notkun og meðferð rafmagns á Patreksfirði frá 3. okt. 1919 bætist.

Nú hafa einstakir rafmagnsnotendur suðuáhöld, straubolta eða önnur áhöld, sem þurfa rafmagnsstraum, skal þá rafveitunefnd heimilt að heimta áhöldin framseld til geymslu eða ráðstöfunar eða slíta sambandi viðkomandi rafmagnsnotanda. Þó skal rafmagnsnotanda eigi skylt að afhenda slík áhöld ef rafmagnið er leitt í hús hans um straumtakmarkara.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 51, 3. nóv. 1915, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 29. ágúst 1921.

Í fjarveru ráðherrans.

Oddur Hermannsson.

Páll Pálmason.

EFNAHAGSREIKNINGUR 80

Spítalasjóðsins „Vinaminning“ hinn 31. desember 1920.

Tekjur:

1. Inneign við sparisjóð Árnessýslu 1. janúar 1920	kr.	2239 36
2. Gjafir til minningar um látna ættingja og vini	—	229 25
3. Sparisjóðsvextir 1920	—	123 45
	kr.	2592 06

Gjöld:

1. Lagt inn í sparisjóð	kr.	226 75
2. Sparisjóðsvextir lagðir við innlögin	—	123 45
3. 100 umslög	—	2 50
4. Til jafnaðar móti tekjulið 1	—	2239 36
	kr.	2592 06

Eign:

Inneign við sparisjóð Árnessýslu	kr.	2589 56

Eyrarbakka 31. desember 1920.

Gísli Pétursson. *Gísli Skúlason.* *P. Nielsen.*

81

Áætl-

um ferðir 19

Norðurlands-

Á leið frá

Póststöðvar	1. ferð	2. ferð	3. ferð	4. ferð	5. ferð	6. ferð
Frá **Reykjavík**	4 jan.	31 jan.	25 febr.	22 marz	11 apríl	7 maí
— Akranesi	4 —	31 —	25 —	22 —	11 —	7 —
— Borgarnesi	6 —	2 febr.	27 —	24 —	13 —	9 —
— Munaðarnesi	6 —	2 —	27 —	24 —	13 —	9 —
— Dalsmynni	6 —	2 —	27 —	24 —	13 —	9 —
að Stað	8 —	4 —	1 marz	26 —	15 —	10 —
Frá Stað	10 jan.	6 febr.	3 marz	28 marz	17 apríl	12 maí
— Staðarbakka	11 —	7 —	4 —	29 —	18 —	12 —
— Lækjamóti	11 —	7 —	4 —	29 —	18 —	13 —
— Sveinsstöðum	11 —	7 —	4 —	29 —	18 —	13 —
— (Stóru Giljá)	11 —	7 —	4 —	29 —	18 —	13 —
— Blönduósi	11 —	7 —	4 —	30 —	19 —	14 —
— Holtastöðum	12 —	8 —	5 —	30 —	19 —	14 —
— Æsustöðum	12 —	8 —	5 —	30 —	19 —	14 —
— Víðimýri	13 —	9 —	6 —	31 —	20 —	15 —
— Miklabæ	13 —	9 —	6 —	31 —	20 —	15 —
— Silfrastöðum	13 —	9 —	6 —	31 —	20 —	15 —
— Steinsstöðum	14 —	10 —	7 —	1 apríl	21 —	16 —
á Akureyri	16 —	11 —	8 —	2 —	23 —	17 —
Frá Akureyri	18 jan.	13 febr.	10 marz	4 apríl	28 apríl	19 maí
— Hálsi	18 —	13 —	10 —	4 —	28 —	19 —
— Ljósavatni	18 —	13 —	10 —	4 —	28 —	19 —
— Einarsstöðum	18 —	13 —	10 —	4 —	28 —	19 —
— Grenjaðarstað	19 —	14 —	11 —	5 —	29 —	20 —
— Reykjahlíð	20 —	15 —	12 —	5 —	30 —	21 —
að Grímsstöðum	22 —	17 —	14 —	6 —	1 maí	22 —
Frá Grímsstöðum	23 jan.	18 febr.	15 marz	7 apríl	2 maí	23 maí
— Skjöldólfsstöðum	24 —	19 —	16 —	8 —	3 —	24 —
— Hvanná	25 —	20 —	17 —	9 —	4 —	25 —
— (Fossvöllum)	25 —	20 —	17 —	9 —	4 —	25 —
— (Bót)	25 —	20 —	17 —	9 —	4 —	25 —
— (Ekkjufellsseli)	25 —	20 —	17 —	9 —	4 —	25 —
— Egilsstöðum	26 —	21 —	18 —	10 —	5 —	26 —
á **Seyðisfirði**	27 —	22 —	19 —	11 —	6 —	27 —

un

aðalpóstanna

22

póstur

Reykjavík

7. ferð	8. ferð	9. ferð	10. ferð	11. ferð	12. ferð	13. ferð	14. ferð	15. ferð
30 maí	20 júní	18 júlí	8 ág.	29 ág.	15 sept.	10 okt.	4 nóv.	1 des.
30 —	20 —	18 —	8 —	29 —	15 —	10 —	4 —	1 —
1 júní	22 —	20 —	10 —	31 —	17 —	12 —	6 —	3 —
1 —	22 —	20 —	10 —	31 —	17 —	12 —	6 —	3 —
1 —	22 —	20 —	10 —	31 —	17 —	12 —	6 —	3 —
2 —	23 —	21 —	11 —	1 sept.	18 —	14 —	8 —	5 —
4 júní	25 júní	23 júlí	13 ág.	3 sept.	20 sept.	16 okt.	10 nóv.	7 des.
4 —	25 —	23 —	13 —	3 —	20 —	16 —	11 —	8 —
4 —	25 —	23 —	13 —	3 —	20 —	17 —	11 —	8 —
5 —	26 —	24 —	14 —	4 —	21 —	17 —	11 —	8 —
5 —	26 —	24 —	14 —	4 —	21 —	17 —	11 —	8 —
5 —	26 —	24 —	14 —	4 —	21 —	18 —	12 —	9 —
5 —	26 —	24 —	14 —	4 —	21 —	18 —	12 —	9 —
5 —	26 —	24 —	14 —	4 —	21 —	18 —	12 —	9 —
6 —	27 —	25 —	15 —	5 —	22 —	19 —	13 —	10 —
6 —	27 —	25 —	15 —	5 —	22 —	19 —	13 —	10 —
6 —	27 —	25 —	15 —	5 —	22 —	19 —	13 —	10 —
7 —	28 —	26 —	16 —	6 —	23 —	20 —	14 —	11 —
8 —	30 —	27 —	17 —	7 —	24 —	21 —	16 —	13 —
10 júní	2 júlí	28 júlí	18 ág.	9 sept.	26 sept.	22 okt.	19 nóv.	15 des.
10 —	2 —	28 —	18 —	9 —	26 —	22 —	19 —	15 —
10 —	2 —	28 —	18 —	9 —	26 —	22 —	19 —	15 —
10 —	2 —	28 —	18 —	9 —	26 —	22 —	19 —	15 —
11 —	2 —	28 —	18 —	9 —	27 —	22 —	20 —	16 —
12 —	3 —	29 —	19 —	10 —	27 —	23 —	21 —	17 —
13 —	4 —	30 —	20 —	11 —	28 —	24 —	22 —	19 —
14 júní	5 júlí	31 júlí	21 ág.	12 sept.	30 sept.	26 okt.	24 nóv.	20 des.
15 —	6 —	1 ág.	22 —	13 —	1 okt.	27 —	25 —	21 —
16 —	7 —	2 —	23 —	14 —	2 —	28 —	26 —	22 —
16 —	7 —	2 —	23 —	14 —	2 —	28 —	26 —	22 —
16 —	7 —	2 —	23 —	14 —	2 —	28 —	26 —	22 —
16 —	7 —	2 —	23 —	14 —	2 —	28 —	26 —	22 —
17 —	7 —	2 —	23 —	14 —	2 —	29 —	27 —	23 —
18 —	8 —	3 —	24 —	15 —	3 —	30 —	28 —	24 —

Norðurlands- Á leið til

Póststöðvar		1. ferð	2. ferð	3. ferð	4. ferð	5. ferð
Frá **Seyðisfirði**	.....	18 jan.	12 febr.	9 marz	2 apr.	27 apr.
— Egilsstöðum	.....	19 —	13 —	10 —	3 —	28 —
— (Ekkjufellsseli)	.....	19 —	13 —	10 —	3 —	28 —
— (Bót)	.....	19 —	13 —	10 —	3 —	28 —
— (Fossvöllum)	.....	19 —	13 —	10 —	3 —	28 —
— Hvanná	.....	19 —	13 —	10 —	3 —	28 —
— Skjöldólfsstöðum	.....	20 —	14 —	11 —	4 —	29 —
að Grímsstöðum	.....	22 —	16 —	14 —	6 —	1 maí
Frá Grímsstöðum	.....	23 jan.	18 febr.	15 marz	7 apr.	2 maí
— Reykjahlíð	.....	24 —	19 —	15 —	8 —	2 —
— Grenjaðarstað	.....	25 —	20 —	16 —	9 —	3 —
— Einarsstöðum	.....	25 —	20 —	16 —	9 —	3 —
— Ljósavatni	.....	25 —	20 —	16 —	9 —	3 —
— Hálsi	.....	25 —	20 —	16 —	9 —	3 —
á Akureyri	.....	27 —	21 —	18 —	10 —	4 —

	1. ferð	2. ferð	3. ferð	4. ferð	5. ferð	6. ferð
Frá Akureyri	4 jan.	31 jan.	25 febr.	22 marz	11 apr.	6 maí
— Steinsstöðum	5 —	1 febr.	26 —	23 —	12 —	6 —
— Silfrastöðum	5 —	1 —	26 —	23 —	12 —	6 —
— Miklabæ	5 —	1 —	26 —	23 —	12 —	7 —
— Víðimýri	6 —	2 —	27 —	24 —	13 —	7 —
— Æsustöðum	6 —	2 —	27 —	24 —	13 —	8 —
— Holtastöðum	6 —	2 —	27 —	24 —	13 —	8 —
— Blönduósi	6 —	2 —	27 —	24 —	14 —	8 —
— (Stóru-Giljá)	6 —	2 —	27 —	24 —	14 —	8 —
— Sveinsstöðum	7 —	3 —	28 —	25 —	14 —	9 —
— Lækjamóti	7 —	3 —	28 —	25 —	15 —	9 —
— Staðarbakka	7 —	3 —	28 —	25 —	15 —	10 —
að Stað	9 —	5 —	2 marz	27 —	16 —	11 —
Frá Stað	10 jan.	6 febr.	3 marz	28 marz	17 apr.	12 maí
— Dalsmynni	10 —	6 —	3 —	28 —	17 —	12 —
— Munaðarnesi	11 —	7 —	4 —	29 —	18 —	13 —
— Borgarnesi	14 —	9 —	6 —	31 —	20 —	15 —
— Akranesi	14 —	9 —	6 —	31 —	20 —	15 —
í **Reykjavík**	14 —	9 —	6 —	31 —	20 —	15 —

póstur 81

Reykjavíkur

6. ferð	7. ferð	8. ferð	9. ferð	10. ferð	11. ferð	12. ferð	13. ferð	14. ferð	15. ferð
18 maí	9 júní	30 júní	26 júlí	16 ág.	7 sept	24 sept	20 okt.	18 nóv.	14 des.
19 —	10 —	1 júlí	27 —	17 —	8 —	25 —	21 —	19 —	15 —
19 —	10 —	1 —	27 —	17 —	8 —	25 —	21 —	19 —	15 —
19 —	10 —	1 —	27 —	17 —	8 —	25 —	21 —	19 —	15 —
19 —	10 —	1 —	27 —	17 —	8 —	25 —	21 —	19 —	15 —
19 —	10 —	1 —	27 —	17 —	8 —	25 —	21 —	19 —	15 —
20 —	11 —	2 —	28 —	18 —	9 —	26 —	22 —	20 —	16 —
22 —	13 —	4 —	30 —	20 —	11 —	27 —	24 —	22 —	18 —
23 maí	14 júní	5 júlí	31 júlí	21 ág.	12 sept	29 sept	25 okt.	24 nóv.	20 des.
24 —	14 —	5 —	31 —	21 —	12 —	29 —	26 —	25 —	21 —
25 —	15 —	6 —	1 ág.	22 —	13 —	30 —	27 —	26 —	22 —
25 —	15 —	6 —	1 —	22 —	13 —	30 —	27 —	26 —	22 —
25 —	15 —	6 —	1 —	22 —	13 —	30 —	28 —	26 —	22 —
25 —	15 —	7 —	1 —	22 —	13 —	30 —	28 —	26 —	22 —
26 —	16 —	8 —	2 —	23 —	14 —	1 okt.	30 —	28 —	24 —

7. ferð	8. ferð	9. ferð	10. ferð	11. ferð	12. ferð	13. ferð	14. ferð	15. ferð	
30 maí	20 júní	18 júlí	8 ág.	29 ág.	15 sept	10 okt.	4 nóv	1 des.	.....
30 —	20 —	18 —	8 —	29 —	15 —	10 —	5 —	2 —	.....
30 —	20 —	18 —	8 —	29 —	15 —	10 —	5 —	2 —	.....
31 —	21 —	19 —	9 —	30 —	16 —	11 —	5 —	2 —	.....
31 —	21 —	19 —	9 —	30 —	16 —	11 —	6 —	3 —	.....
1 júní	22 —	20 —	10 —	31 —	17 —	12 —	6 —	3 —	.....
1 —	22 —	20 —	10 —	31 —	17 —	12 —	6 —	3 —	.....
1 —	22 —	20 —	10 —	31 —	17 —	12 —	7 —	4 —	.....
1 —	22 —	20 —	10 —	31 —	17 —	12 —	7 —	4 —	.....
2 —	23 —	21 —	11 —	1 sept	18 —	13 —	7 —	4 —	.....
2 —	23 —	21 —	11 —	1 —	18 —	14 —	8 —	5 —	.....
3 —	24 —	22 —	12 —	2 —	19 —	14 —	8 —	5 —	.....
3 —	24 —	22 —	12 —	2 —	19 —	15 —	9 —	6 —	.....
4 júní	25 júní	23 júlí	13 ág.	3 sept	20 sept	16 okt.	10 nóv.	7 des.	.....
4 —	25 —	23 —	13 —	3 —	20 —	16 —	10 —	7 —	.....
5 —	26 —	24 —	14 —	4 —	21 —	17 —	11 —	8 —	.....
7 —	27 —	26 —	15 —	5 —	22 —	18 —	13 —	10 —	.....
7 —	27 —	26 —	15 —	5 —	22 —	18 —	13 —	10 —	.....
7 —	27 —	26 —	15 —	5 —	22 —	18 —	13 —	10 —	.....

Póststöðvar	1. ferð	2. ferð	3. ferð	4. ferð	5. ferð	6. ferð
Frá **Reykjavík**	11 jan.	3 febr.	28 febr.	22 marz	19 apríl	11 maí
— Kotströnd	12 —	4 —	1 marz	23 —	20 —	12 —
— Ölfusárbrú	12 —	4 —	1 —	23 —	20 —	12 —
— Hraungerði	12 —	4 —	1 —	23 —	20 —	12 —
— Þjórsárbrú	12 —	4 —	1 —	23 —	20 —	12 —
— Ægissíðu	12 —	4 —	1 —	23 —	20 —	12 —
að Garðsauka	13 —	5 —	2 —	24 —	21 —	13 —
Frá Garðsauka	14 jan.	8 febr.	3 marz	27 marz	23 apríl	14 maí
— Ossabæ	14 —	8 —	3 —	27 —	23 —	14 —
— Seljalandi	14 —	8 —	3 —	27 —	23 —	14 —
— Holti	14 —	8 —	3 —	27 —	23 —	14 —
— Skarðshlíð	14 —	8 —	3 —	27 —	23 —	14 —
— Pétursey	15 —	9 —	4 —	28 —	24 —	15 —
— Vík	15 —	9 —	4 —	28 —	24 —	15 —
— Herjólfsstöðum	16 —	10 —	5 —	29 —	25 —	16 —
— Flögu	16 —	10 —	5 —	29 —	25 —	16 —
— (Ásum)	16 —	10 —	5 —	29 —	25 —	16 —
— Kirkjubæjarkl.	17 —	10 —	5 —	29 —	25 —	16 —
að Prestsbakka	18 —	12 —	7 —	31 —	27 —	17 —
Frá Prestsbakka	20 jan.	14 febr.	10 marz	2 apríl	28 apríl	19 maí
— Fagurhólsmýri	21 —	15 —	11 —	3 —	29 —	20 —
— Kálfafellsstað	22 —	16 —	12 —	4 —	30 —	21 —
— Hólmi	22 —	16 —	12 —	4 —	30 —	21 —
að Hólum	24 —	18 —	14 —	6 —	2 maí	23 —
Frá Hólum	26 jan.	20 febr.	16 marz	9 apríl	4 maí	24 maí
— (Firði)	26 —	20 —	16 —	9 —	4 —	24 —
— Stafafelli	27 —	21 —	17 —	10 —	4 —	24 —
— Starmýri	27 —	21 —	17 —	10 —	5 —	25 —
— Djúpavogi	29 —	22 —	18 —	11 —	6 —	26 —
— Höskuldsstöðum	29 —	23 —	19 —	12 —	7 —	27 —
— Litla-Sandfelli	30 —	24 —	20 —	13 —	8 —	28 —
— Egilsstöðum	31 —	25 —	21 —	14 —	9 —	29 —
— Reyðarfirði	31 —	25 —	21 —	14 —	9 —	29 —
á **Eskifirði**	1 febr.	26 —	22 —	15 —	10 —	30 —

póstur . **81**

Reykjavík

7. ferð	8. ferð	9. ferð	10. ferð	11. ferð	12. ferð	13. ferð	14. ferð	15. ferð
31 maí	22 júní	13 júlí	3 ág.	31 ág.	14 sept.	5 okt.	9 nóv.	5 des.
31 —	22 —	13 —	3 —	31 —	14 —	5 —	10 —	6 —
1 júní	22 —	13 —	3 —	31 —	14 —	5 —	10 —	6 —
1 —	22 —	13 —	3 —	31 —	14 —	5 —	10 —	6 —
1 —	22 —	13 —	3 —	31 —	14 —	5 —	10 —	6 —
1 —	22 —	13 —	3 —	31 —	14 —	5 —	11 —	6 —
2 —	22 —	13 —	3 —	31 —	14 —	5 —	11 —	7 —
3 júní	23 júní	14 júlí	11 ág.	1 sept.	20 sept.	10 okt.	13 nóv.	9 des.
3 —	23 —	14 —	11 —	1 —	20 —	10 —	13 —	9 —
3 —	23 —	14 —	11 —	1 —	20 —	11 —	13 —	9 —
3 —	23 —	14 —	11 —	1 —	20 —	11 —	13 —	9 —
3 —	23 —	14 —	12 —	1 —	20 —	12 —	13 —	9 —
4 —	23 —	14 —	12 —	2 —	21 —	12 —	14 —	10 —
4 —	24 —	15 —	12 —	2 —	21 —	12 —	14 —	10 —
5 —	24 —	15 —	12 —	3 —	22 —	13 —	15 —	11 —
5 —	24 —	15 —	12 —	3 —	22 —	13 —	15 —	11 —
5 —	24 —	15 —	12 —	3 —	22 —	13 —	15 —	11 —
5 —	25 —	15 —	12 —	3 —	22 —	13 —	15 —	11 —
6 —	26 —	16 —	13 —	4 —	23 —	14 —	16 —	13 —
10 júní	1 júlí	26 júlí	16 ág.	8 sept.	26 sept.	23 okt.	20 nóv.	15 des.
11 —	2 —	27 —	17 —	9 —	27 —	24 —	21 —	16 —
12 —	3 —	28 —	18 —	10 —	28 —	25 —	22 —	17 —
12 —	3 —	28 —	18 —	10 —	28 —	25 —	22 —	17 —
13 —	5 —	29 —	19 —	11 —	29 —	26 —	24 —	19 —
15 júní	6 júlí	31 júlí	20 ág.	13 sept.	30 sept.	28 okt.	26 nóv.	21 des.
15 —	6 —	31 —	20 —	13 —	30 —	28 —	26 —	21 —
16 —	7 —	1 ág.	21 —	14 —	1 okt.	29 —	27 —	22 —
16 —	7 —	1 —	21 —	14 —	1 —	29 —	27 —	22 —
17 —	8 —	2 —	22 —	15 —	2 —	30 —	28 —	23 —
18 —	8 —	2 —	22 —	15 —	3 —	31 —	29 —	24 —
18 —	9 —	3 —	23 —	16 —	4 —	1 nóv.	30 —	25 —
19 —	10 —	4 —	24 —	17 —	5 —	2 —	1 des.	26 —
19 —	10 —	4 —	24 —	17 —	5 —	2 —	1 —	26 —
20 —	11 —	5 —	25 —	18 —	6 —	3 —	2 —	27 —

Á leið til

Póststöðvar		1. ferð	2. ferð	3. ferð	4. ferð	5. ferð
Frá **Eskifirði**	.....	17 jan.	11 febr.	8 marz	1 apríl	26 apríl
— Reyðarfirði	.....	17 —	11 —	8 —	1 —	26 —
— Egilsstöðum	.....	19 —	13 —	10 —	3 —	28 —
— Litla-Sandfelli	.....	19 —	13 —	10 —	3 —	28 —
— Höskuldsstöðum	.....	20 —	14 —	11 —	4 —	29 —
— Djúpavogi	.....	21 —	15 —	12 —	5 —	30 —
— Starmýri	.....	22 —	16 —	13 —	6 —	1 maí
— Stafafelli	.....	22 —	16 —	13 —	6 —	2 —
— (Firði)	.....	22 —	16 —	13 —	6 —	2 —
að Hólum	.....	24 —	18 —	14 —	7 —	3 —
Frá **Hólum**	.....	26 jan.	20 febr.	16 marz	8 apríl	4 maí
— Hólmi	.....	26 —	20 —	16 —	8 —	4 —
— Kálfafellstað	.....	27 —	21 —	17 —	9 —	5 —
— Fagurhólsmýri	.....	28 —	22 —	18 —	10 —	6 —
að Prestsbakka	.....	30 —	24 —	20 —	11 —	8 —

	1. ferð	2. ferð	3. ferð	4. ferð	5. ferð	6. ferð
Frá Prestsbakka	7 jan.	1 febr.	26 febr.	21 marz	16 apríl	9 maí
— Kirkjubæjarkl.	7 —	1 —	26 —	21 —	16 —	9 —
— (Ásum)	7 —	1 —	26 —	21 —	16 —	9 —
— Flögu	7 —	1 —	26 —	21 —	16 —	9 —
— Herjólfsstöðum	8 —	2 —	26 —	22 —	17 —	10 —
— Vík	9 —	3 —	27 —	23 —	18 —	11 —
— Pétursey	9 —	3 —	28 —	23 —	18 —	11 —
— Skarðshlíð	9 —	3 —	28 —	23 —	18 —	11 —
— Holti	9 —	3 —	28 —	23 —	18 —	11 —
— Seljalandi	10 —	4 —	1 marz	24 —	19 —	12 —
— Ossabæ	10 —	4 —	1 —	24 —	19 —	12 —
að Garðsauka	12 —	6 —	2 —	25 —	21 —	13 —
Frá Garðauka	15 jan.	7 febr.	4 marz	26 marz	23 apríl	15 maí
— Ægissíðu	15 —	7 —	4 —	26 —	23 —	15 —
— Þjórsárbrú	15 —	7 —	4 —	26 —	23 —	15 —
— Hraungerði	16 —	8 —	5 —	27 —	24 —	16 —
— Ölfusárbrú	16 —	8 —	5 —	27 —	24 —	16 —
— Kotströnd	16 —	8 —	5 —	27 —	24 —	16 —
í **Reykjavík**	17 —	9 —	7 —	28 —	26 —	17 —

póstur 81

Reykjavíkur

6. ferð	7. ferð	8. ferð	9. ferð	10. ferð	11. ferð	12. ferð	13. ferð	14. ferð	15. ferð
17 maí	8 júní	29 júní	25 júlí	15 ág.	6 sept	23 sept	19 okt.	17 nóv.	13 des.
17 —	8 —	29 —	25 —	15 —	6 —	23 —	19 —	17 —	13 —
19 —	10 —	1 júlí	27 —	17 —	8 —	25 —	21 —	19 —	15 —
19 —	10 —	1 —	27 —	17 —	8 —	25 —	21 —	19 —	15 —
20 —	11 —	2 —	28 —	17 —	9 —	26 —	22 —	20 —	16 —
20 —	11 —	3 —	28 —	18 —	9 —	27 —	23 —	22 —	17 —
21 —	12 —	3 —	28 —	18 —	10 —	27 —	24 —	22 —	17 —
21 —	12 —	4 —	29 —	19 —	10 —	27 —	25 —	23 —	18 —
21 —	12 —	4 —	29 —	19 —	10 —	27 —	25 —	23 —	18 —
23 —	13 —	5 —	29 —	19 —	11 —	28 —	26 —	24 —	19 —
24 maí	15 júní	6 júlí	30 júlí	20 ág.	12 sept	30 sept	27 okt.	25 nóv.	21 des.
24 —	15 —	6 —	30 —	20 —	12 —	30 —	27 —	25 —	21 —
25 —	15 —	7 —	31 —	21 —	13 —	1 okt.	28 —	26 —	22 —
26 —	16 —	8 —	1 ág.	22 —	14 —	2 —	29 —	27 —	23 —
28 —	17 —	9 —	2 —	23 —	15 —	3 —	31 —	29 —	24 —

7. ferð	8. ferð	9. ferð	10. ferð	11. ferð	12. ferð	13. ferð	14. ferð	15. ferð	
30 maí	19 júní	10 júlí	7 ág.	28 ág.	16 sept	4 okt.	6 nóv.	2 des.	.....
30 —	19 —	10 —	7 —	28 —	16 —	4 —	6 —	2 —	.....
30 —	19 —	10 —	7 —	28 —	16 —	4 —	6 —	2 —	.....
30 —	19 —	10 —	7 —	28 —	16 —	5 —	6 —	3 —	.....
31 —	20 —	10 —	7 —	28 —	16 —	5 —	7 —	3 —	.....
31 —	20 —	11 —	8 —	29 —	17 —	6 —	8 —	4 —	.....
31 —	20 —	11 —	8 —	29 —	17 —	6 —	8 —	4 —	.....
31 —	20 —	11 —	8 —	29 —	17 —	7 —	8 —	4 —	.....
1 júní	21 —	11 —	8 —	29 —	17 —	7 —	9 —	5 —	.....
1 —	21 —	11 —	8 —	29 —	17 —	7 —	9 —	5 —	.....
1 —	21 —	12 —	9 —	30 —	18 —	7 —	9 —	5 —	.....
2 —	22 —	13 —	10 —	31 —	19 —	9 —	11 —	7 —	.....
4 júní	23 júní	14 júlí	11 ág.	1 sept	22 sept	13 okt.	13 nóv.	9 des	
4 —	23 —	14 —	11 —	1 —	22 —	13 —	13 —	9 —	.....
4 —	23 —	14 —	11 —	1 —	22 —	13 —	13 —	9 —	.....
4 —	23 —	14 —	11 —	1 —	22 —	13 —	14 —	10 —	.....
5 —	23 —	14 —	11 —	1 —	22 —	13 —	14 —	10 —	.....
5 —	23 —	14 —	11 —	1 —	22 —	13 —	14 —	10 —	.....
6 —	23 —	14 —	11 —	1 —	22 —	13 —	16 —	12 —	.....

Á leið frá

Póststöðvar	1. ferð	2. ferð	3. ferð	4. ferð	5. ferð	6. ferð
Frá **Reykjavík**	4 jan.	31 jan.	25 febr.	22 marz	11 apríl	7 maí
— Stað	10 —	6 febr.	3 marz	28 —	17 —	12 —
— Borðeyri	10 —	6 —	3 —	28 —	17 —	12 —
— (Bæ)	10 —	6 —	3 —	28 —	17 —	12 —
— Guðlaugsvík	11 —	7 —	4 —	29 —	18 —	12 —
— Gröf	12 —	8 —	5 —	30 —	19 —	13 —
— Stóra-Fjarðarhorni . .	12 —	8 —	5 —	30 —	19 —	13 —
— (Kollafjarðarnesi) . .	12 —	8 —	5 —	30 —	19 —	13 —
— Kirkjuból	13 —	9 —	6 —	31 —	20 —	13 —
— Hólmavík	14 —	10 —	7 —	1 apríl	21 —	14 —
— (Stað)	14 —	10 —	7 —	1 —	21 —	14 —
— Arngerðareyri	17 —	13 —	10 —	4 —	24 —	16 —
— Vatnsfirði	17 —	13 —	10 —	4 —	24 —	16 —
— Ögri	17 —	13 —	10 —	4 —	24 —	16 —
— (Vigur)	17 —	13 —	10 —	4 —	24 —	16 —
á **Ísafirði**	18 —	14 —	11 —	5 —	25 —	17 —

Á leið til

Póststöðvar	1. ferð	2. ferð	3. ferð	4. ferð	5. ferð	6. ferð
Frá **Ísafirði**	3 jan.	29 jan.	23 febr.	20 marz	9 apríl	6 maí
— (Vigur)	3 —	29 —	23 —	20 —	9 —	6 —
— Ögri	3 —	29 —	23 —	20 —	9 —	6 —
— Vatnsfirði	3 —	29 —	23 —	20 —	9 —	6 —
— Arngerðareyri	4 —	30 —	24 —	21 —	10 —	7 —
— (Stað)	4 —	30 —	24 —	21 —	10 —	7 —
— Hólmavík	5 —	1 febr.	26 —	23 —	12 —	8 —
— Kirkjuból	5 —	1 —	26 —	23 —	12 —	8 —
— (Kollafjarðarnesi) . .	5 —	1 —	26 —	23 —	12 —	8 —
— Stóra-Fjarðarhorni . .	6 —	2 —	27 —	24 —	13 —	9 —
— Gröf	6 —	2 —	27 —	24 —	13 —	9 —
— Guðlaugsvík	6 —	2 —	27 —	24 —	13 —	10 —
— (Bæ)	7 —	3 —	28 —	25 —	14 —	10 —
— Borðeyri	8 —	4 —	1 marz	26 —	15 —	10 —
— Stað	10 —	6 —	3 —	28 —	17 —	12 —
í **Reykjavík**	14 —	9 —	6 —	31 —	20 —	15 —

póstur 81

Reykjavík

7. ferð	8. ferð	9. ferð	10. ferð	11. ferð	12. ferð	13. ferð	14. ferð	15. ferð
30 maí	20 júní	18 júlí	8 ág.	29 ág.	15 sept.	10 okt.	4 nóv.	1 des.
4 júní	25 —	23 —	13 —	3 sept.	20 —	16 —	10 —	7 —
4 —	25 —	23 —	13 —	3 —	20 —	16 —	10 —	7 —
4 —	25 —	23 —	13 —	3 —	20 —	16 —	10 —	7 —
4 —	25 —	23 —	13 —	3 —	20 —	16 —	10 —	7 —
5 —	26 —	24 —	14 —	4 —	21 —	17 —	12 —	8 —
5 —	26 —	24 —	14 —	4 —	21 —	17 —	12 —	8 —
5 —	26 —	24 —	14 —	4 —	21 —	17 —	12 —	8 —
5 —	26 —	24 —	14 —	4 —	21 —	18 —	13 —	9 —
6 —	27 —	25 —	15 —	5 —	22 —	19 —	14 —	10 —
6 —	27 —	25 —	15 —	5 —	22 —	19 —	14 —	10 —
8 —	29 —	27 —	17 —	7 —	24 —	21 —	17 —	12 —
8 —	29 —	27 —	17 —	7 —	24 —	21 —	17 —	12 —
8 —	29 —	27 —	17 —	7 —	24 —	21 —	17 —	12 —
8 —	29 —	27 —	17 —	7 —	24 —	21 —	17 —	12 —
9 —	30 —	28 —	18 —	8 —	25 —	22 —	18 —	13 —

Reykjavíkur

7. ferð	8. ferð	9. ferð	10. ferð	11. ferð	12. ferð	13. ferð	14. ferð	15. ferð
29 maí	19 júní	17 júlí	7 ág.	28 ág.	13 sept.	8 okt.	2 nóv.	29 nóv.
29 —	19 —	17 —	7 —	28 —	13 —	8 —	2 —	29 —
29 —	19 —	17 —	7 —	28 —	13 —	8 —	2 —	29 —
29 —	19 —	17 —	7 —	28 —	13 —	8 —	2 —	29 —
30 —	20 —	18 —	8 —	29 —	14 —	9 —	3 —	30 —
30 —	20 —	18 —	8 —	29 —	14 —	9 —	3 —	30 —
31 —	21 —	19 —	9 —	30 —	15 —	11 —	5 —	2 des.
31 —	21 —	19 —	9 —	30 —	15 —	11 —	5 —	2 —
31 —	21 —	19 —	9 —	30 —	15 —	11 —	5 —	2 —
1 júní	22 —	20 —	10 —	31 —	16 —	12 —	6 —	3 —
1 —	22 —	20 —	10 —	31 —	16 —	12 —	6 —	3 —
2 —	23 —	21 —	11 —	1 sept.	17 —	13 —	6 —	3 —
2 —	23 —	21 —	11 —	1 —	17 —	13 —	7 —	4 —
2 —	23 —	21 —	11 —	1 —	18 —	14 —	8 —	5 —
4 —	25 —	23 —	13 —	3 —	20 —	16 —	10 —	7 —
7 —	27 —	26 —	15 —	5 —	22 —	18 —	13 —	10 —

Atvinnu- og samgöngumálaráðherrann.

Reykjavík, 20. október 1921.

Pétur Jónsson.

S. Briem.

82

ÁÆTLUN AUKAPÓSTANNA 1922.

1. Milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar gengur póstur hvern mánudag, miðvikudag og laugardag, með bíl þegar fært er. Frá *Hafnarfirði* kl. 1 síðdegis, en frá *Reykjavík* kl. 3.

2. Milli Reykjavíkur og Garðsauka gengur póstvagn í viku hverri frá því í júní og fram í október.

3. Milli Reykjavíkur og Þingvalla verður póstur sendur með vögnum í júlí og ágúst.

4. Gullbringusýslupóstarnir eru þrír:

a. Fyrsti fer frá *Hafnarfirði*, eftir komu aðalpóstanna til Reykjavíkur í 1.—5. ferð og 14.—15. ferð, um *Þórustaði* og *Keflavík* að *Járngerðarstöðum* og snýr sömu leið til baka.

b. Annar fer frá *Keflavík*, eftir komu fyrsta aukapósts, um *Gerða* að *Sandgerði* og snýr sömu leið til baka.

c. Þriðji fer frá *Keflavík*, eftir komu fyrsta aukapósts, til *Kirkjuvogs* og sömu leið til baka.

Frá byrjun maí til októberloka verður póstur sendur til *Keflavíkur* með bílum í hverri viku, og jafnoft verður póstur sendur frá *Gerðum* til *Keflavíkur*.

Í 6.—13. aðalpóstferð ganga póstar frá *Gerðum* til *Sandgerðis*, frá *Keflavík* til *Járngerðastaða* og frá *Keflavík* til *Kirkjuvogs*.

5. Kjósarsýslupóstarnir eru tveir:

a. Fyrsti fer frá *Reykjavík*, eftir komu aðalpóstanna til Reykjavíkur, um *Brautarholt* að *Reynivöllum* í Kjós og snýr aftur sömu leið til *Reykjavíkur*.

b. Annar fer frá *Reykjavík* eftir komu aðalpósta þangað að *Varmá*.

6. Borgarfjarðarsýslupóstarnir eru níu:

a. Fyrsti fer frá *Akranesi* eftir komu ‚Skjölds' þangað í aðalpóstferð, um *(Ós)*, *Vogatungu*, *Saurbæ*, *(Geitaberg)*, *(Grund)*, *Hest*, *(Varmalæk)*, *Hvítárbakka* *(Stafholtsey)*, *(Arnarholt)* að *Munaðarnesi*, í veg fyrir aðalpóst og heldur sömu leið til baka til *Akraness*.

b. Annar fer frá *Hesti*, eftir komu fyrsta aukapósts frá Akranesi, um *Lund*, *(Reyki)* að *(Fitjum)* og snýr þaðan aftur að Hesti.

c. Þriðji fer frá *Borgarnesi*, eftir komu aðalpósta frá Reykjavík, um *Munaðarnes*, *(Steina)*, *Norðtungu*, *Deildartungu*, *Reykholt*, *(Stóraás)* að *Gilsbakka* og snýr þaðan aftur um *Norðtungu* og *Munaðarnes* að *Borgarnesi*.

d. Fjórði fer frá *Munaðarnesi*, eftir komu aðalpóstsins frá Stað, að *Hvítárbakka*, og snýr sömu leið til baka.

e. Fimmti fer frá *Vogatungu*, eftir komu fyrsta aukapósts frá Akranesi, að *(Fiskilæk)* og snýr aftur sömu leið til *Vogatungu*.

f. Sjötti fer frá *Saurbæ*, eftir komu fyrsta aukapósts frá Akranesi, að *(Þyrli)* og snýr aftur sömu leið til baka.

g. Sjöundi fer frá *Hesti*, eftir komu fyrsta aukapósts frá Akranesi, að *(Hvanneyri)* og snýr sömu leið til baka aftur.

h. Áttundi fer frá *Kúludalsá* eftir komu „Skjölds" í aðalpóstferð, til *Akraness* um *(Innra-* og *Ytra-Hólm)* og snýr aftur sömu leið að *Kúludalsá*.

i. Níundi fer frá *Deildartungu*, eftir komu þriðja aukapósts, um *(Stóra-Kropp)*, *Brúsholt*, *(Geirshlíð)* og *(Litla-Kropp)*, að *Norðtungu* fyrir komu nefnds aukapósts, á bakaleið.

7. Mýrasýslupóstarnir eru þrír:

a. Fyrsti fer frá *Borgarnesi*, eftir komu aðalpósta frá Reykjavík, um *(Jaðlangsstaði)*, *(Stangarholt)*, *(Valbjarnarvelli)* að *(Grímsstöðum)* og þaðan beint til *Borgarness*.

b. Annar fer frá *Álfanesi* um *(Smiðjuhól)* og *(Langárfoss)* til *Borgarness* daginn áður en póstar leggja af stað þaðan norður og vestur, og snýr aftur sömu leið til baka, en kemur við á *(Hofstöðum)* og *(Vogalæk)*.

c. Þriðji fer frá *Brúarfossi* eftir komu Stykkishólmspósts, um *(Akra)* að *Seljum)*.

8. Stykkishólmspósturinn

fer frá *Borgarnesi* þegar „Skjöldur" er kominn þangað í aðalpóstferð, um *Arnarstapa, Brúarfoss, (Garða), Dalsmynni, Gröf* og *(Skjöld)* til *Stykkishólms* og snýr aftur eftir 36 stunda viðstöðu þar sömu leið að *Borgarnesi*.

9. Snæfellsnessýslupóstarnir eru sjö:

a. Fyrsti fer frá *Gröf*, eftir að Stykkishólmspósturinn er þangað kominn frá Borgarnesi um *Staðastað, Búðir, Ólafsvík* til *Sands*, og snýr þaðan aftur eftir eyktardvöl sömu leið að *Gröf* og sé kominn þangað nógu snemma til að ná í Stykkishólmspóstinn á bakaleið. Póstur þessi skal standa við í Ólafsvík svo lengi, að hann fari eigi af stað þaðan á bakaleið fyrr en 16 stundum eftir að hann kom þangað frá Gröf.

b. Annar fer frá *Stykkishólmi*, eftir komu aukapóstsins frá Stað, og fer um *Grundarfjörð, Brimilsvelli, Ólafsvík* að *Sandi;* síðan snýr hann aftur um *Ólafsvík, Búðir, Staðastað, (Hofsstaði)* og *(Skjöld)* til *Stykkishólms*. Aukapóstur þessi kemur við í *(Fjarðarhorni)* þegar hann fer um Grjótháls.

c. Þriðji fer frá *Arnarstapa* fyrir komu fyrsta aukapósts að *Búðum*, en eftir komu hans snýr hann aftur sömu leið að *Arnarstapa*.

d. Fjórði fer frá *Grundarfirði* fyrir komu Stykkishólmspósts frá Borgarnesi til *Stykkishólms*, síðan snýr hann sömu leið til baka aftur og kemur við á *(Fjarðarhorni)*, þegar hann fer um Grjótháls, og *(Berserkjahrauni)* í báðum leiðum.

e. Fimmti fer frá *Ólafsvík*, eftir komu fyrsta aukapósts, að *Brimilsvöllum* og sömu leið til baka. 82

f. Sjötti fer frá *Sandi*, eftir komu fyrsta aukapósts að *(Saxhóli)* og sömu leið til baka.

g. Sjöundi fer frá *Gröf*, eftir komu Stykkishólmspósts frá Borgarnesi, að *Skógarnesi* og snýr sömu leið til baka.

10. Flateyjarpósturinn

fer frá *Stykkishólmi* um *(Elliðaey), (Bjarneyjar)* til *Flateyjar* eftir komu aukapóstsins frá Borgarnesi, og snýr aftur sömu leið til *Stykkishólms*.

Póstbáturinn staðnæmist fyrir utan lendinguna í (Elliðaey) og (Bjarneyjum) og bíður þar allt að fjórðungi stundar til þess að gefa ábúendunum kost á að sækja póst sinn út í bátinn.

11. Dalasýslupóstarnir eru fimm:

a. Fyrsti fer frá *Stykkishólmi* um *Breiðabólsstað* á Skógarströnd, *(Bugðustaði), Harrastaði* og *Búðardal* svo tímanlega, að hann nái að *Stað* áður en aðalpóstar leggja af stað þaðan; eftir komu þeirra snýr hann aftur sömu leið til *Stykkishólms*, og kemur við á *(Dönustöðum)* og *Borðeyri* í báðum leiðum.

b. Annar fer frá *Stórholti* um *Skarð, Hnúk, (Kjarlaksstaði), Staðarfell, (Knararhöfn)* og *Hvamm* svo tímanlega, að hann nái að *Búðardal* áður en fyrsti aukapóstur leggur af stað þaðan norður að *Stað*, snýr síðan aftur sömu leið að *Stórholti* eftir komu fyrsta aukapósts frá Stað.

c. Þriðji fer frá *Mjóabóli* að *Búðardal* áður en aukapóstar fara þaðan, og snýr sömu leið til baka aftur.

d. Fjórði fer frá *Borgarnesi* eftir komu „Skjaldar" þangað í aðalpóstferð, fer um *Munaðarnes, Dalsmynni, (Sauðafell), Harrastaði* að *Búðardal*. Eftir komu annars aukapósts snýr hann sömu leið til baka.

e. Fimmti fer milli *Kleifa* og *Stórholts*, bæði eftir komu fyrsta Barðastrandarsýslu-

82 pósts að Kleifum í baka leið og fyrir komu annars Barðastrandarsýslupósts að Kleifum í norðurleið.

12. Barðastrandarsýslupóstarnir eru þrettán:

a. Fyrsti fer frá *Króksfjarðarnesi* um *Kleifa* að *Gröf* fyrir komu aðalpósts frá Ísafirði. Eftir komu hans þangað snýr hann sömu leið að *Króksfjarðarnesi.*

b. Annar fer frá *Króksfjarðarnesi* um *Kleifa* að *Gröf* fyrir komu aðalpósts frá *Stað*. Eftir komu hans þangað snýr hann sömu leið að *Króksfjarðarnesi.*

c. Þriðji fer frá *Króksfjarðarnesi* eftir komu annars aukapósts þangað frá *Gröf* um *Bæ, Kinnarstaði, Brekku Vattarnes, Brjánslæk, (Haga), (Brekkuvelli), (Vesturbotn), Patreksfjörð* og *Sveinseyri* að *Bíldudal.* Eftir komu þrettánda aukapósts frá Rafnseyri snýr hann aftur sömu leið að *Króksfjarðarnesi.*

d. Fjórði fer frá *Selárdal* fyrir komu aukapósta frá *Króksfjarðarnesi* og *Rafnseyri* um *(Fífustaði)* og *Bakka* að *Bíldudal*, og snýr eftir komu þeirra aftur að *Selárdal.*

e. Fimmti fer frá *Patreksfirði*, eftir komu þriðja aukapósts þangað frá Króksfjarðarnesi, um *Sauðlauksdal* að Saurbæ á Rauðasandi og snýr þegar aftur til *Patreksfjarðar.*

f. Sjötti fer frá *Flatey*, eftir komu Flateyjarpóstsins þangað frá Stykkishólmi, um *(Suðureyjar)* að *Brjánslæk*, og snýr þaðan aftur til *Flateyjar.*

g. Sjöundi fer frá *Sauðlauksdal*, eftir komu fimmta aukapósts, um *Breiðuvík* að *(Hvallátrum)* og fer sömu leið til baka aftur.

h. Áttundi fer frá *Vattarnesi*, eftir komu þriðja aukapósts þangað, um *(Fjörð)* að *(Skálmarnesmúla)* og þaðan sömu leið til baka.

i. Níundi fer frá *Flatey*, þegar því verður við komið, til *(Hvallátra)* eftir komu Flateyjarpóstsins frá Stykkishólmi og snýr sömu leið til baka.

k. Tíundi fer frá *Kinnarstöðum*, eftir komu þriðja aukapósts frá Króksfjarðarnesi, um *(Reykhóla)* að *Stað* á Reykjanesi og snýr svo aftur sömu leið að Kinnarstöðum. Eftir komu þriðja aukapósts frá Bíldudal fer sami póstur sömu leið út á Reykjanes.

l. Ellefti fer frá *Brjánslæk*, eftir komu þriðja aukapósts þangað frá Króksfjarðarnesi, um *(Haga)* yfir Fossheiði um *(Foss)* til *Bíldudals* og snýr sömu leið til baka aftur.

m. Tólfti fer frá *Brekku* að *Arngerðareyri*, eftir komu vestanpósts frá Ísafirði, fer um *(Gufudal), (Eyri), (Klett)* og snýr sömu leið til baka aftur.

n. Þrettándi fer frá *Rafnseyri* til *Bíldudals*, þegar eftir komu aukapósts frá Ísafirði, og sé kominn til Rafnseyrar aftur áður en aukapósturinn frá Ísafirði snýr aftur þaðan.

13. Ísafjarðarsýslupóstarnir eru seytján:

a. Fyrsti fer frá *Flateyri*, eftir komu annars aukapósts þangað frá Ísafirði, að *Hesti* og snýr þaðan aftur sömu leið til baka.

b. Annar fer frá *Ísafirði*, þegar eftir komu vestanpóstsins þangað, um *Flateyri, (Veðrará), Holt* í Önundarfirði, *(Gemlufall), Þingeyri* að *Rafnseyri*, og fer sömu leið aftur til *Ísafjarðar*, eftir komu þrettánda Barðastrandarsýslupósts frá *Bíldudal.*

c. Þriðji fer frá *Ögri* um *(Hvítanes)* að *(Eyri)* í Skötufirði eftir komu aðalpósts frá Ísafirði.

d. Fjórði fer frá *(Gemlufalli)* um *Mýrar, (Núp)* og *(Gerðhamra)* að *(Sæbóli)*, þegar eftir komu annars aukapósts þangað frá Ísafirði, og snýr aftur sömu leið.

e. Fimmti fer frá *Ísafirði* eftir komu vestanpósts þangað, að *Suðureyri* í Súgandafirði og snýr þaðan aftur eftir eyktardvöl til *Ísafjarðar.*

f. Sjötti fer frá *Ísafirði* eftir komu vestanpóstsins þangað, um *Hnífsdal* út í *Bol-*

ungarvík, og snýr þaðan aftur eftir eyktardvöl sömu leið til *Ísafjarðar.*

g. Sjöundi fer frá *Ísafirði,* eftir komu vestanpóstsins þangað, um *(Arnardal), Tröð* í Álftafirði, *Eyri* í *Seyðisfirði,* að *Kleifum,* og fer síðan sömu leið aftur til *Ísafjarðar.*

h. Áttundi fer frá *Ísafirði,* þegar eftir komu vestanpóstsins þangað, sjóveg um *Sandeyri* og *Stað* í Grunnavík að *Hesteyri* og sömu leið aftur til Ísafjarðar.

i. Níundi fer frá *Hesteyri,* daginn eftir komu póstsins þangað frá Ísafirði, í 1.—3. og 13.—15. póstferð, um *(Steinólfsstaði)* að *Höfn* á Hornströndum, stendur þar við hálft dægur og fer síðan um *(Hlöðuvík)* til *Hesteyrar* aftur.

k. Tíundi fer frá *Þingeyri,* eftir komu annars aukapósts þangað frá Ísafirði, um *Haukadal* að *(Arnarnúpi)* og snýr þaðan sömu leið til baka að *Þingeyri.*

l. Ellefti fer frá *Rafnseyri,* eftir komu aukapósts frá Bíldudal, að *(Lokinhömrum)* og snýr aftur sömu leið að *Rafnseyri.*

m. Tólfti fer frá *Stað* í Grunnavík, eftir komu áttunda aukapósts þangað, um *Dynjanda,* að *(Furufirði)* og snýr aftur sömu leið að Stað í veg fyrir póstinn frá Hesteyri.

n. Þrettándi fer frá *Holti,* eftir komu annars aukapósts að *Þorfinnsstöðum* og snýr til baka aftur að *Holti.*

o. Fjórtándi fer frá *Hesteyri,* eftir komu áttunda aukapósts þangað, að *Látrum* í Aðalvík og snýr sömu leið til baka aftur.

p. Fimmtándi fer frá *Bolungarvík* um *Hnífsdal* til *Ísafjarðar* daginn áður en aðalpóstur leggur af stað þaðan og fer sömu leið til baka.

r. Sextándi fer frá *Rafnseyri,* eftir komu aukapósts frá Bíldudal, að *(Skógum)* í Mosdal og fer sömu leið til baka.

s. Sautjándi fer frá *Hesteyri,* eftir komu áttunda aukapósts, um *(Sléttu), Stað* í Aðalvík að *(Sæbóli)* og sömu leið til baka.

14. Strandasýslupóstarnir eru tveir:

a. Fyrsti fer frá *Ófeigsfirði* um *Norðurfjörð, (Eyri)* við Ingólfsfjörð, *Árnes, Reykjarfjörð, (Eyjar), (Svanshól), Sandnes* að *Hólmavík* og sé kominn þangað áður en aðalpóstur fer til Staðar. Eftir komu aðalpósts frá Stað snýr hann sömu leið til baka. 82

b. Annar fer frá *Sandnesi* eftir komu fyrsta aukapósts frá *Hólmavík* um *(Hellu), (Kleifar)* að *Kaldrananesi* og sömu leið til baka.

15. Húnavatnssýslupóstarnir eru ellefu:

a. Fyrsti fer frá *Staðarbakka,* þegar eftir komu aðalpóstsins þangað frá Stað, um *(Ytri-Reyki), (Stóraós)* að *Hvammstanga.* Fyrir komu aðalpósts að norðan skal sami póstur fara frá *Hvammstanga* um *(Ytri-Reyki), (Stóraós)* að *Staðarbakka.*

b. Annar fer frá *Lækjamóti,* þegar eftir komu norðanpóstsins þangað frá Stað, um *(Breiðabólstað), (Vesturhópshóla), (Ósa)* og *(Hindisvík)* að *Flatnefsstöðum.* Fyrir komu aðalpósts að norðan skal sami póstur fara sömu leið að *Lækjamóti.*

c. Þriðji fer frá *Sveinsstöðum,* eftir komu aðalpóstsins þangað að sunnan, að *Ási* í Vatnsdal, og snýr þaðan aftur að *Sveinsstöðum.*

d. Fjórði fer frá *Blönduósi,* eftir komu aðalpóstsins að sunnan, um *(Reyki)* og *Auðkúlu* að *Guðlaugsstöðum.* Fyrir komu aðalpóstsins að norðan skal sami póstur fara frá Auðkúlu til Blönduóss.

e. Fimmti fer frá *Kálfshamarsvík,* fyrir komu aðalpóstsins á norðurleið, um *(Hof), Skagaströnd* og *Höskuldsstaði* að *Blönduósi* og fer aftur sömu leið til *Kálfshamarsvíkur.*

f. Sjötti fer frá *Æsustöðum,* þegar eftir komu norðanpóstsins þangað á norðurleið, að *Bergsstöðum* og snýr þaðan aftur til baka um *(Bollastaði),* ef Svartá er fær.

g. Sjöundi fer frá *Núpsdalstungu* að *Stað,* svo tímanlega að hann nái þar aðalpóstum og snýr aftur sömu leið að *Núpsdalstungu.*

h. Áttundi fer frá *Holtastöðum* um *(Kirkjuskarð)* að *(Refsstöðum)* eftir komu aðalpóstsins á norðurleið, og snýr aftur beina leið að *Holtastöðum.*

i. Níundi fer frá *Bergsstöðum* til *Æsustaða* fyrir komu aðalpósts á suðurleið.

82 k. Tíundi fer frá *Skagaströnd* um *Höskuldsstaði* til *Blönduóss* fyrir komu aðalpósts á suðurleið.

l. Ellefti fer frá *Ási* í Vatnsdal að *Sveinsstöðum* fyrir komu aðalpósts þangað frá Akureyri.

16. Skagafjarðarsýslupóstarnir eru átta:

a. Fyrsti fer frá *Víðimýri*, eftir komu norðanpóstsins þangað frá Stað, um *Mælifell* að *Goðdölum* og sömu leið aftur að *Víðimýri*.

b. Annar fer frá *Sauðárkróki*, þegar eftir komu sjöunda aukapósts þangað um *Ás*, *Lón*, *Kolkuós*, *Ósland*, *Hofsós*, *Fell*, *Haganesvík* og *(Hraun)* til *Siglufjarðar* og snýr aftur sömu leið eftir 24 stunda dvöl þar í 1.—5. og 13.—15. ferð, en eftir 12 stunda dvöl í 6.—12. ferð.

c. Þriðji fer frá *Sauðárkróki*, eftir komu sjöunda aukapósts frá Víðimýri, um *(Veðramót)*, *Hvamm* í Laxárdal, *(Selnes)* að *(Hrauni)* og snýr aftur til *Sauðárkróks*.

d. Fjórði fer frá *Lóni*, eftir komu annars aukapósts þangað frá Sauðárkróki, um *Viðvík* að *Hólum*, og snýr þaðan aftur að *Lóni*.

e. Fimmti fer frá *Sauðárkróki*, svo tímanlega, að hann sé kominn að *Víðimýri* áður en norðanpóstur fer suður um. Eftir komu hans frá Akureyri snýr hann aftur sömu leið til *Sauðárkróks* og kemur við á *Reynistað* og *(Halldórsstöðum)* í báðum leiðum.

f. Sjötti fer frá *Miklabæ* í Blönduhlíð eftir komu aðalpósts á norðurleið, um *Frostastaði* og *(Hofstaði)* að *Lóni* og sömu leið til baka til *Miklabæjar*.

g. Sjöundi fer frá *Sauðárkróki* um *Reynistað* og *(Halldórsstaði)* til *Víðimýrar* áður en pósturinn frá Stað fer norður um og snýr sömu leið til baka aftur.

h. Áttundi fer frá *Sauðárkróki* í 1.—5. og 13.—15. ferð, eftir komu fimmta aukapósts frá Víðimýri, um *Lón*, *Hóla* og *Hofsós* og snýr aftur um *Kolkuós* og *Lón* til *Sauðárkróks*.

17. Eyjafjarðarsýslupóstarnir eru sex:

a. Fyrsti fer frá *Akureyri*, eftir komu norðanpóstsins þangað frá Stað, um *Spónsgerði*, *(Árskóg)*, *Hjalteyri*, *Dalvík (Kvíabekk)*, *Ólafsfjörð*, *(Knappstaði)* og *Haganesvík* til *Siglufjarðar* og snýr aftur þaðan sömu leið til *Akureyrar*.

b. Annar fer frá *Akureyri*, eftir komu norðanpósts þangað frá Stað, um *(Kropp)*, *Grund* og *Saurbæ* að *(Jórunnarstöðum)*, og fer um *(Munkaþverá)* og *Þverá* aftur til *Akureyrar*.

c. Þriðji fer frá *Akureyri*, eftir komu norðanpóstsins þangað frá Stað, um *Svalbarð* og *Garð* og *Grenivík* og þaðan aftur um *(Laufás)* til *Akureyrar*.

d. Fjórði fer frá *Dalvík*, eftir komu Siglufjarðarpóstsins, um *(Velli)*, *(Syðra-Hvarf)*, *(Tjörn)* og *(Mela)* og snýr aftur sömu leið að *Dalvík*.

e. Fimmti fer frá *Spónsgerði*, eftir komu fyrsta aukapósts frá Akureyri, um *(Þúfnavelli)* að *(Myrká)* og fer í bakaleið um *(Bægisá)* aftur til *Spónsgerðis*.

f. Sjötti fer frá *Árskógi* út í *Hrísey*, eftir komu fyrsta aukapósts, um þann tíma árs, sem póstbátur ekki gengur um Eyjafjörð.

18. Þingeyjarsýslupóstarnir eru níu:

a. Fyrsti fer frá *Ljósavatni*, eftir komu Seyðisfjarðarpóstsins þangað frá Akureyri, fram Bárðardal austan fljóts, að *Lundarbrekku* og þaðan út dalinn að vestan að *Ljósavatni*.

b. Annar fer frá *Grenjaðarstað*, eftir komu aðalpóstsins frá Akureyri, um *(Halldórsstaði)*, *(Þverá)* og *(Ljótsstaði)* að *Skútustöðum* og þaðan aftur að *Grenjaðarstað*.

c. Þriðji fer frá *Húsavík*, um *(Laxamýri)*, að *Grenjaðarstað*, fyrir komu Seyðisfjarðarpósts þangað á austurleið. Eftir komu hans frá Akureyri fer hann um *(Garð)*, *(Laxamýri)*, *Húsavík* og *Héðinshöfða)* að *Víkingavatni*, og snýr aftur sömu leið að *Grenjaðarstað*, og skal hann ná Seyðisfjarðarpóstinum á leið til Akureyrir, og fer því næst aftur til *Húsavíkur*.

d. Fjórði fer frá *Vopnafirði*, um *(Hvammsgerði)*, *Höfn* í Bakkafirði, *Þórshöfn*, *Svalbarð* og *Skinnastað* til *Víkingavatns* og mætir þar Grenjaðarstaðapósti. Pósturinn snýr aftur sömu leið til *Vopnafjarðar*.

e. Fimmti fer frá *Raufarhöfn* um *(Grjótnes)*, *Kópasker*, *(Presthóla)*, *(Ærlækjarsel)* að *Víkingavatni*, svo tímanlega að hann verði þangað kominn fyrir komu aukapóstsins frá Grenjaðarstað og Vopnafirði, og snýr aftur til *Raufarhafnar*, þegar eftir komu umgetinna aukapósta að Víkingavatni.

f. Sjötti fer frá *Garði*, eftir komu Grenivíkurpósts frá Akureyri, að *Brettingsstöðum*, og snýr þaðan aftur að *Hálsi* í Fnjóskadal.

g. Sjöundi fer frá *Ljósavatni*, eftir komu Seyðisfjarðarpóstsins þangað frá Akureyri, að *Þóroddstað* í Kinn og snýr þaðan aftur sömu leið til baka.

h. Áttundi fer frá *Hálsi*, eftir komu aðalpóstsins þangað frá Akureyri, að *(Illugastöðum)* og sömu leið til baka aftur.

i. Níundi fer frá *Þórshöfn*, eftir komu fjórða aukapósts þangað frá Víkingavatni, um *(Sauðanes)*, *(Heiði)* að *Læknisstöðum* og snýr sömu leið til baka. Í 7.—11. ferð fer pósturinn alla leið að *Skálum*.

19. Múlasýslupóstarnir eru átta:

a. Fyrsti fer milli *Seyðisfjarðar* og *Vopnafjarðar*. Hann fer frá Seyðisfirði svo tímanlega, að hann nái Eskifjarðarpósti á *Egilsstöðum* á austurleið. Þaðan fer hann um *Eiða*, *Hjaltastað*, *Kirkjubæ* í Hróarstungu, *Sleðbrjót*, *(Torfastaði)*, og *(Vindfell)* á Vopnafjörð og snýr aftur þaðan eftir sólarhringsdvöl sömu leið á *Seyðisfjörð*.

b. Annar fer frá *Seyðisfirði* eftir komu aðalpóstsins þangað frá Akureyri, um *Stakkahlíð*, *(Nes)* og *(Dalland)* að *Bakkagerði* í Borgarfirði og sömu leið aftur til *Seyðisfjarðar*.

c. Þriðji fer frá *Hjaltastað*, eftir komu Vopnafjarðarpósts þangað frá Seyðisfirði, um *(Kóreksstaði)* og *(Njarðvík)* til *Borgarfjarðar* og snýr aftur sömu leið. 82

d. Fjórði fer frá *Egilsstöðum*, þegar eftir komu aðalpóstanna á austurleið, um *(Vallanes)*, *(Hallormsstað)* að *Valþjófsstað* og þaðan aftur vestan Lagarfljóts um *(Ás)* í Fellum, að *Egilsstöðum*.

e. Fimmti fer frá *Skjöldólfsstöðum*, þegar eftir komu aðalpóstsins þangað frá Akureyri, að *Eiríksstöðum* á Jökuldal og heldur sömu leið aftur að *Skjöldólfsstöðum*.

f. Sjötti fer frá *Djúpavogi*, þegar eftir komu aðalpóstsins þangað frá Hólum, í 1.—4. og 13.—15. ferð um *(Berunes)*, *Breiðdalsvík*, *Stöðvarfjörð*, *Fáskrúðsfjörð*, *(Hafranes)*, *Reyðarfjörð* og *(Hólma)* að *Eskifirði*, og sömu leið aftur til *Djúpavogs*. Í 5.—12. ferð gengur póstur þessi að eins til *Fáskrúðsfjarðar*, og þó því að eins, að eigi náist í skipaferð.

g. Sjöundi fer frá *Eskifirði*, þegar eftir komu sjötta aukapósts þangað frá Djúpavogi, í 1.—4. og 13.—15. ferð, um *Norðfjörð*, *Mjóafjörð* og *(Fjörð)* til *Seyðisfjarðar* og snýr þaðan aftur sömu leið á *Eskifjörð*.

h. Áttundi fer frá *Eskifirði* til *Karlsskála*, eftir komu aðalpósts í hverri ferð og sömu leið til baka.

20. Skaftafellssýslupóstarnir eru fimm:

a. Fyrsti fer frá *(Ásum)*, þegar eftir komu aðalpóstsins þangað frá *Garðsauka*, um *(Botn)* að *Rofabæ*.

b. Annar fer frá *Kirkjubæjarklaustri*, eftir komu aðalpóstsins þangað frá Garðsauka, að *(Holti)*.

c. Þriðji fer frá *Rofabæ* að *Herjólfsstöðum*, fyrir komu aðalpósts þangað á vesturleið, þegar Kúðafljót er fært.

d. Fjórði fer frá *Kirkjubæjarklaustri*, eftir komu aðalpósts frá *Garðsauka*, að *Þykkvabæ*.

e. Fimmti fer frá *Flögu*, um *(Hemru)* að *Borgarfelli*, eftir komu aðalpósts frá Garðsauka.

82 **21. Rangárvallasýslupóstarnir eru sjö:**

a. Fyrsti fer frá *Þjórsárbrú*, þegar eftir komu aðalpóstsins þangað frá Reykjavík, um *Marteinstungu* og *(Holtsmúla)* að *Fellsmúla* á Landi og snýr þaðan aftur að *Þjórsárbrú*.

b. Annar fer sömuleiðis frá *Þjórsárbrú*, jafn snemma hinum fyrrnefnda, um *(Ás)*, *(Háf)* í Hálshverfi að *Nýjabæ* í Þykkvabæ og snýr aftur beina leiða að *Þjórsárbrú*.

c. Þriðji fer frá *Garðsauka*, þegar eftir komu aðalpóstsins þangað frá Reykjavík, um *(Breiðabólsstað)* að *Hlíðarenda* í Fljótshlíð og þaðan aftur að *Garðsauka*.

d. Fjórði fer frá *Garðsauka* að *Kálfsstöðum* í Landeyjum eftir komu aðalpóstsins á austurleið, og snýr þegar aftur að *Garðsauka*.

e. Fimmti fer frá *Ægissíðu* um *(Odda)*, *(Kirkjubæ)*, *(Reyðarvatn)* að *(Keldum)* daginn eftir komu aðalpósts og fer aftur um *(Stórahof)* að *Ægissíðu*.

f. Sjötti fer frá *Ossabæ*, eftir komu aðalpósts frá *Garðsauka*, að *(Hallgeirsey)* um *(Kanastaði)*, *(Skíðbakka)* og *(Miðey)*.

g. Sjöundi fer frá *Marteinstungu* að *(Haga)* eftir komu fyrsta aukapósts þangað og snýr sömu leið til baka.

22. Árnessýslupóstarnir eru ellefu:

a. Fyrsti fer frá *Ölfusárbrú*, þegar eftir komu aðalpóstsins þangað frá Reykjavík, í 1.—7. og 12.—15. póstferð, um *(Alviðru)*, *(Torfastaði)* og *Villingavatn* að *Þingvöllum*, og snýr þaðan aftur að *Ölfusárbrú*. Í 8.—11. ferð fer póstur þessi að eins að *Villingavatni*.

b. Annar fer frá *Hraungerði*, sem fyrst eftir komu aðalpóstsins frá Reykjavík, um Ölfusárbrú og Sogsbrú, *Klausturhóla*, *(Stóruborg)*, *Mosfell* og *Torfastaði* að *Brekku* og þaðan aftur sömu leið að *Hraungerði*.

c. Þriðji fer sömuleiðis frá *Hraungerði*, sem fyrst eftir komu aðalpóstsins frá Reykjavík, um *(Ólafsvelli)* og *Reyki* á Skeiðum að *Stóra-Núpi* og þaðan aftur að *Hraungerði*.

d. Fjórði fer frá *Reykjum*, eftir komu Hraungerðispóstsins þangað, um *Birtingaholt* að *Hruna* og heldur sömu leið til baka aftur.

e. Fimmti fer frá *Hraungerði*, sem fyrst eftir komu aðalpóstsins frá Reykjavík, um *(Hróarsholt)* að *Brandshúsum* og snýr þaðan aftur um *(Villingaholt)* að *Hraungerði*.

f. Sjötti fer frá *Mosfelli*, eftir komu annars aukapósts, að *Laugardalshólum* og snýr aftur sömu leið.

g. Sjöundi fer frá *Torfastöðum*, eftir komu annars aukapósts þangað, að *(Króki)*, og snýr þegar aftur að *Torfastöðum*.

h. Áttundi fer frá *Eyrarbakka*, í 1.—7. og 13.—15. póstferð, svo tímanlega, að hann sé kominn að *Ölfusárbrú* áður en aðalpóstur leggur á stað þaðan austur. Frá *Ölfusárbrú* snýr hann aftur um *(Sandvík)* og *(Kaldaðarnes)* til *Eyrarbakka*. Þaðan fer hann um *(Stóra-Hraun)* til *Stokkseyrar*.

i. Níundi fer frá *Eyrarbakka* um *Stokkseyri* til *Ölfusárbrúar*, í 1.—7. og 13.—15. póstferð, svo tímanlega, að hann nái þar aðalpósti á bakaleið; eftir komu hans snýr hann aftur til *Eyrarbakka* og *Stokkseyrar*.

k. Tíundi fer frá *Kotströnd*, eftir komu aðalpósts frá Garðsauka, um *(Vorsabæ)*, *Hjalla*, *Þorlákshöfn* til *Stakkavíkur* og snýr sömu leið til baka.

l. Ellefti fer frá *Klausturhólum*, eftir komu annars aukapósts frá Hraungerði, að *(Kiðjabergi)* og snýr svo til baka, en kemur við í *(Heyvík)* í annari hvorri leiðinni.

Atvinnu- og samgöngumálaráðherrann.
Reykjavík, 20. október 1921.
Pétur Jónsson.

S. Briem.

REGLUGERÐ

83
7. sept.

um

refaveiðar í Norður-Þingeyjarsýslu.

1. gr.

Hreppsnefndir hafa umsjón með refaveiðum hver í sínum hreppi, kýs hún einn mann til að sjá um framkvæmdir, og nefnist hann refaveiðastjóri.

2. gr.

Á vorfundi annast refaveiðastjóri um að kosnir séu hæfilega margir skotmenn, og hverjum þeirra ætlað ákveðið svæði, skal á sama fundi tilnefna grenjaleitarmenn, og er heppilegast að skotmaður sé með í leitinni. Finnist gren með yrðlingum í skal skotmaður og aðstoðarmaður hans setjast að á því, og eru þeir skyldir til að liggja þar í 3 sólarhringa, nema grenið sé áður að fullu unnið.

3. gr.

Hver búandi er skyldur til að leita að grenjum í búfjárhögum sínum endurgjaldslaust. Gera skal hann skotmanni strax aðvart ef hann verður þess var að þar séu yrðlingar. Fer skotmaður tafarlaust þangað ef hann er ekki háður öðru greni.

4. gr.

Aðallega skal gera tvær grenjaleitir á hverju vori, hina fyrri um fardaga og þá síðari eftir því sem refaveiðastjóri ákveður. Leitarmönnum skal greidd þóknun fyrir það eftir reikningi, er hreppsnefnd samþykkir.

5. gr.

Skotmanni skal greiða kr. 10,00 fyrir hvern sólarhring sem hann er frá heimili sínu við grenjalegu, og aðstoðarmanni sem skotmaður tekur gildan sama kaup. Þar að auki fá þeir þóknun fyrir hestabrúkun eftir reikningi er hreppsnefnd samþykkir. Fyrir fyrra dýrið fær skotmaður kr. 5,00, en kr. 10,00 fyrir hið síðara, og fyrir hvern yrðling kr. 2,00. Drepa skal alla yrðlinga jafnóðum og þeir nást, nema þá er nota þarf til grenjavinnslu vorlangt. Þó skal öllum yrðlingum lógað fyrir 15. júlí.

6. gr.

Refaveiðastjóri skal halda bók yfir eyðing refa, gera skal hann skýrslur um það eftir fyrirmynd, er stjórnarráð Íslands setur. Auk þess skal þar lýsa öllum grenjum á leitarsvæðinu, með stuttri en glöggri lýsing, svo finna megi grenin eftir henni.

19. dag desembermánaðar 1921. Reykjavík, Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

83 7. sept.

7. gr.

Eitra skal fyrir refi árlega á hagfelldum stöðum og á hentugum tíma. Skal svo með farið, að sem minnst hætta stafi af. Ef rjúpur eða aðrir fuglar eru eitraðir, þá er skylt að auðkenna þá á þann hátt að stýfa af hálfan hægri væng.

Nota skal til eitrunar Strychnin eða annað eitur ekki ósterkara og skal refaveiðastjóri ætíð sjá um að nægar birgðir af því séu til og í þeirra manna höndum, er hreppsnefnd trúir til að fari gætilega með það. Allt eitrað agn skal hirða og urða að vori, svo að sem minnst hætta stafi af því.

8. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 10 til 200 krónum eftir málavöxtum, er renna í fjallskila- eða sveitarsjóð eftir fyrirmælum viðkomandi hreppsnefnda.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara með sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Norður-Þingeyjarsýslu hefir samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 48, 28. nóvember 1919, staðfestist hérmeð til að öðlast gildi 1. okt 1921.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 7. sept. 1921.

Pétur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

84 7. sept.

REGLUGERÐ

um

fjallskil í Norður-Þingeyjarsýslu austan Jökulsár.

I.

Um afrétti.

1. gr.

Norður-Þingeyjarsýsla austan Jökulsár skiptist í tvö fjallskilafélög þannig: á milli Jökulsár og Hafralónsár sé eitt fjallskilafélag; annað fjallskilafélag sé á svæðinu frá Hafralónsá að takmörkum Norður-Múlasýslu (Sauðaneshreppur). Hvort fjallskilafélagið skiptist í deildir eftir því sem landi hagar og fjöll og vatnsföll deila. Sýslunefndin ákveður takmörk deilda eftir tillögum hlutaðeigandi sveitarfélaga.

2. gr.

Sýslunefnd hefir á hendi yfirstjórn allra fjallskilamálefna í sýslunni samkvæmt

sveitarstjórnarlögunum 10. nóvember 1905; en hreppsnefndir hafa að öðru leyti alla stjórn og framkvæmd í fjallskilamálum deildanna. Nú tilheyrir ein deild tveimur eða fleiri hreppum og hafa þá hlutaðeigandi hreppar störf þessi sameiginlega á hendi. **84** 7. sept.

3. gr.

Allt land skiptist í afrétti og heimalönd. Það skulu vera afréttir, sem að fornu hafa verið. Sýslunefnd getur og tekið upp nýja afrétti, ef nauðsyn ber til, eftir tillögum hreppsnefnda og með samþykki landeiganda.

Hver hreppsnefnd skal semja skrá yfir þá afrétti, með tölu og ummerkjum, er hún hefir umsjón með, og skal rita hana í fjallskilabók hreppsins, þessar skrár skulu allar sendar sýslunefnd, er sér um, að þær séu allar innfærðar í eina bók.

4. gr.

Hreppsnefndirnar gangast fyrir því, hver í sínum hreppi, að gerð sé sveitarsamþykkt um það, hvort nota skuli heimalönd til upprekstrs fyrir geldfé eða lömb; skal í samþykktinni skýrt tekið fram, hver þau lönd séu, og tala þess fjár, er í þau má reka. Má enginn nota eða leyfa öðrum að nota heimaland sitt til upprekstrs, nema það sé þannig heimilað með gildandi sveitarsamþykkt samþykktri af sýslunefnd, ella tvígjaldi hann fjártolla grönnum þeim, er lönd eiga að hans landi, og verður að auki sekur sem um gangnarof. — Nú liggja saman heimalönd hreppa, er menn vilja nota til upprekstrar, og skulu þá hlutaðeigandi hreppsnefndir gera sameiginlega samþykkt um notkun þeirra. Heimalönd þau, sem heimild er fyrir að nota til upprekstrar, skal skoða sem afrétt að því er göngur snertir, enda séu þau notuð á þann hátt af fleirum en landeiganda sjálfum. Allar samþykktir, sem nefndar eru í grein þessari, hvort sem þær eru eldri eða yngri en þessi reglugerð, skulu sendar sýslunefnd til samþykktar, áður en ár er liðið frá því reglugerðin öðlast gildi.

5. gr.

Allt sauðfé nema kviær þær, sem nytkaðar eru, skal reka á afrétt eins fljótt og tíð og gróður leyfa, en lömb og dilkær viku eftir fráfærur.

Reka skal í miðjan afrétt, nema afréttar eigandi eða hreppsnefnd hafi öðru vísi mælt fyrir

6. gr.

Nú gengur fé úr afréttum í búfjárhaga manna, er þá rétt að búendur þeir, er lönd eiga að afrétti, kveðji granna sína, þá er næstir búa, til að hreinsa land með sér, og reka fé aftur á afrétti, en gera skulu þeir það endurgjaldslaust. Svo skulu þeir haga hreinsun og rekstri, að fénu verði ei mein að, ella varðar það sektum sem fyrir gangnarof, nema meiru varði eftir almennum hegningarlögum.

7. gr.

Nú eiga tveir eða fleiri menn afrétt saman og skiptist þá afréttartollur milli þeirra eftir tiltölu hvers eins í afrétt, þótt einn leyfi upprekstur frekar en aðrir.

8. gr.

Skylt er hreppsnefnd ef hlutaðeigendur krefjast, að gera ákvörðun um, hve margt

84 sauðfé má reka á hvern afrétt, sem heyrir undir stjórn hennar. Sé eigandi afréttar
7. sept. óánægður með ákvörðunina er honum heimilt að skjóta máli sínu til sýslunefndar, er leggur fullnaðarúrskurð á málið. Sú hreppsnefnd, sem telur ofmargt fé rekið í aðliggjandi utansveitar afrétt, getur og skotið því atriði til fullnaðarúrskurðar sýslunefndar, náist eigi samkomulag við umráðamann afréttarins.

II.

Um fjárréttir.

9. gr.

Fjárréttir skiptast í aðalréttir og aukaréttir. Ákveður sýslunefnd eftir uppástungum hreppsnefndanna hverjar vera skuli aðalréttir og aukaréttir. Aðalréttir eru í Fjallahreppi Grundarhólsrétt, í Öxarfjarðarhreppi Hvirfilvallarétt, í Presthólahreppi Katastaða- og Blikalónsrétt, í Svalbarðshreppi Flautafells- og Laxárdalsrétt og í Sauðaneshreppi Hallgilsstaðarétt. Hver aukarétt heyrir undir einhverja aðalrétt. Á aukaréttum skal rétta fyrr en á aðalréttum, enda gangi úrtíningsfé á aukaréttum til aðalréttar og dragist þar upp. Sýslunefnd semur skrá yfir allar fjárréttir í sýslufélaginu; skal þar framtekið hverja afrétti og heimalönd ganga skal að hverri rétt, og hverja daga þar skal rétta. Skrá þessa skal rita í fjallskilabók hvers hrepps.

10. gr.

Skylt er hverjum hreppi að halda við fjárréttum og byggja að nýju þegar þörf er, kostnað við það skulu allir fjáreigendur í hreppnum bera, eftir sömu reglum og annan fjallskilakostnað, en hreppsnefnd annast um framkvæmd verksins.

Hver fjáreigandi er skyldur til að sjá sér sjálfur fyrir nægilegu dilkrúmi við þá aðalrétt, sem hann á sókn að, sama gildir um þær fjallskiladeildir, er von eiga fjár á réttinni. Lokið skal aðgerð rétta og dilka, degi fyrir hinn fyrsta réttardag haust hvert.

11. gr.

Nú þykir þörf að fjölga fjárréttum, eða færa af þeirra fyrri stöðum á aðra hentugri, og skal þá hreppsnefnd sú, er hlut á að máli, bera málið undir álit hreppsbúa á næsta vorþingi. Sé um aukarétt að ræða, ræður meiri hluti atkvæða málinu til fullnaðarúrslita, en um aðalréttir þarf samþykki sýslunefndar til þess að ákvörðunin sé gild.

Skyldur er hver búandi, að leggja til land og hleðsluefni undir aðalrétt án endurgjalds valdi það eigi skemmdum á túni eða engjum en fyrir usla og ágang greiðist þóknun úr fjallskilasjóði eftir samkomulagi við hreppsnefnd, en andvirði seldra ómerkinga rennur þá í sveitarsjóð.

12. gr.

Þar sem afréttir eru víðlendir og hreppsbúum þykir þörf á, skal á sveitarinnar kostnað byggja gangnakofa á hentugum stöðum, svo að gangnamenn geti notið þar húsaskjóls, meðan á göngum stendur, og gengst hlutaðeigandi hreppsnefnd fyrir framkvæmd á því.

III.

Um smölun til rúnings og fráfærna.

13. gr.

Allir þeir, sem jörð hafa til ábúðar, eru skyldir að smala heimalönd sín á vorin eftir því sem hreppsnefnd ákveður.

14. gr.

Hreppsnefnd hefir heimild til að skipa fyrir um smölun geldfjár á vorin, þegar hentugast þykir. Ef þörf gerist má hún láta göngur fara fram á afréttum; hið sama gildir að því er snertir smölun á ám til fráfærna.

IV.

Um göngur og réttun.

15. gr.

Hver fjáreigandi, sem á sauðkindur á afrétti, er skyldur að gera fjallskil á þann hátt, sem hreppsnefnd ákveður, en skyldur er hver húsráðandi að inna fjallskilin af hendi fyrir heimamenn sína. Enginn er undanþeginn almennri fjallskilaskyldu, þótt hann hafi sleppt geldfé sínu í heimalönd, annaðhvort í óleyfi eða samkvæmt 4. gr.

16. gr.

Skipta skal hreppsnefnd afréttum þeim, sem hún á fyrir að ráða, í leitir, og kveða á um, hve marga menn þarf í leit hverja, svo og til annara fjárrétta, er sækja þarf fé að. Skrá um þetta skal rita í fjallskilabókina.

17. gr.

Skylt er hverjum fjáreiganda að gefa hreppsnefnd skýrslu um fjártölu á afrétt, á þeim tíma, er hún ákveður. Hreppsnefnd er skylt að semja skýrslu um fjártölu þeirra hreppsbúa, er reka á utansveitar afrétt, og senda skýrslu þessa hlutaðeigandi hreppsnefnd eigi síðar en mánuði fyrir göngur.

Hreppsnefndir skulu jafna öllum fjallskilakostnaði á fjártölu hreppsbúa og annara þeirra, er afrétt sveitarinnar nota, með ákveðnu auratali á hverja kind, og nefnist sú fjársöfnun fjallskilasjóður. Úr þeim sjóði skal greiða gangnakostnað, eftirleitir og annað það, er fjallskil varða.

18. gr.

Þar sem utansveitarfé gengur árlega á afréttum einnar sveitar, án þess þó að rekið sé, skal sú eða þær sveitir, er féð eiga, leggja til fjallskila að einhverju leyti, þar sem féð gengur. Skulu hlutaðeigandi hreppsnefndir koma sér saman um hvað sá kostnaður er mikill, en komist ekki samningur á um það atriði, má skjóta því til úrskurðar sýslunefndar.

84 19. gr.

7. sept. Nú vanrækir einhver að gera þau fjallskil, sem á hann hafa skipst, og er honum það sjálfrátt, eða leggur ógildan mann til fjallskila, þá eru það gangnarof, og varðar það 10 til 30 króna fébótum. Sé brotið ítrekað, tvöfaldast sektirnar í hvert skipti; þó mega þær aldrei verða hærri en 200 krónur. Auk þess greiðir sá, er brýtur, slíkar skaðabætur, er samsvari fjallskilum þeim, er hann hefir vanrækt. Rétt er og að leitarforingi eða hreppsnefnd fái mann til að gera fjallskil í stað þess, er gangnarof gerði, á hans kostnað, og falla þá skaðabætur niður; sama gildir um þann, er lögmæt forföll hefir.

20. gr.

Hæfan gangnamann skal álíta þann, er leitarforingi og minnst helmingur leitarmanna tekur gildan. Nú verður leitarmaður sannur að óhlýðni, hirðuleysi eða handvömm, sem honum sjálfum er að kenna, þá skal svo álíta sem enginn hafi verið lagður til fjallskila í það sinn, og varðar það skaðabótum sem fyrir gangnarof.

21. gr.

Það skal vera aðalregla, að gera fern fjallskil haust hvert. Nú kemur óveður þegar gangnamenn eru á stað komnir, og göngur byrjaðar, svo þær verða að litlu eða engu gagni, og er það komið undir hlutaðeigandi hreppsnefnd, hvort hún álítur að nokkrar göngur hafi verið gerðar í það sinni.

22. gr.

Fjallskilum skal haga þannig, að réttardagar fyrstu fjallskila sé 22. september, annara fjallskila 27. september, þriðju fjallskila 6. október og 4. fjallskila 16. október. En á svæðinu frá Hafralónsá að takmörkum Norður-Múlasýslu, skulu réttardagar vera, í fyrstu göngum miðvikudagur í 22. viku sumars, í öðrum göngum miðvikudagur í 23. viku sumars, og í þriðju göngum laugardagur í 25. viku sumars.

23. gr.

Hreppsnefnd skal birta með umburðarbréfi, er berist sem þingboð um hreppinn nokkru á undan fjallskilum, hvað hver fjáreigandi á að leggja til fjallskilanna; sé þar tekið fram, hvernig göngum skal haga í hvert skipti, tilnefndir leitarforingjar og þeir menn, er sendir eru á aðrar fjárréttir. Hreppsnefndin hefir umsjón með réttun fjárins og sundurdrætti. Rétt er og, að hún kveðji sér til aðstoðar á réttinni svo marga menn, sem þarf til þess að sundurdráttur fjárins gangi greiðlega. Allskonar óhlýðni og þrjózka gegn skipun réttarstjóra varðar sektum sem fyrir gangnarof.

Störf þau, sem talin eru í þessari grein, má hreppsnefnd fela einum eða fleiri mönnum til framkvæmda.

24. gr.

Hver fjáreigandi er skyldur að hafa svo marga menn á þeirri fjárrétt, er hann á sókn að, sem með þarf til þess, að fé hans verði dregið svo greiðlega, sem réttarstjóri mælir fyrir. Skal að minnsta kosti einn maður vera kominn til réttar frá hverjum fjáreig-

anda, þá réttað er og sundurdráttur byrjar, enda má enginn reka fé frá réttinni fyrri en honum er lokið, nema réttarstjóri leyfi. 84 7. sept.

25. gr.

Leitarforingjar skipa fyrir um, hvernig göngum skal haga í hverri leit. Þeir sjá svo um, sem unnt er, að hver einstakur gangnamaður leysi hlutverk sitt vel af hendi, og að fjársöfnin séu rekin með reglu til réttar og í tækan tíma. Svo hafa þeir og umsjón með geymslu fjárins þar til réttarstjóri tekur við því. Eru gangnamenn skyldir að hlýða leitarforingja, og varðar sektum sem fyrir gangnarof ef útaf er brugðið.

26. gr.

Þyki einhverjum sér gerð of mikil fjallskil, er honum rétt að kæra það fyrir hreppsnefnd, er leggur úrskurð á kæru hans. Úrskurði hreppsnefndar má skjóta til sýslunefndar. Enginn getur, með því að kæra, skotið sér undan að inna af hendi þau fjallskil, er honum voru gerð.

V.

Um hreinsun heimalanda.

27. gr.

Hver búandi er skyldur að hreinsa heimalönd sín á hverju hausti, um leið og önnur, þriðju og fjórðu fjallskil fara fram. Skipar hreppsnefnd fyrir um rekstur þess fjár til réttar, er kemur fyrir í heimalöndum, eða sér um réttun þess, sé það réttað í aukaréttum. Heimilt er og hreppsnefnd að skipa fyrir um hreinsun heimalanda oftar á hausti, þegar henni þykir nauðsyn til bera.

28. gr.

Nú liggja lönd tveggja eða fleiri hreppa saman, og skulu hlutaðeigandi hreppsnefndir gera samþykkt um, hvernig hreinsuninni skal haga á því svæði, er lönd hreppanna ná saman. Sama gildir og um smölun til rúnings og fráfærna. Greini hreppsnefndir á um þetta, skal sýslunefnd skera úr. Óhlýðni gegn skipunum hreppsnefnda um hreinsun heimalanda, og hverskonar vanrækslu í því efni, varðar sektum sem fyrir gangnarof.

29. gr.

Hver maður er skyldur að hirða fé það, er finnst í heimalöndum, eftir að hinni almennu hreinsun er lokið, og reka til næsta bæjar þá leið, er það á að ganga. Nú kemur fjárrekstur til manns frá næsta bæ, og er hann skyldur að reka hann tafarlaust áfram rétta leið, nema kvöld sé komið eða óveður, svo að eigi sé fært. Skal þá beita fénu eða gefa hey ella, unz fært er að reka. Hver sem sleppir fjárrekstri, verður sekur sem um gangnarof.

VI.

Um eftirleitir.

30. gr.

Þegar fjallskilum er að fullu lokið, má hreppsnefnd leyfa eftirleitir á afrétti, annaðhvort fyrir umsamda borgun úr fjallskilasjóði, eða á kostnað leitarmanna sjálfra.

31. gr.

Nú finnur maður óheimt fé á afrétti í eftirleit, án þess að samið hafi verið um borgun fyrir ferðina, og ber honum þá borgun fyrir það þannig:

fyrir lamb hvert	kr.	4,50
— veturgamla kind	—	6,00
— dilká með dilk	—	9,00
— dilká með 2 dilkum	—	12,00
— mylka á	—	5,00
— gelda á	—	6,00
— sauð 2 vetra og eldri	—	7,00
— hrút eldri en veturgamlan ..	—	10,00

Borgun fyrir óheimt fé greiðist úr fjallskilasjóði. Fyrir óheimt fé, sem finnst í heimalöndum, eða við smölun fjár, þótt í afrétt sé, eftir að fjallskilum er lokið, er eigi skylt að greiða fundarlaun.

32. gr.

Skylt er fjáreigendum að auðkenna fé sitt jafnóðum og það heimtist úr öðrum göngum, með glöggu merki. Vanræki einhver að auðkenna fé sitt þannig, verður hann sjálfur að borga fundarlaun fyrir hverja kind sína, sem finnst í eftirleit, en ekki fjallskilasjóður.

Fyrir heimt fé (merkt), sem finnst í eftirleit, ber eiganda að greiða kr. 2,00 fyrir hverja kind, á hvaða aldri sem hún er.

VII.

Um fjármark.

33. gr.

Hver maður skal einkenna fé sitt með glöggu marki á eyrum, en ef soramarkað er, með brennimarki á hornum eða klaufum. Enginn má eiga fleiri en tvö mörk. Skrúði og brögð á eyrum eru auðkenni en ekki fjármörk. Um markréttindi og sammerkinga, fer sem í lögum er ákveðið.

Hver fjáreigandi er skyldur að auðkenna sauðfé sitt á vinstra horn með sveitabrennimörkum þannig:

Sauðaneshreppur	L 1
Svalbarðshreppur	S 2
Presthólahreppur	P 3 og P ∞

Hið síðara fyrir austur Sléttu.

Öxarfjarðarhreppur	Ø 4
Fjallahreppur	F 5

Hver sem eigi hlítir ákvæðum þessum, gjaldi 50 aura í sekt fyrir hverja hornótta kind, er rennur í fjallskilasjóð. **84** 7. sept.

34. gr.

Öll fjármörk sýslunnar skal rita í eina skrá, er sýslunefndin semur, og skal prenta hana svo oft, er sýslunefnd álítur að þurfi, þó eigi sjaldnar en tíunda hvert ár, og útbýta meðal búenda í sýslufélaginu. Hver búandi er skyldur að geyma markaskrána meðal þeirra heimildarskjala, er fylgja ábýli hans, og skila næsta ábúanda, er hann flytur frá jörðinni.

VIII.

Um óskilafé.

35. gr.

Óskilafé, sem ekki finnast eigendur að, skal hreppsnefnd hirða, og senda lýsingar af í næstu sveitir, það fé sem óútgengið er á hausthreppamóti, seljist við uppboð, af hlutaðeigandi hreppstjóra. Því fé sem þannig er selt, skal hreppstjóri lýsa í Lögbirtingablaðinu innan þriggja mánaða.

IX.

Almennar ákvarðanir.

36. gr.

Hver hreppsnefnd haldi aðskilda fjallskilabók, skal í hana rita skrár þær, sem um er getið í reglugerð þessari, og allar þær ákvarðanir, er hreppsnefnd gerir um fjallskilamálefni. Oddviti sýslunefndarinnar getur heimtað endurrit úr fjallskilabókinni, hvenær sem þarf.

37. gr.

Með reglugerð þessari, sem öðlast gildi 1. jan. 1922, er úr gildi numin reglugerð um fjallskil í Norður-Þingeyjarsýslu, austan Jökulsár, frá 4. ágúst 1908.

38. gr.

Með brot gegn ákvörðunum reglugerðar þessarar skal fara sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi sem sýslunefnd Norður-Þingeyjarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, staðfestist hérmeð til að öðlast gildi 1. janúar 1922.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 7. sept. 1921.

Pétur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

85
12. sept.

REGLUGERÐ

um

lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra.

1. gr.

Stofnfé sjóðsins er styrktarsjóður barnakennara eins og hann nú er og skal fé þetta afhent umsjónarmönnum lífeyrissjóðsins eigi síðar en 1. desbr. 1921.

2. gr.

Hver barnakennari, karl eða kona, sem laun tekur eftir launalögum barnakennara, er skyldur til að kaupa lífeyri í sjóðnum handa sér og maka sínum, með því að greiða í sjóðinn 7% af árslaunum sínum.

Settir kennarar greiða ekkert í sjóðinn, enda fá hvorki þeir né makar þeirra lífeyri úr honum. Undantekningu frá þessu má þó gera um þá barnaskólakennara, er voru settir skólaárið 1920—1921, að því snertir tímabilið frá 1. jan. 1921 og um alla barnakennara, er settir hafa verið skólaárið 1921—1922.

3. gr.

Iðgjöld þau, er ræðir um í 2. gr., greiðast af föstum launum, hvort sem þau eru greidd úr ríkissjóði eða eigi, en ekki af dýrtíðaruppbót eða öðrum hlunnindum, svo sem ókeypis bústað.

4. gr.

Iðgjöldunum skal ríkisféhirðir halda eftir af launum kennara með 1/12 mánaðarlega fyrirfram, ef launin eru greidd á þann hátt, en ella um leið og greitt er. Fjármáladeild stjórnarráðsins er þó heimilt að víkja frá þessu ef sérstaklega stendur á. Öllum iðgjöldum, sem ógreidd kunna að vera frá árinu 1921, skal halda eftir af launum hlutaðeiganda í síðasta lagi 1. desbr. það ár.

5. gr.

Lífeyrissjóðurinn er undir yfirumsjón fjármálaráðherra, en reikningshald hans annast fræðslumálastjóri og einn af kennurum barnaskóla Reykjavíkur, sem fjármálaráðherra tilnefnir til 5 ára í senn. Reikning sjóðsins skal birta árlega í B-deild stjórnartíðindanna og skal hann endurskoðaður af hinni umboðslegu endurskoðun.

6. gr.

Iðgjöld þau til sjóðsins, sem ríkisféhirðir heldur eftir, skulu mánaðarlega greiðast reikningshöldurum sjóðsins gegn kvittun, og við hver árslok skulu þeir gefa ríkisféhirði aðalkvittun fyrir öllu því, er þeir hafa veitt viðtöku á árinu.

7. gr. 85

Sjóðinn skal ávaxta í Landsbankanum að því leyti sem hann geymist í peningum. 12. sept.
Heimilt er með samþykki fjármáladeildar að kaupa verðbréf handa sjóðnum, ef þau verða að teljast fulltrygg og sjóðurinn hagnast við það á vöxtum eða gengi, en þó má eigi meira kaupa af verðbréfum en svo, að ætla megi, að sjóðurinn hafi jafnan nægilegt handbært fé til lögboðinna greiðslna.

8. gr.

Kennari, sem greitt hefir iðgjald í sjóðinn, á kröfu á lífeyri úr honum, þegar svo stendur á sem hér segir:

a. Þegar hann er leystur frá starfinu sökum elli eða vanheilsu.
b. Þegar hann er leystur frá starfinu sökum þess að hann er orðinn 70 ára að aldri eða samanlagður aldur hans og þjónustutími er 95 ár.
c. Þegar starf hans verður óþarft sökum breytingar á fræðsluhéraði eða skólahéraði áður en hann er 70 ára og hann fer ekki í aðra kennarastöðu, en lætur iðgjöld sín standa inni í sjóðnum, án þess að taka lífeyri þar til hann hefir náð sjötugs aldri.

Þegar kennari lætur af starfi sínu af öðrum ástæðum en hér eru taldar, fær hann engan lífeyri úr sjóðnum og ekkert endurgreitt af iðgjöldum sínum, nema ef starf hans er lagt niður, því að þá á hann, ef hann fer ekki í aðra kennarastöðu, kröfu á iðgjöldum þeim, er hann hefir greitt, vaxtalaust og afdráttarlaust, ef hann kýs eigi heldur að láta þau standa inni í sjóðnum þar til hann er 70 ára, sbr. c-lið þessarar greinar.

9. gr.

Maki kennara, sem notið hefir eða átti rétt til lífeyris úr sjóðnum, á að honum látnum kröfu á lífeyri, nema svo standi á sem hér segir:

a. að kennarinn var orðinn 60 ára, er hann kvongaðist eða giftist.
b. að hjónabandið var stofnað meðan kennarinn lá banaleguna.
c. að hjónabandið var stofnað eftir að kennarinn var leystur frá starfi sínu, eða
d. að hjónabandinu var gersamlega slitið áður en hann dó.

10. gr.

Lífeyrir kennara er 25‰ af launum þeim samanlögðum, sem hann hefir greitt iðgjald af í sjóðinn og ¼ hluta þeirra launa, sem hann hefir greitt iðgjald af í styrktarsjóð barnakennara. Lífeyririnn má þó aldrei fara fram úr ¾ hámarkslauna þeirra, er kennarinn hefir haft.

Lífeyrir maka kennara er ½ af byrjunarlaunum kennarastöðu, sem kennarinn hafði þegar hann lézt eða þeirrar, sem hann fékk lausn frá.

11. gr.

Réttur maka kennara til lífeyris fellur burt:

1. Ef hann giftist eða kvongast á ný.
2. Ef hann tekur sér bústað utanríkis án samþykkis stjórnar sjóðsins.
3. Ef hann hirðir eigi lífeyririnn í 3 ár samfleytt án þess að sanna lögmæt forföll.

Er maki kennara missir lífeyririnn af því að hann giftist eða kvongast af nýju á

85 hann rétt á að fá hinn sama lífeyri, ef hann verður ekkill eða ekkja í annað sinn. Þó
12. sept. getur enginn haft lífeyri nema eftir einn maka.

12. gr.

Sá, sem telur sig hafa rétt til lífeyris úr sjóðnum, skal um það rita bréf til fjármáladeildar og þar skýra frá hversu miklum lífeyri hann telur sig eiga kröfu á árlega, frá hvaða tíma og því öðru, er máli kann að skipta í þessu efni.

Að fengnum þessum skýrslum úrskurðar fjármáladeildin kröfuna, tilkynnir það hlutaðeiganda og sér um að greiðsla fari fram samkvæmt því.

13. gr.

Lífeyrir greiðist með $\frac{1}{12}$ mánaðarlega fyrirfram. Ef um lítla fjárhæð er að ræða, má þó hafa gjalddagana færri og jafnvel greiða allt í einu lagi, ef mjög lítið er um að ræða.

14. gr.

Um sönnun fyrir áframhaldandi rétti til lífeyris fer eftir reglum þeim, sem hingað til hefir verið fylgt um rétt til eftirlauna.

Fjármáladeild stjórnarráðsins, 12. sept. 1921.

Magnús Guðmundsson.

Sigurjón Markússon.

REGLUGERÐ

86
31. okt.

um

breyting á reglugerð 21. maí 1908, um meðferð á póstsendingum til eða frá stjórnarvöldum og sveitar- eða bæjarstjórnum og reglugerðum um viðauka við nefnda reglugerð.

Í stað 1. gr. í reglugerð 21. maí 1908 um meðferð á póstsendingum til eða frá stjórnarvöldum og sveitar- eða bæjarstjórnum komi:

„Stjórnarvöld þau, sem getur um í 12. gr. sbr. 14. gr. í póstlögunum, eru sem nú skal greina:

Stjórnarráðið.
Hagstofustjóri.
Ríkisféhirðir.
Hæstiréttur.
Bæjarfógetar, lögreglustjórar og sýslumenn.
Skattanefndir.
Umboðsmenn þjóðjarða.
Landlæknir.
Héraðslæknar.
Heilsuhælislæknirinn.
Geðveikralæknirinn.
Holdsveikralæknirinn.
Dýralæknar.
Aðalpóstmeistari.
Póstmeistarar.
Póstafgreiðslumenn, sem veita pósthúsi forstöðu.
Landssímastjóri.
Forstjórar landssímastöðvanna:
á Akureyri, Borðeyri, Ísafirði, Seyðisfirði, Siglufirði, Stykkishólmi og Vestmannaeyjum.
Vegamálastjóri.
Vitamálastjóri.
Skógræktarstjóri.
Forstöðumaður löggildingarstofunnar.
Biskup.
Prófastar.
Sóknarprestar.
Rektor háskólans.
Skólameistari við hinn almenna menntaskóla.
—— — gagnfræðaskólann á Akureyri.
Skólastjóri kennaraskólans.
Skólastjórar bændaskólanna.

86 31. okt.

Fræðslumálastjóri.
Landsbókavörður.
Ríkisskjalavörður.
Þjóðmenjavörður".

Síðasta málsgrein 3. greinar, önnur málsgrein 4. greinar, fjórða málsgrein 5. greinar, orðin í annari málsgrein 9. greinar, sem byrja með „og á þær" og það sem eftir er af málsgreininni, svo og öll 4. málsgrein falli burt.

Atvinnu- og samgöngumálaráðherrann, Reykjavík, 31. október 1921.

Pétur Jónsson.

S. Briem.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð hjónanna Vigdísar Sigurðardóttur og Bjarna Sigurðssonar hreppstjóra á Brimilsvöllum, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 4. nóv. 1921. Skipulagsskráin er þannig:

87 4. nóv.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

„Minningarsjóð hjónanna Vigdísar Sigurðardóttur og Bjarna Sigurðssonar hreppstjóra á Brimilsvöllum".

1. gr.

Sjóðurinn, sem er stofnaður með 2000 kr. gjöf hjónanna Vigdísar Sigurðardóttur og Bjarna Sigurðssonar hreppstjóra á Brimilsvöllum, skal bera nafn þeirra þannig, að hann heiti „Minningarsjóður hjónanna Vigdísar Sigurðardóttur og Bjarna Sigurðssonar hreppstjóra á Brimilsvöllum".

2. gr.

Ofannefnd gjöf er nú þegar lögð inn á Sparisjóð Ólafsvíkur undir ofanskráðu nafni.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða og skal hann fyrst um sinn ávaxtast þangað til vextir eru orðnir 100 kr. í árlega vexti.

87

4. nóv.

4. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn það stór, að hann gefur af sér 100 kr. í árlega vexti, má verja úr honum 50 kr. á ári, unz ársvextir verða 150 kr., þá 100 krónum, og er þeir hafa náð 200 kr., þá 150 kr. o. s. frv., til þess að hjálpa sorgmæddum og fátækum, sem misst hafa föður eða móður, eiginmann eða eiginkonu, uppkomin börn eða fósturbörn; einkum fyrsta sorgarárið; — þó fer sú tímatakmörkun eftir því sem stjórn sjóðsins álítur að nauðsynlegt sé í hverju einstöku tilfelli.

5. gr.

Styrk þenna má aðeins veita heimilisföstum mönnum í Fróðárhreppi og Ólafsvíkurhreppi, án tillits til hvort þeir hafa þegið sveitarstyrk eða ekki, þó þannig, að þeir ganga fyrir, sem búa í Fróðárhreppi að öðru jöfnu.

6. gr.

Þegar höfuðstóllinn er orðinn það stór, að hann gefur af sér 1000 kr. í árlega vexti má einnig verja af vöxtum hans, allt að helming þess, sem nota má eftir 3. gr., til almennrar kristilegrar líknarstarfsemi, ef bráð nauðsyn ekki krefur það allt til hjálpar eftir 3. gr.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þessum þrem mönnum: sóknarprestinum í Nesþingaprestakalli, hreppstjóra Fróðárhrepps og hreppstjóra Ólafsvíkurhrepps, og skal sóknarpresturinn vera formaður stjórnarinnar.

8. gr.

Stjórn sjóðsins hefir á hendi umsjón hans, veitir styrk úr honum og semur reikning hans, er birta skal á prenti 5. hvert ár að minnsta kosti.

9. gr.

Sjóðurinn skal fyrst um sinn ávaxtast í Sparisjóði Ólafsvíkur og skal stjórnin annast um að hann sé ávalt geymdur á öruggum stað og aldrei ótryggari stað en þar.

10. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal leita konunglegrar staðfestingar.

Brimilsvöllum, 5. júní 1921.

Vigdís Sigurðardóttir. *Bjarni Sigurðsson.*

88
9. nóv.

REGLUGERÐ

fyrir

Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

I. KAFLI.

Félagið sjálft og stjórn þess.

1. gr.

Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, sem í reglugerð þessari er nefnd „Samábyrgðin", er sjóvátryggingarstofnun fyrir íslenzk fiski- og flutningaskip.

Samábyrgðin tekst á hendur:

a. Endurtrygging fyrir íslenzk ábyrgðarfélög skipa og báta, á helmingi eða allt að helmingi þess hluta af tryggingarhæfu verði skipa þeirra og báta, er félögin sjálf taka að sér ábyrgð á.
b. Beina vátrygging á skipum og bátum.
c. Trygging á afla, veiðarfærum og útbúnaði, ef um algerðan skiptapa er að ræða.

Félagið tekur aðallega ábyrgð á þeim skipum og bátum, sem ætluð eru til fiskiveiða eða flutninga við Ísland.

2. gr.

Heimili og varnarþing Samábyrgðarinnar er í Reykjavík.

Fyrir kröfum á hendur félaginu er aðeins aðgangur að því, og má beina slíkum kröfum gegn framkvæmdarstjóranum fyrir hönd Samábyrgðarinnar. Kröfum skal lýsa á skrifstofu Samábyrgðarinnar.

3. gr.

Samábyrgðinni stjórnar nefnd þriggja manna. Einn þeirra er framkvæmdarstjóri og jafnframt formaður og skipar stjórnarráðið hann, en tveir eru gæzlustjórar. Annan þeirra kýs stjórnarráðið fyrst í stað, en hinn kjósa hin innlendu vátryggingarfélög, sem Samábyrgðin er í samvinnu við.

Kosning gæzlustjóranna gildir um 3 ár í senn. Skulu þeir vera búsettir í Reykjavík eða þar í nánd og fá lítilsháttar þóknun fyrir starfa sinn, er stjórnarráðið ákveður. Þóknun þeirra og laun framkvæmdarstjóra greiðist af Samábyrgðinni.

Í forföllum gæzlustjóranna, eða ef sæti þeirra verður laust áður en kjörtíminn er á enda, setur stjórnarráðið menn í stað þeirra um stundarsakir til þess að gegna störfum þeirra.

Stjórnarráðið skipar endurskoðanda og ákveður laun hans.

4. gr.

Stjórnarnefndin skal eiga fund með sér svo oft sem formanni þykir þörf á.

Ályktun stjórnarnefndar er gild, ef tveir nefndarmenn að minnsta kosti greiða atkvæði með henni. 88 9. nóv.

Gerðabók skal halda á fundum stjórnarnefndarinnar og hún undirskrifuð af þeim nefndarmönnum, sem viðstaddir eru.

5. gr.

Stjórnarnefndin fer með það vald, sem Samábyrgðin hefir lögum samkvæmt, nema öðruvísi sé ákveðið.

Stjórn félagsins skal áður en mánuður er liðinn eftir hvern ársfjórðung senda stjórnarráðinu stutt yfirlit yfir starf félagsins, og innan þriggja mánaða eftir lok hvers starfsárs skal hún senda stjórnarráðinu ársreikninginn með áritun endurskoðanda.

Stjórnarráðið getur hvenær sem því lízt látið rannsaka allan hag félagsins og ef nauðsyn krefur skipað yfir það eftirlitsstjórn.

Stjórn félagsins skal gera sér allt far um að útvega endurtryggingu með svo góðum kjörum sem unnt er, að svo miklu leyti sem ákveðið er í lögum nr. 23, 27. júní 1921, eða stjórnarnefndin telur nauðsynlegt eða heppilegt.

Stjórnarnefndin tekur ákvörðun um skipun umboðsmanna og virðingarmanna eftir tillögum framkvæmdarstjóra. Hún ákveður einnig, með hvaða kjörum bæði þeir og önnur sú aðstoð, sem þörf er á, skuli vera tekin.

Stjórnarnefndin hefir eftirlit með skaðabótagreiðslu og tekur yfirleitt þátt í ákvörðunum um meiri háttar málefni, er stjórn félgsins varða, svo sem vátryggingarskilyrði, notkun og ávöxt peningaforðans og höfuðstóls og vaxta varasjóðs, ennfremur um lántöku innan hinnar lögákveðnu ríkissjóðsábyrgðar.

6. gr.

Hvert það skjal, sem skuldbinda á Samábyrgðina, verður að vera undirskrifað af formanni og öðrum gæzlustjóranna.

Bréf viðvíkjandi daglegum störfum Samábyrgðarinnar (þar með talin ábyrgðarskírteini fyrir hverri einstakri beiðni vátryggingu og endurtryggingarskrár) undirskrifar framkvæmdarstjóri (formaður). Hann sér einnig um og hefir á hendi bókfærzlu, fjárvörzlu og reikningshald Samábyrgðarinnar.

Að minnsta kosti einu sinni á hverjum ársfjórðungi skulu gæzlustjórarnir gæta að peningaforðanum og öðrum eignum félagsins og gera athugasemd um það í gerðabókinni. Stjórn félagsins úrskurðar og þá liði í ársreikningnum, sem endurskoðunin hefir gert athugasemd við.

Reikninginn skal birta opinberlega og á hann ásamt athugasemdum endurskoðanda að liggja frammi til sýnis fyrir almenning á skrifstofu Samábyrgðarinnar í 14 daga eftir að það hefir verið auglýst í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar.

7. gr.

Reikningsárið telst frá 1. janúar til desembermánaðarloka.

Þá er ársreikningur er saminn, skal telja óloknar skaðabætur og aðrar skuldbindingar frá því ári og flytja til næsta árs með þeirri upphæð, sem þær eru virtar til eftir málavöxtum og undanfarandi reynslu.

88
9. nóv.

II. KAFLI

Vátryggingarkjör og skaðbótaskilyrði.

8. gr.

Í Samábyrgðina má taka:

A. Íslenzk ábyrgðarfélög báta og skipa, sem hafa lög sín staðfest af stjórnarráði Íslands. Þó mega regluleg ársiðgjöld í félögum þessum fyrir skip, sem vátryggja á í Samábyrgðinni, ekki fara niður úr 5% af vátryggingarfénu.

Milli Samábyrgðarinnar og félags, sem óskar að endurtryggja hjá henni, skal gera samning um þau sérstaklegu skilyrði, sem sett eru fyrir töku þess í Samábyrgðina. Þó má ekkert í slíkum samningi koma í bága við reglugerð þessa. Ef samningnum er ekki sagt upp fyrir 1. október, telst hann endurnýjaður fyrir næsta ár.

Eigendur hinna endurtryggðu skipa og Samábyrgðin hafa engin viðskipti, því að ábyrgðarfélögin koma ein fram bæði gagnvart eigendum og Samábyrgðinni.

Samábyrgðin tekur að sér þann hluta af áhættunni á skipum, vátryggðum í íslenzkum ábyrgðarfélögum, sem fer fram úr því, er félög þessi samkvæmt lögum sínum mega sjálf taka ábyrgð á, og því, sem þau kunna að krefjast sjálfsábyrgðar á. Skylt er ábyrgðarfélögum þeim, sem endurtryggja hjá Samábyrgðinni, að láta henni í té þenna hluta áhættunnar og Samábyrgðinni að taka við honum.

Svo fljótt sem unnt er skal senda Samábyrgðinni skýrslur um ábyrgðir þær, sem fluttar eru yfir til hennar, og skal það í síðasta lagi gert 3 vikum eftir byrjun vátryggingarársins, en síðan vikulega. Skýrslur þessar skal rita á endurtryggingarskrár, sem til þess eru ætlaðar, og sem félögin leggja til og kosta.

Afrit af ábyrgðarskírteinum og virðingargerðum skal senda Samábyrgðinni svo fljótt sem unnt er.

Hvert ábyrgðarfélag um sig framkvæmir sjálft allt það, er lýtur að upptöku skipa til vátryggingar og virðingu þeirra og ber sjálft allan þann kostnað, sem af því leiðir. Kostnaðurinn við stjórn ábyrgðarfélaga þessara er Samábyrgðinni og algerlega óviðkomandi.

Til grundvallar fyrir hverri vátryggingu skal leggja vátryggingarkjör og skaðabótareglur hinna einstöku ábyrgðarfélaga, þar sem það ekki kemur í bága við reglugerð þessa eða ákvæði þau, sem sett eru samkvæmt henni. Samábyrgðin er bundin við lög ábyrgðarfélaga þeirra, sem eru meðlimir hennar, og framkoma félaganna samkvæmt lögunum. Þó skulu félögin fá samþykki Samábyrgðarinnar til þess að höfða mál gegn öðrum út í frá, enda getur Samábyrgðin krafizt þess, að félagið sjálft beri tjón það, sem af því leiðir, að ekki hefir verið leitað ráða Samábyrgðarinnar í þessu efni eða ekki farið eftir þeim.

Ákvörðun skaðabóta, sem gerð er samkvæmt lögum hinna einstöku ábyrgðarfélaga, er bindandi fyrir Samábyrgðina. Þó verður að fá samþykki Samábyrgðarinnar, ef ákveða á skaðabætur eftir sanngirni, með samningi, gerðardómi eða lögsókn, og fer svo sem áður segir, ef vanrækt er að fá samþykkið.

Senda skal Samábyrgðinni eftirrit af skaðabótamatinu og greiðir hún hlutfallslega sinn hluta af skaðabótunum af þeim hluta tryggingarfjárhæðinnar, sem hún hefir ábyrgst, að frádregnum 10 kr. af hverri smálest hlutaðeigandi skips, þó má frádráttur sá aldrei fara fram úr 300 kr á einstöku fari.

B. Beinar vátryggingar á skipum og bátum.

C. Afla, veiðarfæri og útbúnað fiskiskipa. 88

Hver sem vill fá beina vátrygging á skipi í Samábyrgðinni, verður að snúa sér til 9. nóv.
umboðsmanns Samábyrgðarinnar á þeim stað, þar sem heimilisfang skipsins er, ef skipið er þar og Samábyrgðin hefir nokkurn umboðsmann þar. Ef Samábyrgðin aftur á móti hefir þar engan umboðsmann, eða skipið er ekki heima á þeim tíma, er vátryggingar er beiðst, getur vátryggingarbeiðandi snúið sér til næsta umboðsmanns eða til aðalskrifstofunnar. Eftir tilhlutun umboðsmannsins eða aðalskrifstofunnar, ef til hennar hefir verið leitað, er skipið síðan skoðað og virt af virðingarmönnum Samábyrgðarinnar. Ef virðingarmaður óskar vátryggingar, verður að setja annan áreiðanlegan mann í stað hans til þess að taka þátt í virðingunni.

Þá er virðingin er um garð gengin og virðingarmennirnir hafa gefið út vottorð um það, verður vátryggingarbeiðandi að undirskrifa með eigin hendi beiðni um vátryggingu til eins árs frá þeim degi, sem beiðnin er afhent umboðsmanninum. Þann dag, sem vátryggingin byrjar, verður skipið að vera í öruggri höfn eða skipalægi. Dagurinn reiknast frá kl. 12 á miðnætti til kl. 12 á miðnætti. Eyðublöð undir vátryggingarbeiðnir fást hjá umboðsmönnum Samábyrgðarinnar og á aðalskrifstofunni. Í vátryggingarbeiðnina skal setja lýsingu á því, sem vátryggt er, og vátryggingarfé, og á vottorð virðingarmanna að fylgja henni. Ef Samábyrgðin tekst á hendur vátrygginguna, gefur aðalskrifstofan út vátryggingarskírteini, er það afhent vátryggjanda og er síðan fullgilt vátryggingarskírteini gagnvart Samábyrgðinni.

Frumritið af beiðninni og vottorð virðingarmanna sendir umboðsmaður aðalskrifstofunni.

Við eigendaskipti er farið að á sama hátt sem við nýja vátryggingu. Má þá endurgreiða iðgjaldið fyrir þann tíma, sem ábyrgðarskírteinið átti eftir að gilda, að frádregnum ¼% af vátryggingarfénu. Þó fellur öll iðgjaldaendurgreiðsla niður, ef skaðabætur á því ári nema meiru en helmingi hins greidda ársiðgjalds.

Vátryggja má alla virðingarfjárhæðina og minni hluta af henni.

Samábyrgðinni er heimilt, ef hún finnur ástæðu til þess, að neita að vátryggja skip nema fyrir nokkrum hluta af virðingarfjárhæðinni.

Samábyrgðin má eigi án endurtryggingar takast á hendur hærri ábyrgð en 15000 kr. fyrir einstakt far og 10000 kr. tryggingu á afla, veiðarfærum og útbúnaði á einstöku skipi.

Endurvirðing fer fram árlega, áður en vátrygging eða endurnýjun vátryggingar á sér stað.

Allan kostnað við virðingu og endurvirðingu skipa bera eigendur þeirra.

Skipstjórar á hinum vátryggðu skipum verða að fullnægja þeim reglum, sem settar eru í gildandi lögum á hverjum tíma um rétt til að vera skipstjóri á slíkum skipum, sem þeir eru fyrir, og í þeim siglingum, er þau ganga. Skipin verði einnig að fullnægja ákvæðum laganna um útbúnað, áhöfn, ljós- og bendingarfæri o. fl.

Hvert það skip, sem hefir mótor í lokuðu rúmi, skal hafa meðferðis öflugt slökkvitól, sem tekið er gilt af Samábyrgðinni, og skal það haft einhversstaðar fyrir utan vélarrúmið, þar sem auðvelt er að ná til þess. Í vélarrúminu mega ekki vera nein slík tæki, sem eldur er notaður við, að undanteknum lömpum þeim, sem nauðsynlegir eru við rekstur og gæzlu mótorsins.

9. gr.

Samábyrgðin bætir tjón það og skaða, er hlutir þeir, sem flokkaðir eru undir A. og B. í 8. gr., kunna að verða fyrir af völdum storms og annars óveðurs, af strandi, af því

88 9. nóv.

að skip ber á sker eða grunn, eða því hvolfir, af skipbroti, ásiglingu, árekstri, brotsjó, eldi og samrekstri við fasta hluti eða fljótandi á sjónum.

Fyrir tjón á mótor og öðrum vélum, gangskrúfum, öxlum, vindum og alls konar skipsbúnaði verða skaðabætur einungis greiddar, ef skip strandar eða ber á sker eða grunn eða það verður fyrir tjóni af árekstri eða eldsvoða, og þó því að eins, að það sannist, að tjónið á skipsbúnaðinum stafi ekki af sliti eða slíkri bilun, að hann geti ekki talist að hafa verið í gildu og sjófæru standi.

Ef segl skemmast eða fúna eða þeim er svift burt af stormi, ef akkeri, kaðlar, járnfestar eða dragreipi skemmast eða brotna, enn fremur ef stýfa verður síðar í burtu það, sem skemmst hefir, rifnað, slitnað eða brotnað, þá skoðast það sem slit og eru engar skaðabætur greiddar fyrir það.

Fyrir tjón, sem stafar af því, að sigluviðir brotna eða fastareiði slitnar, skal aftur á móti greiða skaðabætur. Ennfremur greiðast skaðabætur fyrir tjón á akkerum, járnfestum og landfestum, er skoðast sem sameiginlegt sætjón (havari grosse). Akkerisfestar og akkeri fiskiskipa teljast til fiskiáhalda, þegar þau eru notuð á fiskimiðum, og falla þá ekki inn undir þessa vátryggingu.

Öll skip og bátar, sem vátryggð eru í Samábyrgðinni, eru skyld til að hjálpa hvert öðru úr háska; sömu hjálp skal og veita skipum annara félaga, hafi þau og Samábyrgðin samið um að veita hvert öðru slíka hjálp. Borgunar fyrir hjálpina verður eigi krafizt eftir venjulegum björgunarreglum, heldur skal hún ákveðin af stjórn Samábyrgðarinnar, eða gerðardómi, ef þess er heldur óskað, af þeim, er hlut eiga að máli, og skal þá miða þóknunina við tilkostnað þann og fjártjón, sem hjálpin hefir bakað þeim, er veitti.

Þegar skip eru í háska stödd, skulu þau gera bending með fána, sem stjórn Samábyrgðarinnar segir nánara fyrir um. Þau mega ekki þiggja hjálp hjá öðrum, ef auðið er að fá hjálp hjá skipum úr sama félagi, sem þau eru í.

10. gr.

Þegar skip, sem vátryggt er beint af Samábyrgðinni, verður fyrir áfalli sem Samábyrgðinni ber að bæta, er skipstjóri skyldur til að skýra tafarlaust umboðsmanni Samábyrgðarinnar í því héraði, þar sem slysið hefir viljað til eða skipið hefir leitað að landi vegna bilunar, frá því, er að höndum hefir borið, eða ef enginn umboðsmaður er þar, þá að senda aðalskrifstofunni í Reykjavík skýrslu um málið með símskeyti (símnefni: „Samábyrgðin“) eða á þann hátt, er það verður fljótast gert.

Skylt er bæði skipstjóra og útgerðarmönnum að gera allt, sem í þeirra valdi stendur, til þess að draga úr tjóninu, svo að það verði sem allra minnst. Þeim ber og að fara eftir þeim ráðstöfunum, sem aðalskrifstofa Samábyrgðarinnar eða umboðsmaður hennar kynnu að gera í því skyni.

Á vátryggjendum hvílir skylda til þess að færa fram sönnur fyrir tjóninu og hve miklu það hefir numið.

Skipstjóri er skyldur til að gefa nákvæma skriflega skýrslu um atburðinn að drengskap viðlögðum og með eiðstilboði, og auk þess að láta í té allar þær upplýsingar, er orðið geta til leiðbeiningar við matið á skaðabótaskyldu Samábyrgðarinnar. Skýrsluna skal tafarlaust senda aðalskrifstofu Samábyrgðarinnar og á hún að vera undirskrifuð af allri skipshöfninni, auk skipstjóra. Ennfremur ber að gefa skýrslu fyrir yfirvaldi því, er næst býr.

Umboðsmaður Samábyrgðarinnar á þeim stað, þar sem skipið hefir leitað að landi vegna bilunar, annast um, að tjónið verði metið af virðingarmönnum Samábyrgðarinnar

svo fljótt sem auðið er, og áður en byrjað er á viðgerðinni, og að matsgerðin verði að því búnu þegar send aðalskrifstofunni. Í matsgerðinni á að standa: 88 9. nóv.

a. Lýsing á biluninni.
b. Áætlun um, hvað viðgerðin muni kosta eða útvegun á nýjum munum í stað þeirra, er skemmst hafa eða farist.
c. Verð hinna skemmdu muna, eins og þeir eru, er útvega verður aðra nýja í staðinn fyrir.

Öll skjöl og reikninga, er þetta mál snerta, skal senda aðalskrifstofunni. Ákveður hún skaðabæturnar svo fljótt sem auðið er samkvæmt skaðabótareglum þessarar reglugerðar og með nákvæmri hliðsjón af matinu á tjóninu og virðingargerðinni, sem vátryggingin er miðuð við.

11. gr.

Skip má ekki dæma ónýtt vegna þess, að efni og tæki vanta til aðgerðar á því, fyrr en leitað hefir verið úrskurðar Samábyrgðarinnar um, hvort reynt skuli að koma skipinu til aðgerðar.

Ennfremur er ónýtingarúrskurður (kondemnation) um skip því að eins bindandi fyrir Samábyrgðina, að verð skipsins, í því ástandi sem það er, að viðbættum viðgerðarkostnaðinum á bilun þeirri, er það hefir orðið fyrir, fari fram úr vátryggingarfénu.

Um mótorbáta og mótorskútur gildir ennfremur það, sem hér segir:

Ef báturinn verður fyrir sætjóni, er ónýtingarúrskurður um bátinn eða mótorinn því að eins bindandi fyrir Samábyrgðina, að verð bátsins eða mótorsins að viðbættum viðgerðarkostnaðinum fari fram úr vátryggingarfénu, sem ákveðið er í vátryggingarskírteininu fyrir bátinn eða mótorinn, og Samábyrgðin áskilur sér rétt til, ef annaðhvort báturinn eða mótorinn verður fyrir ónýtingarúrskurði, að setja annan nýjan í staðinn.

12. gr.

Þá er um algerðan skiptapa er að ræða, en þá eru skaðabæturnar allt vátryggingarféð að frádregnu verði þess, er bjargað kynni að hafa verið, ber þeim vátryggjanda að láta við móttöku skaðabótanna af hendi við Samábyrgðina vátryggingarskírteinið kvittað með öllum þess réttindum.

Þegar skaðabætur eru aftur á móti aðeins greiddar fyrir nokkurn hluta og vátryggingarskírteinið gildir áfram fyrir þann tíma, sem til var ætlast, er gefin sérstök kvittun fyrir móttöku skaðabótanna.

Fyrir gufuskip og seglskip gilda þeir frestir fyrir afsölun þeirra í hendur vátryggingarfélaganna gegn greiðslu vátryggingarfjárins, (abandonfrister), sem á hverjum tíma eru ákveðnir í ábyrgðarskírteinum sjóvátryggingarfélaganna í Kaupmannahöfn. Fyrir önnur skip er ákveðinn 3 mánaða frestur.

Tjón, er eigi nemur 10 kr. af hverri smálest, verður eigi bætt, nema það fari fram úr 300 kr. á einstöku fari eða verðmæti hafi verið lagt í sölurnar af hálfu vátryggjanda til þess að komast hjá meiru tjóni, eða bjarga öðrum eigum vátryggðum í Samábyrgðinni. Frá skaðabótunum skal draga 2% af tryggingarfjárhæðinni þegar um algerðan skiptapa er að ræða, aldrei annars, og eigi yfir 500 kr.

Ef það sannast, að skipstjóri hafi af ásettu ráði eða fyrir vítavert hirðuleysi valdið tjóninu, má draga allt að því 20% af skaðabótafénu. Hafi vátryggjandi í sviksamlegum tilgangi, tvítryggt hið sama eða hafi hann gerst valdur að tjóni af ásettu ráði eða fyrir vítavert hirðuleysi, er Samábyrgðin laus allra mála um skaðabótaskyldu. Þó skal Samábyrgðin ávalt skyld að greiða svo mikið af skaðabótunum, sem þarf til að greiða lán af

88 9. nóv. almannafé, þar með talin lán úr íslenzkum bönkum og sparisjóðum, er veitt hafa verið gegn veði í skipinu eða bátnum, þó er eigi skylt að greiða meira en nemi ⅗ tryggingarfjárhæðarinnar, og á Samábyrgðin þá endurgjaldskröfu á hendur þeim, sem sekur er.

Þá er reiknaðar eru út skaðabætur fyrir bilun á skipum, skal draga frá fyrir fyrningu:

a. Fyrir bilun á skipsskrokknum
   1) Þegar skipið er 1—6 ára gamalt 1/6
   2) Þegar skipið er eldra en 6 ára 1/4
b. Fyrir bilun á mótorum, ásamt vindum, skrúfu og öðrum vélaútbúnaði, er þeim fylgir
   1) Þegar vélaumbúnaðurinn er 1—2 ára gamall 1/6
   2) Þegar hann er eldri en 2 ára 1/3
c. Fyrir bilun á mótorkænum, er fylgja þilskipum
   1) Þegar mótorkænan er 1—2 ára gömul 1/6
   2) Þegar hún er eldri en 2 ára 1/3
d. Fyrir bilun á seglum, köðlum, mótorlausum skipsbátum og öðrum útbúnaði 1/3
   Þó er ekkert dregið frá ef um akkeri er að ræða, ef skaðabætur eru á annað borð greiddar fyrir þau (sjá síðar).
e. Fyrir bilun á siglutrjám og sigluviðum, þegar þau eru meira en 2 ára gömul 1/3
f. Fyrir bilun á festum og bátsdrekum 1/6
g. Fyrir bilun á málningu og gyllingu 1/3

Við útreikning skaðabótanna fyrir bilanir þær, sem nefndar eru í stafliðunum a, b og c, er aldur skipsins talinn frá þeim degi, er það í fyrsta sinn hóf siglingu, og aldur mótorsins og vélaumbúnaðs þess, er honum fylgir, frá þeim degi, er mótorinn var settur nýr í skipið. Ef mótorinn hefir ekki verið nýr, þegar hann var settur í skipið, verður að taka það skýrt fram og skýra frá aldri hans í virðingarvottorðinu, sem lagt er til grundvallar fyrir vátryggingunni.

Fyrir bilun á skipsskrokknum, er stafar af ofvirði úti á rúmsjó, eru aðeins greiddar skaðabætur að ⅔ hlutum, eftir að frádráttur sá hefir verið gerður, sem nefndur er í staflið a.

Frá skaðabótafjárhæðinni er ávalt dregið það verðmæti, sem liggur í hinum biluðu munum, eins og þeir eru.

Lækkun sú, sem reglugerðin fyrirskipar að gera á skaðbótum fyrir bilun á skipsskrokknum (1/6) og fyrir bilun á siglutrjám og sigluviðum (1/3) fellur niður fyrstu 5 árin við þau skip, sem hafa verið flokkuð eða hafa fengið vottorð um að smíð þeirra hafi verið háð eftirliti, sem Samábyrgðin hefir tekið gilt.

Fyrir leka skal einungis greiða skaðabætur þá er hann stafar af því, að skipið hefir rekist á, nema um sameiginlegt sætjón (havari grosse) sé að ræða.

Fyrir botnmálningu, sem er eldri en 6 mánaða, greiðast einungis hálfar skaðabætur, en fyrir botnmálningu, sem eldri er en 1 árs, greiðast engar skaðabætur.

Þá er bátur þilskips, hvort sem hann er með mótor eða ekki, bilar eða ferst eftir að út úr höfn er komið, verður tjónið einungis bætt, ef það hefir að borið annaðhvort meðan báturinn var reyrður á þilfari eða hengdur upp undir bjálka eða meðan verið var að nota hann til fiskveiða (t. d. til þess að flytja og sækja veiðarfærin). Aftur á móti er báturinn ekki vátryggður, þegar fiski er hætt og hann liggur ónotaður við skipið, og heldur ekki þegar hann er hafður í eftirdragi á siglingu. Ennfremur er það skýlaust ákveðið, að fyrir tjón það, sem kann að verða á bátnum, meðan verið er að draga

hann upp í skipið, verða ekki greiddar skaðabætur, nema báturinn sé dreginn upp jafnskjótt sem búið er að nota hann. 88 9. nóv.

Um skip, sem klædd eru utan með málmþynnum, er það ákveðið, að málþynnuleggingin skuli ekki vátryggð með, svo að allar þær skemmdir, sem á henni kunna að verða, eru Samábyrgðinni öldungis óviðkomandi. Sama er og að segja um allan þann kostnað, er hlýzt af því, að taka verður í burtu málmþynnuhúðina til þess að gert verði við skipið og setja hana á aftur.

Samábyrgðin ber ekki ábyrgð á því tjóni, er vátryggt skip verður fyrir meðan það er notað til annars en fiskiveiða, flutninga eða björgunar á mannslífum, sbr. þó ákvæðið um að hjálpa úr háska öðrum skipum, sem vátryggð eru í Samábyrgðinni eða öðrum félögum, sem samið hafa við Samábyrgðina um slíka hjálp. Ennfremur er leyft að draga skip og takast á hendur vöruflutninga.

Skaðabætur fyrir tjón á g u f u s k i p u m eru reiknaðar út eftir þeim reglum, sem á hverjum tíma er farið eftir af sjóvátryggingarfélögunum í Kaupmannahöfn.

Allur kostnaður við skip og skipshöfn, siglingu í höfn til aðgerðar og dvölina þar er Samábyrgðinni óviðkomandi.

Skip, sem orðið hafa fyrir sætjóni, skulu að viðgerðinni lokinni aftur skoðuð og virt áður en Samábyrgðin tekst á hendur að halda áfram ábyrgðinni. Ef vátryggður hlutur er meira virði eftir viðgerðina heldur en hann var virtur í ábyrgðarskírteininu, getur vátryggjandi fengið verðmismuninn vátryggðan gegn því að greiða aukaiðgjald, sem nánara verður ákveðið. Vátryggingarhækkunina skal rita á ábyrgðarskírteinið.

Þá er sameiginlegt sætjón (havari grosse) ber að höndum, skal farið eftir hinum almennu reglum um það. Fyrir tjón og kostnað, sem ekki er talið sameiginlegt sætjón, í matsgerð (dispache), er gerð er lögum samkvæmt á réttum stað, verða ekki heimtaðar skaðabætur með skírskotum til þess, að þetta sé sameiginlegt sætjón samkvæmt íslenzkum lögum.

Hernaðartjón og afleiðingar þess eru Samábyrgðinni óviðkomandi.

Stjórn Samábyrgðarinnar sker úr því, hver sé skaðabótaskylda Samábyrgðarinnar og hvernig skaðabótum skuli haga, þegar engin ákvæði finnast um það í þessari reglugerð, og skal hún hafa hliðsjón af þeim ákvæðum, sem á hverjum tíma standa í samþykktum og ábyrgðarskírteinum sjóvátryggingarfélaganna í Kaupmannahöfn og hinum almennu reglum löggjafarinnar.

III. KAFLI.

Iðgjöld og fjársöfn.

13. gr.

T r y g g i n g a r f é Samábyrgðarinnar er 800,000 kr. og er það sú fjárhæð, sem ríkissjóður má leggja til, samkvæmt lögum nr. 23, 27. júní 1921 um vátrygginarfélag fyrir fiskiskip, ef félagið getur ekki af eigin ramleik borgað þær skaðabætur, sem því er skylt að greiða.

Ef slík lán geta ekki orðið endurborguð af tekjum þess árs, sem lánin eru tekin á, skal borga þau af tekjuafgangi næsta árs, eða næstu ára, og greiða auk þess 4½% í árlega vöxtu af þeim.

V a r a s j ó ð u r Samábyrgðarinnar verður til af þeim fjárhæðum, er nú skulu taldar:

88 9. nóv.

1. Afgangur sá, er samkvæmt ársreikningnum fyrir hvert ár kynni að verða eftir, þá er greiddar eru allar skaðabætur og allur kostnaður annar.
2. Vextir af varasjóðnum og aðrir vextir og óvissar tekjur, er félaginu kynnu að áskotnast.

Varasjóður er til þess ætlaður að greiða af honum tekjuhalla þann, er kynni að vera í ársreikningi félagsins.

Ef Samábyrgðin leggst niður, fellur varasjóðurinn til Fiskiveiðasjóðs Íslands, þá er öllum skuldbindingum félagsins hefir verið fullnægt.

14. gr.

Iðgjaldið fyrir beinar vátryggingar er fallið í gjalddaga, þá er vátryggingarsamningurinn er undirskrifaður. Iðgjöldin eru reiknuð eftir iðgjaldaskrám þeim, sem gilda á hverjum tíma og staðfestar skulu af stjórnarráði Íslands. Veita má borgunarfrest á hálfri iðgjaldafjárhæðinni gegn því, að greiddir séu 6% ársvextir af fjárhæðinni. Reglur einstakra vátryggingarfélaga um útreikning á iðgjöldum eru lagðar til grundvallar fyrir upptöku þeirra í Samábyrgðina, og fær hún tiltölulega jafnmikinn hluta af iðgjöldunum eins og hún hefir tekið að sér mikinn hluta af ábyrgðunum á móts við ábyrgðarfélagið. Senda skal Samábyrgðinni svo fljótt sem auðið er og ekki síðar en 3 vikum eftir byrjun vátryggingarársins, en síðan vikulega, skýrslu um útreikning iðgjaldanna, ef þetta stendur ekki í sjálfu ábyrgðarskírteininu. Helminginn af þeim hluta, er Samábyrgðinni ber af iðgjöldunum, skal greiða þegar í stað, en hitt má færa inn á viðskiptareikning.

15. gr.

Ábyrgðarfélög þau, sem eru meðlimir Samábyrgðarinnar, ábyrgjast iðgjaldagreiðslu til hennar og eru skyld að standa skil á iðgjöldunum, hvort sem þau hafa sjálf fengið þau greidd af vátryggjendum eða eigi.

Vátryggingar má ekki ónýta nema með samþykki Samábyrgðarinnar.

16. gr.

Samábyrgðin tekur engan þátt í kostnaði þeim og fjártjóni, er leiðir af innheimtu iðgjaldanna fyrir ábyrgðarfélögin.

Vátryggingariðgjaldið hvílir á hinu vátryggða skipi og gengur fyrir veðskuldum í 2 ár.

Iðgjöld og virðingargjöld má taka lögtaki.

Þegar Samábyrgðinni hefir verið tilkynnt, að vátryggt skip eða bátur sé í veði fyrir láni af almannafé, þar í talin lán íslenzkra banka og sparisjóða, má eigi fella skipið úr vátrygging fyrir þá sök, að iðgjöld séu eigi greidd, nema veðhafa hafi áður verið veittur nægilegur frestur til að greiða iðgjöldin.

17. gr.

Þegar vátryggðar eignir eru veðsettar, nær veðrétturinn einnig til vátryggingafjárins.

IV. KAFLI.

Gerðardómur.

18. gr.

Ágreining milli Samábyrgðarinnar og hinna íslenzku ábyrgðarfélaga, sem eru í samvinnu við hana, eða einstaklinga, sem vátryggt hafa beinlínis hjá henni, skal leggja í gerð, þá er málsaðilar verða ásáttir um það, og æfinlega þá er ágreiningurinn nemur eigi meiru en 2000 kr., í gerðardóminn kveður hvor málsaðili einn mann, en stjórnarráðið skipar einn dómanda úr hæstarétti ríkisins oddvita.

Gerðardómur skal háður í Reykjavík.

Ef gerðardómsmenn verða eigi á eitt sáttir, ræður atkvæði oddamanns úrslitum.

Ef annar málsaðili hefir ekki valið sinn mann í gerðardóminn og tilkynnt það svo, að sannanlegt sé, hinum málaðila 30 dögum eftir að sannanlegt er, að hann hefir fengið vitneskju um kjör andstæðings síns, þá hefir andstæðingur hans rétt til að kveðja báða gerðardómsmennina.

Ef ágreiningurinn hefir ekki getað orðið útkljáður vegna vanrækslu annars gerðardómsmannanna 30 dögum eftir að hann var nefndur í dóminn, hefir hinn gerðardómsmaðurinn rétt til að gera út um málið ásamt oddamanninum; ræður þá atkvæði oddamanns úrslitum, ef þeir verða eigi á eitt sáttir. Oddamaður sker úr því, hvort gerðardómsmaður hafi gert sig sekan í vanrækslu.

Í gerðardómnum skal það og ákveðið, hvort málskostnaður skuli að öllu eða nokkru leyti falla á annan málsaðila eða hvernig skuli skipta honum milli beggja málsaðila.

Gerðardómur, uppkveðinn samkvæmt þessum ákvæðum, gildir skilyrðislaust fyrir báða málsaðila sem dómur, er ekki verður áfrýjað.

Reglugerð nr. 8, 22. janúar 1910, er úr gildi felld.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 9. nóvember 1921.

Pétur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

89
10. nóv.

SAMÞYKKT

um

kynbætur hesta fyrir Árnessýslu.

1. gr.

Í hverjum hreppi á samþykktarsvæðinu skal kosin hrossakynbótanefnd skipuð 3 mönnum. Gengst hreppsnefnd fyrir kosningu hennar. Nefndir þessar skal kjósa á hreppsskilafundum á haustin, til 3 ára í senn. Gengur einn nefndarmanna úr árlega, í 1. og 2. sinn eftir hlutkesti og svo eftir röð, svo að jafnan sé kosinn einn maður í nefndina árlega. Kosningarrétt hafa þeir einir, sem atkvæðisrétt hafa í sveitamálum, en við kosningu sé skylt að taka hverjum karlmanni á aldrinum frá tvítugu til sextugs, sem er í sjálfstæðri stöðu, og þó svo sé ekki, ef húsbóndi hans samþykkir kosninguna. Endurkosning í nefndina er heimil, en skorazt geta menn undan kosningu jafnlangan tíma sem þeir hafa síðast setið í nefndinni. Nefndin kýs sér formann og gjaldkera úr sínum flokki; má það vera sami maður.

2. gr.

Kynbótanefndir skulu, hver í sínum hreppi, útvega til kynbóta í hreppnum hest eða hesta á aldrinum 4—15 vetra, svo efnilega og vel kynjaða, sem kostur er á. Er nefndin einráð um það, hve marga hesta hún útvegar, og um það, hvort hún kaupir hestana eða tekur þá á leigu. Kynbótanefnd annast og um sölu á hestum, sem hún ákveður að hætta að nota til undaneldis. Kynbótanefnd skal kaupa eða taka á leigu land til hagbeitar fyrir undaneldishrossin um fengitímann, og girða það gripheldri girðingu, einni eða fleirum.

Lán, sem kynbótanefnd þarf að taka til stofnkostnaðar, svo sem til hestakaupa, landkaupa og girðinga, er hreppsnefnd hlutaðeigandi hrepps skylt að ábyrgjast.

3. gr.

Heimilt er kynbótanefndum tveggja eða fleiri hreppa að vinna saman að hrossakynbótum að meira eða minna leyti, nota sömu hesta, sömu girðingar o. s. frv., en til þess að samningur um slíka samvinnu milli hreppa sé bindandi fyrir hrossaeigendur, þarf hann af hafa fengið meiri hluta atkvæða á hreppaskilafundum allra hlutaðeigandi hreppa.

4. gr.

Á hverjum vetri skal kynbótanefnd velja úr tvö eða fleiri fola á 2. vetur í hreppnum, hina efnilegustu og bezt kynjuðu, og er eigendum þeirra óheimilt að gelda þá án leyfis kynbótanefndar. Kynbótanefnd skal annast um sumargeymslu á folum þessum og sjá um, að þeir gangi ekki með hryssum á samþykktarsvæðinu þar til ákveðið er, hvort þeir skuli notaðir til undaneldis eða geltir. Forkaupsrétt og forgangsrétt til leigu að folum þessum á kynbótanefnd í heimilishreppi þeirra.

5. gr.

Alla fola á 2. vetur, nema þá, sem um getur í 4. gr., skulu eigendur eða geymendur láta gelda fyrir sumarmál. Þá fola, ef nokkrir eru, sem ekki eru geltir í tæka tíð, né

komið í örugga geymslu, svo að þeir nái ekki til hryssa á samþykktarsvæðinu, er aðrir eiga en folaeigendur, skal kynbótanefnd láta gelda svo fljótt sem við verður komið, á kostnað og á ábyrgð eiganda. Sama geldingarákvörðun gildir og um eldri fola, sem kynbótanefnd hefir ákveðið að ekki skuli nota til undaneldis. Með geldingarkostnaði telst kostnaður við að handsama folana og færa þá geldingarmanni. Sendir kynbótanefnd folaeiganda reikning yfir geldingarkostnaðinn og tiltekur gjalddaga. Verði ágreiningur um reikninginn, sker hreppstjóri úr, eða sýslumaður, ef hreppstjóri er við málið riðinn. Gjald þetta hefir lögtaksrétt.

6. gr.

Kynbótanefnd sér undaneldishestunum fyrir góðu vetrarfóðri. Einnig sér hún um geymslu þeirra á sumrum eftir fengitíma; er heimilt að leigja þá til hægrar vinnu þann tíma, séu þeir fullþroskaðir.

7. gr.

Til að standast árlegan kostnað við kynbótastarfsemina skal nefndin leggja á allar hryssur sem hún sér fyrir fola, folatoll, er nægi fyrir áætluðum kostnaði að því leyti sem aðrar tekjur hrökkva eigi til. Skal nefndin fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert áætla tekjur og gjöld yfirstandandi árs og ákveða, hve hár folatollur skuli vera það ár. Skal það tilkynnt hrossaeigendum í hreppnum fyrir fengitíma. Folatollinn greiði hryssueigendur í síðasta lagi um leið og þeir afhenda hryssurnar til fyljunar. Folatoll skal endurgreiða að minnsta kosti að hálfu leyti á næsta sumri fyrir þær hryssur, sem ekki hafa fyljast. — Auk folatolls þess, sem að framan greinir, skal greiða til kynbótastarfseminnar fyrir lok októbermánaðar ár hvert toll jafnháan hinum af öllum folöldum, sem fæðst hafa í hreppnum á árinu undan öðrum hryssum en þeim, sem kynbótanefndin hefir séð fyrir fola, ef eigendur þeirra eru innanhreppsmenn og hryssurnar eigi aðkeyptar úr annari sveit á því sumri. Þeim tolli fylgir lögtaksréttur.

8. gr.

Í þeim hreppum, þar sem hrossaræktarfélög, er lúta eftirliti Búnaðarfélags Íslands, starfa þegar samþykkt þessi öðlast gildi, getur almennur sveitarfundur ákveðið að fella niður kynbótastarfsemi samkvæmt samþykkt þessari að öðru en ákvæðum 5. gr.

9. gr.

Nú er hrossaræktarfélag stofnað í hreppi þar sem kynbótastarfsemi er byrjuð samkvæmt samþykkt þessari, og skal þá, ef almennur sveitarfundur samþykkir, starfsemi þessi lögð niður og félaginu gerður kostur á öllum eignum, sem að kynbótastarfseminni lúta gegn endurgjaldi samkvæmt ákvæðum almenns sveitarfundar. Hafni félagið þessum kosti, renna eignirnar í sveitarsjóð.

10. gr.

Aðalreikning yfir tekjur og gjöld kynbótastarfseminnar gerir formaður nefndarinnar fyrir árslok. Skal reikningurinn, yfirskoðaður af hreppsnefnd, lagður fram á vorhreppaskilafundi.

Kynbótanefnd skal bóka ályktanir sínar og aðrar gerðir, svo sem reikninga, skýrslur, bréf o. s. frv. Á fundum nefndarinnar ræður afl atkvæða úrslitum. Eru fundir lögmætir og ályktunarfærir þótt einn nefndarmanna vanti, ef hinir tveir eru á eitt sáttir. Formaður kynbótanefndar skal hafa í þóknun fyrir starf sitt a. m. k. sem svarar 10 au.

89 fyrir hvert hross í hreppnum eftir vorframtali. Hreppsskilafundur getur ákveðið hærri
10. nóv. þóknun. Telst það með öðrum útgjöldum við kynbótastarfsemina.

11. gr.

Fyrir lok hvers árs skal kynbótanefnd senda sýslunefndarmanni hreppsins skýrslu um kynbótastarfsemina á árinu og sér hann um, að skýrslan verði lögð fram á næsta sýslunefndarfundi.

12. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, 10—50 kr., er renna í sveitarsjóð þess hrepps, sem brotið er framið í.

13. gr.

Samþykkt um kynbætur hesta fyrir Árnessýslu, staðfest af amtmanninum yfir Suðuramtinu, 9. júli 1901, er úr gildi numin.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Árnessýslu hefir samþykkt, staðfestist hérmeð samkvæmt lögum 11. des. 1891, um samþykktir um kynbætur hesta, sbr. lög nr. 24, 22. nóv. 1918, til að öðlast gildi 1. janúar 1922, og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 10. nóvember 1921.

Pétur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

REGLUGERÐ

um

tekjuskatt og eignarskatt.

90
14. nóv.

I. KAFLI.

Um tekjuskatt.

1. gr.

Hver maður heimilisfastur á landi hér er skyldur að greiða skatt í ríkissjóð af tekjum sínum. Skattskyldan hvílir því á ungum sem gömlum, konum sem körlum, hverrar stéttar og hverrar þjóðar sem hann er, ef hann er hér heimilisfastur og eigi sérstaklega undanþeginn skattskyldu að lögum. Í þessu sambandi eru þeir taldir hér heimilisfastir, sem dvalist hafa hér á landi helming skattársins eða lengur. Skattanefnd verður að gera ráð fyrir því, að allir þeir, sem í manntali næsta á undan tekjuframtali það ár eru taldir, hafi verið hér heimilisfastir skattárið, nema henni sé annað kunnugt eða sönnur séu að öðru leiddar. Skattskylda einstaklinga.

Ekki skiftir það máli um skattskyldu, þótt maður hafi brugðið heimilisfangi hér, þegar tekjuframtal er gert, ef hann verður talinn heimilisfastur hér á skattárinu. Og eigi nægir heldur, þótt maður sé hér heimilisfastur, þegar tekjur eru taldar, ef hann hefir ekki verið það á skattárinu. Heimilisfang.

Nú dvelst maður erlendis um stundarsakir, en bregður eigi heimilisfangi sínu hér á landi, og skal hann þá gjalda skatt eins og hann hefði dvalist kyrr á landinu. Það skiptir eigi máli, hversu löng dvölin er erlendis, ef maðurinn verður ekki talinn hafa brugðið heimilisfangi sínu, t. d. kaupsýsluferð, skemmtiferð o. s. frv. Dvöl erlendis.

Ef maður hefir verið hér heimilisfastur nokkuð af skattárinu, þá skal hann gjalda hér tekjuskatt að fullu, ef hann hefir haft hér heimili helming starfsársins eða lengur. Ella greiðir hann skatt samkvæmt 2. gr. Heimilisfesti hluta skattársins.

Heimilisfesti og dvalartími eru atriði, sem varða skattskyldu, og getur aðili því borið þau undir dómsvaldið. Dómsmál.

2. gr.

Greiða skulu þessir menn tekjuskatt hér á landi, þótt þeir séu ekki heimilisfastir hér samkvæmt 1. gr.: Skattskylda erlendis búsettra manna.

1. Þeir, sem eiga eignir hér, enda hafi þeir tekjur af þeim. Ef eignin er arðlaus með öllu eða þegar frá hefir verið dreginn kostnaður, skal maður engan tekjuskatt gjalda. Og aðeins skal hann gjalda tekjuskatt af eignum sínum hér á landi en eigi þeim, sem hann á annarsstaðar. Hins vegar nær þetta ákvæði til allra arðsamra eigna hans hér, nema þær teljist undir 4. tölul. hér að neðan. Tekjur af eign.
2. Þeir, sem hafa tekjur af atvinnu eða sýslan, sem hér eða héðan er rekin, svo sem sjómenn á íslenzkum skipum, sem eigi greiða skatt annarsstaðar. Tekjur af atvinnu.

90
14. nóv.

Skatturinn leggst einungis á þá atvinnu, sem hér eða héðan er rekin, en önnur atvinna skiptir eigi máli. Sama er og hvers kyns atvinna er, nema hún heyri undir 3. tölul. Sjómenn eru einungis teknir til dæmis, en það er sérstakt um þá, að þeir verða einungis skattskyldir af sjómannsatvinnu sinni hér ef þeir greiða ekki skatt af *henni* annarsstaðar. Um aðra þá, er tekjur hafa af atvinnu hér og erlendis eru heimilisfastir, skiptir það ekki máli, hvort þeir gjalda þar einnig skatt af atvinnu, sem þeir hafa tekjur af héðan. Sem dæmi manna, sem hér eiga að greiða skatt eftir þessu ákvæði, eru erlendis búsettir menn, sem hér reka verzlun fasta eða lausa, fiskiútveg, siglingar, iðnað o. s. frv. Mjótt verður þó einatt mundangshófið, þegar dæma skal um það, hvort aðili sé skattskyldur eða eigi. Sá, sem kaupir hér einn eða fleiri skipsfarma af fiski, verður ekki talinn reka hér atvinnu. En ef hann hefir hér atvinnustöð í því skyni eða mann eða menn að staðaldri til fiskkaupa, þá verður hann skattskyldur. Svipað er um siglingar að segja. Félag eða einstaklingur, sem heima á erlendis, en rekur hér siglingar að staðaldri, verður skattskylt af þeirri atvinnu.

Hvernig atvinnan skuli vera.

Tekjur úr ríkissjóði eða alþjóðlegri innlendri stofnun.

3. Þeir, sem hafa laun, biðlaun eða eftirlaun eða styrk úr ríkissjóði eða tekjur frá alþjóðlegri innlendri stofnun. Af öllum embættislaunum eða sýslunar, eftirlaunum, biðlaunum, fjárlagastyrkjum til námsmanna og listamanna og annara, sem greiddir eru út úr landinu, skal tekjuskatt gjalda eftir þessu ákvæði. Og athuga skal vel í þessu sambandi fyrirmæli 15. gr. A. I. 2. reglugerðar þessarar. Alþjóðlegar innlendar stofnanir eru t. d. sveitar- og bæjarfélög, háskólinn, Landsbankinn, sjóðir og stofnanir og félög, sem eru undir stjórn landsstjórnar eða umsjón eða teljast mega alþjóðareign og styrkt eru af almannafé, svo sem Bókmenntafélagið, Búnaðarfélag Íslands, Landsbókasafn, Þjóðskjalasafn o. s. frv. Styrkir og aðrar tekjur frá þessum stofnunum, greiddar út úr landinu, eru því skatttekjur, nema frádráttur verði samkvæmt 15. gr. A. I. 2.

4. Þeir, sem taka arð af hlutafé í innlendu hlutafélagi eða öðrum innlendum fyrirtækjum. Innlent er félag eða fyrirtæki, ef það hefir skrásett heimilisfang hér eða hefir atvinnustöð annars. Ef einstakir menn reka fyrirtæki, þá er það í þessu sambandi innlent, ef það er hér eða héðan rekið (sbr. 2. tölul.) og allir, innlendir sem útlendir, sem tekjur hafa af því, skulu tekjuskatt greiða eftir tekjuskattslögunum. Sem dæmi má nefna hluthafa í *Íslandsbanka* erlendis heimilisfasta, í útgerðarfélögum, verzlun o. s. frv. Með arði ber og að telja ágóðahlut og þess konar, er félög eða fyrirtæki kunna að greiða fulltrúum sínum eða stjórnendum út úr landinu.

Dvöl hér helming skattárs.

5. Menn erlendis heimilisfastir, sem dveljast hér helming skattársins eða meira, skulu gjalda tekjuskatt sem heimilisfastir menn hér, enda þótt þeir hvorki eigi hér arðsamar eignir né hafi hér atvinnu. Ef dvölin samnanlögð nemur hálfu skattárinu, enda má aðeins leggja saman dvalartíma á *sama* ári, þá kemur skattskyldan. Ef dvalartími samanlagður eða heimilisfesti nær eigi

helming skattársins, þá verður skattskyldan annaðhvort engin eða aðeins samkvæmt 1.—4. tölulið að framan.

3. gr.

Konungur, borðfé hans og ættmanna hans, er undanþeginn tekjuskatti. Undanþágur. Einstakir menn. Konungur. Konungsætt. Konungsritari.
Þessi undanþága tekur til allra tekna þessara manna héðan af landi, hvaðan sem tekjurnar eru runnar, hvort sem þær eru úr ríkissjóði, af eign eða atvinnu. Eigi skiptir heldur máli, til hvers þeim tekjum er varið. Því verður konungsritari ekki skattskyldur hér, þótt hann fái laun af borðfé konungs.

4. gr.

Þessir menn eru undanþegnir tekjuskatti: Erlendir þjóðhöfðingjar.

1. Erlendir þjóðhöfðingjar, og starfsmenn þeirra með sama hætti sem starfsmenn erlendra sendisveita.
2. Sendiherrar annara ríkja og starfsmenn erlendra sendisveita. „Sendiherra" tekur hér til allra sendimanna annara ríkja, sem eftir reglum þjóðréttarins teljast til „diplomata". En þar til teljast engir ræðismenn (konsúlar). Starfsmennirnir verða að vera í fastri þjónustu sendisveitarinnar og hafa starfið að einkastarfi. Og eigi njóta þeir heldur skattfrelsis, ef þeir eru íslenzkir ríkisborgarar. Sendiherrar.
3. Konsúlar annara ríkja, sem ekki eru íslenzkir þegnar. Ef konsúllinn er íslenzkur þegn, hvort sem hann er sendikonsúll eða heimakonsúll, þá nýtur hann ekki skattfrelsis. Sama er um konsúla, sem að vísu eru ekki íslenzkir þegnar, en eru þó ekki sendikonsúlar, heldur eiga hér heimili af öðrum ástæðum, t. d. sem kaupsýslumenn, framkvæmdarstjórar fyrirtækis o. s. frv. Konsúlar.

Þeir, sem í 1.—3. tölulið greinir, skulu þó tekjuskatt gjalda, ef:

a. Þeir njóta tekna úr ríkissjóði eða frá alþjóðlegri stofnun innlendri. Sbr. hér við 2. gr. 3. tölul. Greiða skatt.
b. Eiga hér fasteignir eða hafa tekjur af þeim. Eignin verður að vera *fasteign*. Verðbréf almennt eða lausafé yfir höfuð, þar á meðal skip, er eigi nægilegt. Annað mál er það, að skip og annað lausafé getur verið atvinnutæki, sem á þátt í skatti samkvæmt c-lið. Nægilegt er, að aðili *hafi tekjur* hér af fasteign, t. d. fyrir framleigu, sem ítakshafi o. s. frv., enda þótt hann *eigi* enga fasteign.
c. Reka atvinnu eða eiga hlut í einhverju hérlendu atvinnufyrirtæki, t. d. hlutabréf, sameign í félagi með ótakmarkaðri ábyrgð o. s. frv. Um atvinnurekstur sbr. 2. gr. 2. tölul.

Skattur samkvæmt a—c að framan greiðist auðvitað einungis af þar greindum tekjum, en engum öðrum.

5. gr.

Skattgjald þeirra, sem skatt eiga að svara samkvæmt 1., 2. og 4. gr. a—c, svo og dánarbúa og þrotabúa einstakra manna og félaga, er hníga undir ákvæði 7. gr. 4. tölul. hér að neðan, reiknast þannig: Skattstigi einstakra manna.

90
14. nóv.

Ef hinn skattskyldi hluti tekna þeirra er undir 1000 kr., greiðist af honum 1%.

Frá			til		greiðist			af			og		afgangi
—	2000	—	3000	—	30	—	—	2000	—	—	3	—	—
—	3000	—	4000	—	60	—	—	3000	—	—	4	—	—
—	4000	—	5000	—	100	—	—	4000	—	—	5	—	—
—	5000	—	6000	—	150	—	—	5000	—	—	6	—	—
—	6000	—	8000	—	210	—	—	6000	—	—	7	—	—
—	8000	—	10000	—	350	—	—	8000	—	—	8	—	—
—	10000	—	15000	—	510	—	—	10000	—	—	9	—	—
—	15000	—	20000	—	960	—	—	15000	—	—	10	—	—
—	20000	—	30000	—	1460	—	—	20000	—	—	11	—	—
—	30000	—	40000	—	2560	—	—	30000	—	—	12	—	—
—	40000	—	50000	—	3760	—	—	40000	—	—	13	—	—
—	50000	—	75000	—	5060	—	—	50000	—	—	14	—	—
—	75000	—	100000	—	8560	—	—	75000	—	—	15	—	—
—	100000	—	150000	—	12310	—	—	100000	—	—	16	—	—
—	150000	—	200000	—	20310	—	—	150000	—	—	17	—	—
—	200000	—	300000	—	28810	—	—	200000	—	—	18	—	—
—	300000	—	400000	—	46810	—	—	300000	—	—	19	—	—
—	400000	—	500000	—	65810	—	—	400000	—	—	20	—	—
—	500000	—	600000	—	85810	—	—	500000	—	—	21	—	—
—	600000	—	700000	—	106810	—	—	600000	—	—	22	—	—
—	700000	—	800000	—	128810	—	—	700000	—	—	23	—	—
—	800000	—	900000	—	151810	—	—	800000	—	—	24	—	—
—	900000	—	og þar yfir	—	175810	—	—	900000	—	—	25	—	—

Af 500 kr. skattskyldum greiðist því t. d. kr. 5,00.

Í töflunni er jafnan gefinn skatturinn í krónum af meiri hluta teknanna, ef þær eru yfir 1000 kr., en í hundraðshluta (%) af hinum hluta þeirra.

Af 2500 kr. skattskyldum greiðist þannig:

a. af kr. 2000 ..... kr. 30
b. — — 500 3% ..... — 15

Samtals kr. 45

Dæmi

Af kr. 17000 skattskyldum greiðist:

a. af kr. 15000 ..... kr. 960
b. — — 2000 10% ..... — 200

Samtals kr. 1160

6. gr.

Skattskylda félaga.

Tekjuskatt greiða:

1. Félög með takmarkaðri ábyrgð. Þeim félögum er það sameigið, að félagar

svara ekki til skulda félagsins með nema tilteknum hluta af eignum sínum, venjulega eigi framar en innskotsfé þeirra nemur. Til þessara félaga heyra hlutafélög og samlags-hlutafélög („Kommandit"-hlutafélög), sem alls eigi munu nú tíðkast hér, en sumt stofnfé þeirra er í hlutum (aktium), en sumu skjóta einstakir menn inn, án þess að fá hlutabréf, og án ábyrgðar, framar en innskotsfé nemur. Þá eru félög, þar sem sumir félagar bera ótakmarkaða ábyrgð, en aðrir takmarkaða („Kommandit"-félög), og verður helzt að telja þau undir 3. tölulið. Önnur félög með takmarkaðri ábyrgð eru mjög margskonar, sum með breytilegu stofnfé og breytilegri félagatölu. En um þau skiptir litlu máli, því að þau hafa oftast annað takmark en beina fjársöfnun handa félögum sínum. Flest slík félög verja fé sínu til einhverra almenningsnytja, eða reka alls enga atvinnu, og verða því skattfrjáls.

2. Gagnkvæm ábyrgðarfélög, kaupfélög, smjörbú, sláturfélög og önnur samvinnufélög. Nú eru hér tvö gagnkvæm ábyrgðarfélög, Brunabótafélag Íslands og Brunabótasjóðir sveitabæja. En hvorugt þessara félaga rekur atvinnu, og hvorugt þeirra er því skattskylt. Samvinnufélög eru þau félög, sem fullnægja ákvæðum 1.—3. greinar laga um samvinnufélög nr. 36, 27. júní 1921. **Samvinnufélög.**

3. Önnur félög. Hér til verður að telja félög með ótakmarkaðri ábyrgð, þar á meðal útgerðarfélög („Partrederi") og samlagsfélög („Kommandit"-félög). Félag, sem hér félli undir, er t. d. verzlunarfélag tveggja manna eða fleiri, þar sem báðir eða allir ábyrgjast skyldur félagsins með öllum eignum sínum. **Félög með ótakmarkaðri ábyrgð**

7. gr.

Undanþegin tekjuskatti eru: **Undanþága félaga.**

1. Félög, sem enga atvinnu reka. Geta félög þessi verið með takmarkaðri eða ótakmarkaðri ábyrgð. Félög, sem enga atvinnu reka, hafa það sameigið, að takmark þeirra er annað en að afla félagsmönnum fjár. Sem dæmi má nefna: Vísindafélög, hjúkrunarfélög, Bókmenntafélagið, Sögufélagið, Þjóðvinafélagið, Búnaðarfélög, Áveitufélög og mörg slík samvinnufélög. Hins vegar getur félag rekið atvinnu, þótt takmark þess sé allt annað en að afla félagsmönnum fjár, og þótt þeir fái ekkert af arði, eins og ef hlutafélag keypti jörð og ræki bú á henni, en gæfi hreppnum hreinarðinn allan af búinu. **Félög án atvinnurekstrar.**

2. Ef félagið er undanþegið skatti með sérstökum lögum. Slíkt félag er Íslandsbanki. **Undanþága með sérstökum lögum.**

3. Félög þau, er greinir í 6. grein 1. tölulið (félög með takmarkaðri ábyrgð) eru undanþegin tekjuskatti, ef þau verja tekjuafgangi sínum einungis til almennings þarfa, svo sem til vísinda, líknarstarfsemi, til þarfa lands eða sveita o. s. frv. Með því að þetta ákvæði er undantekning frá almennu reglunni um það, að engu skipti til hvers skattskyldum tekjum er varið, þá er eigi heimild til að láta það taka til annara félaga en þeirra, sem talin eru í 6. grein, 1. tölulið. Ef aðeins nokkru er varið til almennings þarfa, gildir undanþágan ekki. **Félög með takmarkaðri ábyrgð. Tekjuafgangur til almenningsþarfa.**

90
14. nóv.

4. Ef ekki eru fleiri en 3 félagar í verzlunarfélagi eða öðru atvinnufélagi með persónulegri (þ. e.: ótakmarkaðri) ábyrgð, þar á meðal útgerðarfélög („partrederi"), þá er skattur ekki lagður á félagið sjálft, heldur á hvern einstakan félaga:
   a. Ef ósk um það kemur fram frá einum félaga eða fleirum, um leið og tekjur hans eða félagsins eru taldar fram, og
   b. ef beiðninni fylgja þær skýrslur, sem þarf til þess að ákveða skattgjald hvers félaga.

   Skattanefnd þarf að fá, auk greinilegs framtals á skattskyldum tekjum félagsins skattárið með frádrætti eftir lögunum, skýrslu um skipting hreinarðs af félagsskapnum milli félaganna. Ef á brestur þessar skýrslur, þá verður skattur lagður á félagið, en þá er auðsætt, að ekki verður lagður skattur á tekjur hvers af félagsskapnum, þegar skattur er lagður á þá sjálfa (aðrar tekjur þeirra). Ákvæði þessu má og beita, þótt sumir félagar ábyrgist aðeins með innskotsfé, enda séu félagar alls eigi fleiri en 3.

8. gr.

Tekjuskatt greiða einnig:

Sjóðir. 1. Sjóðir. Skattfrjálsir eru þó:
   a. Ríkissjóður og aðrir þeir sjóðir, sem standa undir umsjón landsstjórnarinnar, svo sem Söfnunarsjóður, Ræktunarsjóður, Kirkjujarðasjóður og aðrir sjóðir, sem landsstjórnin á að hafa gætur á.
   b. Kirkjusjóðir, hver sem kirkjueigandi er (ríkissjóður, bóndi, söfnuður), svo og sveitar- og bæjarfélög, þar með talin sýslufélög.
   c. Sparisjóður, sem engan arð gefa stofnendum sínum eða ábyrgðarmönnum. Mun nú svo vera um alla sparisjóði, og er því vist enginn þeirra skattskyldur þegar af þeirri ástæðu.
   d. Sjóðir, sem veitt er undanþága með lögum.
   e. Sjóðir, sem ekki reka atvinnu. Af þessari ástæðu munu einnig flestir sjóðir verða skattfrjálsir.

Stofnanir. 2. Stofnanir. Þær eru undanþegnar einnig samkvæmt 1. tölulið d. og e. Stofnanir ríkis-, sveitar- og bæjarfélaga eru og skattfrjálsar, t. d. Landsbankinn, Landsverzlun, sími, póstur, vatnsveita og raforkuver bæjar o. s. frv.

Dánarbú. Þrotabú. 3. Dánarbú og þrotabú. Eigi skiptir máli um skattskylduna, hvernig dánarbúi er skipt, hvort skipti eru opinber (skiptaréttur, skiptaforstjórar) eða einkaskipti.

9. gr.

Skattstigi félaga innlendra. Samvinnufélög.

Innlend félög, sjóðir, stofnanir og bú, önnur en þau, sem segir í 5. gr., greiða skatt af skattskyldum tekjum svo sem hér segir:

A. Félög þau, er talin eru í 6. gr. 2. tölulið — gagnkvæm ábyrgðarfélög og samvinnufélög — greiða jafnan 6% af skattskyldum tekjum sínum. Félag með 4500 kr. skattskyldum tekjum greiðir því t. d. 270 kr.

B. Önnur félög, stofnanir o. s. frv. greiða þannig: 90

1. Félög með *eitthvert* innborgað hlutafé, stofnfé eða tryggingarfé. Þá miðast skattskyldar tekjur við innborgað hlutafé o. s. frv. og skatthæðin fer eftir hlutfallinu milli skattskyldra tekna, hvernig sem ábyrgð félagsmanna er farið, og innborgaðs hlutafjár o. s. frv., þannig: Þegar skattskyldar tekjur nema í hlutfalli við innborgað fé: Félög með innborguðu stofnfé. 14. nóv.

2%,	greiðist	5%	af þeim				
2— 5%,	—	5%	af fyrstu	2%	og	10%	af afg.
5—10%,	—	8%	— —	5%	—	15%	— —
10—20%,	—	11½%	— —	10%	—	20%	— —
20—50%,	—	15¾%	— —	20%	—	25%	— —
50% og þar yfir	—	21$^{3}/_{10}$%	— —	50%	—	30%	— —

Ef félag hefir t. d. innborgað fé 100000 kr. og skattskyldar tekjur 20000 kr., þá nema 20% af innborguðu fé, og skatturinn verður 15¾% af 20000 kr. eða kr. 3150. Dæmi.

Ef innborgað fé er 50000 kr. og tekjur 18000 kr. eru skattskyldar tekjur 36% af innborguðu fé, og skattur greiðist svo:

a. Af 20% af innborguðu fé, kr. 10000, greiðast 15¾% eða kr. 1575
b. Af afganginum, kr. 8000, greiðast ..... 25% — — 2000

Samtals kr. 3575

2. Félög með engu innborguðu hlutafé eða stofnfé. Skattur af tekjum þeirra reiknast eftir 5. gr., þó svo að skatturinn verður aldrei lægri en 5% af hinum skattskyldu tekjum. Félög með alls ógreiddu stofnfé.

Slíkt félag hefir 2000 kr. skattskyldar tekjur og geldur því 100 kr. en eftir 5. gr. yrði gjaldið 30 kr. Ef tekjurnar eru 14000 kr., verður skatturinn: Dæmi.

a. Af 10000 kr. ..... 510 kr.
b. — 4000 — 9% ..... 360 —

Alls 870 kr.

10. gr.

Félög og stofnanir, sem ekki eiga heimili hér á landi, en verða þó heimfærð undir einhver þau félög, eða stofnanir, sem í 6. gr. getur, skulu greiða skatt í ríkissjóð af tekjum, sem þau hafa af eignum sínum hér á landi eða af starfsemi, sem hér eða héðan er rekin. Um þessi félög og stofnanir gildir samsvarandi og það, sem um menn erlendis heimilisfasta er sagt í 2. gr., 1., 2. og 4. tölul. Því greiðir félag, sem á hlut í hérlendu hlutafélagi eða önnur íslenzk verðbréf, tekjuskatt af þeim í ríkissjóð. Útlend félög.

Skattgjald þessara félaga fer eftir reglunni í 9. gr. B. 2. Skattgjald.

11. gr.

Það er aðalreglan, að skatti skal svara af öllum tekjum, sem skattskyldur aðili aflar, hvers kyns sem tekjurnar eru, og hvernig sem þeirra er aflað, nema sérstakar undantekningar séu gerðar í lögum. Skattskyldar tekjur eru nefndar: Hvað telja beri til tekna.

90
14. nóv.

allskonar arður, laun eða gróði, er gjaldanda hlotnazt af eign eða atvinnu eða einstökum verknaði eða atvikum, ef þetta verður metið til peningaverðs. Tekjur verða aldrei taldar svo að tæmandi sé, en yfirlit skal hér sett, með hliðsjón af tekjuskattsl. 8. gr. a.—f.:

Atvinnutekjur.

I. Tekjur af atvinnustarfsemi. Þar til telst:

1. Landbúnaður. Tekjur af honum er arður af skepnum (kúm, ám, hrossum, geitum, fuglum — egg, fiður o. s. frv.).
2. Jarðrækt annars, matjurtarækt, veiði, slægjusala og beitar, skógarhögg, heyskapur, fóðurtaka o. s. frv.
3. Sjávarútvegur, þ. e. útgerð skipa og báta til fiskiveiða, hvort sem notaðir eru stórir eða litlir farkostir.
4. Siglingar, þ. e. útgerð skipa til flutninga á sjó.
5. Flutningur á landi, hvort sem er á hestum, vögnum, bifreiðum eða með öðrum hætti.
6. Verzlun, þ. e. vörukaup til sölu aftur, án verulegra breytinga, í atvinnuskyni, svo og aðstoðarstarfsemi þar við. Skiptir eigi máli, hvers kyns verzlun er (heildsala, smásala, fastaverzlun, lausaverzlun, lyfsala), hvort leyfi þarf eða ekki til hennar o. s. frv. Ennfremur alls konar miðilsstörf og umboðsmennska í verzlun. Veitingasala.
7. Afgreiðsla varnings og skipa.
8. Tryggingarstarfsemi alls konar, þar á meðal söfnun tilboða („assuranseagentur").
9. Alls konar iðja og iðnaður, hvort sem verksmiðjuiðnaður er eða iðnaður í smærri stíl.
10. Námurekstur.
11. Handiðn alls konar (smíðar, bókband, skóviðgerð, ljósmyndagerð o. s. frv.).
12. Alls konar verksamningar, svo sem húsbyggingar, skipasmíði o. s. frv.
13. Alls konar vinna í þágu annara (hjú, daglaunamenn, kaupmenn, útgerðarmenn, hásetar á skipum, búðarmenn, skipstjórar, nemendur og sveinar hjá iðnaðarmönnum, kennarar einstakra manna, framkvæmdarstjórar og óæðri starfsmenn atvinnufyrirtækja og stofnana, endurskoðun, miðilstörf, umboðsmennska o. s. frv.).
14. Starfsemi í þágu lista, vísinda og bókmennta, fyrirlestrahald og útbreiðsla skoðana og kenninga, ritstörf önnur o. s. frv., lækningar, málflutningsstörf.
15. Embætti og sýslanir í þágu ríkis, sveitarfélaga og kaupstaða eða í þágu almennings að öðru leyti. Þar af eru tekjur taldar bæði embættislaun og aukatekjur, eftirlaun og biðlaun og endurgjald fyrir skrifstofukostnað.
16. Hvers konar greiði eða aðstoð og önnur einstök verk.

Endurgjald í öðru en peningum

Það skiptir engu máli, í hverju endurgjald fyrir unnið verk eða annað er goldið, ef það verður metið til peninga. Það er jafnt skattskyldar tekjur, hvort sem það er goldið í peningum (embættislaun, eftirlaun, vinnulaun almennt) eða í húsnæði og fæði (hjúakaup að nokkru leyti, sumir embættismenn og sýslunar), landauragjald (t. d. prestar til skamms tíma) jarðarafnot (prestar), ýms

hlunnindi (prestar enn), né heldur hvort tekjurnar eru fastákveðnar eða aukatekjur (prestar, sýslumenn og bæjarfógetar enn að nokkru). Það, sem eigi er greitt í peningum, verða skattanefndir því að meta til peninga eftir gangverði á hverjum stað og tíma og telja skatt af með venjulegum hætti.

Skattskyldar tekjur vinnumanns verða því t. d.: Kaup hans, sem goldið kann að vera í peningum, föt og aðhlynning, húsnæði og fæði, skepnufóður, ef því er að skipta, hálfur hlutur, ef kaupskilmálar eru þeir o. s. frv.

Tekjur sýslumanns eru t. d.: Laun úr ríkissjóði með dýrtíðaruppbót, aukatekjur (2% af stimpilgjaldi og tekjur af uppboðum o. fl.) og endurgjald fyrir skrifstofukostnað. En það verður þó eigi talið til tekna, þrátt fyrir ákvæði 8. gr. tkskl. b.-lið, nema sannað sé, að meira hafi verið goldið í því skyni en farið hefir á skattárinu til skrifstofuhalds. Sjá 14. gr. II. Skrifstofukostnaður.

Ef sami maður hefir tekjur af fleiri en einni atvinnu, t. d. bæði landbúnaði og sjávarútvegi, embætti og landbúnaði, siglingum og verzlun, þá skal hann auðvitað svara tekjuskatti af báðum eða öllum þeim atvinnugreinum, ef lögmælt skilyrði eru fyrir hendi að öðru leyti.

II. Tekjur af eignum. Hér til telst: Eignatekjur.

1. Tekjur af fasteignum, svo sem landskuld af jörðum, leiga eftir hús, lóðir og aðrar lendur, arður af allskonar ítökum og hlunnindum, svo sem beit, skógarhögg, reki, veiði, upprekstrargjald o. s. frv. Ef maður notar fasteign sína sjálfur, þá skal áætla afgjald eftir hana og það metið eftir því sem aðrar samskonar eignir þar eru leigðar. Ef maður hefir tekjur af hlunnindum, t. d. veiði, reka, slægjusölu, þá ber honum að gera grein fyrir því, hvern arð hann hafi haft af þeim skattárið. Fasteignir.
2. Tekjur af lausafé. Hér er aðeins átt við það lausafé, sem maður leigir öðrum. Af því, sem hann notar sjálfur, fær hann ef til vill tekjur, en þær teljast til atvinnutekna. Sá, sem tekur fénað á leigu, skal og telja tekjur af honum, t. d. innstæðukúgildum, en þær tekjur eru atvinnutekjur hans. En eigandi innstæðukúgilda, sem fylgja leigujörð, telur tekjur af þeim með eignatekjum sínum. En honum skal eigi meta leigu eftir lausafé sitt, er hann notar sjálfur, nema skip. Og er hér einungis átt við skip, sem eru 12 bruttosmálestir eða stærri. Ef hann notar slík skip sjálfur, þá bætist áætluð leiga eftir skipið við tekjur hans. Ella reiknast skipið sem áhald eða verkfæri, sem ekki skal telja leigur af, ef hann notar það sjálfur. Aðili notar skipið sjálfur, ef hann hefir það til fiskiveiða eða flutninga, sem hann rekur fyrir sjálfs síns reikning. Hvers konar lausafé, sem maður lætur annan fá til notkunar gegn endurgjaldi, er á leigu selt, og leiguupphæðin verður skattskyld. Skattskyld verður sú raunverulega leiguupphæð án tillits til þess, hvort hún er meiri eða minni en það, sem hægt kynni að hafa verið að fá í leigu eftir hlutinn. Lausafé. Leiga eftir skip. Leiga eftir hvers konar lausafé.
3. Vextir eða arður af kröfum, bréfuðum sem óbréfuðum, sem maður á á hendur öðrum mönnum, svo og arður af hlutabéfum, innskotsfé í atvinnufyrir- Vextir o.þ.h.

90
14. nóv.

tæki almennt, og hvers konar arðberandi innstæðu, bæði beinar og óbeinar leigur og í hverju sem þær eru goldnar.

Tekjur af öðrum atvikum. Gjafir. Styrktarfé.

III. Tekjur af öðrum atvikum. Þar til má telja:

1. Gjafir og styrktarfé. Eftir lögunum eru allar gjafir taldar til tekna gjafþega það ár, sem hann þá gjöf. En einungis lífgjafir teljast hér til, en dánargjafir eigi, sbr. 13. gr. 3. tölul. Til styrktarfjár telst styrkur veittur úr ríkissjóði einstökum mönnum (ellistyrkur, styrkur skálda og listamanna, fræðimannastyrkir og styrkir til verklegra framkvæmda) eða félögum (t. d. strandferða), hvort sem styrkur er veittur á nafn styrkþega í fjárlögum eða stjórnin veitir hann eða aðrir (t. d. Búnaðarfélagið af sínu ríkissjóðstillagi). Ennfremur styrkur, sem sjóðir veita eða stofnanir eða einstakir menn. Eigi skiptir máli, í hverju skyni styrkur er veittur né heldur í hverju gjöf eða styrkur er fólgið, ef til peninga verður metið. Að meginreglunni til skiptir það heldur eigi máli, hver styrkþegi er eða hver styrkveitandi er eða hvernig samband þeirra á meðal er. Styrkþegi skal greiða skatt, ef styrkurinn — ef hann er einn tekna hans — nemur skattskyldri upphæð t. d. 500 kr. ef styrkþegi er einhleypur. En frá þessari reglu er þó sú mikilsverða undantekning, að börn í foreldrahúsum, sem sjálf eru skattgreiðendur, greiða engan skatt af því framfæri, sem þau fá hjá heimilisföður, nema það sé endurgjald fyrir vinnu við atvinnurekstur hans. Þetta gildir bæði um kjörbörn, stjúpbörn og fósturbörn, sem annars eru í lögunum sett á bekk með börnum manns. Skylduómagar manns, sem engar tekjur hafa skattskyldar, losna og allir við skattgreiðslu, enda þótt framfærslan — sem er einu tekjur þeirra — nemi yfir 500 krónur. Sama verður að gilda um allan sveitarstyrk, hvort sem maður hefir tekjur jafnframt honum eða ekki. Ef maður hefir aðrar tekjur, þá skal draga frá þeim tekjum einum samkvæmt 15. gr. án þess að sveitarstyrkurinn komi til greina um það eða annað, sem lýtur að ákvörðun skattsins. Um aðra styrki en þá, er manni eða hreppi er lögskylt að veita, gildir þetta eigi. En þá má vera, að eftirgjafarheimildin í 39. gr. verði notuð.

Börn í foreldrahúsum.

Skylduómagar.

Hreppsómagar.

Ágóði á eignasölu.

2. Ágóði á sölu á fasteign eða lausafé (þar með verðbréf og kröfur), enda þótt salan falli ekki undir atvinnurekstur skattgreiðanda, ef ætla má annaðhvort:

a. að hann hafi keypt eignina eða öðlazt hana á annan hátt (t. d. í makaskiptum) í því skyni að selja hana með ágóða — en þar er það leiðarvísir, hvort hann hefir þurft á eigninni að halda eða eigi, hvort hann hefir þurft að taka eignina upp í skuld o. s. frv., hvort hann er kunnur að eignakaupum í ágóðaskyni — eða

b. eignin hefir verið í eign hans skemur en 5 ár, ef fasteign er, og skemur en 3 ár, ef lausafé er. Ef eignin hefir verið skemur en þetta í eign hans, þá þarf eigi að rannsaka það, í hvaða skyni hann hefir eignazt hana. Og auðvitað greiðist alltaf tekjuskattur af sölugróðanum, ef aðili hefir atvinnu af því að kaupa eignir fyrir sinn reikning og selja þær aftur.

Það er verzlun. Og ef hann gerir það fyrir aðra, þá er það umboðsmennska.

Draga má frá tap, sem orðið hefir á samskonar sölu á árinu. Samskonar er salan aðeins, ef svo er ástatt sem í a. eða b. að ofan segir.

3. Vinningur í veðmáli, happdrætti eða því um líku. Hér til teljast tekjur, sem kalla má fengnar fyrir tilviljun og skattskyldar verða, svo sem fé unnið í spilum o. s. frv. Veðmál o. fl
4. Skaðabætur fyrir samningsrof og önnur slík viðurlög, og bætur fyrir tjón annað en á fjármunum manns. En vitanlega getur tjónið valdið tekjurýrnun eða eignarýrnun, sem kemur fram á öðrum liðum. Sbr. 13. gr. 3. tölul.

12. gr.

Til skattskyldra tekna félaga, sjóða og stofnana, bæði innlendra og útlendra (6. gr. að framan) telst: Sérreglur um tekjur félaga o. fl.

1. Greiðsla til félaga eða hluthafa sem vextir eða arður af innborguðu fé. Þetta á fyrst og fremst við ágóða af hlutum (hlutabéfum), sem greiddur er hluthöfum, vexti af innskotsfé og svo við arð til félagsmanna í félögum, þar sem allir bera ótakmarkaða ábyrgð. Ágóðahluti (tantieme) greiddur fulltrúum, stjórnendum og öðrum af hreinum tekjum félagsins, heyrir og hér undir. Sama er um bonus-greiðslur líftryggingarfélaga. Ágóðahlutur. Bonus.
2. Fé, sem varið er til afborgunar skulda á árinu annara en þeirra, sem stafa af þess árs rekstri, svo og fé, sem lagt er til hliðar og verja á til að standast tjón síðar. Undantekning er gerð um vátryggingarfélög (ábyrgðarfélög), því að fé, sem þau leggja til hliðar til tryggingar skuldbindingum við þá, sem tryggðir eru hjá þeim, skal eigi teljast með skattskyldum tekjum. Þetta getur þó einungis gilt um skuldbindingar, sem gerðar verða gildandi þegar á hendur félaginu, t. d. brunatryggingar á húsi, sem er brunnið, líftrygging, sem greiða verður bráðlega af því að sá er látinn, sem tryggður var o. s. frv. Fé til skuldagreiðslu.
3. Óvenjulegar fyrningar. Það fé, sem fer til viðhalds á tækjum félagsins og atvinnueignum eða hæfilega er áætlað til þess, svo og venjulega fyrning, skal auðvitað draga frá sem rekstrarkostnað. Fyrningar.
4. Arður lagður í varasjóð, tryggingarsjóð eða aðra slíka sjóði. Varasjóður.

Kaupfélög, pöntunarfélög og önnur slík félög (þ. e. félög, sem útvega félagsmönnum vörur) mega draga frá skattskyldum tekjum sínum það, sem úthlutað er félagsmönnum í árslok, í hlutfalli við vörukaup þeirra í félaginu á árinu, og félög, sem vinna úr og selja afurðir félagsmanna sinna (sláturfélög, smjörbú o. s. frv.) það, sem þau úthluta félagsmönnum sínum, í hlutfalli við framlag þeirra af afurðum. Sérákvæði um kaupfélög og önnur slík félög.

Ef eitthvert þessara félaga selur öðrum en félagsmönnum vörur, er allur arðurinn af slíkri sölu talinn til tekna félagsins. Sama gildir yfir höfuð um arð af viðskiptum við utanfélagsmenn, t. d. af vörukaupum af öðrum en félögum, umboðssala á vörum fyrir aðra en félaga. Í samræmi við þetta greiðir Samband íslenzkra samvinnufélaga ekki tekjuskatt af ágóða á sölu fyrir og sölu Ágóði af viðskiptum utanfélagsmanna.

90
14. nóv.

til einstakra félaga í Sambandinu. En af tekjum, sem stafa af verzlun við eða fyrir aðra, greiðir það skatt.

Af arði af stofnfé sínu greiða samvinnufélög skatt, en eigi af innlánsfé félagsmanna.

Það, sem félagsmenn fá úthlutað af ársarði í hlutfalli við kaup sín hjá félaginu það ár, telst eigi til tekna þeirra, nema viðskiptin séu í atvinnuskyni gerð af hálfu félagsmanna, t. d. til að selja vörurnar aftur. Hins vegar telst það til tekna þeirra, er þeir fá af ársarði í hlutfalli við það, er þeir hafa lagt fram eða selt félaginu af vörum á árinu, því að það er hluti af búsarði þeirra.

Ef samvinnufélag vill láta draga áðurnefndar úthlutanir til félagsmanna frá skattskyldum tekjum sínum, þá verður það að gefa skattanefndum greinilega skýrslu um það, hvaða tekjur það hafi haft á skattárinu af skiptum við utanféalgsmenn. Að öðrum kosti skal telja allan hagnaðinn af starfsemi félagsins skattskyldar tekjur.

Ennfremur skulu þessi félög gefa skattanefndum upp árlega greidda vexti af stofnfé sínu og af innlánsfé félagsmanna.

13. gr.

Til tekna telst ekki:

Greining tekna og eigna. Verðhækkun.

1. Sá eignaauki, sem stafar af því, að fjármunir skattgreiðanda hækka í verði. *Tekjur* hans aukast ekki fyrir það eitt, heldur eykst *eign* hans. Annað mál er það, að leiga eða arður eftir eignina kann að aukast um leið, og hækka þá skattskyldar tekjur aðilja sem því nemur, að öðru jöfnu. Í samræmi við regluna um verðhækkun fjármuna er það, að verðlækkun þeirra skiptir eigi heldur máli um tekjur skattþegns, nema óbeinlínis, ef arðlækkun eða leigu er henni samfara.

Eignasala.

2. Tekjur, sem stafa af sölu (þ. e. afhendingu til eignar gegn endurgjaldi á eignum skattgreiðanda). (Eign tekur hér yfir verðbréf og fjármuni yfirleitt). Þótt maður selji eign hærra verði en hann keypti hana, þá skoðast það ekki sem tekjuauki, heldur sem eignaauki, og tekjuskattur er því ekki greiddur af neinum hluta söluverðsins — þar á móti auðvitað af vöxtum þess, ef það er sett á vöxtu.

Til tekna telst sölugróði af eign þó:

a. Ef salan fellur undir atvinnurekstur aðilja, t. d. fasteignaverzlun, verðbréfaverzlun o. s. frv.

b. Ef salan fellur undir ákvæði 11. gr. III. 2.

Ef salan fellur undir a. eða b., þá má draga frá hagnaðinum af sölunni þann skaða, sem orðið kynni að hafa á samskonar sölu á árinu (þ. e. sölu, sem einnig fellur undir a. eða b.), sbr. 11. gr. III. 2. Ennfremur má draga frá söluverðinu þann hluta verðhækkunar, sem stafar af tilkostnaði eiganda og endurbótum, svo sem girðing á lóð, jarðabætur, húsabætur á jörð, byggingar á lóð, enda verði endurbótin ekki talin til venjulegs viðhalds.

Ef skattþegn vill njóta frádráttar vegna tjóns eða endurbóta, þá verður hann að gera skattanefnd það sennilegt, að hann eigi rétt til þess frádráttar.

3. Eignaauki, sem stafar af arftöku, fyrirframgreiðslu upp í arf, fallinn eða ófallinn, dánargjafir, af stofnun hjúskapar, útborgun lífsábyrgðar, brunabóta og þesshättar. Hér undir fellur yfir höfuð greiðsla vátryggingar, t. d. sjóvátrygging, og skaðabóta fyrir fjármuni manna og spell á þeim, svo og profentukaup, fúlga með ómaga, sem ekki er skylduómagi aðilja, nema fúlgan nemi meiru en framfærinu. Arftaka, vátrygging o. fl.

Tillag hjóna hvors til annars mundi þar á móti teljast til tekna þess, sem tillagið fær, nema 11. gr. III. 1. komi til greina. Tillag hjóna.

4. Tekjur, sem stafa af eyðslu höfuðstóls eða lántöku. Sjálf lánsupphæðin eða höfuðstóllinn sem eytt er, verða ekki talin tekjur. Að því leyti greiðist ekki skattur af tekjum, sem „stafa af" eyðslu höfuðstóls eða lántöku. En ef lánsupphæðin annaðhvort gefur beinlínis hærri vexti en greiddir eru af henni eða hún er sett í arðsamt fyrirtæki, þá aukast tekjur aðilja fyrir það og skattur því greiddur af þeim tekjum, sem að vísu stafa af lánsfé.

5. Dagpeningar og endurgreiðsla ferðakostnaðar, sem skattgreiðandi fær, er hann verður að vera um stundarsakir fjarverandi frá heimili sínu vegna starfa í almenningsþarfir. Þessi regla gildir auðvitað um allan ferðakostnað, því að hann er eigi tekjur. En um dagpeninga þá, sem eigi eru ferðakostnaður, gildir hún ekki, nema aðili þurfi að vera fjarvistum frá heimili sínu vegna starfa í almenningsþarfir, t. d. þingseta, nefndarstörf o. s. frv. Fjarvist í þessu sambandi verður að merkja þá fjarvist, er sviftir aðilja getu til þess að annast sjálfur önnur skyldustörf sín eða atvinnu. Dagpeningar. Ferðakostnaður.

14. gr.

Auk þess frádráttar, sem í 11. gr. III. 2., og 12. gr. 2. síðast, og 4. (kaupfélög) segir, ber að draga frá, þegar finna skal skattskyldar tekjur. Frádráttur.

I. Rekstrarkostnað, en það eru samkvæmt tkskl. 11. gr. a.: Þau gjöld, sem á árinu ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við, þar á meðal vextir af skuldum, er stafa beinlínis af atvinnu eða öflun tekna. Svo skal og draga frá venjulega fyrningu, eða það sem varið er til tryggingar og nauðsynlegs viðhalds á arðberandi eignum gjaldanda. Rekstrarkostnaður.

Um reksturskostnað athugast:

1. Vextir á skuldum koma hér aðeins til frádráttar, ef skuldin stafar beinlínis af öflun tekna eða atvinnu. En með því að aðilja er líka rétt að telja vexti af öðrum skuldum sínum til frádráttar, þá er einungis áríðandi, að vextir af sömu skuld séu eigi bæði taldir hér og þegar taldir eru vextir af skuldum, sem eigi varða atvinnu manns. Skuldin *sjálf* verður eigi til rekstrarkostnaðar talin, heldur aðeins vextirnir, né heldur í sjálfu sér það fé, sem aðili leggur í atvinnu sína, því að rekstrarkostnaðurinn er miðaður við ákveðin útgjöld, en alls eigi allar greiðslur, sem fram fara í atvinnu eða vegna hennar. Endurgjald fyrir eignir, sem hann kaupir, t. d. vörur, skip, hús, land eða Vextir.

90
14. nóv.

lóð, til atvinnu sinnar er eigi rekstrarkostnaður. Eigi heldur fargjald vöru, tollur né flutninga-vátrygging. Það skal telja í kaupverði vörunnar. En þetta skiptir litlu, því að sá kostnaður skal auðvitað líka frá talinn skattskyldum tekjum.

Vextir af stofnfé o. fl.

Eigi má gjaldandi telja til rekstrarkostnaðar vexti af fé, sem hann hefir sjálfur lagt í atvinnurekstur sinn. Félög eða stofnanir mega ekki heldur telja vexti af hlutafé, stofnfé eða tryggingarfé til rekstrarkostnaðar. Þar á móti má telja til rekstrarkostnaðar vexti af láni, sem einhver félaga lánar félagi. Þó er þess að gæta, að slíkir vextir verða ekki dregnir frá tekjum lánveitandans af fyrirtækinu, ef hann geldur skatt samkvæmt 7. gr. 4. tölul.

Húsnæði.

2. Til þess að afla tekna fer kostnaður til húsnæðis, hita, ljóss, ræstingar, sem nauðsynlegt er til rekstrar atvinnu. Ef skattþegn notar sama fólk, húsnæði o. s. frv. bæði til atvinnu sinnar og til þarfa fjölskyldu sinnar, þá verður að ætlast á um það, hversu mikið af kostnaðinum skuli teljast rekstrarkostnaður og koma þar með til frádráttar tekjum hans.

Mannahald.

3. Þar næst má nefna mannahald. Þar til teljast: Hjú, skrifstofumenn, verkamenn í verksmiðjum og öðrum atvinnufyrirtækjum, búðarmenn, skipshöfn o. s. frv. Þó má gjaldandi ekki reikna sér kaup né skylduliði sínu, nema sá telji fram tekjur sínar sér í lagi. Skyldulið manns eru þeir allir, sem honum er lögskylt að framfæra (hjón, börn, þar með talin kjörbörn, stjúpbörn og fósturbörn — því að þau eru jafnan sett á bekk með börnum í tkskl. — og foreldri). Þarfir sínar og skyldulíðs síns, sem eigi telur sérstaklega fram, má aðili ekki telja til rekstrarkostnaðar, og yfirleitt ekki það fé, sem hann notar sér eða því til framfæris eða nytja. Þar á móti fæði og húsnæði þeirra starfsmanna sinna annara, sem að atvinnu hans starfa. Félög og stofnanir geta talið venjulegt kaup allra starfsmanna sinna, hvort sem þeir eiga mikið eða lítið í félaginu og í hverju sem það er goldið (peningum, bústað o. s. frv.), til rekstrarkostnaðar, nema ágóðahlut. Undantekningu verður þó að gera um félög 3 manna eða 2, þar sem hver félagi greiðir skatt samkvæmt 7. gr. 4. tölul. Þeir mega þá ekki telja sér kaup fyrir starf sitt í þágu félagsins til rekstrarkostnaðar.

Kaup aðilja sjálfs. Skyldulið.

Fyrning o. fl.

4. Venjuleg fyrning, „eða það sem varið er til tryggingar og nauðsynlegs viðhalds á arðberandi eignum gjaldanda". Hér til verður að telja:

Trygging.

a. Gjöld til tryggingar við tjóni á eignum þeim, sem atvinnan er beinlínis rekin með, eða notaðar eru við atvinnureksturinn, svo sem vátryggingargjöld húsa og varnings, varnarráðstafanir gegn skemmdum af völdum náttúrunnar eða annara manna o. s. frv. Ennfremur gjald fyrir lögboðna tryggingu verkamanna (slysatrygging sjómanna) o. þ. h.

Viðhald.

b. Nauðsynlegt viðhald. Þar til heyra endurbætur á slysum og rýrnan (sliti), sem eignirnar verða fyrir, með öðrum orðum: Gjöld, sem fara til þess að halda eignunum í sama eða sem líkustu horfi sem því, er þær voru í nýjar, t. d. mála hús, gera við þak þess, gera við innanstokksmuni, skip o. s. frv., sem notað er við atvinnurekstur. En fæstum munum verður

haldið sem nýjum eða nothæfum, nema takmarkaðan tíma. Hver skynsamur atvinnurekandi leggur því nokkuð af tekjum sínum frá til þess að standast: 90 14. nóv.

c. Fyrningu eignanna, þ. e. úrsérgöngu þeirra, og að lokum ónýtingu, sem eigi verður fyrirgert með viðhaldi. Fyrningin verður því árlega það, sem þarf til að afla nýs hlutar, er sama eða svipað gagn geri, deilt með þeirri áratölu, sem ætla má að hluturinn geti enzt og að frádregnu verði hans, þegar hann er lagður niður. Ef verð hlutarins er a, endingarárin b, og verð hans niðurlagðs c, þá er árleg fyrning $= \frac{a-c}{b}$ Fyrning.

Setjum að kýrverð sé kr. 800 (a), að hún verði send til frálags fyrir kr. 300 (c), og að hún sé 15 ár í gagni (b), þá yrði að draga frá af henni árlega Reglur um fyrningu.

$$\frac{800-300}{15} = \frac{500}{15} = 33{,}33.$$

Eignir, sem notaðar eru beinlínis við atvinnurekstur, eru, eða verða að teljast arðberandi í þessu sambandi. Þar fyrir utan verður að draga viðhaldskostnað o. s. frv. frá tekjum af ákveðnum eignum, t. d. húsum, skipum, fénaði. Kaupmaður getur dregið viðhaldskostnað og fyrningu m. fl. á skrifstofuáhöldum sínum frá tekjum af verzluninni, en hann má ekki draga fyrningu o. s. frv. á innanstokksmunum á heimili sínu frá tekjum sínum.

Eigi er unnt að setja almenna reglu um upphæð fyrningar, framar en sagt hefir verið. En leiðbeiningar má gefa um helztu eignir, sem fyrning er talin á:

Af steinhúsum ..... frá ½%—1% af brunabótaverði
— timburhúsum ..... — 1%—2% — ——
— torfbæjum og þess kyns húsum ..... — 2%—4% — ——
eða öðru matsverði, ef eigi er virt til brunabóta.

Af skipum frá 3%—6% af vátryggingarverði, ef það er til, ella af öðru matsverði.

Af skepnum: af kúm 5%
af ám 8%
af hryssum 4%

Af görðum og girðingum kemur fyrningargjald með sama hætti sem af húsum, eftir því hvernig þeir eru gerðir. Sama er um önnur mannvirki, svo sem bryggjur, brýr, fyrirhleðslur o. s. frv.

Fyrning á öðrum eignum verða skattanefndir alveg að telja eftir álitum.

Afskrifanir á hlutum vegna verðlækkunar teljast auðvitað eigi til frádráttar (sbr. 13. gr. 1.) skattskyldum tekjum.

II. Frá embættistekjum (þ. e. tekjum fyrir störf í þarfir ríkis, sveitar, bæja og af sýslunum í almenningsþarfir) ber að draga þann kostnað, skrifstofukostnað, ferðakostnað o. s. frv., sem embættisreksturinn hefir í för með sér. Þetta kemur þó aðeins til greina, ef og að því leyti sem rekstrarkostnaður embættis er eigi að fullu goldinn annarstaðar að. Ennfremur skal draga frá lög- Skrifstofukostnaður embættismanna.

90
14. nóv.

mæltar kvaðir, sem á embætti hvíla, t. d. vexti og afborganir af prestakallalánum, eftirlaunagreiðslu o. s. frv. Sbr. við þenna lið 11. gr. I. 15. tölul.

Iðgjöld persónu tryggingar.

III. Iðgjöld af lífeyri, sem skattgreiðandi er skyldur lögum samkvæmt að tryggja sér eða konu sinni eftir sinn dag, svo og iðgjöld af hverri annari lögboðinni persónutryggingu, svo sem lífeyrir embættismanna samkvæmt lögum nr. 55, 27. júní 1921, barnakennara samkvæmt lögum nr. 33 s. d. og slysatrygging sjómanna samkvæmt lögum nr. 32 s. d. Telst sá hluti gjaldsins, sem útgerðarmaður greiðir, til frádráttar tekjum hans, en sá hlutinn, sem sjómaður greiðir, honum til frádráttar. Ennfremur má draga frá tekjum þeirra manna, sem eigi eru að lögum skyldir til að tryggja sér eða konum sínum lífeyri, iðgjald af slíkum lífeyri eða lífsábyrgð — eigi skiptir máli, hvernig eða hvenær útborgun fer fram, sbr. þó um lífsábyrgð hér að neðan — sem greidd hafa verið, þó ekki hærra iðgjald né af hærri tryggingarhæð en embættismanni með sömu tekjum ber að kaupa. Að öðru leyti skulu iðgjöld af lífsábyrgðum eigi dregin frá skattskyldum tekjum. Iðgjöld, sem maður greiðir fyrir líftryggingu handa öðrum en sér og konu sinni, koma því alls eigi til frádráttar. Ef enginn embættismaður hefir svo háar tekjur sem aðili, þá skal miða við hæstu fastar tekjur eftir lögum um laun embættismanna nr. 71 1919 og viðbætur við þau eða breytingu á þeim.

Ennfremur skal alltaf miði við lög nr. 51, 27. júní 1921 meðan þau gilda og síðan við lög, er breyta þeim eða koma í þeirra stað. Nú má iðgjaldið því eigi nema meiru, svo að til frádráttar komi en 7% af hæstu föstum launum embættismanna samkvæmt launalögunum, 5% handa manni sjálfum og 2% handa konu hans. Lífsábyrgð, sem greiðist eftir lát aðilja, skoðast sem ekkjutrygging og iðgjald má því aðeins nema 2%.

Vextir af skuldum almennt.

IV. Vextir af skuldum gjaldanda öðrum en þeim, sem í I. 1. segir. Þessa njóta allir hér heimilisfastir skattþegnar, hvort sem þeir reka nokkra atvinnu eða ekki.

Skattþegnar erlendis heimilisfastir.

Frá tekjum skattþegna heimilisfastra erlendis (2. og 10. gr.) má aðeins draga þau útgjöld, sem beinlínis viðkoma þeim tekjum. Verður þar því að rannsaka og úrskurða, hvaða gjöld, þeirra er falla undir I.—IV., varða beinlínis rekstur atvinnu þessara skattþegna hér eða eru annars skilyrði eða afleiðing þeirrar tekjuöflunar og heimfæra má undir þessa grein.

Alveg samskonar verður að gilda um frádrátt frá skattskyldum tekjum skattgreiðenda samkvæmt 4. gr.

Opinber gjöld.

V. Opinber gjöld, sem greidd eru af ákveðnum eignum, hvort sem þau eru tryggð með veði í eigninni eða ekki, svo sem húsabætur, lóðargjöld o. s. frv., skulu frá talin, þegar reikna skal arð eignar til skattgjalds. Önnur opinber gjöld má eigi draga frá.

15. gr.

Frádráttur fyrir skattþegn, konu og skyldulið.

Þegar frá er dregið samkvæmt 14. gr., skal svo að fara sem hér segir:

A. I. Frá tekjum manna heimilisfastra hér á landi (sjá þó B. 3.) skal draga þannig:

1. Ef skattþegn er ókvæntur eða eigi samvistum við konu sína (eða mann, ef

konan er skattgreiðandi) og hefir eigi heldur neina skylduómaga, þá skal enn draga frá kr. 500. Og er sú upphæð því skattfrjáls. Einhleypir menn. 90 14. nóv.

2. Frá tekjum þeirra:

a. sem eru í foreldrahúsum,

b. á framfæri, eða

c. við nám Framfærslufé og náms.

og enga atvinnu hafa skal draga það, sem útheimtist þeim til framfæris og menningar. Ef þessir skattþegnar hafa atvinnu, þá hlíta þeir sömu reglum sem aðrir um frádrátt eftir A, I. 1., 3. og 4. eftir ástæðum. Hér taldir skattgreiðendur geta bæði verið sjálfstæðir skattgreiðendur og einnig geta þeir verið í samskatti með foreldri sínu. Sjálfstæðir skattgreiðendur eru þeir, ef þeir eru fjárráðir (21 árs, eða konur án tillits til aldurs, ef þær eru ekkjur eða skildar við menn sína lögskilnaði eða að borði og sæng) eða ekki í foreldrahúsum. Ella eru tekjur þeirra taldar með tekjum foreldra þeirra. Þessi regla veldur því, að rétt er að draga frá tekjum þessara skattgreiðenda hærri upphæð en 500 kr., en aldrei lægri. Ákvæðið er í raun réttri undantekning bæði frá A. I. 1. og 17. gr. Ef t. d. námsmaður á arf sem gefur honum

árlega	1500 kr.
og vinnur sér inn	800 —
og hefir því tekjur	2300 kr.
en kostar sig til náms fyrir	2000 —
þá hefir hann skattskyldar tekjur	300 kr.

Atvinna merkir hér fasta stöðu eða sýslu, t. d. verzlun, útgerð, en eigi t. d. kaupavinnu á sumri, tímakennslu o. s. frv.

a-liður tekur til allra barna, stjúpbarna, kjörbarna og fósturbarna,

b-liður til fósturbarna allra, og

c-liður til allra námsmanna, einnig þeirra, sem erlendis stunda nám, hvort sem er á æðri eða lægri skóla, á opinberri stofnun eða hjá einstökum mönnum og hverskonar sem námið er.

Ef skattþegn er skylduómagi þess, sem hann er á framfæri hjá, þá skal eigi draga 300 krónurnar frá tekjum þess manns, ef dregið er frá tekjum hins fyrir framfærinu. 300 króna frádráttur.

Um þá, sem í a—c-lið greinir, skiptir engu um frádráttinn.

Enn athugast, að frádráttur vegna framfæris og menningar kemur auðvitað því aðeins til greina, að skattþegn kosti sig sjálfur, eða að því leyti, sem hann kostar sig sjálfur. En það telst hann gera, ef hann greiðir sjálfur, eða á síðar að greiða sjálfur námskostnað o. s. frv.

Um börn, sem að vísu eru í foreldrahúsum, en eru fjárráð og því sjálfstæðir skattgreiðendur, athugast hér, að tekjur þeirra teljast sem hjúa, og annara starfsmanna, ef þau fá endurgjald (í framfæri eða öðru) fyrir störf sín í þarfir foreldris, t. d. skrifstofustörf, vinnukona o. s. frv., og því er framfærið talið með tekjum þeirra. En með tekjum ósjálfstæðra skattgreiðenda, sem eru í foreldrahúsum, er framfærið aldrei talið. 20 ára gam- Framfæri.

90 14. nóv.

all maður, sem er í foreldrahúsum, geldur eigi skatt af framfæri því sem hann fær hjá föður sínum. En þó ber að draga 500 krónur frá tekjum hans, samkvæmt A. I. 1.

Hjón.

3. Ef skattgreiðandi er í hjónabandi, og hjónin eru samvistum, þá skal draga 1000 kr. frá, og er sú upphæð skattfrjáls. Þegar hjón eru samvistum, þá er skattur talinn af tekjum þeirra saman, þó að kona hafi tekjur af séreign eða sératvinnu, og 1000 krónur dragast því frá sameiginlegum tekjum hjóna. Í þessu sambandi ber að telja hjón samvistum, þótt þau búi ekki saman, nema þau séu skilin lagaskilnaði eða að borði og sæng, eða álíta megi, að skilnaður þeirra sé annars undirbúningur undir lögskilnað, eða þau muni eigi aftur flytja saman.

Börn á framfæri.

4. Ef skattgreiðandi hefir börn (þar með talin stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn) fram að færa, þá ber að draga 300 kr. frá tekjum hans fyrir hvert barn, sem eigi er greitt fast meðlag með, sem því nemi, þar til barnið er fullra 14 ára, miðað við byrjun skattársins. Þessi frádráttur er þó þeim skilyrðum bundinn:

a. að barnið hafi ekki sjálft efni á að kosta framfæri sitt, t. d. ef það á arf, sem gefur vöxtu, og

b. að ekki sé greitt fast meðleg með barninu.

Ef barnið eða aðrir kosta framfærið að einhverju leyti, þá verður frádrátturinn þeim mun minni.

Með stjúpbarni er t. d. greitt frá öðru foreldri þess 200 kr. á ári, þá skal draga 100 kr. frá tekjum framfæranda fyrir framfæri barnsins.

Skyldu-ómagar.

Sama sem um börn undir 14 ára aldri gildir um aðra skylduómaga. Skylduómagi merkir hér hvern þann, sem aðilja er lögskylt að framfæra. Skylduómagar eru því, auk áður talinna, foreldri manns og maki. Ef hjón eru eigi samvistum og annað leggur hinu eða gefur með því, þá kemur 300 kr. frádrátturinn til greina. Loks eru börn yfir 14 ára einnig skylduómagar foreldris til 16 ára aldurs, og þar yfir, ef þau geta ekki unnið fyrir sér og foreldrar eru taldir færir um að framfæra þau. En ef foreldri framfæra börn sín yfir 14 ára aldur, sem eigi geta unnið fyrir sér, þótt eigi liggi fyrir úrskurður um getu þeirra, þá er rétt að draga 300 kr. frá fyrir uppeldinu.

Fjelög.

II. Frá hreinum tekjum félaga, stofnana og sjóða, eins og þær eru ákveðnar eftir 13. gr., skal draga 4% af innborguðu hlutafé eða stofnfé, innborguðum hlutum af tryggingarsjóði o. s. frv. Ef félag hefir innborgað 100,000 kr. og hefir hreinar tekjur 20,000 kr., þá dragast frá 4% af 100,000 kr., sem verður 4000 kr. og 16000 kr. verður þá sú fjárhæð, sem skattur gelzt af.

Erlendis heimilis-fastir.

B. 1. Frá tekjum manna heimilisfastra erlendis, en skattskyldra hér (2. gr.), dregst ekkert eftir A. I. Undantekning er þó um íslenzka námsmenn, samkvæmt A. I. 2.

2. Félög og stofnanir erlendis heimilisföst njóta ekki góðs af frádrættinum eftir A. II. að framan.

3. Skattgreiðendur, samkvæmt 4. gr. a.—c. njóta eigi heldur frádráttar samkvæmt neinum ákvæðunum í A. I.—II. að framan.

16. gr.

Þegar frá tekjum manns er dregið allt það, sem í 14. og 15. gr. segir, eftir því sem við á, þá skal deila upphæð þeirri, sem þá verður eftir, með 50, og skal sleppa því sem þá verður afgangs. Dæmi: Tekjur eftir frádrátt kr. 8571. Ef því er deilt með 50, verður afgangurinn 21. Skattur gelzt þá af kr. 8550. Tekjuupphæð, sem skattur er goldinn af, skal því ávalt enda á 50 eða 00.

Ef tekjur eftir allan lögákveðinn frádrátt nema ekki fullum 100 kr., þá greiðist enginn skattur. Þetta tekur til *allra* gjaldþegna.

Skattþegni ber auðvitað að gera grein fyrir frádrætti öllum, lögum þessum samkvæmt, í tekjuframtali sínu, eða ef skattanefnd krefst þess annars.

17. gr.

Notkun skattskyldra tekna.

Tekjur þær, sem samkvæmt 14.—16. gr. koma til greina við ákvörðun skattsins, eru skattskyldar, án tillits til þess, hvernig þeim er varið (sbr. þá 7. gr. 3. tölul.), hvort sem gjaldandi hefir þær sér og skylduliði sínu til framfæris, nytsemdar, til hjúahalds, nema til atvinnurekstrar sé — hjúahald til inniverka í kaupstað kemur því almennt ekki til frádráttar — til þess að færa út bú sitt eða atvinnuveg, til umbóta á eignum sínum eða til þess að afla sér fjár, til gjafa eða hvers annars sem er.

18. gr.

Skattár almanaksár.

Skattinn ber að miða við tekjurnar næsta almanaksár á undan ákvörðun skattsins. Skattur fyrir árið 1921 t. d. verður ákveðinn í marz 1922, og svo koll af kolli. Skattanefnd getur þó látið annað skattár koma í stað almanaksárs, ef annaðhvort

Annað almanaksár.

a. annað reikningsár er venjulegt í atvinnurekstri aðilja, svo sem vera mun um landbúnað, þar sem fardagaárið hefir verið notað, eða
b. aðili sýnir, þegar hann telur fram tekjur sínar, að hann noti annað reikningsár.

Þegar annað reikningsár er notað, þá verður að ákvarða tekjur þess árs, er síðast endaði, fyrir niðurjöfnun skattsins, t. d. í marz 1922 verður lagt á tekjurnar fardagaárið 1920—1921, en eigi fardagaárið 1921—1922, þótt langt sé á það liðið. Ef síðar er breytt um, og almanaksárið er tekið, þá verður fyrsta sinni eftir breytinguna að reikna tekjurnar frá lokum þess reikningsárs, sem síðast var miðað við. Skattur 1922 er t. d. miðaður við reikningsárið 1. júlí 1920 til 1. júlí 1921, en skatt 1923 á að miða við almanaksár, og verður þá að telja tekjur frá 1. júlí 1921 til 31. desember 1922.

Annars ber skattanefndum að stefna að því, að sem allraflestir noti almanaksárið sem reikningsár. Ennfremur ber skattanefndum eigi að víkja frá almanaksárinu nema ríkar ástæður séu til þess.

19. gr.

Hér skulu loks settar nokkrar leiðbeiningar um tekjuframtal og skattaákvörðun helztu atvinnuveganna:

90
14. nóv.

Landbúnaður. 1. *Landbúnaður.* Þar athugast um tekjuhliðina: Taldar skulu tekjur af kúm, ám, stóðhryssum og seldum eða slátruðum fénaði í búið, og verð miðað við markaðsverð á þeim stað og tíma, eða ef slíkt verð er eigi, þá eins og ætla má að afurðirnar séu verðmætar, miðað við aðrar fæðutegundir og annað, sem í bú er lagt, t. d. skæðaskinn. Af kúm verða tekjur: mjólk, sem venjulega er áætluð 2000 lítrar á ári úr hverri, og skal þá nýmjólkin metin, og kálfur, sem skal meta jafnan, en reikna í staðinn fyrningu á kúnni. Alveg samsvarandi er um ærnar að segja. Þá skulu með líkum hætti taldar tekjur af matjurtagörðum, beitarsölu, skógarsölu, reka, veiði og öðru, sem búandi hefir haft tekjur af. Það samanlagt verða tekjur („brúttótekjur") hans, nema hann hafi aðrar tekjur, t. d. hrossasölu eða nautgripa, tekjur af vinnu sinni eða fólks síns við önnur störf en heimilsstörf við landbúnaðinn, svo sem af vegavinnu, útróðrum o. s. frv. Þá skal telja frá rekstrarkostnað, fyrst og fremst kaup og viðurgerning hjúa (þó hvorki kaup sé viðurgerning bónda, konu hans né skyldulíðs, nema sá telji fram tekjur sínar sér í lagi), kaupafólks, vor- og haustmanna o. s. frv. Þó skal eigi telja til rekstrarkostnaðar það, sem varið er í jarðabætur eða húsa, nema húsabætur megi telja til viðhalds eða fyrningar. Fyrning skal telja á kúm, ám og stóðhrossum, húsum og áhöldum. Leiguliði skal telja frá sínum tekjum, auk viðhalds, fyrning á húsum, ef hann á að svara álagi, þegar hann flytur frá jörð, en ella landsdrottinn. Telja skal frá rekstrarkostnaði fóður kálfa 2 ár og gimbra, því að endurnýjun stofnsins felst í fyrningarupphæðinni. Þá skal frá telja vexti af skuldum, kostnað og fyrningu af hrossum, annan en fóður og hirðingu, sem felst í verkalaunum, svo sem ef kaupa þarf hross eða haga handa þeim.

Ef leiguliði er, þá kemur til frádráttar landskuld og kúgildaleigur, ef goldnar eru. Ef jörð er í sjálfsábúð, telst áætlað afgjald jarðarinnar til tekna eiganda.

Sjávarútvegur. 2. *Sjávarútvegur.* Þar skal fram telja brúttótekjur af þeim atvinnuvegi þ. e. brúttóverð þess, sem aflast hefir á árinu, eftir markaðsverði. Það, sem kann að hafa verið lagt í heimili, skal meta með sama hætti. Frá tekjum þessum ber svo að draga tilkostnaðinn: Verkalaun, sem fyrr segir, salt í aflann, veiðarfæri, olíu, kol o. s. frv., viðhald skips og áhalda, vátryggingu, fyrningu, leigu eftir skip, ef því er að skipta (ella telst leigan samkvæmt 14. gr. til tekna skattþegns), viðhald, vexti af skuldum o. s. frv.

Verzlun. 3. *Verzlun.* Allar verzlanir, sem leyfi þarf til, skulu halda bækur yfir atvinnuna og gera árlegan reikning yfir tekjur og gjöld og efnahagsreikning (lög nr. 53, 11. júlí 1911). Í þeim gögnum á að sjást alarður verzlunar og þær eiga líka að greina tilkostnað, sem lagður er út í peningum. Þar til kemur fyrning á áhöldum, sem eigi er greind og meta verður eftir ástæðum. En ef bókhaldið sýnir þetta eigi nægilega, þá verður að komast að því, hvað sala á árinu hafi numið, og draga þar frá innkaupsverð, farmgjald, vátryggingu, uppskipun, húsaleigu og annan tilkostnað.

Samsvarandi aðferð verður við hvern annan atvinnuveg.

Nú stundar maður fleiri atvinnuvegi en einn, t. d. landbúnað og sjávarútveg, verzlun og annan þessara atvinnuvega eða báða jafnframt, og er honum þá rétt að telja saman rekstrarkostnað beggja eða allra, ef hann hefir eigi aðgreinda reikninga fyrir hvern þeirra, eins og t. d. ef hjú eða annað verkafólk vinnur eftir ástæðum og þörfum bæði að landbúnaði og fiskiveiðum.

II. KAFLI.

Um eignarskatt.

20. gr.

Af hvaða eignum skattur.

Af allri skuldlausri eign skal árlega greiða skatt í ríkissjóð. Það er aðalreglan, að allar eignir eru skattskyldar, hverju nafni sem þær nefnast, fasteignir, svo sem jarðir, lóðir, lendur, hús, skip og annað lausafé, svo sem skepnur, áhöld, flutningatæki á landi, skartgripir, bækur, listgripir, fatnaður, innanstokksmunir, verkfæri, vélar, vörubirgðir, peningar og verðbréf. Því næst ólíkamleg verðmæti, sem metin verða til fjár, svo sem almenn kröfuréttindi og yfir höfuð allar eignir og eignarréttindi, sem metin verða til peninga og eigi eru sérstaklega undanskilin.

Tekjur skattskyldar.

Tekjur manna á skattári eru eigi eign í þessu sambandi, nema það, sem óeytt kann að vera af þeim (lagt við eignir til næsta árs), þegar eignir eru taldar fram. Af því verður að gjalda eignaskatt, sem öðrum eignum.

Hver eigandi.

Ef framtalsskýrslur vantar eða fást eigi nægilega glöggvar um eignarrétt að einstökum eignum, þá ber skattanefndum að komast fyrir það. Ef fasteign er eða skrásett skip, þá leggur hún skatt á þann, sem skráður er eigandi, nema annar telji hana eða það eign sína í framtali sínu. Ella verður hún að leggja skatt á vörzlumann eignanna, ef hann lætur ekki fullnægjandi upplýsingar í té, og ef þess er eigi kostur, svo sem um kröfuréttindi, þá á þann, sem hún telur vera munu eiganda.

Frádráttur skulda. Ítök. Kvaðir.

Telja skal fyrst eignir svo sem þær eru verðar. Skuldir skal síðan allar telja. Verður fyrst að meta allar skattskyldar eignir til peninga. Ítök og kvaðir á jörð eða annari fasteign metast eigi til skulda, heldur er jörðin sjálf metin sem heild með ítakinu eða kvöðinni, er rýra verðmæti hennar. Með sama hætti auka ítök o. s. frv. verðmæti þeirra fasteigna, er þau fylgja. Til skulda telst eigi aðeins það, sem svara skal í peningum, heldur einnig það, sem greiða ber eða má í öðrum munum. En þá verður að meta það til peninga. Skuld telst einungis einhliða greiðsluskylda, en eigi t. d. skylda samkvæmt kaupsamningi, þar sem báðir eiga óefnt. Skuldir skal telja eins og þær eru í lok skattársins og því afborganir dregnar frá upprunalegu upphæðinni. Ábyrgð á skuldum annara verður eigi talin til skulda ábyrgðarmanns, fyrr en hann hefir verið dæmdur eða hefir undirgengizt með sátt til að borga þær, eða aðalskuldari er orðinn gjaldþrota. Ef fleiri eru ábyrgðarmenn, skal skuld skipt að jöfnu með þeim, nema öðruvísi sé samið. Ef sumir mega teljast ófærir að greiða, þá skiptist skuld á hina að jöfnu, nema sýnt sé að því sé öðruvísi hagað.

90 14. nóv.

Nú eru menn samskuldarar, og skal þá skipta skuld jafnt milli þeirra, nema samningar séu með þeim um annað.

21. gr.

Undanþegið skatti er:

Undanþágur. 5000—6000 kr.

1. Frá skuldlausri eign gjaldþegns skal draga kr. 5000, sem enginn skattur greiðist af. Þess ber ennfremur að gæta að 1‰ (einn af þúsundi) skal greiða af eign yfir 5000 kr. allt að 15000 kr. eða 1 kr. af 1000 kr. En ef skattur nemur ekki einni krónu, þá er honum sleppt. Sá, sem ekki á 6000 kr. skuldlausar, losnar því alveg við eignarskatt. Sá, sem þar á móti á skuldlausar kr. 6000 eða meira, geldur skatt af öllum skuldlausum eignum, sem hann á fram yfir 5000 kr.

Skilorðsbundin fjárréttindi.

2. Skilyrðisbundin fjárréttindi, svo sem réttur til lífsábyrgðarfjár, sem ekki er fallið til útborgunar. Hér undir verður einungis að telja *ófengin* eða ótekin skilyrðisbundin fjárréttindi, en eigi þau sem fengin eru, en sleppa verður aftur, þegar tiltekinn tími er kominn eða tiltekið atvik ber að höndum, t. d. verðbréf, er maður skal eiga og njóta vaxta af meðan hann er ógiftur. Síðastnefnd réttindi verða talin til skattskyldra eigna þess, sem þeirra nýtur, sbr. og 25. gr. E. Þegar ófengin skilyrðisbundin fjárréttindi verða skilyrðislaus — lífsábyrgðarféð t. d. fallið til útborgunar — þá er það annaðhvort orðið útistandandi krafa eða eign runnin í bú aðilja og því skattskylt í báðum tilfellum.

Eftirlaun, lífeyrir o. fl.

3. Réttur til eftirlauna, lífeyris eða annarar áframhaldandi greiðslu, sem bundin er við einstaka menn. Eftirlaunaréttur eða lífeyris verður aldrei skattskyld eign, þó að tekið sé að útborga eftirlaun eða lífeyri. „Aðrar áframhaldandi greiðslur“ er mjög óákveðið, og sérstaklega er erfitt að greina *skattfrjálsu* réttindin eftir þessum lið frá „réttindum til stöðugra tekna“, sem *skattskyld* eiga að verða eftir 25. gr. E. Sem dæmi skattfrjálsra réttinda, þeirra sem hér segir, mætti telja framfærslurétt konu á hendur fyrrverandi bónda hennar eftir samningi eða yfirvaldsúrskurði, barnsmóður á hendur barnsföður til meðlags með barni og framfærslurétt yfir höfuð o. s. frv. Skilyrði er það, að rétturinn sé bundinn við einstakan mann, þ. e. að aðrir geti ekki notið hans, hvort sem framsal hans er lögbannað eða aðrir geta eigi notið hans eftir eðli sínu.

Afnotaréttindi.

4. „Leigulaus bústaður og önnur afnotaréttindi“. „Afnotaréttindi“ nær bæði til láns og leigu á föstum eignum og lausum, og eru því hvorki leiguréttindi né láns skattskyld. Bóndi skal því t. d. eigi meta það til skatts, hvers virði honum er ábúðarréttur á jörð sinni. Framsal á afnotarétti, sem gæfi árlegar tekjur t. d., mundi þar á móti vera uppspretta skattskylds tekjustofns (sjá 25. gr. E.). Ítakaréttur og afgjaldskvöð, sem maður á persónulega, verður og skattskyld eign.

5. Fóðurbirgðir, matar og eldsneytis skal eigi telja til skatts. Eigi heldur það, er maður á í heimfluttu byggingarefni til eigin þarfa, enda megi það ekki til vörubyrgða teljast.

6. Ýms réttindi, sem bundin eru við eiganda sjálfan og eigi falla undir 2. eða 3. tölul., en hann hefir eigi ennþá komið í peninga. Þar til heyrir handrit, sem er eigi gefið út — þar á móti bókarupplag eða útgáfuréttur seldur af höfundi —, listaverk, sem enn er eign höfundar og eigi er til sölu, vörumerki, firma, sauðfjármark, ónotuð uppfundning og óseldur einkaréttur að henni og önnur réttindi, sem bundin eru við eiganda, en óvíst er hvort verði notuð o. s. frv.
7. Innlend félög öll hafa leyfi til að draga hlutafé sitt eða stofnfé frá eignarupphæð áður en skattur er á lagður. Eigendur hluta og annars stofnfjár gjalda skatt af því. Þessi frádráttarheimild nær aðeins til innlendra félaga og eigi til sjóða né stofnana. Hlutafé og stofnfé félaga.

22. gr.

Eignarskatt greiða hinir sömu einstaklingar (1., 2. og 4. gr.) og félög (6., 8. og 10. gr.), sem tekjuskatt gjalda, ef þeir eiga hér skattskyldar eignir eða eignarréttindi. Það er auðvitað eigi skilyrði, að aðili greiði tekjuskatt, til þess að hann verði skyldur að greiða eignarskatt, heldur aðeins að hann mundi greiða tekjuskatt, ef hann hefði svo miklar eða þær tekjur, er skatti næmi eða skatti skyldi svara af. Kvæntur maður, sem t. d. hefir eigi nema 1000 kr. tekjur á ári, geldur engan tekjuskatt, en hann getur átt jörð, sem er 2000 kr. virði, og greiðir hann þá eignarskatt af henni. Hverir greiða eignarskatt.

Heimilisfesti á Íslandi — en þar með telst dvöl í landinu helming skattársins eða meira — er almennt skilyrði þessarar skattskyldu (sbr. 1. gr.). Heimilisfastir menn og menn, sem dveljast hér samtals helming skattársins greiða hér eignarskatt af öllum eignum sínum. Skiptir eigi máli, *hvar* eignirnar eru né heldur hvort aðili greiðir af þeim skatt annarsstaðar en hér.

23. gr.

Undanþegnir eru eignarskatti: Undanþágur.

A. Að öllu leyti:

1. Konungur, borðfé hans og ættmenn.
2. Ríkissjóður og aðrir sjóðir, sem standa undir umsjón landsstjórnarinnar.
3. Sveitarfélög og bæja.
4. Kirkjusjóðir.
5. Sparisjóðir, sem engan arð gefa stofnendum sínum eða ábyrgðarmönnum.
6. Félög og stofnanir, sem eigi reka atvinnu, sjá nánar 3., 7. og 8. gr.

B. Undanþegnir eru eignarskatti af eigum sínum, nema þeim, sem sérstaklega eru ákveðnar skattskyldar:

1. Erlendis heimilisfastir menn (sjá 22. gr. síðustu málsgr.) og
2. Félög og stofnanir erlendis heimilisfastar greiða skatt af öllum eignum sínum, er þeir eiga hér á landi.
3. Erlendir þjóðhöfðingjar.
4. Erlendir sendiherrar og starfsmenn þeirra og
5. Ræðismenn, sem eigi eru íslenzkir þegnar, greiða aðeins eignarskatt af þeim fasteignum, sem þeir hafa hér á landi, og eignum, sem þeir nota í atvinnu sinni hér. (Sjá annars 2. gr. 1., 4. og 5. málsgr., 4. gr. a—c).

90
14. nóv.

24. gr.

Skattstiginn.

Af skattskyldum eignum (sjá 20.—22. gr.) skal greiða eignarskatt sem hér segir:

Af	5000—	15000	kr.	greiðist	1‰ (af þús.)	af því, sem er umfram	5000	kr.		
—	15000—	20000	—	—	10 kr.	af	15000	kr.	og 1,2‰	af afganginum.
—	20000—	30000	—	—	16 —	—	20000	—	— 1,5—	— ——
—	30000—	50000	—	—	31 —	—	30000	—	— 2	— — ——
—	50000—	100000	—	—	71 —	—	50000	—	— 3	— — ——
—	100000—	200000	—	—	221 —	—	100000	—	— 4	— — ——
—	200000—	500000	—	—	621 —	—	200000	—	— 5	— — ——
—	500000—	1000000	—	—	2121 —	—	500000	—	— 6	— — ——
—	1000000 kr. og þar yfir			—	5121 —	—	1000000	—	— 7	— — ——

Nemi skatturinn samkvæmt þessu ekki 1 kr., skal honum sleppt.

Erlendis heimilisfastir menn og erlend félög og stofnanir (23. gr. B. 1. og 2.) greiða þó aldrei minna en 2‰ af skattskyldum eignum sínum. Allir aðrir, þar á meðal þeir, sem í 23. gr. B. 3.—5. segir, greiða eftir skattstiganum óbreyttum.

Talan 100 skal ávalt ganga upp í þeirri upphæð, sem eignarskattur er talinn af og afgangi sleppt. Skattskylda talan stendur því alltaf á 00.

25. gr.

Ákvæði um virðing eigna.

Um virðing á eignum til eignarskatts fer sem hér segir:

A. Fasteignir (lendur, lóðir, hús, jarðir með mannvirkjum, og hvort sem sami er eigandi lóðar og mannvirkis eða sinn á hvort) eru metnar 10. hvert ár, og er við það mat miðaður eignarskattur af fasteignum. Ef metið er upp á

Fasteignir.

10 ára bilinu, þá skal eftir því mati fara. Ef eign rýrnar eða hækkar í verði á 10 ára bilinu, þá getur bæði eigandi og fjármálaráðherra látið hina lögskipuðu fasteignamatsmenn virða hana upp og á þá að telja eignarskatt samkvæmt þeirri virðingu. Ef eign líður undir lok, t. d. hús brennur eða fýkur, þá er skattanefnd þó rétt að leggja skatt einungis á verð lóðarinnar, eins og hún er metin í fasteignamatinu eða það af eigninni, sem eftir er, ef það hefir verið metið sér, án þess að nýtt mat þurfi að fara fram. En telja skal þá til eigna andvirði eignarinnar, ef eigandi á heimtingu á því, t. d. brunabótafé.

Skip og annað lausafé.

B. Verðlag á skipum og öðru lausafé — en hér er einungis átt við líkamlega muni, þó að verðbréfum undanskildum — skal miðað við áætlað söluverð. Skal meðal annars hafa hliðsjón af vátryggingarupphæð, ef munirnir eru vátryggðir. Á lausafé er ekkert allsherjarmat, eins og fasteignum. Og verður því að fara eftir álitum. Verðmæti hlutanna skal ákveðið eins og ætla má, að þeir hefði selst í lok skattársins, nema búfénaðar. Þar skal miða við verð í fardögum næst á undan skattálagningu.

Vörur.

Verzlunarvörur skal meta með áætluðu eða ákveðnu útsöluverði, heildsöluverði, ef heildsali á í hlut, og með smásöluverði, ef smásali á hlut að máli. Ef maður hefir vörur í umboðssölu í vörzlum sínum eða vörur til geymslu,

ber honum einnig að telja þær fram, ef eigandi er heimilisfastur erlendis, og greiða skatt af. En endurgjaldskröfu á hann á hendur eiganda. Rétt er að draga 5% frá söluverði.

C. Verðbréf (þar á meðal skuldabréf og hlutabréf) — en verðbréf merkja hér bréf, sem bera á sér einhliða greiðsluloforð skuldunauts — skal meta til skatts eftir nafnverði, nema þau hafi annað gangverð eða áætlað söluverð. Ef bréfið er íslenzkt, þá fer eftir því verði, sem það sannanlega hefir hér eða ætla má að það hafi. En ef það er erlent, þá skal fara eftir verðskráning þess þar í landi, ef kunnugt er um hana. En ella fer eftir álitum. Greidda vexti á eigi að leggja við, nema svo segi í bréfinu, að þeir skuli lagðir við innstæðu, ef þeir eru eigi hirtir á gjalddaga. Verðbréf.

D. Útistandandi skuldir, aðrar en þær, sem C-liður tekjur til, skulu taldar með nafnverði, hvort sem vextir eiga að greiðast af þeim eða eigi, en eigi skal leggja ógreidda vexti við framar en í C-lið segir. Til útistandandi skulda teljast innieignir í sparisjóði, á hlaupareikningi í bönkum o. s. frv. Ef kröfu á að greiða í öðru en peningum, þá verður að virða það til peninga. Útistandandi skuldir.

Óvissar skuldir, hvort sem þær eru óvissar af því að torséð þykir, hvort lögskylt sé að greiða skuldina eða af því að skuldunautur er eða hann er talinn vera ófær til að gjalda, má færa niður eftir ástæðum og ef skuld er eða má teljast ófáanleg, þá skal hún ekki talin með. Óvissar skuldir.

E. Réttindi til stöðugra tekna skulu metin eftir því endurgjaldi, sem hæfilegt væri fyrir þau, þegar skatturinn er lagður á. Hér er eigi átt við verðbréf eða útistandandi skuldir, sem stöðugar tekjur gefa af sér né heldur afnotaréttindi, sem einnig geta gefið af sér stöðugar tekjur, því að þau eru eigi talin til tekna. Og mörg önnur réttindi til áframhaldandi tekna eru undanþegin eignarskatti samkvæmt 21. gr. 2. tölul. Og er því mjög torvelt að gera grein fyrir því, hvaða réttindi verði skattskyld eftir þessum lið og hvaða réttindi sé skattfrjáls eftir 21. gr. 2. tölulið. Réttindi, sem hér falla undir, eru eigi bundin við einstakan mann og gætu því skipt um eiganda, t. d. réttur til árlegrar borgunar fyrir erfðafestu lands, veiðiréttur, sala á afnotarétti, sem yrði stöðug tekjulind seljanda o. s. frv., einkaleyfi (panent) selt þannig að seljandi eða sá, sem hann setur í stað sinn, fái árlega peningagreiðslu fyrir. Meta skal réttindin, ef eigi eru gögn til annars, þannig að margfalda árgreiðsluna með 20, og er útkoman sú upphæð, sem skatt skal gjalda af.

26. gr.

Eignarskattur skal að jafnaði ákveðinn eftir eign gjaldanda í lok almanaksárs. Þó mega þeir, sem nota annað reikningsár en almanaksárið telja fram eignir sínar eins og þær voru í lok þess reikningsárs, sem næst er á undan eignaákvörðun. Ef maður t. d. hefir fardaga-árið að reikningsári, þá telur hann fram í febr. 1922 eignir þær, sem hann átti í fardögum (síðasta fardag) 1921. Og ef sá maður breytir um reikningsár, þá miðast eign hans í næsta framtali og næst, þegar eign hans er ákveðin þar á eftir, við lok hins nýja reikningsárs. Sbr. 18. gr.

90
14. nóv.

III. KAFLI.

Um skattanefndir.

27. gr.

Skattanefndir. Reykjavík.

I. Í Reykjavík fer um skipun skattanefndar eftir konunglegri tilskipun, sem þar um verður sett, samkvæmt 23. gr. tkskl. Reglugerð þessi gildir annars í Reykjavík að svo miklu leyti sem samrýmanlegt verður fyrrnefndri tilskipun.

Utan Reykjavíkur.

II. Utan Reykjavíkur ákveða skattanefndir og yfirskattanefndir tekjuskatt og eignarskatt.

Skattanefndir.

A. Skattanefndir eru skipaðar í hverjum kaupstað og hverjum hreppi 3 mönnum þannig:

Í kaupstöðum.

1. Í kaupstöðum (Hafnarfirði, Vestmannaeyjum, Seyðisfirði, Akureyri, Siglufirði og Ísafirði) er bæjarstjóri, þar sem sérstakur bæjarstjóri er (þ. e. annar en bæjarfógeti eða lögreglustjóri) eins og í Reykjavík og á Akureyri (á Siglufirði er ekki sérstakur bæjarstjóri í merkingu tekjuskl.), sjálfkjörinn í skattanefnd, en bæjarfógeti nefnir þá einn mann og bæjarstjórn annan. Ef ekki er sérstakur bæjarstjóri, þá nefnir bæjarfógeti 2 nefndarmenn. Bæjarstjóri er formaður skattanefndar, ef hann er í nefndinni. Ella ákveður bæjarfógeti, hvor þeirra tveggja, sem hann tilnefnir, skuli vera formaður. — Ennfremur skal skipa 2 varmenn, og tilnefnir bæjarfógeti annan, en bæjarstjórn hinn.

Í hreppum.

2. Í hreppnum er hreppstjóri sjálfkjörinn formaður skattanefndar. Annan samnefndarmann hans tilnefnir sýslumaður, en hinn hreppsnefnd. — Varamenn skulu og vera 2, annar tilnefndur af sýslumanni, en hinn af hreppsnefnd.

Varamenn.

Varamenn taka sæti í nefnd ef:

a. aðalmaður er óhæfur að taka þátt í meðferð máls (sjá 28. gr. B.).

b. aðalmaður forfallast, og

c. aðalmaður deyr eða fer alfarinn úr nefnd.

En eigi gegnir varamaður þá starfanum nema til bráðabirgða, því að skipa skal mann í stað hins dána eða burtfarna þann tíma, sem hann átti eftir að vera í nefndinni. Sá kýs eða tilnefnir nýja nefndarmanninn, sem kaus eða tilnefndi hinn látna.

Í forföllum formanns kýs skattanefndin sjálf formann um stundarsakir. — Ef eigi eru nægilega margir aðalmenn og varamenn til samans hæfir til að fara með mál, þá verður sá, eða þeir, sem hæfir eru, að biðja hreppsnefnd, ef hennar maður er vanhæfur, en ella sýslumann eða bæjarfógeta, að nefna mann eða menn til að fara með það mál.

Ályktunarfær.

Ályktunarfær er skattanefnd aðeins, ef allir 3 nefndarmenn eru á fundi og taka þátt í atkvæðagreiðslu, enda er þeim öllum skylt að greiða atkvæði. Meiri hluti ræður.

Yfirskattanefnd.

B. Í hverju lögsagnarumdæmi (sýslu, kaupstað) skal vera yfirskattanefnd skipuð 3 mönnum. Þó skal vera ein yfirskattanefnd fyrir sýslu og kaup-

stað, þar sem sami maður er sýslumaður og bæjarfógeti (Hafnarfjörður—Gullbringu- og Kjósarsýsla, Seyðisfjörður—Norður-Múlasýsla, Akureyri—Eyjafjarðarsýsla, Ísafjörður—Vestur- og Norður-Ísafjarðarsýsla), fyrir bæði lögsagnarumdæmin. Lögreglustjóri er sjálfkjörinn formaður yfirskattanefndar, en fjármálaráðherra nefnir báða hina. Fjármálaráðherra kveður og til 2 varamenn, og taka þeir sæti í nefndinni, ef eigi eru til nógu margir hæfir, um kjör í stað látins eða burtfarins nefndarmanns, hvenær yfirskattanefnd sé ályktunarfær og afl atkvæða gildir samsvarandi sem um skattanefndir. Ef formaður er óhæfur til meðferðar máls, setur fjármálaráðherra formann í stað hans til að fara með það mál. Varamenn o. fl.

28. gr.

A. Enginn má sitja í skattanefnd eða yfirskattanefnd, nema hann: Almenn skilyrði.

1. hafi óflekkað mannorð, en sá telst eigi hafa óflekkað mannorð, sem sekur er orðinn að lagadómi um verk, sem er svívirðilegt í almenningsáliti,
2. sé fjárráður,
3. hafi nauðsynlegt vit og heilbrigði,
4. eigi heimili í skattaumdæminu (hreppnum eða kaupstaðnum, ef skattanefnd er, en kaupstað eða sýslu, ef yfirskattanefnd er),
5. hafi náð lögaldri, þ. e. sé 21 árs gamall.
6. Eigi má sami maður eiga á sama tíma sæti bæði í skattanefnd og yfirskattanefnd.
7. Skyldir menn eða mægðir að feðgatali eða niðja, hjón, systkini, kjörforeldri og kjörbörn og fósturforeldri og fósturbörn mega ekki sitja saman, hvorki sem aðalmenn sé varamenn í skattanefnd né yfirskattanefnd.

B. Enginn má taka þátt í meðferð máls í skattanefnd né yfirskattanefnd, ef: Skilyrði til meðferðar einstakra mála.

1. málið varðar sjálfan hann (tekjur hans eða eign og annað, sem lýtur að ákvörðun á skatti hans). Því verður yfirskattanefndarmaður að víkja sæti, ef kæra varðar hann, sem kæranda eða kærðan.
2. Málið varðar með sama hætti þá, sem honum eru svo nánir, sem í A. 7. tölulið næst að ofan segir.
3. Auk þess er það rétt, að nefndarmaður víki af öðrum ástæðum, ef hætta er á hlutdrægni af hans hálfu.

Nefndin úrskurðar öll, hvort nefndarmaður skuli víkja sæti.

29. gr.

Það er almenn borgaraskylda öllum þar til hæfum karlmönnum, að taka sæti í skattanefnd og yfirskattanefnd. Engum er þó skylt að taka við kjöri eða tilnefningu: Skylda að sitja í nefnd.

1. sem sextugur er að aldri á kjördegi. Ef hann verður sextugur áður en kjörtímabil hans er á enda, þá á hann rétt á að fara úr nefnd. Hins vegar er honum skylt að sitja í nefnd kjörtímabil út, ef hann hefir látið endurskipa sig eftir að hann varð sextugur, nema aðrar ástæður komi til, t. d. ellilasleiki.

90 14. nóv.

Undanþágur.

2. sá, sem hefir verið samfleytt 6 ár í nefnd, er ekki skyldur að taka sæti í henni fyrr en 6 ár eru liðin frá því að hann gekk úr nefndinni. Rétt er að endurkjósa menn svo oft sem þeir vilja;
3. sem er öðrum háður sem hjú. Á bekk með hjúum má setja alla þá, sem ráðstafað hafa fyrirfram um langan tíma starfhæfi sína í þarfir annara, t. d. námsmenn, búðarmenn, skrifstofumenn ýmsir o. s. frv.

Kjörtímabil. Kjörtímabilið er 6 ár, þó svo, að sinn fer frá á víxl á hverjum 3ja ára fresti, í fyrsta skipti eftir hlutkesti. Tekur þetta einnig til varamanna.

Skipaðar fyrir áramót. Skattanefndir og yfirskattanefndir skulu jafnan fullskipaðar fyrir hver áramót.

30. gr.

Bókhald. Bæði skattanefndir og yfirskattanefndir halda gerðabók. Í hana skal rita:

a. Stutta skýrslu um fundarefni og allt það helzta, sem fram fer á fundum.
b. Skattskrár. Þetta gildir þó einungis um gerðabækur skattanefnda.
c. Úrskurði um kærur og aðrar ákvarðanir.
d. Heit nefndarmanna. En það heit skulu allir skattanefndarmenn og yfirskattanefndarmenn (þar með taldir varamenn), sem eigi hafa unnið eið eða heit embættismanna eða sýslunar, vinna og undirrita í gerðabók nefndarinnar á fyrsta fundi, sem þeir sitja á, og er það svo látandi:

Heit nefndarmanna. „Ég N. N. skattanefndarmaður (yfirskattanefndarmaður, varaskattanefndarmaður, vara-yfirskattanefndarmaður), í N. N. hreppi (kaupstað, sýslu), lofa því hér með og legg þar við drengskap minn og heiður, að ég skal gegna starfi mínu hlutdrægnislaust eftir beztu vitund og sannfæringu, og gæta skal ég lögmæltrar þagnarskyldu minnar um öll þau atriði, er varða hagi gjaldþegna og ég kemst að vegna starfa míns".

Skjalageymsla. Formönnum nefndanna ber auðvitað að geyma vandlega og halda í reglu skjölum öllum og bréfum, sem þeim berast, svo og uppköstum eða eftirritum, sem þær láta frá sér fara.

Fjármálaráðherra lætur gera bækur þessar á kostnað ríkissjóðs. Löggildir lögreglustjóri bækur skattanefnda, en fjármálaráðherra bækur yfirskattanefnda.

31. gr.

Kaup skattanefnda. Um kaup skattanefnda og yfirskattanefnda fer sem hér segir:

A. Í Reykjavík segir um það í konunglegri tilskipun (sbr. 27. gr. I.).

B. Utan Reykjavíkur:

I. Skattanefndir:

1. Í kaupstöðum og kauptúnum, sem eru hreppur út af fyrir sig (aðalhluti hreppsins er kauptún), skal greiða skattanefnd allt að 2% af tekjuskattinum og eignarskattinum, eins og hann verður hverju sinni ákveðinn í þeim kaupstað eða kauptúni samkvæmt úrskurði yfirskattanefndar, þó þannig, að borgunin fari aldrei fram úr 8 kr. fyrir hvern starfsdag nefndarmanns.
2. Annarsstaðar (þ. e. í hreppum, sem eigi falla undir B. I. 1.) skal greiða

skattanefnd allt að 4% af skattinum í hreppnum, eins og hann er ákveðinn samkvæmt úrskurði yfirskattanefndar, þó eigi hærra en 8 kr. fyrir hvern starfsdag nefndarmanns. 90 14. nóv.

II. Yfirskattanefndir fá 8 kr. þóknun fyrir hvern starfsdag sinn. Kaup formanns er þó fólgið í embættislaunum hans.

Kostnaður allur greiðist úr ríkissjóði. Formaður yfirskattanefndar úrskurðar reikninga skattanefndar og greiðir þá á manntalsþingum ár hvert. Fjármálaráðherra úrskurðar reikninga yfirskattanefndar og ávísar upphæðunum til formanns, er svo greiðir nefndarmönnum þær.

IV. KAFLI.

Um framtal tekna og eigna, ákvörðun skatts, fresti, kærur, úrskurði o. fl.

32. gr.

Í janúarmánuði ár hvert skulu skattanefndir senda öllum þeim, sem kunna að vera skyldir til að greiða tekjuskatt eða eignarskatt þar í hreppi eða kaupstað, eyðublað undir framtalsskýrslur. Lætur fjármálaráðherra gera eyðublöð þessi og senda skattanefndum, allt á kostnað ríkissjóðs. Eyðublöð til framtals.

Gera skal ráð fyrir því, að þeir hafi fengið eyðublað, sem skattanefnd hefir sent það í pósti eða með boðbera. Sá, sem eigi fær eyðublað fyrir miðjan febrúarmánuð, skal gera skattanefnd viðvart um það, eða vitja þess til hennar.

Skal hver sá, sem eyðublað er sent, fylla það út eftir beztu vitund og skrá þar í tekjur sínar síðastliðið ár (sbr. 18. gr.) og eignir í árslok (sbr. 26. gr) og það, sem þeim skal til frádráttar koma (rekstrarkostnaður, og annar frádráttur, skuldir o. s. frv.), og afhenda það síðan með óskammstafaðri undirskrift sinni og vottorði, að viðlögðum drengskap um rétta skýrslu, skattanefnd eða formanni hennar, fyrir lok febrúarmánaðar. Þó skal þeim, sem atvinnu reka víðar en á einum stað, vera rétt að afhenda skýrslu sína eigi fyrr en 20. marz.

Skattanefnd er skylt að veita skattþegnum aðstoð sína til að gefa skýrslur þær, sem í 1. málsgrein segir. Og auk þess er skattþegnum skylt að láta skattanefnd í té eftir megni allar þær upplýsingar, sem hún þarf til að gera tekjuframtal hans og eigna sem réttast, svo sem sundurliðaða skýrslu um eignir hans og skuldir í ársbyrjun, um kostnað til fjölskyldu hans og heimilis, um allar greiðslur gjalda, er heimili hans varða. Skattanefnd getur og æfinlega krafizt, að einn eða tveir nefndarmenn fái að kynna sér bókhald gjaldþegns; en nefndin getur einnig falið þá rannsókn einum eða tveimur reikningsfróðum mönnum utan nefndarinnar, sem mega þó ekki vera keppinautar gjaldþegns, nema hann samþykki þá. Til þessarar rannsóknar skal einungis velja lögráða og valinkunna menn, er úrskurða mættu mál þess, er þeir eiga að skoða hjá, ef þeir væru sjálfir í skattanefnd. Þóknun handa þessum skoðunarmönnum greiðist samkvæmt reikningi, er formaður yfirskattanefndar úrskurðar og greiðir með sama hætti sem reikninga skattanefndar. Skattanefndum ber sjálfum að skoða bækur og Framtalsskylda. Upplýsingar gjaldþegns eftir sérstakri kröfu nefndar. Rannsókn utannefndarmanna.

90 14. nóv.

reikninga, nema sérstaklega standi á, t. d. margbrotin eða vafasöm reikningsfærsla, tímaskortur skattanefndar o. s. frv., enda skipti rannsókn verulegu máli um skatthæð.

Heit utannefndarmanna.

Þeir, sem skattanefnd felur rannsókn þessa, skulu vinna henni drengskaparheit um, að gæta þagnar um það, sem þeir verða áskynja um hagi gjaldþegna eða annara, og að vinna starfann með trúmennsku og samvizkusemi.

Ennfremur skulu félög öll, svo og einstakir menn, sem skylt er að halda bækur (lög nr. 53, 11. júlí 1911), láta framtali sínu fylgja ársreikning sinn yfir tekjur og gjöld síðasta reikningsár sitt og efnahagsreikning sinn.

Viðurlög gjaldþegns.

Nú gefur gjaldþegn eigi skýrslur þær, sem í 3. og 5. málsgrein segir, eða veitir eigi aðgang að bókum sínum, enda sé honum þess kostur, og skal þá fara um ákvörðun skatts hjá honum svo sem segir í 38. gr. A. 2. og B. 1., eftir því, sem við á.

33. gr.

Á hverjum framtalsskyldan hvílir.

Skylda til að telja fram eignir og tekjur hvílir á:

1. Hverjum einstökum skattþegni fyrir sjálfan sig. Ef hann er samvistum við konu sína (15. gr. A. I. 3.) eða ófjárráða börn hans (þar með talin stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn) eru hjá honum (15. gr. A. I 2.), þá skal hann einnig telja fram þeirra tekjur og eignir ásamt sínum. Hver fjárráð manneskja, heimilisföst eða til dvalar — ef skattskyld kann að vera — á Íslandi, er skyld að telja sjálf fram tekjur sínar og eignir.

Hver fyrir sjálfan sig.

Fjárhaldsmenn.

2. Fyrir ófjárráða menn, aðra en þá sem í 1. tölulið segir, skulu fjárhaldsmenn þeirra telja fram eignir þeirra og tekjur.

Bú.

3. Fyrir bú, sem er undir opinberum skiptum, hvílir framtalsskyldan á skiptarétti, skiptaforstjórum eða skilanefnd (in solidum, ef fleiri eru). Ef erfingjar skipta sjálfir, þá hvílir skyldan á þeim in solidum. Skal skýrsla gefin um tekjur búsins við áramót, en um eignir þess, þegar lokið er uppgerð, enda nemi skuldlausar eignir 6000 kr. Lög þessi taka til allra búa, sem eigi er lokið skiptum á fyrir 1. janúar 1922.

Félög. Sjóðir. Stofnanir.

4. Stjórn félags, sjóðs eða stofnunar, skal telja fram eignir og tekjur þessara skattgreiðenda. Ef félag er heimilisfast erlendis (10. gr., sbr. 22. gr.), þá hvílir skyldan á aðalumboðsmanni þess hér.

Erlendir skattgreiðendur.

5. Ef erlendis heimilisfastur maður á hér skattskyldar eignir, rekur hér atvinnu (verzlun, verksmiðju o. s. frv.), eða hefir hér eða héðan tekjur (2. gr. sbr. 22. gr.), hvílir skyldan á þeim, sem veitir forstöðu atvinnufyrirtæki, varðveitir eignirnar eða hefir tekjurnar undir höndum eða greiðir þær, nema aðili hafi umboðsmann hér, sem annast framtal hans. Innlend félög og stofnanir, sem greiða tekjur eða arð út úr landinu, eru þó eigi skyld að telja nöfn þeirra, sem greitt er, en gefa skulu þau skýrslu um, í hversu marga staði hefir verið greitt, og hversu mikið í hvern stað, og hverju hefir verið eftir haldið upp í skattinn, enda er skattanefnd heimil rannsókn á skjölum og bókum félags o. s. frv. til eftirlits með því, að rétt sé frá skýrt og rétt sé reiknaður skattur.

34. gr. 90

Aðalreglan er, að hver greiðir skatt af sínum tekjum og eignum, en eigi annara. Undantekningar eru þessar: Hver greiðir. 14. nóv.

1. Maður greiðir tekjuskatt og eignarskatt af tekjum og eignum konu sinnar, ef þau eru samvistum. Sjá 15. gr. A. I. 3. Þetta gildir jafnt hvort sem konan á skattskylda séreign eða hefir sératvinnu. Af félagsbúi hjóna, svo og séreign sinni, geldur bóndi einn skatt, en hann á endurgjaldskröfu á hendur konu sinni, ef hann geldur skatt af hennar eignum eða tekjum. Maður skatt konu sinnar.
2. Faðir greiðir tekju- og eignarskatt ófjárráða barna (kjörbarna, stjúpbarna og fósturbarna), sem eru í foreldrahúsum; sbr. 15. gr. A. I. 2. Skattur barna.

Kona og börn, samkvæmt 1. og 2. tölulið, eru eigi sjálfstæðir gjaldendur. Aftur á móti eru:

3. Heimamenn manns aðrir, svo sem hjú, fjárráð börn, lausamenn o. s. frv., eru sjálfstæðir gjaldendur, en húsráðandi skal þó greiða tekjuskatt og eignar fyrir þá, sem heimilisfastir eru hjá honum á gjalddaga — en gjalddagi er á manntalsþingunum, sbr. 44. gr. síð. málsgr. — gegn endurgjaldskröfu á hendur þeim. Skattur annara heimamanna.
4. Aðalumboðsmenn erlendra félaga og stofnana, sem hér eiga að greiða tekjuskatt eða eignar, bera ábyrgð á greiðslu skattsins fyrir þessa gjaldendur. Erlend félög.
5. Þeir, sem greiða fé út úr landinu, eða arð, svo sem í 2. gr., 3. og 4. tölulið segir, skulu halda skattinum eftir, þ. e. greiða upphæðirnar að frádregnum tekjuskatti og eignar. Ef greiðandi vanrækir þetta, þá ber hann ábyrgð á greiðslu skattsins. Tekjur greiddar úr landi.

35. gr.

Þar skal setja mann ár hvert á skattskrá, sem hann er heimilisfastur, þegar skattanefndir taka til starfa, þ. e. í janúarmánuði. Skattanefndir eiga heimtingu á því, að fá síðasta manntal kauptúna og kaupstaða til afnota við starf sitt, enda verða þær að gera ráð fyrir því, að hver sé þar búsettur, sem hann er talinn heimilisfastur í manntalinu síðasta, nema sönnuð séu bústaðaskipti eftir það. Þótt maður eigi eignir víðar en í þeim hreppi (kaupstað), sem hann er búsettur í, þá skulu þær eignir (og tekjur sem hann hefir annarsstaðar að) taldar fram, og skattur á þær lagður, þar sem heimilisfang hans er. Því skulu einnig innlend félög og stofnanir aðeins sett þar á skattskrá, sem heimilisfang þeirra er, enda skal þar og telja eignir og tekjur útibúa þeirra. Hvar settir á skattskrá.

Settir eru á skattskrá utan heimilis:

1. Erlend félög og stofnanir. Skal setja þau á skattskrá, þar sem aðalumboðsmaður þeirra er búsettur. Gildir þetta og, ef eignir eða tekjur eru víðar en þar sem aðalumboðsmaður er. Ef enginn er umboðsmaður, þá ákveður fjármálaráðherra, hvar setja skal félag á skattskrá. Erlendir skattþegnar.
2. Erlendis heimilisfastir menn, sem hér skulu skatt greiða, eru settir þar á á skattskrá, sem eign þeirra er, eða þar, sem þeir hafa tekjur. Útlendingur, sem á hlut hér í atvinnufyrirtæki, skal settur á skattskrá, þar sem það

90
14. nóv.

er. Þeir, sem taka laun eða styrktarfé úr ríkissjóði eða öðrum sjóðum, sem ríkið á, skulu settir á skattskrá í Reykjavík. Ef þeir fá styrk úr öðrum sjóðum eða stofnunum, þá skal setja þá þar í skatt, sem sú stofnun eða sjóður er, enda hafi fjármálaráðherra eigi ákveðið öðruvísi.

Ef fram er talið fyrir þessa aðilja, þá ber framteljanda að telja fram allar eignir hans og tekjur hér á landi, hvar sem þær eru, svo framarlega sem hann getur, því að skatti skal svara af þeim öllum í einu lagi. Ef eigi er talið fram, þá skal skattanefnd bera það undir fjármálaráðherra til úrskurðar, hvar setja skuli aðilja á skattskrá, ef nokkur vafi getur verið um það atriði.

Úrskurður um skattskráning.

Sker fjármálaráðherra úr öllum vafaatriðum og ágreiningi um það, hvar gjaldandi, innlendur eða útlendur, einstakur maður eða félag, skuli settur á skattskrá.

36. gr.

Sérstök skylda til skýrslugjafa.

Auk skyldu til þess að skýra frá högum sjálfs sín og annara samkvæmt 33. gr., er neðangreindum aðiljum skylt að veita skattanefndum ókeypis í té ýmsar upplýsingar, sem þær beiðast, með þurfa og hægt er að láta í té:

Embættismenn.

1. Embættismenn og aðrir, sem einhver störf hafa í almenningsþarfir, og

Forstöðumenn félaga og stofnana.

2. stjórnendur banka, sparisjóða, hlutafélaga og stofnana, eru skyldir að veita skattanefndum upplýsingar þær allar, sem þær æskja, bæði um kaup starfsmanna þeirra, um verðbréf öll, sem eigandi er nafngreindur að, svo sem hlutabréf, skuldabréf og vaxtabréf í bönkum og sparisjóðum, enda sé eigandi að þessum verðmætum nafngreindur, um skuldir manna við þessar stofnanir o. s. frv. Embættismenn og sýslunar eru sérstaklega skyldir að láta skattanefndum í té fræðslu um niðurjöfnun aukaútsvara, manntal, skýrslur eftir kjörskrá, allskonar matsgerðir o. s. frv. — Ennfremur eru

Starfslaun.

3. Allir þeir, sem hafa menn í þjónustu sinni, enda þótt 1. og 2. tölul. taki ekki til þeirra, skyldir að veita skattanefndum skýrslu um starfslaun hvers starfsmanna sinna. Þetta tekur til allra fastra starfsmanna, svo sem hjúa, skrifstofumanna, búðarmanna utan og innanbúðar o. s. frv., en eigi daglaunamanna eða annara, sem eigi eru að staðaldri í þjónustu aðilja.

Takmörkun skyldunnar.

Skylt er að gefa skýrslu um kaup starfsmanna, þótt í beiðni um hana sé ekki sundurliðað um hverja starfsmenn sé spurt. Í beiðni um upplýsingar um innieign í bönkum og sparisjóðum, eign verðbréfa og skipti manna við þessar stofnanir, verður að taka fram, um hverja ákveðna menn spurt er, og við hvaða tíma sé miðaðar innieignir og tekjur af þeim. Ella er óskylt að svara.

Úrskurður um skylduna.

Fjármálaráðherra úrskurðar ágreining um skyldu manna til að láta af hendi skýrslur þær, sem í þessari grein segir, og hvort skyldunni sé fullnægt. Skattanefnd ber því að skýra fjármálaráðherra þegar frá því, ef henni er neitað um þær eða ef dregið er um þörf fram að láta þessar upplýsingar í té.

37. gr.

Ákvörðun skatts.

Þegar liðinn er sá tími, sem ætlaður er til framtals og viðtöku framtalsskýrslna — en það er febrúarmánuður — þá skulu skattanefndir þegar byrja á

ákvörðun tekjuskatts og eignar í skattumdæmi sínu. Skal því verki lokið eigi síðar en 31. marz ár hvert. Skal skattanefnd gera skrá um alla þá í umdæmi hennar, sem svara eiga tekjuskatti eða eignarskatti eða hvorttveggja. Skal rita nöfn allra skattþegna í kaupstöðum og kauptúnum eftir stafrófsröð skírnarnafna, ef maður hefir eigi ættarnafn, en ella eftir stafrófsröð ættarnafna, en félög og önnur firmu eftir upphafsstaf í nafni þess, t. d. H.f. Kveldúlfur, Kaupfélag Þingeyinga í K., Mjólkurfélag Reykjavíkur í M. o. s. frv. Skattþegna í sveit má rita í skrá eftir bæjaröð og boðleið réttri, og verða þá skattskrár með tvennu móti, þar sem hreppur tekur bæði yfir sveit og löggilt kauptún. Skattskrá.

Undir skattskrá skulu vera sérstök eyðublöð.

Í athugasemdadálk skal skrá það, er auðkennir skattþegn frá öðrum skattþegnum eða það, er sérstaklega þykir þörf að taka fram, t. d. um félag, hversu mikið hlutafé sé innborgað, ef skattur er talinn eftir 7. gr. o. s. frv.

38. gr.

Um ákvörðun tekna og eigna fer á þessa leið: Ákvörðun eigna og tekna.

A. Ef aðili hefir talið fram eignir sínar og tekjur:

1. Ef nefndinni þykir framtal fullnægjandi, að öllu leyti eða ekkert verulegt við það að athuga, þá ákveður hún tekjur og eignir eftir því. Ef nefndin sjálf telur fullvíst, hvað áskortir að skýrslan sé fullnægjandi, þá getur hún lagað það sjálf, t. d. ef skattþegn hefir gleymt að geta konu sinnar eða barna. En ef nefndin ætlar að aðili hafi gleymt eign eða tekjum, þá skal honum þó veittur kostur á að leiðrétta skýrslu sína samkvæmt 2. tölul., ef unnt er. Fullnægjandi framtal.

2. Ef nefndinni þykir framtal tortryggilegt eða verulega gallað (sbr. 1. tölul.), svo sem að það sé ógreinilegt í verulegum atriðum, að eitthvað vanti í það, sem nefndin telur sig eigi mega eða geta leiðrétt, að lögboðnar skýrslur vanti o. s. frv., þá skal hún skora á aðilja að láta nefndinni í té frekari skýringar á því sem óglöggt er og að bæta úr göllum að öðru leyti innan þess tíma, er nefndin ákveður og eigi má lengri vera en svo, að skattskrá verði lokið á lögmæltum tíma. Ef aðili bætir fullnægjandi úr göllum á framtali sínu og sendir lögboðnar skýrslur áður en frestur er liðinn, þá fer um ákvörðun tekna og eigna eftir 1. tölul. Annarskostar ákveður nefndin tekjur hans og eignir eftir því sem hún telur sannast og réttast. En gæta skal nefndin þess, að aðili vinni eigi á vanrækslu sinni eða mótþróa um endurbætur á framtali sínu. Ófullnægjandi framtal.

B. 1. Ef aðili, eða umboðsmaður hans þar sem umboðsmaður skal gera það, telur eigi fram tekjur sínar eða eignir, þá skal formaður skattanefndar tafarlaust senda honum bréflega áminningu um að bæta úr vanrækslu sinni innan 5 daga. Ef aðili skipast ekki við áminninguna eða framtalið er aðeins til málamynda að áliti nefndarinnar og eigi fæst lögun á því samkvæmt A. 2. að ofan, þá áætlar skattanefnd tekjur hans og eignir svo ríflega, að ekki sé hætt við að upphæðin verði lægri en hún á að vera í raun réttri, enda skal hún vera Ekkert framtal, málamynda framtal.

90
14. nóv.

að minnsta kosti 10% hærri en skattmat næsta árs á undan, og ef vanrækslan er ítrekuð næsta ár, skal hækkunin vera minnst tvöföld á við hækkunina árið á undan. Ef ár, eitt eða fleiri, líða á milli þess að eigi er talið fram, þá skal vanrækslan ekki talin ítrekuð. Eignir þær og tekjur, sem skatt skal gjalda af, skulu áætlaðar að frádregnum rekstrarkostnaði 10% hærri en síðasta skattmat án þess árs frádráttar eftir 15. gr., en síðan skal draga frá samkvæmt 15. gr.

Viðurlög.

Dæmi. 1922 voru tekjur A, að frádregnum rekstrarkostnaði, 10000 krónur. Frádráttur eftir 13. gr. tekjuskattslaganna 1000+300=1300. Skattskyldar tekjur því 8700 kr. 1923 telur A eigi fram. Tekjur hans þá áætlaðar að frádregnum rekstrarkostnaði 10000 kr.+10%=11000 kr. Síðan hefir hann fengið 3 skylduómaga í viðbót, og frádráttur verður því 1000+1200=2200. Skattskyldar tekjur því kr. 8800 eða aðeins 100 kr. hærri en árið áður. Ef vanrækslan heldur áfram 1924, þá verða, að öðru óbreyttu, tekjurnar að frádregnum rekstrarkostnaði 10000 kr.+20%=12000kr.÷2200 og skattskyldar tekjur því 9800 kr.

Aths. um viðurlög.

Fyrsta skipti, sem skattur verður lagður á eftir hinni nýju skipun, verður ekki unnt að beita ofannefndu ákvæði um eignarskattinn. Tekjurnar verður þar á móti að áætla að minnsta kosti 10% hærri en gert var næsta ár á undan eftir eldri lögunum. Ef aðili hefir engar skattskyldar tekjur haft eða eignir næsta ár á undan, þá verður ákvæðinu ekki heldur beinlínis beitt. En skattanefnd verður þá að meta það, hvort hagur hans hafi breyzt svo síðan síðasta skattmat, að honum beri nú að svara skatti, og ber henni þá einnig að setja hann í skatt, ef þess er nokkur kostur.

Ekkert framtal og þó engin viðurlög.

2. Viðurlögum vegna þess, að eigi er talið fram eða lögmæltar skýrslur eru eigi sendar, sæta þó eigi:

a. Þeir, sem dveljast erlendis eða svo langt í burtu, að erfitt er að ná til þeirra, enda hafi þeir eigi umboðsmann fyrir sig nærlendis, sem nefndinni er kunnugt um, og

b. þeir, sem ekki er kunnugt hvar dveljast, enda hafi þeir ekki umboðsmann, sem segir í a.

Nefndin skal þá ákveða tekjur þeirra og eignir, án þess að gera þeim viðvart. En reyna skal hún, ef hægt er án tafar fyrir starf hennar, að fá skýrslu aðilja eða umboðsmanns hans.

Skilyrði framtalsáskorun.

Enginn verður látinn sæta viðurlögum fyrir það, að hann telur eigi fram tekjur sínar eða eignir, nema hann hafi verið krafinn skýrslu eða lagfæringar á gölluðum skýrslum, með þeim hætti, sem sagt er hér að framan.

Eignir framtaldar, tekjur eigi o. s. frv.

Nú telur maður óaðfinnanlega fram annaðhvort eignir eða tekjur, en hitt eigi, og koma þá viðurlögin niður á honum aðeins vegna þess, sem eigi er óaðfinnalega talið fram.

Skattanefndir skulu kappkosta að sem mest samræmi verði í framtali manna og í tekjuákvörðun og eigna hjá öllum skattþegnum í umdæmi hverju.

39. gr.

Aðalregla er það, að einkahagir skattþegns skipta engu máli, þegar á- Linun vegna 90
kveða skal tekjuskatt eða eignar, framar en mælt er í 14., 15. og 20. gr. Undan- veikinda o. fl 14. nóv.
tekning frá þessu er sú, að gjaldþegn getur fengið linun í skatti, eftir atvikum bæði tekjuskatti og eignarskatti, eða einungis öðrum hvorum, eða eftirgjöf með öllu, ef alvarleg veikindi, slys eða mannslát hafa skert gjaldþol hans. Aðeins þessar þrjár ástæður koma til greina, og eigi aðrar. „Alvarleg veikindi" og Veikindi.
„mannslát" orka síður tvímælis en slys. En atvik þessi hafa aðeins þessa verkun, ef þau hafa haft veruleg áhrif á efnahag eða tekjur aðilja, skert verulega aflahæfi hans sjálfs eða skylduliðs hans eða bakað honum kostnað, t. d. ef hann hefir þurft að kosta langa spítalavist á sér eða skyldulíði sínu (þar á meðal hjúum og nemendum, sem hann skal kosta að lögum) — en eigi þótt hann kosti hana á öðrum — án tillits til þess hvort veikindin hafa verið hættuleg eða ekki. Slys er eigi einungis meiðsli eða óhöpp á mönnum, heldur einnig eyðing eða Slys.
óvenjulegar skemmdir fjárverðmæta, sem eigi kemur fullt verð fyrir eða bætt er að verulegu leyti, t. d. ef sauðfé ferst að mun úr bráðapest, stórgripir úr miltisbruna, fé hrekur í vötn eða sjó, bruni húsa eða heyja, skip ferst o. s. frv. Þar á móti koma ekki til greina slys eða óhöpp, sem aðilja verður sök á gefin, t. d. horfellir. Annað mál er það, að mörg slík óhöpp draga úr tekjum og rýra eign manns og skattur verður því lægri af þeim sökum.

Skattanefnd skortir vald til að færa niður skatt af þessum sökum, en hún getur bæði tekið við umsókn um linun eða eftirgjöf og stungið af eigin hvötum upp á henni. Sendir skattanefnd yfirskattanefnd umsókn og tillögur sínar, og úrskurðar yfirskattanefnd, hvort skattur skuli eftirgefinn að einhverju leyti Úrskurður.
eða öllu.

40. gr.

Eigi síðar en 1. dag aprílmánaðar ár hvert skal skattanefnd leggja skatt- Framlagning skattskrár.
skrá fram, í hreppnum á þingstaðnum eða öðrum hentugum stað, er auglýstur skal fyrirfram, og í kaupstöðum á bæjarþingstofunni eða skrifstofu bæjarfógeta. Ber nefndinni þegar að auglýsa framlagning skattskrár, í blöðum ef þau koma út í kaupstaðnum eða hreppnum, og annars með uppfestri auglýsingu, á götum, bæjarþingstofu og skrifstofu bæjarfógeta í kaupstöðum og í hreppum með auglýsingu festri á þinghúsið og ennfremur götuauglýsingum í kauptún- Auglýsing.
um og birtingu á kirkjufundum og öðrum samkomum í sveitum eftir hentugleikum. Skráin skal liggja til sýnis til og með 15. aprílmán.

Það er mjög áríðandi að skattskrá sé framlögð á réttum tíma, svo að verkinu geti orðið lokið nægum tíma fyrir manntalsþing, sbr. 44. gr. síðustu málsgr.

41. gr.

Sérhver gjaldandi getur snúið sér til skattanefndar og fengið hjá henni Vitneskja um undirstöðu skattmats.
vitneskju um, eftir hverju hún hefir farið við ákvörðun tekna hans og eigna. Ef eignir og tekjur hafa verið settar samkvæmt framtali skattþegns að öllu, þá verður engra upplýsinga þörf í þessu skyni. Annarskostar verður formaður

90 14. nóv.

skattanefndar að skýra aðila stuttlega frá þessu, og eigi er skylt að gera það skriflega. Gæta verður skattanefnd þess, að kostnaður verði sem minnstur vegna fyrirspurna skattgreiðanda.

42. gr.

Kærur til skattanefndar.

Rétt er skattþegni að kæra til skattanefndar, ef hann er óánægður með gerðir hennar. Kæra skal skrifleg vera og komin í hendur formanni nefndarinnar eða þeim, sem við erindum til nefndarinnar tekur fyrir hans hönd, í síðasta lagi 15. apríl kl. 12 um miðnætti. Rita skal á kærur viðtökudag og klukkustund.

Kæra má maður:

Um kæranda.

1. Ákvörðun um tekjur hans sjálfs eða eignir eða hvorttveggja, þar á meðal um frádrátt allan, samkvæmt 14., 15. og 20. gr., um viðurlög eftir 38. gr., að rangt sé til tekna talið eða eignar, um útreikning skattsins, t. d. eftir ákvæðunum um félög o. s. frv., og svo um sérhvert atriði í skattskránni, sem varðað getur hagsmuni hans.

Um aðra.

2. Að skattskyldum manni sé sleppt af skattskrá eða eignir annars manns eða tekjur, annaðhvort eða hvorttveggja, sé of lágt sett og skattur ákveðinn of lágt af þeim sökum eða öðrum.

Enginn getur kært nema hann sé *gjaldandi* (þ. e. á skattskrá), en það nægir, að hann sé annaðhvort greiðandi tekjuskatts eða eignarskatts.

Kærandi skal gera grein fyrir því, hvað hann telur rangt í skattskrá og hvers vegna hann geri það.

Úrskurður.

Jafnskjótt sem kærufrestur er liðinn, kveður formaður nefndarmenn á fund, ásamt kæröndum, og ef því er að skipta, þeim sem kært er yfir. Og á að gefa þeim báðum kost á að láta uppi álit sitt um kærur, sem þá varða, ef þeir eru heimilisfastir í skattumdæmi eða hafa þar umboðsmann, sem nefndinni er kunnugt um. Skattanefnd á að hafa úrskurðað allar kærur í síðasta lagi 30. aprílmánaðar, og skal aðilum þegar skýrt skriflega frá úrslitum. Skattanefnd má eigi hækka af eigin hvötum skatthæð nokkurs gjaldanda, nema hún hafi gert honum viðvart og gefið honum kost á að tala máli sínu áður, enda er þeim manni rétt að kæra til yfirskattanefndar.

Leiðrétting skattskrár.

Skattanefnd skal síðan leiðrétta skattskrána samkvæmt þeim úrskurðum, sem hún hefir fellt. Skal geta breytingar við nöfn þeirra á skránni, sem skattur hefir breyzt hjá, og auk þess setja þá alla, sem skatti hefir verið breytt hjá eða bæzt hafa við, á aukaskrá.

Skattskrá með aukaskrá, framtalsskýrslum, gerðabók og öðrum gögnum, skal skattanefnd síðan senda þegar í stað til yfirskattanefndar.

43. gr.

Úrskurðarvald skattanefnda.

Skattanefnd úrskurðar til bráðabirgðar öll atriði, sem útkljá þarf til þess að ákveða eign manna og tekjur og skatt af þeim, þar á meðal einnig um skattskyldu manna, enda þótt atriðið eigi að lokum að sæta úrlausn dómstóla

eða fjármálaráðherra. En rétt er skattanefndum að gera fyrirspurnir um skilning tekjuskattslaganna og reglugerðar þessarar til fjármáladeildar stjórnarráðsins, er veita skal skattanefndum leiðbeiningar eftir föngum meðan þær vinna að starfi sínu.

Úrskurðarvald fjármálaráðherra.

Fjármálaráðherra úrskurðar:

a. Ágreining um skattskyldu sjóðs, félags eða stofnunar, en þó getur aðili fengið úrlausn dómstólanna um málið.
b. Vafa eða ágreining um það, hvar maður skuli vera settur á skattskrá.
c. Ágreining um skyldu manna til að veita upplýsingar samkvæmt 36. gr.

Dómstóla.

Dómstólar úrskurða það að lokum, ef eigi er unað við ákvörðun skattanefndar (yfirskattanefndar) þar um, hvort maður sé skattskyldur.

Yfirskattanefnda.

Yfirskattanefndir úrskurða:

a. Öll atriði, sem varða ákvörðun tekna og eigna og frádrátt frá þeim.
b. Um ákvörðun skatts.
c. Um linun skatts eða eftirgjöf samkvæmt 39. gr.

44. gr.

Störf yfirskattanefnda.

Störf yfirskattanefnda eru aðallega tvennskonar:

1. *Að úrskurða kærur.* Þeir, sem kært hafa fyrir skattanefnd, og þeir, sem kært er yfir (sbr. 42. gr.) geta skotið málinu til yfirskattanefndar, ef úrskurður skattanefndar hefir gengið þeim á móti. Kæra skal vera bréfleg og færð rök fyrir henni. En eigi þarf kærandi að láta kæru fylgja gögn þau, sem skattanefnd hefir haft, því að hún skal afhenda þau yfirskattanefnd. Kærur verða að vera komnar formanni yfirskattanefndar í hendur fyrir kl. 12 á miðnætti 15. dag maímánaðar. Ella verða þær ekki teknar til greina, nema þess sé þörf samkvæmt 2. tölulið að neðan. Yfirskattanefnd skal úrskurða kærur svo fljótt sem verða má og birtir bæði kæranda og skattanefnd úrskurðinn.

Kærur.

2. Yfirskattanefndir skulu nákvæmlega endurskoða allar skattskrár í umdæmi sínu og hafa strangt eftirlit með því, að skattanefndir gegni skyldu sinni að ganga ríkt eftir tekju- og eignaframtali, og að skattanefndir beiti ákvæðum 38. gr. sbr. 48. gr. Ef yfirskattanefnd virðist framtalsskýrslur vera ófullnægjandi eða eitthvað óljóst eða rangt í skattskránum, að einhver sé vantalinn eða tvítalinn á skrá, þá getur hún heimtað nánari skýringar, og skal síðan lagfæra skattskrárnar eftir því, sem henni þykir rétt vera.

Lagfæringar án kæru.

Yfirskattanefnd hefir sama rétt til að krefjast skýrslna af einstaklingum, félögum og stofnunum sem skattanefndir. Ennfremur er skattanefndum skylt að veita henni alla þá aðstoð og þær upplýsingar, sem þær geta. Að jafnaði skal yfirskattanefnd eigi breyta skattskrá, nema þeir, sem breytingin varðar, fái að láta uppi umsögn sína um atriðið. Sérstaklega skal það brýnt fyrir yfirskattanefndum að gæta samræmis milli framtals manna og ákvörðunar eigna og tekna og frádráttar innan skatthéraðs þeirra, hverrar um sig.

Formaður yfirskattanefndar skal senda skattanefnd allar þær breytingar, sem yfirskattanefnd kann að hafa gert samkv. þessum (2.) tölul. á skattskrá,

90
14. nóv.

og skal skattanefnd svo bréflega tilkynna það gjaldendum þeim, sem skatti hefir verið breytt hjá eða bætt hefir verið á skrá. Ennfremur skal gera auka-skattskrá samkvæmt breytingum yfirskattanefndar, ásamt athugasemd á aðalskrá eða, ef þarf, á aukaskrá skattanefnda samkvæmt 42. gr.

Innheimta.

Formaður yfirskattanefndar skal síðan senda formanni skattanefndar gerðbók og önnur skjöl, sem henni bárust frá skattanefnd, en skattskrárnar skal lögreglustjóri taka til innheimtu skattsins á manntalsþingum. Með því að þau byrja 14. júní ár hvert (lög nr. 68, 27. júní 1921), þá er áríðandi að yfirskattanefndir lúki störfum sínum fyrir maímánaðarlok eins og lögmælt er.

45. gr.

Eftirlit fjármáladeildar.

Fjármáladeild stjórnarráðsins hefir eða lætur hafa eftirlit með því að skattanefndir og yfirskattanefndir ræki skyldur sínar og fylgi réttum reglum í starfi sínu. Í því skyni hefir hún rétt til að fá sér sendar framtalsskýrslur og eru bæði skattanefndir og yfirskattanefndir skyldar til að gefa henni allar upplýsingar og skýringar, sem hún beiðist og þeim er unnt að gefa.

46. gr.

Skattskráreftirrit við niðurjöfnun.

Formaður skattanefndar skal árlega láta hreppsnefnd eða niðurjöfnunarnefnd ókeypis í té endurrit af skattskrá hreppsins til afnota við niðurjöfnun sveitargjalda. Þessi skylda gildir aðeins í hreppum, en ekki kaupstöðum. Ef bæjarstjórn eða niðurjöfnunarnefnd óskar að fá skattskrár til afnota, þá verða þær að fá eftirrit af þeim fyrir endurgjald eftir samningi.

Skýrslur hagstofunnar.

Ennfremur skulu formenn skattanefnda árlega gefa hagstofunni skýrslu um skattálagninguna, í því formi, sem hún fyrirskipar. Skýrsla þessi skal vera komin til hagstofunnar eigi síðar en 1. okt. næst á eftir ákvörðun skattsins.

47. gr.

Hvenær nýja skipunin gengur í gildi.

Skattur skal fyrst lagður á eftir tekjuskattslögunum og þessari reglugerð árið 1922, og ber því að kjósa og skipa skattanefndir allsstaðar á landinu fyrir 1. jan. 1922. Og ber þeim því næst að starfa árið 1922 að öllu leyti svo sem fyrir er mælt í þessari reglugerð.

V. KAFLI.

Viðurlög.

48. gr.

Sá, er lætur fyrirfarast að telja fram eignir sínar eða tekjur eða hvorttveggja eða ef framtalsskýrsla er sýnilega aðeins til málamynda, sætir að því leyti sem ekki er framtalið, t. d. um tekjuskatt aðeins, ef tekjur eru ekki taldar fram, en eignaframtal er í lagi, þessum viðurlögum:

1. Hækka skal skattmat um að minnsta kosti 10%, og tvöfalt það ef ítrekað er einu sinni o. s. frv. Sjá 38. gr. Vanræksla skattgreiðanda.
2. Missir rétt til að kæra (þ. e. að kæra hans verði tekin til greina), nema hann *sanni*, að tekjur hans eða eignir hafi verið áætlaðar ¼ (eða 25%) hærri en þær voru í raun og veru. Ef tekjur eða eign eru áætlaðar 25% of hátt eða minna, þá greiðir hann skatt af þeirri upphæð. En ef þær eru áætlaðar meira en 25% of hátt, þá dregst sú upphæð frá, sem fram yfir er 25%.

Dæmi. A. tekjurnar hafa verið kr. 10000, en voru áætlaðar 12000, og geldur aðili þá af allri upphæðinni, því að áætlunin er aðeins 20% of há.

B. Tekjurnar hafa verið 10000 kr., en eru áætlaðar 13000 kr. Aðili geldur þá af kr. 10000 + 25% eða 12500 kr. alls, en 500 kr. dragast frá, ef hann sannar, að tekjurnar séu í raun réttri eigi hærri en 10000 kr.

Og kemur hér eigi til greina, þótt breyzt hafi frádráttur 15. gr., enda skal hafa samsvarandi aðferð og í 38. gr. segir um 10% hækkunina.

Ef maður hefir vanrækt framtal í 3 ár í röð eða lengur, þá verður hækkunin samkvæmt 38. gr. 40% eða meir. En ef þá er kært, þá yrði dregið frá þannig, að hækkunin yrði ekki meiri en 25% fram yfir raunverulegar eignir eða tekjur. Ef raunverulegar tekjur eru 40% meiri en árið áður, þá verður auðvitað ekkert dregið frá.

Ákvæðum þessum (1. og 2. tölulið) þarf þó ekki að beita, ef skattanefnd telur gjaldanda hafa fært fram gildar ástæður sér til afsökunar. Þessar afsakanir geta bæði komið fram áður en skattskrá er gerð, og eftir. Gildar ástæður til afsökunar getur fjarvist verið og sjúkdómur, ef eigi verður talin vanræksla, að hafa eigi í tíma falið öðrum að gefa skýrslurnar. Vanræksla umboðsmanns hlýtur venjulega að koma niður á umbjóðanda, og verður því eigi metin gild afsökun.

Þótt skattanefnd taki kærur eigi til greina, þá má bæði bera málið undir yfirskattanefnd, og ennfremur skal skattanefnd senda henni gögnin um slíkar kærur, ásamt öðrum skattskjölum.

49. gr.

Nú skýrir maður vísvitandi eða af óafsakanlegu gáleysi rangt frá einhverju því, er máli skiptir um tekjuskatt eða eignarskatt, og skal þá svo með fara: Vísvitandi rangar skýrslur gjaldanda.

1. Sökunautur skal greiða sekt, er sé allt að því tíföld skattupphæð sú, sem undan var dregin. Þó má aldrei miða við lengri tíma en 10 ár. Ef maður hefir undandregið af skatti 30 kr. í 15 ár, skal hann gjalda mest kr. 30. 10. 10=3000 kr. í sekt. Verknaðurinn er refsilaus, ef eigi er skattur undandreginn, t. d. af því að skýrslan er leiðrétt, áður en skatthæð er ákveðin, eða aðrar skekkjur valda samsvarandi hækkun, svo að skatthæðin verður ekki lægri en vera ber.

Ef uppvíst verður við meðferð dánarbús, að hinn látni eða forráða-

90
14. nóv.

maður búsins hefir haft skatt af ríkissjóði með vísvitandi röngum skýrslum, þá skal aðeins gjalda tvöfalda upphæð, er á vantar, án tillits til þess, hversu lengi brotið hefir verið framið, og hversu stórfelld yfirsjónin kann að hafa verið.

Um félög með takmarkaðri ábyrgð, sjóði og stofnanir fer sem dánarbú. En framteljendur greiða sekt sjálfir.

2. Auk sektar skal sá, er sekur verður um brot samkvæmt 1. tölulið fyrri málsgrein, greiða eftir á skatthæð þá, sem undan var dregin.

50. gr.

Rangar skýrslur af misgáningi.

Ef maður gefur ranga skýrslu um eignir sínar eða tekjur af afsakanlegum misskilningi eða misgáningi, þá skal eigi sekta hann eftir 49. gr., en gjalda skal hann það, sem skatturinn hefir lægri orðið vegna skýrslu hans.

51. gr.

Brot annara.

Skattanefndum og yfirskattanefndum er skylt að skýra fjármálaráðherra þegar frá því, ef þeir komast að því, að skattur hafi verið undan dreginn, svo sem í 49. og 50. gr. segir. Sama skylda hvílir á þeim, er fara með opinber skipti búa, svo og skiptaráðanda, ef honum virðist, eftir skýrslu erfingja, sem sjálfir skipta, um eignir bús og skuldir, að skattur muni hafa verið undan dreginn.

52. gr.

Ef einhver þeirra, sem gefa skulu skattanefnd skýrslur samkvæmt 36. gr., fullnægir ekki skyldu sinni, þá getur fjármálaráðherra lagt dagsektir við, unz skyldunni er fullnægt. Skattanefnd ber að láta fjármálaráðherra vita, ef óhæfilegur dráttur, tregða eða synjun verður af hálfu manna um fullnægingu skyldu þeirrar, sem greinir í 36. gr.

53. gr.

Brot skattanefnda og þagnarskylda yfirskattanefnda.

Skattanefndir, yfirskattanefndir og aðrir þeir, sem veita kunna nefndinni aðstoð við starf þeirra, svo sem skrifstofumenn, aðstoðarmenn við bókaskoðun gjaldenda o. s. frv., eða fjalla um framtalsskýrslur manna með öðrum hætti, svo sem rannsóknarmenn fjármáladeildar, skulu allir sæta refsinu eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættis- og sýslunarmenn fyrir það, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að sökum starfa síns um efnahag skattþegna. Í 140. gr. hegningarlaganna eru lagðar við sektir, einfalt fangelsi eða embættismissir, ef embættismaður (eða sýslunar samkv. 145. gr. sömu laga) segir frá nokkru því, er embætti hans varðar og á að fara leynt.

Heit aðstoðarmanna skattanefnda.

Skulu skattanefndir og yfirskattanefndir láta alla aðstoðarmenn sína undirrita drengskaparheit um, að gæta þagnarskyldunnar og brýna fyrir þeim, hvað við liggi, ef hún er rofin.

Dráttur.

Nú framkvæmir skattanefnd eða yfirskattanefnd eigi störf sín áður lögmæltur tími sé liðinn, og varðar það þá sektum allt að 100 kr. fyrir hvern, sem

brotlegur verður, enda séu eigi lögmæltar afsakanir. Þar að auki getur fjármálaráðherra skyldað nefndirnar til að lúka við störf sín að viðlögðum dagsektum fyrir hvern nefndarmann, sem eigi ber lögmæltar afsakanir fyrir sig. 90 14. nóv.

Skattanefndarmenn og yfirskattanefndar eru opinberir sýslunarmenn, — lögreglustjórar, bæjarstjórar og hreppstjórar eru það þegar áður — og sæta þeir því ábyrgð fyrir brot sín yfirleitt eftir einstökum ákvæðum 13. kap. almennra hegningarlaga, sbr. við 145. gr. þeirra. Skal sérstaklega vikið að 142. gr., sem leggur sektir, einfalt fangelsi eða embættismissi við, ef embættismaður eða sýslunar notar sér stöðu sína ranglega sér til ávinnings eða til að gera nokkuð það, er hallar réttindum einstakra manna eða hins opinbera; 143. gr., er leggur sömu refsingu við óhlýðni embættismanna og sýslunar við löglegar skipanir yfirboðara sinna; og 144. gr., þar sem sömu refsingar eru lagðar við stórfelldri eða ítrekaðri vanrækt eða hirðuleysi, sem engin sérstök refsing er við lögð í lögum. Brot almennt.

Hins vegar njóta skattanefndir og yfirskattanefndir og aðstoðarmenn þeirra þeirrar verndar vegna starfs síns, sem sýslunarmönnum er veitt samkvæmt alm. hegningarlögum 99., 101. og 102. gr. Vernd skattanefnda.

54. gr.

Reglugerð þessi, sem gildir frá 1. janúar 1922, er sett samkvæmt lögum nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt, 54. sbr. 9., 11. og 20. gr.

Fjármáladeild stjórnarráðsins, 14. nóv. 1921

Magnús Guðmundsson.

Ólafur Briem.

EFNAHAGSREIKNINGUR 91

Landsbankans 31. marz 1921.

Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum:				
a. Fasteignaveðslán	kr.	243939.95		
b. Sjálfskuldarábyrgð	—	2097323.76		
c. Handveðslán	—	14884.00		
d. Lán landssjóðs, sveitar- og bæjarfélaga	—	907896.12		
e. Reikningslán	—	2813645.89		
f. Akkreditivlán	—	3700.00		
			kr.	6081389.72
2. Víxlar innlendir og ávísanir			—	12853025.92
3. Víxlar og ávísanir til greiðslu erlendis			—	44069.25
4. Kgl. ríkisskuldabréf			—	317904.00
5. Önnur erlend verðbréf			—	151330.00
			Flyt kr.	19447718.89

91

	Fluttar	kr.	19447718.89
6. Bankavaxtabréf 1. flokks		—	149738.00
7. Bankavaxtabréf 2. flokks		—	392932.00
8. Bankavaxtabréf 3. flokks		—	50169.00
9. Bankavaxtabréf 4. flokks		—	481820.00
10. Hafnarlánsskuldabréf Reykjavíkur frá 1912		—	150400.00
11. Hafnarlánsskuldabréf Reykjavíkur frá 1919		—	350000.00
12. Rafveitulánsskuldabréf Reykjavíkur frá 1919		—	190000.00
13. Ríkissjóðsskuldabréf Íslands frá 1920		—	901152.00
14. Önnur innlend verðbréf		—	1056.00
15. Fasteignir		—	27110.00
16. Húsbúnaður bankans og áhöld		—	36486.95
17. Útbúið á Ísafirði		—	1842687.88
18. Útbúið á Akureyri		—	706736.22
19. Útbúið á Eskifirði		—	1554390.04
20. Útbúið á Selfossi		—	1448327.50
21. Inneign hjá öðrum bönkum		—	2470615.59
22. Peningar í sjóði		—	552215.87
		Kr.	30753555.89

Skuldir:

1. Seðlaskuld bankans við landssjóð		kr.	750000.00
2. Innskotsfé landssjóðs		—	700000.00
3. Bankaskuldabréf		—	1300000.00
4. Skuld við aðra banka		—	2220463.93
5. Innstæðufé í hlaupareikningi		—	4694728.64
6. Innstæðufé í sparisjóði		—	14153251.60
7. Innstæðufé gegn viðtökuskírteinum		—	2164969.81
8. Inneign 1. flokks veðdeildar		—	252720.85
9. Inneign 2. flokks veðdeildar		—	209640.29
10. Inneign 3. flokks veðdeildar		—	214453.53
11. Inneign 4. flokks veðdeildar		—	73828.29
12. Innheimt fé ekki útborgað		—	4702.60
13. Akceptkonto		—	16092.34
14. Kreditorar		—	79262.02
15. Debitorar		—	158.17
16. Varasjóður		—	3143415.64
17. Tekjur, sem ekki eru enn lagðar við varasjóð:			
a. Vextir	kr. 71859.23		
b. Forvextir af víxlum og ávísunum	— 269341.08		
c. Ýmsar tekjur	— 27177.27		
Frá þessum samtals	kr. 368377.58		
Flyt	kr. 368377.58	kr.	29977687.71

	Fluttar kr.	368377.58	kr. 29977687.71 91
dregst:			
Kostnaður við rekstur bankans	—	61980.51	
			— 306397.07
18. Ágóða og tapskonto			— 469471.11
			kr. 30753555.89

Landsbanki Íslands.
Magnús Sigurðsson. *Benedikt Sveinsson.*

Rich. Torfason.

Reikning þennan höfum við endurskoðað og borið saman við bækur bankans og ekkert fundið við hann að athuga.

Guðjón Guðlaugsson. Sig. Eggerz.

EFNAHAGSREIKNINGUR 92

Landsbankans 30. júní 1921.

Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum:			
a. Fasteignaveðslán	kr.	227447.95	
b. Sjálfskuldarábyrgðarlán	—	2089052.11	
c. Handveðslán	—	14171.05	
d. Lán landssjóðs, sveitar- og bæjarfélaga	—	913296.12	
e. Reikningslán	—	2324835.39	
f. Akkreditivlán	—	25700.00	
			kr. 5594502.62
2. Víxlar innlendir og ávísanir			— 17083969.89
3. Víxlar og ávísanir til greiðslu erlendis			— 10042.11
4. Kgl. ríkisskuldabréf			— 317904.00
5. Önnur erlend verðbréf			— 148320.00
6. Bankavaxtabréf 1. flokks			— 150234.00
7. Bankavaxtabréf 2. flokks			— 393775.00
8. Bankavaxtabréf 3. flokks			— 50196.00
9. Bankavaxtabréf 4. flokks			— 475464.00
10. Hafnarlánsskuldabréf Reykjavíkur frá 1912			— 148520.00
11. Hafnarlánsskuldabréf Reykjavíkur frá 1919			— 350000.00
12. Rafveitulánsskuldabréf Reykjavíkur frá 1919			— 190000.00
13. Önnur innlend verðbréf			— 1056.00
14. Ríkissjóðsskuldabréf Íslands frá 1920			— 900000.00
15. Fasteignir			— 27110.00
16. Húsbúnaður og áhöld			— 37407.95
			Flyt kr. 25878501.57

	Fluttar	kr. 25878501.57
17. Útbúið á Ísafirði	—	2163508.70
18. Útbúið á Akureyri	—	740083.42
19. Útbúið á Eskifirði	—	1725787.02
20. Útbúið á Selfossi	—	1509859.01
21. Inneign hjá öðrum bönkum	—	3991378.77
22. Ýmsir debitorar	—	20850.30
23. Peningar í sjóði	—	427213.04
	Kr.	36457181.83

Skuldir:

1. Seðlaskuld bankans við landssjóð		kr.	750000.00
2. Bankaskuldabréf		—	1300000.00
3. Innskotsfé landssjóðs		—	700000.00
4. Skuld við aðra banka		—	3934722.02
5. Innstæðufé í hlaupareikningi		—	6814768.97
6. Innstæðufé í sparisjóði		—	15574495.56
7. Innstæðufé gegn viðtökuskírteinum		—	2218656.81
8. Inneign 1. flokks veðdeildar		—	263634.77
9. Inneign 2. flokks veðdeildar		—	220956.61
10. Inneign 3. flokks veðdeildar		—	218825.03
11. Inneign 4. flokks veðdeildar		—	76760.84
12. Innheimt fé ekki útborgað		—	18984.25
13. Akceptkonto		—	46070.34
14. Ýmsir kreditorar		—	81077.70
15. Varasjóður bankans		—	3143415.64
16. Tekjur, sem ekki eru enn lagðar við varasjóð:			
a. Vextir	kr. 75729.80		
b. Forvextir af víxlum og ávísunum	— 635957.91		
c. Tekjur af rekstri fasteigna	— 150.00		
d. Ýmsar tekjur	— 47365.64		
Frá þessum samtals	kr. 759203.35		
dregst:			
a. Kostnaður við rekstur bankans	kr. 133854.97		
b. Kostnaður við rekstur fasteigna	— 6.20		
	— 133861.17		
		—	625342.18
17. Ágóða og tapskonto		—	469471.11
		Kr.	36457181.83

Landsbanki Íslands.

Magnús Sigurðsson. *L. Kaaber.*

Rich. Torfason.

Reikning þennan höfum við endurskoðað og borið saman við bækur bankans og ekkert fundið við hann að athuga.

Guðjón Guðlaugsson. Sig. Eggerz.

EFNAHAGSREIKNINGUR 93

Landsbankans 30. september 1921.

Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum:			
a. Fasteignaveðslán	kr.	221055.95	
b. Sjálfskuldarábyrgðarlán	—	2103574.56	
c. Handveðslán	—	13070.00	
d. Lán gegn ábyrgð sveita- og bæjarfélaga	—	918372.37	
e. Reikningslán	—	2071419.63	
f. Akkreditivlán	—	7900.00	
		kr.	5335392.51
2. Víxlar innlendir og ávísanir		—	17244318.06
3. Víxlar og ávísanir til greiðslu erlendis		—	46184.90
4. Kgl. ríkisskuldabréf		—	317904.00
5. Önnur erlend verðbréf		—	148320.00
6. Bankavaxtabréf 1. fl.		—	150234.00
7. Bankavaxtabréf 2. fl.		—	393775.00
8. Bankavaxtabréf 3. fl.		—	50196.00
9. Bankavaxtabréf 4. fl.		—	457688.00
10. Hafnarlánsskuldabréf Reykjavíkur frá 1912		—	148520.00
11. Hafnarlánsskuldabréf Reykjavíkur frá 1919		—	350000.00
12. Rafveitulánsskuldabréf Reykjavíkur frá 1919		—	190000.00
13. Ríkissjóðsskuldabréf Íslands frá 1920		—	828864.00
14. Önnur innlend verðbréf		—	1056.00
15. Fasteignir		—	26810.00
16. Húsbúnaður og áhöld		—	37407.95
17. Útbúið á Ísafirði		—	1819193.94
18. Útbúið á Akureyri		—	574332.63
19. Útbúið á Eskifirði		—	1978146.11
20. Útbúið á Selfossi		—	1501938.92
21. Ýmsir debitorar		—	13428.80
22. Inneign hjá öðrum bönkum		—	2132201.48
23. Peningar í sjóði		—	407610.36
		Kr.	34153522.66

Skuldir:

1. Seðlaskuld bankans við landssjóð	kr.	750000.00
2. Bankaskuldabréf	—	1200000.00
3. Innskotsfé landssjóðs	—	700000.00
4. Skuld við aðra banka	—	2829797.75
	Flyt kr.	5479797.75

93

			Flutt kr.	5479797.75
5.	Innstæðufé á hlaupareikningi		—	5925310.00
6.	Innstæðufé í sparisjóði		—	15079186.01
7.	Innstæðufé gegn viðtökuskirteinum		—	2308979.45
8.	Inneign 1. flokks veðdeildar		—	258564.92
9.	Inneign 2. flokks veðdeildar		—	205718.10
10.	Inneign 3. flokks veðdeildar		—	192317.92
11.	Inneign 4. flokks veðdeildar		—	49528.97
12.	Innheimt fé ekki útborgað		—	2188.24
13.	Akceptkonto		—	1508.51
14.	Ýmsir kreditorar		—	81077.70
15.	Varasjóður bankans		—	3143415.64
16.	Tekjur, sem ekki eru enn lagðar við varasjóð:			
	a. Vextir	kr. 192178.86		
	b. Forvextir	— 882975.45		
	c. Tekjur af rekstri fasteigna	— 842.38		
	d. Ýmsar tekjur	— 88842.23		
	Frá þessum samtals	kr. 1164838.92		
	dregst:			
	a. Kostnaður við rekstur bankans	kr. 206991.21		
	b. Kostnaður við rekstur fasteigna	— 1389.37		
		— 208380.58		
			—	956458.34
17.	Ágóða- og tapskontó		—	469471.11
			Kr.	34153522.66

Landsbanki Íslands.

Magnús Sigurðsson. *L. Kaaber.*

Rich. Torfason.

Reikning þennan höfum við endurskoðað og borið saman við bækur bankans og ekkert fundið við hann að athuga.

Guðjón Guðlaugsson. Sig. Eggerz.

REIKNINGUR 94

yfir

tekjur og gjöld Söfnunarsjóðs Íslands árið 1920.

Tekjur:

1. Sjóður frá fyrra ári			kr. 939773.76
2. Bætt við innstæðu vaxtaeigenda:			
a. Innlög á árinu	kr.	56752.05	
b. Vextir lagðir við höfuðstól	—	37177.52	
			— 93929.57
3. Vextir af útlánum fyrir 1920			— 48740.97
4. Borgun fyrir viðskiptabækur, drv. o. fl.			— 423.00
5. Vextir fyrir 1920 geymdir til útborgunar			— 6941.71
6. Höfuðstóll geymdur til útborgunar frá f. á.			— 16.88
			Kr. 1089825.89

Gjöld:

1. Vextir vaxtaeigenda fyrir 1920:			
a. Ársvextir 4.80% af höfuðstól	kr.	42475.46	
b. Dagvextir 4.27% um árið	—	1643.77	
			kr. 44119.23
(Dagvextir til varasjóðs voru kr. 34.89).			
2. Kostnaður			— 1643.00
3. Vextir fyrir 1919 er biðu útborgunar			— 7054.69
4. Höfuðstóll:			
a. er beið útborgunar frá fyrra ári	—	1183.30	
b. er féll til útborgunar	—	464.84	
			— 1648.14
5. Sjóður við árslok 1920:			
a. Veðskuldabréf	kr.	1018650.00	
b. Skuldabréf sveitafélaga	—	4100.00	
c. Vextir fyrir 1920 útistandandi	—	85.26	
d. Innstæða í sparisjóði í Landsbankanum	—	12525.57	
			— 1035360.83
			Kr. 1089825.89

Á árinu var innborgað af lánum .. kr. 3525.00
- — voru útborguð veitt lán .. — 90100.00

Söfnunarsjóður Íslands, Reykjavík, 21. febr. 1921.

Vilhj. Briem. *Kl. Jónsson.* *Einar Gunnarsson.*

95

YFIRLIT

yfir

efnahag Söfnunarsjóðs Íslands í árslok 1920.

Eignir:

1.	Veðskuldabréf	kr.	1018650.00
2.	Skuldabréf sveitafélaga	—	4100.00
3.	Vextir fyrir 1920 ógreiddir	—	85.26
4.	Innstæða í sparisjóði í Landsbankanum	—	12525.57
		Kr.	1035360.83

Skuldir:

1.	Innstæða vaxtaeigenda:				
	a. Í aðaldeild	kr.	928810.81		
	Þar af í erfingjarentudeild kr. 7012.02.				
	b. Í útborgunardeild	—	42881.10		
	c. Í bústofnsdeild	—	6619.92		
	d. Í ellistyrksdeild	—	523.22		
				kr.	978835.05
2.	Vextir fyrir 1920 geymdir til útborgunar			—	6941.71
3.	Höfuðstóll geymdur til útborgunar			—	16.88
4.	Varasjóður í árslok 1920			—	49567.19
				Kr.	1035360.83

Söfnunarsjóður Íslands, Reykjavík, 21. febr. 1921.

Vilhj. Briem. *Kl. Jónsson.* *Einar Gunnarsson.*

REIKNINGUR

96

yfir

tekjur og gjöld Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum frá 1. janúar 1920 til 31. desember sama ár.

Tekjur:

1.	Frá fyrra ári áætlað fyrir ekki fullbætt slys	kr.	16500.00
2.	Iðgjöld og inngöngueyrir skipa	—	270587.01
3.	Iðgjöld fyrir afla, veiðarfæri og annan útbúnað	—	4035.00
4.	Bankavextir og aðrir vextir	—	6154.50
5.	Frá vátryggingarfélaginu Skandinavia upp í skaðabætur og Ristorni	—	175898.96
6.	Frá umboðsmönnum Samábyrgðarinnar, innheimtulaun af endurgreiddum iðgjöldum og séreignum	—	233.59
		Kr.	473409.06

Gjöld:

1.	Laun og dýrtíðaruppbót framkvæmdarstjóra og tveggja gæzlustjóra	kr.	12140.00
2.	Innheimtun og ómakslaun umboðsmanns Samábyrgðarinnar	—	7187.53
3.	Skrifstofukostnaður (þar í fólgin laun og dýrtíðaruppbót til aðstoðarmanna og endurskoðanda, húsaleiga, ljós, hiti og ræsting)	—	6815.66
4.	Goldið upp í endurtryggingargjald til vátryggingarfél. Skandinavia	—	136008.45
5.	Ógoldið endurtryggingargjald til vátryggingarfél. Skandinavia	—	14240.05
6.	Greiddar skaðabætur og Ristorni á reikningsárinu	—	238192.97
7.	Prentun eyðublaða, auglýsinga o. fl.	—	379.00
8.	Símtal, símskeyti og burðargjald	—	501.11
9.	Áætlað fyrir áfallin en ekki fullbætt slys	—	28000.00
10.	Séreignahækkun á reikningsárinu	—	12672.90
11.	Ársvextir af varasjóðnum	—	1443.15
12.	Mismunur á óvissum tekjum og gjöldum	—	333.95
13.	20% af tekjuafgangi eða ársarði Samábyrgðarinnar, sem færist í reikning hinna vátryggðu skipa	—	3098.88
14.	Tekjuafgangur, sem færist til varasjóðs	—	12395.41
		Kr.	473409.06

Reykjavík, 16. marz 1921.
Jón Gunnarsson.

Ofanritaðan reikning hefi ég endurskoðað, og borið upphæðirnar saman við bækur Samábyrgðarinnar, og meðfylgjandi fylgiskjöl, og ekkert fundið að athuga við hann.

p. t. Samábyrgð Íslands, 26. marz 1921.
Indr. Einarsson.

97

EFNAHAGSREIKNINGUR

Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum þann 31. desember 1920.

Aktiva:

1.	Ýms áhöld, sem sé: skrifborð, peningaskápur, skjalaskápur, stólar, sjókort o. fl.	kr.	1500.00
2.	Útistandandi iðgjöld	—	2600.04
3.	Útistandandi skaðabótahluttaka hjá 2 skipaeigendum	—	25124.52
4.	Ofmikið áætlað í f. á. reikningi fyrir óbætt slys	—	2969.98
5.	Hlutabréf í Björgunarfélagi Vestmannaeyja	—	1000.00
6.	Af séreign hinna vátryggðu skipa er innistandandi hjá vátryggingarfélaginu Skandinavia	—	26297.44
7.	Í sjóði þ. 31. desember 1920:		
	a. Innstæða í Landsbankanum kr. 97161.93		
	b. Peningar hjá aðalskrifstofunni — 3582.97		
		—	100744.90
		Kr.	160236.88

Passiva:

1.	Inneign vátryggingarfélagsins Skandinavia	kr.	14240.05
2.	Inneign umboðsmanna Samábyrgðarinnar og annara	—	586.10
3.	Áætlað fyrir áfallin en ekki fullbætt slys á reikningsárinu	—	28000.00
	Varsjóður:		
	a. Innstæða í reikningum skipanna	—	60527.42
	b. Séreign og vextir af endurgreiðslu m. m. sem er orðin fullkomin eign varasjóðs:		
	1. Frá fyrri árum kr. 27807.45		
	÷ Oftalin fullkomin eign varasjóðs í f. á. reikningi — 4841.74		
	kr. 22965.71		
	2. Frá reikningsárinu — 3181.18		
		—	26146.89
	c. Vextir:		
	1. Frá fyrra ári kr. 7644.48		
	2. Frá reikningsárinu — 6154.50		
	3. Af varasjóðnum — 1443.15		
		—	15242.13
	d. 20% af tekjuafganginum, sem skiptist milli hinna vátryggðu skipa	—	3098.88
	e. Tekjuafgangur í árslok	—	12395.41
		Kr.	160236.88

Reykjavík, 16. marz 1921.

Jón Gunnarsson.

Ofanritaðan reikning hefi ég endurskoðað, og borið upphæðirnar saman við bækur Samábyrgðarinnar, og meðfylgjandi fylgiskjöl, og ekkert fundið að athuga við hann.

p. t. Samábyrgð Íslands, 26. marz 1921.

Indr. Einarsson.

REIKNINGUR 98

yfir

tekjur og gjöld „Hins sameiginlega brunabótasjóðs fyrir sveitahíbýli“ árið 1920.

Tekjur:

1.	Sjóður frá fyrra ári:		
	a. Á innritunarskírteini í Landsbanka	kr. 10930.78	
	b. Á innritunarskírteini í Íslandsbanka	— 15000.00	
	c. Í Íslandsbanka með sparisjóðskjörum	— 15457.03	
			kr. 41387.81
2.	Endurtryggingargjöld frá brunabótasjóðum sveitafélaga:		
	a. Frá árinu 1919	kr. 110.76	
	b. Frá árinu 1920	— 6388.12	
			— 6498.88
3.	Áætluð ógreidd iðgjöld árið 1919—'20		— 94.91
4.	Vextir:		
	a. Af innritunarskírteinum	kr. 1849.97	
	b. Af sparisjóðsinnstæðu	— 554.89	
			— 2404.86
			Kr. 50386.46

Gjöld:

1.	Útborguð tjón:		
	Til Ljósavatnshrepps		kr. 582.08
2.	Kostnaður sjóðsins		— 630.00
3.	Til jafnaðar móti tekjulið 3		— 94.91
4.	Sjóður til næsta árs:		
	a. Á innritunarskírteini í Landsbanka	kr. 21456.12	
	b. Á innritunarskírteini í Íslandsbanka	— 15000.00	
	c. Í Íslandsbanka með sparisjóðskjörum	— 12623.35	
			— 49079.47
			Kr. 50386.46

Brunabótafélag Íslands, Reykjavík, 25. maí 1921.

Guðmundur Ólafsson.

99

EFNAHAGSREIKNINGUR

Brunabótafélags Íslands 14. október 1918.

Aktiva:

I.	Landssjóðsábyrgð	kr. 780000.00
II.	Stofnkostnaður	— 23934.08
III.	Brunabótafélag „Storebrand" Kristiania	— 17180.52
IV.	Innstæða í Íslandsbanka	— 83419.49
V.	Sjóður	— 1017.65
		Kr. 905551.74

Passiva:

I.	Varasjóður	kr. 20000.00
II.	Yfirfært af arði f. árs	— 7766.41
III.	Ábyrgðarsjóður	— 800000.00
IV.	Inneignir umboðsmanna	— 1352.31
V.	Ógreiddar brunabætur	— 43962.02
VI.	Landssjóðsvextir	— 2211.15
		kr. 875291.89
	Eignir meiri en skuldir	— 30259.85
		Kr. 905551.74

Reykjavík, 1. marz 1919.

Sveinn Björnsson.

100

REIKNINGUR

frá 15. október 1917 til 14. október 1918.

Tekjur:

I.	Iðgjöld samtals	kr. 116878.91
II.	Vextir	— 3953.91
III.	Provision	— 8629.09
IV.	Brunabætur endurtryggjenda	— 29116.26
		kr. 158578.17

100

Gjöld:

I. Iðgjöld endurtryggjenda	kr.	71925.13
II. Brunatjón	—	41498.32
III. Þóknun og kostnaður umboðsmanna	—	5100.38
IV. Reksturskostnaður	—	12631.50
V. Landssjóðsvextir	—	1057.67
	kr.	132213.00
Tekjur meiri en gjöld	—	26365.17
	Kr.	158578.17

Reykjavik, 1. marz 1919.

Sveinn Björnsson.

101

REIKNINGUR

yfir

tekjur og gjöld hluta sveitasjóða í Brunabótafélagi Íslands, 15. október 1917 til 14. október 1918.

Tekjur:

I. Iðgjöld sveita	kr.	11241.46
II. Vextir af inneignum sveitasjóða	—	189.65
	Kr.	11431.11

Gjöld:

I. Brunatjón	kr.	3095.49
II. Reksturskostnaður og kostnaður umboðsmanna	—	4432.06
III. Vextir af skuldum sveitasjóða	—	8.88
	kr.	7536.43
Tekjur meiri en gjöld	—	3894.68
	Kr.	11431.11

Reykjavik, 1. marz 1919.

Sveinn Björnsson.

102

EFNAHAGSREIKNINGUR

Brunabótafélags Íslands 14. október 1919.

Eignir:

I.	Ríkissjóðsábyrgð	kr. 780000.00
II.	Stofnkostnaður	— 16834.08
III.	Brunabótafélag „Storebrand" Kristiania	— 23885.31
IV.	Skuldir umboða	— 935.24
V.	Innstæða í Íslandsbanka	— 94771.93
VI.	Innstæða í Landsbanka Íslands	— 14250.74
VII.	Sjóður	— 2333.72
		Kr. 933011.02

Skuldir:

I.	Ábyrgðarsjóður	kr. 800000.00
II.	Varasjóður	— 82168.66
III.	Áætlað fyrir óuppgerðum tjónum	— 10000.00
IV.	Ógreiddar brunabætur á uppgerðum tjónum	— 35842.87
V.	Ríkissjóðsvextir	— 3321.71
	Yfirfært til næsta árs	— 1677.78
		Kr. 933011.02

Reykjavík, 1. marz 1920.

Sveinn Björnsson.

103

REIKNINGUR

Brunabótafélags Íslands frá 15. okt. 1918 til 14. okt. 1919.

Tekjur:

I.	Iðgjöld samtals	kr. 127595.94
II.	Vextir	— 4896.05
III.	Provision	— 9672.80
IV.	Ágóðahluti frá A/S Storebrand	— 8334.55
V.	Stjórnarlaun frá Hinum sameiginlegu brunabótasjóðum fyrir sveitahíbýli	— 600.00
VI.	Ágóði af vörutryggingu	— 18964.59
VII.	Brunabætur endurtryggjenda	— 29580.83
		Kr. 199644.76

103

Gjöld:

I. Iðgjöld endurtryggjenda	kr.	80509.47
II. Brunatjón	—	52489.33
III. Óuppgerð tjón	—	8000.00
IV. Þóknun og kostnaður umboðsmanna	—	5530.50
V. Reksturskostnaður	—	17327.12
VI. Vextir til ríkissjóðs	—	1110.56
Tekjuafganginum, kr. 34677.78, er varið þannig:		
1. Til frádráttar stofnkostnaði	—	5000.00
2. Í varasjóð leggjast	—	28000.00
3. Til næsta árs yfirfærist	—	1677.78
	Kr.	199644.76

Reykjavik, 1. marz 1920.

Sveinn Björnsson.

104

REIKNINGUR

yfir

tekjur og gjöld hluta sveitasjóða í Brunabótafélagi Íslands 15. okt. 1918 til 14. okt. 1919.

Tekjur:

I. Iðgjöld sveitasjóða	kr.	11747.34
II. Vextir af inneign sveitasjóða	—	401.71
	kr.	12149.05
Yfirfært frá varasjóði	—	1357.60
	Kr.	13506.65

Gjöld:

I. Brunatjón	kr.	5727.09
II. Óuppgerð tjón	—	2000.00
III. Reksturskostnaður og kostnaður umboðsmanna	—	5714.40
IV. Vextir af skuldum sveitasjóða	—	65.16
	Kr.	13506.65

Brunabótafélag Íslands, Reykjavik, 1. marz 1920.

Sveinn Björnsson.

105

REIKNINGUR

yfir

tekjur og gjöld Brunabótafélags Íslands frá 15. október 1919 til 14. október 1920.

Tekjur:

I. Iðgjöld samtals	kr.	150345.92
II. Vextir	—	6223.21
III. Provision	—	11747.52
IV. Ágóðahluti frá A/S Storebrand	—	1432.35
V. Stjórnarlaun frá Hinum sameiginlegu brunabótasjóðum fyrir sveitabýli	—	600.00
VI. Brunabætur endurtryggjenda	—	29382.39
VII. Áætlað fyrir óuppgerðum tjónum frá f. á.	—	8000.00
VIII. Yfirfært frá fyrra ári	—	1677.78
	Kr.	209409.17

Gjöld:

I. Iðgjöld endurtryggjenda		kr.	97896.02
II. Brunatjón		—	42796.63
III. Þóknun og kostnaður umboðsmanna		—	6138.76
IV. Reksturskostnaður		—	21391.56
V. Vextir til ríkissjóðs		—	1166.09
Tekjuafganginum, kr. 40020.11, er varið þannig:			
1. Til frádráttar stofnkostnaði	kr. 5000.00		
2. Í varasjóð leggjast	— 35020.11		
		—	40020.11
		Kr.	209409.17

Reykjavík, 12. jan. 1921.

Guðmundur Ólafsson.

106

REIKNINGUR

yfir

tekjur og gjöld hluta sveitasjóðs í Brunabótafélagi Íslands frá 15. október 1919 til 14. október 1920.

Tekjur:

I. Iðgjöld sveitasjóða	kr.	13065.11
II. Vextir af inneignum sveitasjóða	—	514.73
III. Áætlað fyrir óuppgerðum tjónum frá fyrra ári	—	2000.00
	Kr.	15579.84

106

Gjöld:

I. Brunatjón	kr.	3353.54
II. Reksturskostnaður og kostnaður umboðsmanna	—	6881.08
III. Vextir af skuldum sveitasjóða	—	152.47
Tekjuafgangur sem leggst í varasjóð	—	5192.75
	Kr.	15579.84

Reykjavik, 12. jan. 1921.

Guðmundur Ólafsson.

EFNAHAGSREIKNINGUR

107

Brunabótafélags Íslands 14. október 1920.

Eignir:

I. Ríkissjóðsábyrgð	kr.	780000.00
II. Stofnkostnaður	—	12034.08
III. Varasjóður sveitasjóða	—	12248.05
IV. Ríkisskuldabréf	—	24000.00
V. Brunabótafélag „Storebrand" Kristiania	—	1334.25
VI. Sjóður	—	659.87
	Kr.	931329.44

Skuldir:

I. Ábyrgðarsjóður	kr.	800000.00
II. Varasjóður félagsins	—	110132.57
III. Varasjóður sveitasjóða	—	12248.95
IV. Ríkissjóðsvextir	—	4487.80
V. Brunabótafélag „Storebrand" Kristiania	—	1334.25
VI. Ógreiddar brunabætur á uppgerðum tjónum	—	3125.87
	Kr.	931329.44

Brunabótafélag Íslands, Reykjavík 12. janúar 1921.

Guðmundur Ólafsson.

108

REIKNINGUR

styrktarsjóðs handa barnakennurum 1920.

Tekjur:

1. Eignir í sjóði 2. jan. 1920:			
a. Í bankavaxtabréfum	kr.	43000.00	
b. Í Landsbankabók nr. 14832	—	1891.53	
			kr. 44891.53
2. Tillag úr landssjóði 1920			— 2500.00
3. Árstillög kennara innkomin:			
a. Skólakennara	kr.	3736.59	
b. Farkennara	—	317.14	
			— 4053.73
4. Árstillög kennara óinnkomin:			
a. Skólakennara	kr.	310.28	
b. Farkennara	—	216.96	
			— 527.24
5. Vextir 1920:			
a. Af bankavaxtabréfum	kr.	2137.50	
b. Í sparisjóðsdeild (bók 14832)	—	33.97	
			— 2171.47
6. Ágóði af kaupi bankavaxtabréfa 7×80 kr.			— 560.00
7. Til jafnaðar gjaldlið 5			— 7000.00
			Kr. 61703.97

Gjöld:

1. Endurgreiddir vextir			kr. 52.50
2. Keypt bréfspjöld (til innheimtu)			— 6.00
3. Prentað á bréfspjöld			— 7.00
4. Burðargjald og ábyrgðar			— 8.10
5. Keypt 7 bankavaxtabréf 4. fl. L. A. nr. 781, 782, 827, 829, 830, 831, 832			— 7000.00
6. Veittur styrkur 1920:			
a. Guðmundi Jónassyni í Geirshlíð	kr.	250.00	
b. Ingibjörgu R. Jóhannesdóttur í Árnesi	—	300.00	
c. Jóhönnu Eiríksdóttur á Hæli	—	200.00	
d. Jóni Kristjánssyni í Fossum	—	250.00	
e. Jóni Sigurðssyni í Reykjavík	—	150.00	
f. Pétri Guðmundssyni á Eyrarbakka	—	200.00	
g. Sveini Oddssyni á Akri	—	240.00	
h. Þórði Guðnasyni á Vífilsstöðum	—	300.00	
			— 1890.00
7. Eign í sjóði 3. jan. 1921:			
a. Í bankavaxtabréfum	kr.	50000.00	
b. Í bankabók (14832)	—	2213.13	
c. Ógoldin tillög kennara	—	527.24	
			— 52740.37
			Kr. 61703.97

Reykjavík, 8. jan. 1921.

Magnús Helgason.

REIKNINGUR 109

Legatsjóðs Jóns Sigurðssonar 1920.

Tekjur:

1.	Eign frá fyrra ári:			
	a. Fasteignir	kr.	13010.00	
	b. Veðskuldabréf	—	52635.00	
	c. Veðdeildarbréf	—	1300.00	
	d. Útistandandi vextir	—	148.00	
	e. Í sparisjóði Íslandsbanka	—	6268.03	
				kr. 73361.03
2.	Vextir:			
	a. Af veðskuldabréfum	kr.	2041.00	
	b. — veðdeildarbréfum	—	58.50	
	c. — sparisjóðsfé	—	200.55	
				— 2300.05
3.	Afgjald jarða:			
	a. Samkvæmt skilagrein hreppstj. Öxnadalshrepps	kr.	234.32	
	b. —— —— —— Glæsibæjarhrepps	—	1647.20	
	c. —— —— —— Hrafnagilshrepps	—	1305.33	
				— 3186.85
4.	Endurgreidd lán			— 2768.60
5.	Til jafnaðar við gjaldlið 3			— 2500.00
				Kr. 84116.53

Gjöld:

1.	Vextir og afborgun af Kristnesláni			kr. 32.00
2.	½ kostnaður við áreið á landamerki milli Hvamms og Kjarna			— 68.00
3.	Lán veitt á árinu			— 2500.00
4.	Til jafnaðar við tekjulið 4			— 2768.60
5.	Veitt til byggingar á Neðri-Vindheimum			— 4000.00
6.	Eignir sjóðsins til næsta árs:			
	a. Fasteignir	kr.	13010.00	
	b. Veðskuldabréf	—	52366.40	
	c. Veðdeildarbréf	—	1300.00	
	d. Útistandandi vextir	—	64.00	
	e. Í sparisjóði Íslandsbanka	kr.	8007.53	
				kr. 74747.93
				Kr. 84116.53

Sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu, bæjarfógetinn á Akureyri, 31. des. 1920.

Júl. Havsteen
settur.

110

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld ekknasjóðs Vestur-Skaftafellsprófastsdæmis árið 1920.

Tekjur:

1. Hörgslandshreppsdeild:				
Í sjóði 31. des. 1919	kr.	506.18		
Tillög og gjafir 1920	—	20.00		
Vextir 1920	—	24.72		
			kr.	550.90
2. Kirkjubæjarhreppsdeild:				
Í sjóði 31. des. 1919	kr.	371.81		
Vextir 1920	—	17.85		
			—	389.66
3. Leiðvallahreppsdeild:				
Í sjóði 31. des. 1919	kr.	186.19		
Vextir 1920	—	8.94		
			—	195.13
4. Hvammshreppsdeild:				
Í sjóði 31. des. 1919	kr.	56.15		
Gjafir 1920	—	100.00		
Vextir 1920	—	4.79		
			—	160.94
5. Dyrhólahreppsdeild:				
Í sjóði 31. des. 1919	kr.	56.04		
Vextir 1920	—	2.69		
			—	58.73
			Kr.	1355.36

Gjöld:

1. Hörglandshreppsdeild:		
Í sjóði 31. des. 1920	kr.	550.90
2. Kirkjubæjarhreppsdeild:		
Í sjóði 31. des. 1920	—	389.66
3. Leiðvallahreppsdeild:		
Í sjóði 31. des. 1920	—	195.13
4. Hvammshreppsdeild:		
Í sjóði 31. des. 1920	—	160.94
5. Dyrhólahreppsdeild:		
Í sjóði 31. des. 1920	—	58.73
	Kr.	1355.36

Prestsbakka og Vík, 15. júlí 1921.

Magnús Bjarnarson. *Jón Þorsteinsson,*
settur.

Reikning þennan höfum við undirritaðir yfirskoðað og ekkert fundið við hann að athuga.

Holti og Múlakoti, 28. júlí 1921.

Björn Runólfsson. Þorlákur Vigfússon.

AUGLÝSING

111
31. marz

um

breytingar á burðargjaldi til Danmerkur.

Frá 1. apríl þ. á. skal taka burðargjald fyrir sendingar þær frá Íslandi til Danmerkur, sem að neðan eru taldar eins og hér segir:

Spjaldbréf	15	aurar
Spjaldbréf með borguðu svari	30	—
Fyrir óborguð eða vanborguð spjaldbréf skal heimta hið vanborgaða burðargjald að viðbættum 15 aurum, þó aldrei meira en hið vanborgaða burðargjald tvöfalt. Prent, sýnishorn af vöru og verzlunarskjöl fyrir hver 50 gr. eða þar undir	10	—
(fyrir sýnishorn er minnsta burðargjald 20 aurar og fyrir verzlunarskjöl 40 aurar).		
Meðmælingargjald	30	—
Innheimtugjald fyrir póstkröfur á meðmælingarbréfum og verðbréfum	15	—
Fyrir verðböggla skal innheimta sérstakt afgreiðslugjald	30	—
Hraðboðagjald	50	—
Móttökukvittun, sem beðið er um, þegar sendingin er látin á póst	20	—
Móttökukvittun, sem beðið er um eftir á	40	—
Fyrirspurnir um allskonar sendingar	40	—

Póststjórnin, Reykjavík, 31. marz 1921.

S. Briem.

REGLUGERÐ

112
5. sept.

um

hreinsun hunda af bandormum í lögsagnarumdæmi Seyðisfjarðarkaupstaðar.

1. gr.

Heilbrigðisnefnd skal annast um, að allir hundar 2ja mánaða og eldri innan lögsagnarumdæmisins séu hreinsaðir af bandormum svo vel sem frekast er unnt. Hreinsun fer fram í maí og nóvember árlega eftir leiðarvísi, er heilbrigðisnefnd semur. Ef heilbrigðisnefnd telur sérstaka ástæðu til, getur nefndin fyrirskipað aukahreinsun.

2. gr.

Til stafans skipar heilbrigðisnefnd 1 mann. Getur enginn karlmaður, búsettur innan lögsagnarumdæmisins, að undanteknum embættismönnum, bæjarfulltrúum, símamönnum og starfsmönnum bæjarins, skorazt undan að gegna starfi þessu 4 ár í senn.

31. dag desembermánaðar 1921.

3. gr.

112 Hverjum hundeiganda er skylt að hafa helsi á hundi sínum með áletruðu Sf og tölu.
5. sept. Heilbrigðisnefnd afhendir hreinsunarmanni bók, er árlega skulu skráðir í hundar kaupstaðarbúa, aldur, heiti, helsitala, nafn eiganda og bústaður. Þar skal og skrá, hvenær hreinsanir fari fram og með hverjum árangri. Helsið skal sett á hundana í viðurvist hreinsunarmanns að minnsta kosti vorið 1922, er hreinsun fer fram.

4. gr.

Heilbrigðisnefnd lætur gera steinlímdan kofa í Seyðisfjarðarkaupstað til hreinsananna og skal færa þangað hunda til hreinsunar samkvæmt auglýsingu hreinsunarmanns, en hreinsun hunda utan hreinsunarkofa er stranglega bönnuð. Kostnaður við kofagerðina greiðist úr bæjarsjóði.

5. gr.

Hunda skal hreinsa í nóvember og maí árlega og skal hreinsunarmaður auglýsa stað og stundu hreinsana með 10 daga fyrirvara á venjulegan hátt. Öllum hundaeigendum er þá skylt að koma með hunda sína í hreinsunarkofann eftir þeirri röð, er hreinsunarmaður tiltekur og vera honum til aðstoðar við inngjöf og böðun, ef þess er krafizt. Ef forföll valda, að hundur komi eigi til hreinsunar á tilteknum tíma, skal eigandi tilkynna hreinsunarmanni og láta svo fljótt sem unnt er og samkvæmt skipun hreinsunarmanns koma með hundinn, er hreinsunarmaður svo hreinsar. Ef hundeigandi vanrækir þetta, telst hann hafa skotið hundi undan hreinsun.

6. gr.

Hreinsunarmaður skal tvisvar á ári, í desember og júní, gefa heilbrigðisnefnd nákvæma skýrslu um hundahreinsanir samkvæmt fyrirmynd heilbirgðisnefndar.

7. gr.

Nú verður vart við bandorm í hundi milli hreinsana, og skal þá eigandi hans færa hann hreinsunarmanni svo fljótt sem frekast er unnt, en teljast ella sekur um að hafa skotið hundi undan hreinsun. Sá hundur verður þó eigi undanþeginn hreinsun á hinum lögskipaða tíma, ef meira en 3 vikur eru til næsta hreinsunarmánaðar.

8. gr.

Skylt er öllum af fremsta megni að varna því, að hundur nái að eta sulli eða nokkuð ósoðið af innýflum eða kjöti alidýra. Einnig skal þess vandlega gætt, að hundar komist ekki í matarílát, vatnsílát eða vatnsból, að þeir hafist ekki við í íbúðarhúsum, baðstofum eða búrum og að börn leiki sér ekki við þá. Þessar og aðrar varúðarreglur gegn sullaveikinni skal heilbrigðisnefnd og lögregluþjónar brýna fyrir almenningi.

9. gr.

Hreinsunarmaður skal halda hundahaldsbækur eftir fyrirmynd heilbrigðisnefndar. Skal hreinsunarmaður gæta starfsins með árvekni og alúð og rækilega brýna fyrir mönnum að gæta sem mestrar varúðar í umgengni við hunda, og ganga eftir því eftir megni, að brenndir séu sullir úr sláturfé. Hreinsunarmaður fær að launum tvær krónur fyrir hverja hreinsun hunds er hundeigandi greiðir. Taka má gjaldið lögtaki hjá hundeiganda.

10. gr. 112

Hreinsun hunda og allri meðferð á undan og eftir skal haga nákvæmlega eftir leið- 5. sept.
arvísi þeim, sem nefndur er í 1. gr. og eftir ákvæðum heilbrigðisnefndar innan þeirra takmarka, er leiðarvísirinn setur. Meðulin, svo og múla til afnota við hreinsanir, útvegar heilbrigðisnefnd á kostnað bæjarsjóðs.

11. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 10—100 kr., er renna í bæjarsjóð. Með mál út af slíkum brotum skal farið sem opinber lögreglumál.

12. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. maí 1922.
Þannig samþykkt af bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar 5. sept. 1921.

Bæjarfógetinn á Seyðisfirði, 24. nóv. 1921.

Jón Þór Sigtryggsson,
settur.

REGLUGERÐ 113

17. sept.

um

lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra.

1. gr.

Stofnfé sjóðsins eru 50000 kr., sem ríkissjóður hefir lagt fram, og auk þess ábyrgist ríkissjóðurinn greiðslu lífeyris úr sjóðnum, eftir því sem fyrir er mælt í lögum nr. 51, 27. júní 1921.

2. gr.

Hver embættismaður, karl eða kona, er laun tekur eftir hinum almennu launalögum, er, með þeim undantekningum, sem segir í þessari grein, skyldur til að kaupa lífeyri í sjóðnum handa sér og maka sínum, með því að greiða í sjóðinn hundraðshluta af launum sínum, eins og hér segir:

1. Embættismenn, sem eftirlaunarétt eiga samkvæmt eldri lögum, greiða í lífeyrissjóðinn 5% af launaviðbót þeirri, er þeir fengu samkvæmt lögum nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna, þó þannig, að ekkert greiðist af þeim hluta launanna, sem um fram kann að vera 5000 kr. á ári, enda nýtur maki hans þá eigi lífeyris úr sjóðnum og hann sjálfur eigi nema sem svarar greiðslu hans af launaviðbótinni.
2. Embættismenn, sem ekki eiga eftirlaunarétt og voru eldri en 50 ára hinn 1. jan. 1920, greiða einnig 5% af árslaunum sínum án tillits til hversu há þau eru, enda njóta þeir aðeins lífeyris úr sjóðnum en eigi makar þeirra.

112 5. sept.

3. Embættismenn, sem ekki eiga eftirlaunarétt en hafa tryggt maka sínum lífeyri samkv. lögum nr. 73, 28. nóv. 1919, greiða í lífeyrissjóðinn 5% af árslaunum sínum, enda njóta þeir aðeins lífeyris úr sjóðnum en eigi makar þeirra.

4. Aðrir embættismenn greiða 7% af árslaunum sínum í sjóðinn, enda njóta bæði þeir og makar þeirra lífeyris úr honum.

Settir embættismenn greiða ekkert í sjóðinn.

3. gr.

Iðgjöld þau, er um ræðir í 2. gr., greiðast aðeins af föstum launum, sem greidd eru úr ríkissjóði, en eigi af dýrtíðaruppbót eða öðrum hlunnindum, svo sem ókeypis bústað.

4. gr.

Iðgjöldunum skal ríkisféhirðir halda eftir af launum embættismanna með 1/12 mánaðarlega fyrirfram. Fjármáladeild stjórnarráðsins er þó heimilt að víkja frá þessu, ef sérstaklega stendur á. Öll iðgjöld, sem ógreidd kunna að vera frá árunum 1920 og 1921, skal haldið eftir af launum hlutaðeigenda í síðasta lagi 1. des. 1921.

5. gr.

Lífeyrissjóðurinn stendur undir umsjón fjármálaráðherra og annast sá starfsmaður fjármáladeildar, sem hann tilnefnir, reikningshald hans. Reikninginn skal birta árlega í B-deild stjórnartíðindanna og skal hann endurskoðaður af hinni umboðslegu endurskoðun.

6. gr.

Iðgjöld þau til sjóðsins, sem ríkisféhirðir heldur eftir, skulu mánaðarlega greiðast reikningshaldara sjóðsins gegn kvittun, en við árslok hver afhendir ríkisféhirðir embættismanni hverjum kvittun fyrir iðgjaldi þess árs um leið og hann tekur við aðalkvittun embættismannsins fyrir launum umliðins árs.

Fjármáladeildin afhendir ríkisféhirði um hver áramót skrá um greiðslur embættismanna til sjóðsins næsta ár og tilkynnir honum síðan jafnóðum er breytingar verða á greiðslum þessum á árinu.

7. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Landsbankanum að því leyti sem hann geymist í peningum, heimilt er að kaupa verðbréf handa sjóðnum, ef þau verða að teljast fulltrygg og sjóðurinn hagnast við það á vöxtum eða gengi, en þó eigi meira en svo að ætla megi, að sjóðurinn hafi jafnan nægilegt handbært fé til lögboðinna greiðslna.

8. gr.

Embættismaður, sem greitt hefir iðgjöld í sjóðinn á kröfu á lífeyri úr honum, þegar svo stendur á sem hér segir:

a) Þegar hann fær lausn frá embætti sökum elli eða vanheilsu.

b) Þegar hann fær lausn sökum þess að hann er orðinn 70 ára eða samanlagður aldur hans og þjónustutími er 95 ár.

c) Þegar embætti hans er lagt niður áður en hann er 70 ára og hann tekur ekki annað embætti, en lætur iðgjöld sín standa inni í sjóðnum án þess að taka lífeyri þar til hann hefir náð þeim aldri.

Þegar embættismaður lætur af embætti af öðrum ástæðum en hér eru taldar, fær hann engan lífeyri úr sjóðnum og ekkert endurgjald af iðgjöldum sínum, nema ef embætti er lagt niður, því að þá á hlutaðeigandi embættismaður, ef hann tekur eigi annað embætti, kröfu á iðgjöldum þeim, er hann hefir greitt, vaxtalaust og afdráttarlaust, ef hann kýs eigi heldur að láta þau standa inni í sjóðnum, þar til hann er 70 ára, sbr. c-lið þessarar greinar.

9. gr.

Maki embættismanns, sem notið hefir eða átti kröfu á lífeyri, á að honum látnum, aðeins kröfu á lífeyri úr sjóðnum, ef embættismaðurinn var meðal þeirra embættismanna, sem um ræðir í 4. lið 2. gr., en ekki þótt svo sé, ef:

a) embættismaðurinn var orðinn 60 ára, er hann kvongaðist eða giftist,
b) hjónabandið var stofnað meðan embættismaðurinn lá banaleguna.
c) hjónabandið var stofnað eftir að embættismaðurinn fékk lausn frá embætti með lífeyri, eða
d) hjónabandinu var gersamlega slitið áður en hann dó.

10. gr.

Lífeyrir embættismanns er 27‰ af launum þeim samanlögðum, sem hann hefir greitt iðgjöld af í sjóðinn, þó þannig, að lífeyririnn má aldrei fara fram úr ¾ hámarkslauna þeirra, er hann hefir haft.

Lífeyri maka embættismanns er ⅕ af byrjunarlaunum þess embættis, er embættismaðurinn var í, er hann lézt eða fékk lausn frá embætti.

11. gr.

Réttur maka embættismanns til lífeyris fellur burt:

1. Ef hann giftist eða kvongast á ný.
2. Ef hann tekur sér bústað utanríkis án samþykkis stjórnar sjóðsins.
3. Ef hann hirðir eigi lífeyririnn í 3 ár samfleytt án þess að sanna lögmælt forföll.

Er maki embættismanns missir lífeyri af því, að hann giftist eða kvongast af nýju, á hann rétt á að fá hinn sama lífeyri, ef hann verður ekkill eða ekkja í annað sinn. Þó getur enginn haft lífeyri nema eftir einn maka.

12. gr.

Sá, sem telur sig hafa rétt til lífeyris úr sjóðnum, skal um það rita bréf til fjármáladeildar og þar skýra frá hversu miklum lífeyri hann telur sig eiga kröfu á á ári, frá hvaða tíma, og því öðru, er máli kann að skipta í þessu efni.

Að fengnum þessum skýrslum, úrskurðar fjármáladeildin kröfuna, tilkynnir það hlutaðeiganda og sér um að greiðslan fari fram samkvæmt því.

13. gr.

Lífeyrir greiðist með 1/12 mánaðarlega fyrirfram. Ef um litlar fjárhæðir er að ræða, má þó hafa gjalddagana færri og jafnvel greiða allt í einu lagi, ef mjög lítið er um að ræða.

113
17. sept.

14. gr.

Um sönnun fyrir áframhaldandi rétti til lífeyris fer eftir reglum þeim, sem hingað til hefir verið fylgt um rétt til eftirlauna.

Fjármáladeild stjórnarráðsins, 17. sept. 1921.

Magnús Guðmundsson.

Sigurjón Markússon.

114
9. okt.

FRUMVARP

til

reglugerðar um skemmtanaskatt á Ísafirði.

1. gr.

Af öllum skemmtunum fyrir almenning, sem haldnar eru innan lögsagnarumdæmis Ísafjarðar og seldur er aðgangur að, skal gjalda skatt samkvæmt fyrirmælum reglugerðar þessarar. Skatturinn rennur í bæjarsjóð og skal honum varið til framfærslu ósjálfbjarga fátæklinga bæjarins.

2. gr.

Skatturinn skal vera hundraðsgjald af aðgöngumiðum eða öðrum aðgönguskírteinum, sem seld eru að skemmtunum eins og hér greinir:

1. Af sjónleikum, samsöngum, hljómleikum, upplestri og fyrirlestrum, íþróttasýningum (líkamsíþróttum) og útileikum 10%.
2. Af öllum öðrum skemmtunum 20%.

Ef skemmtunin er margþætt, skal skatturinn jafnan miðaður við þann þátt hennar, er hærra er skattaður.

3. gr.

Nú er skemmtun haldin og aðganga veitt gegn gjaldi en þó án þess að gefin séu út aðgönguskírteini, eða þau eru að vísu gefin út en gjaldið fyrir þátttöku í skemmtuninni er eigi goldið samkvæmt þeim, eða goldið samkvæmt þeim aðeins að nokkru leyti, og skal hið ákveðna skattgjald þá goldið sem hundraðsgjald af allri þeirri upphæð, sem goldin er fyrir þátttöku í skemmtuninni.

4. gr.

Undantekningar frá skattgjaldi og lækkun á hinu ákveðna skattgjaldi getur bæjarstjórnin veitt, er sérstakar ástæður mæla með því, t. d. fyrir skemmtanir, sem haldnar eru í góðgerðaskyni eða til fræðslu, til að halda uppi listum o. s. frv.

5. gr.

Forstöðumaður skemmtunar ber ábyrgð á greiðslu skattgjaldsins. Ef fleiri en einn maður stendur fyrir skemmtun, þá ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn greiðslu skattgjaldsins, eða ef um félag er að ræða, þá allir stjórnendur þess á sama hátt. 9. desbr.

Nú hefir forstöðumaður skemmtunar vanrækt að tilkynna oddvita bæjarstjórnar um forstöðu sína, og ber þá húsráðandi þess húss, er notað er til skemmtunarinnar, ábyrgð á skattgreiðslunni.

6. gr.

Skatturinn greiðist til oddvita bæjarstjórnar, er hefir innheimtu hans á hendi.

7. gr.

Forstöðumönnum skemmtana, er heyra undir ákvæði reglugerðar þessarar, skal jafnan skylt að snúa sér til oddvita bæjarstjórnar áður en skemmtun er haldin og tjá honum frá forstöðu sinni, hvað haft skuli til skemmtunar, upphæð aðgöngueyrisins o. s. frv.

8. gr.

Skatturinn skal innheimtur samkvæmt skýrslu, sem greiðanda er skylt að gefa oddvita bæjarstjórnar eftir reglum þeim, er hér segir:

1. Kvikmyndahús og aðrar fastar skemmtistofnanir, sem hafa skemmtanir að atvinnu lengur en um stundarsakir, skulu fyrir lok hvers mánudags gefa oddvita bæjarstjórnar skýrslu yfir alla aðgöngumiða, er selst hafa næstu viku á undan, og skal í skýrslu þessari flokka aðgönguskírteini eftir verði þeirra og deginum þegar skemmtunin var haldin, svo og tilgreina upphæð skattsins við hvern flokk og samanlagt verð aðgönguskírteinanna og skattgjaldið.

2. Þeir, sem aðeins halda skemmtun í eitt skifti, eða takmarkaða tölu skemmtana, skulu hafa gefið oddvita bæjarstjórnar framangreinda skýrslu um tölu seldra aðgönguskírteina eða aðgöngueyririnn í heild sinni, ef goldið hefir verið fyrir þátttöku í skemmtuninni samkvæmt 3. grein, í síðasta lagi áður en 2 dagar eru liðnir frá því að skemmtuninni lauk.

Skýrslur þær, er ræðir um í grein þessari, skulu gerðar eftir fyrirmynd, sem bæjarstjórn samþykkir, og greiðist skatturinn um leið og skýrsla er gefin, gegn kvittun oddvita bæjarstjórnar.

Nú er skattur ekki greiddur samkvæmt ofangreindum reglum og má þá taka hann lögtaki á kostnað greiðanda.

9. gr.

Þeim, er atvinnu hafa af skemmtunum lengur en um stundarsakir, skal skylt að hafa nákvæmt og aðgengilegt bókhald yfir tekjur eða gjald það, sem tekið er fyrir skemmtanirnar, og sæta því, að oddviti bæjarstjórnar hafi eftirlit með bókhaldinu, ef þurfa þykir.

10. gr.

Með mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

114
9. desbr.

11. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 1000 krónum, ef ekki liggur þyngri refsing við að lögum.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Ísafjarðar hefir samþykkt, er hér með staðfest samkvæmt lögum 22. nóvember 1918, til að öðlast gildi 1. janúar 1922, og birtist til eftirbreytni þeim, er hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 9. desember 1921.

Magnús Guðmundson.

G. Sveinbjörnsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Gunnsteins litla", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherranum 10. desember 1921.

Skipulagsskráin er þannig:

115
10. desbr.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

„Minningarsjóð Gunnsteins litla".

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Minningarsjóður Gunnsteins litla" og er stofnaður til minningar um Gunnstein Valdimarsson, er andaðist 12. júní 1919.

2. gr.

Sjóðurinn er eign Nesskóla í Norðfirði og hefir skólanefnd Nesskólahéraðs stjórn sjóðsins á hendi.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að verðlauna árlega með bókagjöfum að minnsta kosti tvo nemendur Nesskóla, sem að dómi kennaranna við skólann skara fram úr að góðleik, iðni og háttprýði.

Formaður skólanefndar afhendir verðlaunin á skólalokadegi.

4. gr. 115

Sjóðurinn er stofnaður með 50 — fimmtiu — króna gjöf frá foreldrum Gunnsteins 10. desbr.
litla: Stefaníu og Valdimar Snævarr, samkvæmt gjafabréfi dags. 21. okt. 1920. Auk þess lofa þau hin sömu hjón, að gefa sjóðnum 25 krónur á ári, að minnsta kosti næstu 5 ár, frá 1920 að telja og sé gjalddagi þeirra 21. okt. ár hvert.

Allar eignir sjóðsins skulu ávaxtaðar í Sparisjóði Norðfjarðar eða á öðrum tryggum stað að dómi stjórnar sjóðsins.

5. gr.

Sjóðurinn tekur við gjöfum og tillögum frá þeim, er kynnu að vilja styrkja hann, og skal farið með slíkan styrk á sama hátt og stofnféð.

6. gr.

Jafnan skal helmingur ársvaxta og allar peningagjafir lagðar við höfuðstólinn. Hinum helmingi ársvaxtanna skal varið til verðlauna samkvæmt 3. gr., nema ef sjóðnum eru gefnar bækur til verðlaunagjafa eitthvert vor, þá skal leggja alla vexti við höfuðstól það ár.

7. gr.

Skipulagsskrá þessa skal endurskoða eigi síðar en að 25 árum liðnum og er þá heimilt að fá sjóðnum rýmra starfssvið, t. d. veita fátækum efnilegum nemendum Nesskóla styrk til framhaldsnáms. En jafnan skal einhverju af vöxtunum varið til bókaverðlauna, nema svo standi á sem segir í 6. gr.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksár. Stjórn sjóðsins semur ársreikning hans og leggur fyrir forstöðumann Nesskóla til endurskoðunar.

Í skólanefnd Nesskólahéraðs, Norðfirði 8. desember 1920.

Páll G. Þormar. *Tómas Zoëga.* *Björn Jónsson.*

Þorbergur Guðmundsson. *Hjálmar Ólafsson.*

116 10. desbr. Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Stefáns Halldórssonar, útgefin á venjulegan hátt af dóms- og kirkjumálaráðherranum 10. desember 1921.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Minningarsjóð Stefáns Halldórssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður Stefáns Halldórssonar.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 1000 krónur, er hjónin Björg Halldórsdóttir og Halldór Stefánsson gefa til minningar um son sinn Stefán f. á Seyðisfirði 16. okt. 1905, d. á Heilsuhælinu á Vífilsstöðum 18. febr. 1917.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er, að styrkja heilsubiluð börn og heilsubilaða unglinga innan 16 ára aldurs til að fá heilsubót á sjúkrahúsum hér á landi eða erlendis. Starfssvið hans er Fljótsdalshérað að meðtöldum Fljótsdal, Jökulsdal og Skriðudal.

4. gr.

Sjóðurinn tekur við gjöfum og áheitum þeirra manna, sem vilja efla vöxt hans og styðja tilgang hans, heldur ársreikninga og tekur við minningargjöfum fyrir þá látna menn, er óskað er. Rita skal helztu æfiatriði viðkomenda í ársreikninga, ef þess er óskað.

5. gr.

Þeir, sem óska að nöfn látinna vina og vandamanna séu innfærð í ársreikninga sjóðsins, greiða fyrir það gjald, er þeim sýnist, en sjóðurinn gefur út minningarspjöld með nafni hinna látnu, er innritunarbeiðendur senda nánustu vandamönnum í stað kranza. — Minningarspjöld skulu höfð við hverja kirkju á starfsvæði sjóðsins.

6. gr.

Umsjónarnefnd sjóðsins skipa þrír menn: Héraðslæknirinn í Fljótsdalslæknishéraði formaður og meðstjórnendur: sóknarpresturinn að Kirkjubæ og kona valin af íbúum Fljótsdalshrepps á almennum sveitarfundi. Þegar svo kynni að standa á, að enginn héraðslæknir væri í Fljótsdalslæknishéraði eða sóknarprestur að Kirkjubæ, skipa hreppstjórar í þeim hreppum, sem héraðslæknirinn eða presturinn eru búsettir í, stjórn hans til bráðabyrgða.

Umsjónarnefndin ræður hver og hverjum veittur er styrkur af útborgunarskyldum tekjum sjóðsins. Hún heldur gerðabók og skrá yfir styrkveitingar og árangur þeirra.

Heimili sjóðsins er heimili héraðslæknisins.

7. gr. 116

Útborgunarskylt er: ½ árstekjur sjóðsins þangað til hann verður orðinn 10 þús.10. desbr.
krónur, frá þeim tíma þangað til sjóðurinn verður orðinn 20 þús. kr ⅔ ársteknanna, frá þeim tíma þangað til hann verður orðinn 30 þús. kr. ¾ ársteknanna; eftir það ⁹⁄₁₀ ársteknanna.

Sá hluti ársteknanna, sem ekki er útborgunarskyldur, leggst við höfuðstólinn. Þau ár, sem enginn styrkur yrði veittur, leggjast allar árstekjurnar við höfuðstólinn. — Höfuðstólinn má aldrei skerða.

8. gr.

Meginfé sjóðsins ávaxtast í Aðaldeild Söfnunarsjóðsins. Að öðru leyti er það í vöxtum og á ábyrgð umsjónarnefndarinnar.

9. gr.

Af þeim hluta ársteknanna, sem útborgunarskyldur er, skal verja því, sem þörf er á, til undirbúnings ársfiðaskrárinnar og útgáfu minningarspjalda, svo og í beinan útlagðan kostnað við stjórn hans. Að öðru leyti er ætlazt til að stjórn sjóðsins vinni kauplaust fyrst um sinn, þangað til ríkisstjórninni kynni að þykja ástæða til að leyfa henni kaup fyrir fyrirhöfn sína, eftir beiðni hennar.

10. gr.

Þegar umsjónarnefnd sjóðsins þykir þörf á skal á kostnað sjóðsins koma upp eldtryggri geymslu fyrir ársfiðaskrár hans og gerðabækur. Þegar útritaðar ársfiðaskrár og gerðabækur verða orðnar 50 ára gamlar falla þær til Landsbókasafnsins.

11. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Hamborg í N.-Múlasýslu 28. febr. 1921.

Björg Halldórsdóttir. *Halldór Stefánsson.*

SAMÞYKKT 117

15. desbr.

fyrir

Áveitufélag Þingbúa í Húnavatnssýslu.

1. gr.

Ábúendur þeirra jarða í Þingi og Torfulækjarhreppi í A.-Húnavatnssýslu, sem getið er um í annari gr., stofna með sér félag er nefnist „Áveitufélag Þingbúa". Heimilisfang þess er að Þingeyrum, og varnarþing þess að Sveinsstöðum í Húnavatnssýslu.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að koma á og starfrækja áveitu úr Vatnsdalsá yfir engjalönd á eylendinu í Þingi. Félagsmenn eru þeir, sem hafa jörð eða jarðarpart til ábúðar á áveitusvæðinu. Jarðir þær, sem koma til greina, eru þessar:

117 15. desbr.

Hnausar í Sveinsstaðahreppi.
Bjarnastaðir í Sveinsstaðahreppi.
Öxl í Sveinsstaðahreppi.
Steinnes í Sveinsstaðahreppi.
Þingeyrar í Sveinsstaðahreppi.
Brekkukot í Sveinsstaðahreppi.
Brekka í Sveinsstaðahreppi.
Akur í Torfulækjarhreppi.
Kringla í Torfulækjarhreppi.
Skinnastaðir í Torfulækjarhreppi.

Komi það í ljós fyrr eða síðar, að fleiri jarðir geti notið áveitunnar, breytist tala félagsmanna samkvæmt því.

3. gr.

Áveituna skal þannig gera, að stífla er sett í eystri Skriðuvatnshvísl skammt frá norðurenda á Skriðuvatnshólma, svo að sama vatnshæð geti fengist úr kvíslinni um lækjardrag það, sem liggur norður í syðri Hnausatjörn og hæð vatnsins er um suðurenda á Skriðuvatnshólma. Framrás fæst þannig úr kvíslinni um Hnausatjarnir yfir engin. — Stíflur skal gera í farvegi þá á svæðinu, sem leiða vatn af því, og þær fyrirhleðslur eða garða, sem nauðsynlegir eru, til þess að hægt sé að halda vatni í hæfilegri dýpt um engin, svo og fyrirhleðslur sunnan við Hnausatjörn, til þess að varna flóðum, ef þau koma í ána á óhentugum tíma. Allt þetta sé framkvæmt samkvæmt mælingum, sem Búnaðarfélag Íslands afgreiðir.

4. gr.

Lögmætir félagsfundir hafa æðsta vald í öllum málum félagsins innan þeirra takmarka, sem sett eru með landslögum og með samþykkt þessari. Til félagsfunda skal stjórnin boða á sama hátt og boðað er til lögmætra sveitafunda.

5. gr.

Formaður stjórnar félagsfundum. Hann sker úr öllu, er snertir lögmæti fundanna, meðferð málanna á fundunum og atkvæðagreiðslur, sem þó skulu fara fram skriflega ef einhver fundarmanna krefst þess.

6. gr.

Í sérstaka gerðabók skal rita allar fundarályktanir, og stutta skýrslu um annað, er gerist á fundunum. Fundargerðir skulu lesnar upp og bornar undir atkvæði, og undirskrifa þær stjórnendur félagsins, sem viðstaddir eru, svo og aðrir fundarmenn. Fundarskýrslur þessar skulu vera full sönnun þess, sem gerist á fundinum.

7. gr.

Félagsmenn hafa jafnan atkvæðisrétt á félagsfundum, þar sem samþykkt þessi ákveður eigi á annan veg. Þó verða eigi gerðar breytingar á samþykkt þessari, nema ¾ fundarmanna á lögmætum félagsfundi greiði atkvæði með þeim, og öðlist breytingarnar staðfestingu stjórnarráðsins.

8. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð 3 — þrem — mönnum, formanni, ritara og gjaldkera, sem kosnir skulu til 3 ára í senn. Skal einn stjórnenda ganga úr stjórninni á hverju ári, og ræður hlutkesti hver gengur úr fyrstu tvö árin. Skyldir eru félagsmenn að taka endurkosningu, ef þeir aðeins hafa setið 3 ár í stjórn samfleytt. Varastjórn skal kjósa á sama hátt. Formaður heldur aðalreikninga félagsins, en gjaldkeri annast innheimtu og greiðslu eftir ávísun formanns.

9. gr. 117

Stjórnin ræður öllum félagsmálum milli funda með takmörkum þeim, sem leiða af 15. des.
landslögum og samþykkt þessari. Hún getur skuldbundið félagið og eignir þess með ályktunum sínum og samningum, þar á meðal veðsett eignir félagsins. Undirskrift allra stjórnenda í sameining, er skuldbindandi fyrir félagið gagnvart öðrum.

10. gr.

Stjórnarfundi skal halda hvenær, sem einhver stjórnandi telur þess þörf, og kemer stjórnin sér saman um hvernig til þeirra skuli boða. Formaður stýrir fundum. Ræður þar afl atkvæða og hefir fundarstjóri atkvæðisrétt. Engin ákvörðun er gild nema samþykkt sé með atkvæðum tveggja stjórnenda, eða varastjórnenda í forföllum þeirra. Það, sem gerist á stjórnarfundum, skal rita í gerðabók félagsins og ritar stjórnin undir.

11. gr.

Aðalfund félagsins skal halda fyrir miðjan febrúar ár hvert. Þar skulu þessi mál tekin fyrir auk annara, er fyrir kunna að koma:

1. Stjórn félagsins skýrir frá hag þess og framkvæmdum á síðastliðnu starfsári.
2. Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir hið liðna ár lagðir fram ásamt athugasemdum endurskoðenda, og svörum stjórnarinnar og tillögum til úrskurðar frá endurskoðendum. Reikningarnir skulu svo úrskurðaðir á fundinum, nema úrskurði sé frestað sökum vantandi upplýsinga, en þó má eigi fresta úrskurði lengur en til næsta aðalfundar.
3. Lögð fram áætlun frá félagsstjórninni um tekjur og gjöld á hinu nýbyrjaða ári, hún rædd og samþykkt með þeim breytingum, sem fundurinn kann að gera á henni.
4. Kosinn einn maður í stjórn og annar í varastjórn.
5. Kosnir tveir endurskoðendur félagsreikninganna.

12. gr.

Áveitufélagsstjórnin annast lántöku fyrir félagsins hönd, til þess að koma fyrirtækinu í framkvæmd. Vilji hvorki eigendur né ábúendur einhverra engjalanda, er áveitunnar njóta, taka þátt í sameiginlegum kostnaði, er af henni leiðir, krefst félagsstjórnin, að eignarnám fari fram á löndum þessum samkvæmt 18. gr. vatnsveitingalaganna frá 22. nóv. 1913, eftir löglegan undirbúning samkvæmt greindum lögum.

13. gr.

Áður en byrjað er á verkinu, skal skipta niður væntanlegum kostnaði í ákveðnar hlutdeildir. Kostnaði við stíflu í Skriðuvatnskvísl og aðrar aðgerðir, er varðar allt áveitusvæðið, skiptist eftir stærð engjalands hverrar jarðar innan áveitusvæðisins. Kostnaður við stíflur í síki og kíla, flóðgarðar og aðrar aðgerðir fyrir nokkurn hluta svæðisins, skiptist í ákveðnar hlutdeildir á sama hátt, nema hvað þar er einungis tekið til greina engjalönd þau, sem hafa bein not af hverju mannvirki fyrir sig. Sömu reglu skal fylgja þegar gerðir verða framræsluskurðir. Matsmenn þeir, sem getið er um í 18. gr. fyrrnefndra vatnsveitulaga, úrskurða hvort kostnaði er réttmætt skipt niður, en þeir hafi tillögur frá Búnaðarfélagi Íslands við að styðjast. Öllum áveitubændum er gefinn kostur á, að kynna sér tillögur um niðurjöfnunina áður en matsgerðinni er lokið, og bera fram athugasemdir sínar, ef nokkrar eru, svo matmönnum séu þær kunnar.

117 15. des.

14. gr.

Að lokinni niðurjöfnun kostnaðar og öðrum undirbúningi undir framkvæmd aðalverksins, skal ákveðið á félagsfundi hvenær eigi að framkvæma það. Atkvæðisréttur manna fer í því í réttri tiltölu við kostnaðarhlutdeild þeirra. Ráða þar úrslitum eigendur ¾ af sameiginlegum kostnaði. Svo er og síðar þegar um meiri háttar fjárútlát er að ræða.

15. gr.

Stjórn áveitufélagsins ræður umsjónarmann með áveitunni þegar verkinu er lokið. Hefir hann alla umsjón með vatnsleiðslunni á og af engjunum, og með viðhaldi mannvirkja áveitunnar. Skal hann þó í aðaldráttum haga áveitunni svo sem aðalfundur ákveður á hverju ári.

16. gr.

Enginn má án vitundar og samþykkis umsjónarmanns, raska á nokkurn hátt mannvirkjum þeim, er teljast til áveitunnar, svo það hafi áhrif á rennsli eða stöðu vatnsins.

17. gr.

Sérhver búandi er skyldur til að leggja til vinnu umsjónarmanni til liðsinnis við rekstur áveitunnar, hvenær sem hann æskir þess. Skal full borgun reiknast fyrir, er telst til árlegs reksturskostnaðar við áveituna.

18. gr.

Viðhald áveitunnar annast umsjónarmaðurinn þannig, að hann lætur tafarlaust gera við allar smærri bilanir, og við þær bilanir, er að hans áliti eigi þola bið, en til meiri háttar aðgerða skal hann leita samþykkis áveitufélagsstjórnarinnar, ef tími vinnst til.

19. gr.

Kaup umsjónarmanns og allur kostnaður, sem leiðir af umsjón og viðhaldi áveitunnar, greiðist úr sjóði félagsins. Launakjör umsjónarmanns og ráðningstími, uppsagnarfrestur og annað, er hér að lýtur, skal ákveðið í ráðningarsamningi, er félagsstjórnin gerir við hann.

20. gr.

Stjórn áveitufélagsins skal fyrir 1. okt. ár hvert gera áætlun um viðhalds- og umsjónarkostnað áveitunnar yfirstandandi ár. Við samning áætlunar þessarar skal fara eftir hve mikill kostnaður hefir orðið það, sem af er ársins, og áætla þau gjöld, sem vænta má að falli á það, sem eftir er ársins. Heimilt er að taka á áætlun tekjuhalla, sem kann að hafa orðið á síðasta ársreikningi. Kostnaði öllum eins og hann verður talinn á áætluninni, jafnar félagsstjórnin niður á sama hátt og aðalkostnaðinum. Skal félagsstjórnin gera skrá yfir gjöld þessi, svo og yfir aðrar útborganir, sem hverjum einstökum ber að greiða eftir hlutdeild hans í áveitukostnaðinum. Eftir gjaldskrá þessari skal félagstjórnin innheimta gjöldin í heild sinni hjá áveitubændum fyrir 1. nóvember. Reikningsár félagsins er almanaksárið.

21. gr.

Nú þykir ráðlegt eða nauðsynlegt að slíta félaginu og fer þá um tillögur þar að lútandi, sem um tillögur til breytinga á samþykkt þessari.

22. gr. 117

Brot á samþykkt þessari varðar sektum 1—200 kr. og renna sektir í sjóð áveitu- 15. des.
félagsins.

23. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem er gerð og samþykkt samkvæmt lögum um vatnsveitingar 22. nóvember 1913, staðfestist hérmeð til að öðlast gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 15. desember 1921.

Pétur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

REGLUR 118

27. des.

um

hlutafélagaskrár og samvinnufélaga.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Í hverju lögsagnarumdæmi landsins skal vera skrá yfir hlutafélög og samvinnufélög. Hún skiptist í 2 deildir: A-deild og B-deild. Í A-deild skal skrá hlutafélög og í B-deild samvinnufélög. Atvinnumálaráðherra löggildir skrárnar, en lögreglustjóri heldur þær (sbr. lög um samvinnufélög nr. 36, 27. júní 1921, 10. gr. og lög um hlutafélög nr. 77 s. d., 11. gr.).

2. gr.

Hverja skrá skal merkja með rómverskri tölu (I. II. III. o. s. frv.) og taka til notkunar eftir því sem hver þeirra verður útskrifuð. Skal tölusetja hverja opnu í hverri skrá á blaðsíðunni til vinstri handar ofanmáls, og í áframhaldandi sömu röð fyrir báðar deildir. Skrá hefir t. d. 100 opnur. Þar af tekur A-deild yfir 50 opnur og B-deild yfir aðrar 50.

Hvert félag skal hafa sína opnu í skránni. Nafn félagsins skal skrá á blaðsíðuna til vinstri handar ofanmáls. Á tilsvarandi stað á blaðsíðunni til hægri handar skal þess geta, í hvaða hreppi félagið hefir lögheimili, ef lögsagnarumdæmið er ekki kaupstaður. Um útibú, sjá 4. gr.

Nú þrýtur opnu, og skal þá flytja félagið á aðra opnu í sömu skrá, meðan til vinnst, en síðan í aðra skrá. Þegar félag er þannig flutt, þá skal geta þess neðanmáls á þeirri opnu, sem félagið er flutt frá, á hvaða opnu það er flutt, ef það er flutt á aðra

118 27. des. opnu í sömu skrá, en í hvaða skrá og á hvaða opnu í henni, ef félag er flutt úr einni skrá í aðra. Ennfremur skal geta þess efst til vinstri handar á þeirri opnu, sem félag er flutt til, hvaðan (af hvaða opnu, og ef flutt er úr einni skrá í aðra úr hvaða skrá) það er flutt.

Registur, sameiginlegt fyrir báðar deildir, skal halda í hverju lögsagnarumdæmi yfir öll félög skrásett þar. Skal rita félögin í það eftir stafrófsröð, t. d. „Kveldúlfur h. f." og „Kaupfélag Þingeyinga" í „K", „Þorsteinn Einarsson & Co." í „Þ", „Samband íslenzkra samvinnufélaga" í „S" o. s. frv. Skal þar vísa til þeirrar skrár og opnu, þar sem félagið er skráð.

Dæmi: H. f. Kveldúlfur er fyrst skráð í skrá I. á 4. opnu, síðan flutt á 136. opnu í sömu skrá og loks á 139. opnu í skrá III. Þá segir neðanmáls á 4. opnu í skrá I: „Flutt til 136. opnu", í 136. opnu segir ofanmáls: „Flutt frá 4. opnu", og neðanmáls: „Flutt til III. 139. opnu". Þar segir loks ofanmáls: „Flutt frá I. 136. opnu". Í registrinu stendur: „Kveldúlfur h. f. I. 4, 136, III. 139".

3. gr.

Tilkynningar skal skrásetja jafnskjótt, sem þær koma á skrifstofu lögreglustjóra og í þeirri röð sem þær berast að í, enda skal tölusetja þær eftir þeirri röð, t. d. $^{2}/_{1922}$ (= 2. tilkynning á árinu 1922).

Rita skal á hverja tilkynningu:

1. Hvenær henni var veitt viðtaka á skrifstofu lögreglustjóra (ártal, dagur, klukkustund).
2. Hvar hún hefir verið skráð, t. d. í I. 8 (= skrá I. 8. opnu).
3. Tölu hennar, sbr. 1. málsgr.

Tilkynningar allar ásamt fylgiskjölum skal geyma vandlega í skjalasafni lögreglustjóra, svo að auðvelt sé að afla sér vitneskju úr þeim um félög um óskráð atriði, og sannprófa, hvenær sem þörf gerist, hvort rétt hafi verið ritað í skrárnar samkvæmt tilkynningu.

Nú er félagi slitið, og skal þá afhenda tilkynningar og fylgiskjöl á Þjóðskjalasafnið þegar ár er liðið frá félagsslitum.

4. gr.

Útibúa allra, hvort sem þau eru í sama lögsagnarumdæmi sem félagið sjálft eða ekki, skal geta, svo og í hvaða hreppi þau eru, ofanmáls í opnu félagsins til hægri handar.

Ef útibú er stofnað samtímis og með heimili í sama lögsagnarumdæmi sem félagið sjálft, þá er það tilkynnt og skráð ásamt félaginu, enda er þá ekki tekið sérstakt gjald fyrir skrásetningu útibúsins, heldur einungis fyrir skrásetningu félagsins. En ef útibú er síðar sett í sama lögsagnarumdæmi, sem félagið hefir áður verið skrásett í, þá skal tilkynna þar útibúið og taka lögmælt gjald fyrir skrásetningu útibúsins.

Ef útibú er sett í lögsagnarumdæmi, þar sem félag hefir ekki verið áður skráð, þá skal tilkynna félagið þar og skrásetja, ásamt útibúi, og taka gjald sem í 1. málsl. 2. málsgr. segir. Ef fleiri útibú eru þar síðar sett, fer eftir 2. málsl. sömu málsgr. Breytingar á því, sem tilkynnt hefir verið, skal og tilkynna og skrásetja í lögsagnarumdæmi, þar sem útibúið er (sbr. svfl. 12. og 13. gr., sbr. 41. gr. og hfl. 13. og 14. gr., sbr. 60. gr.).

5. gr.

Ef félag á heimili víðar en í einum hreppi í sama lögsagnarumdæmi, skal geta þess ofanmáls til hægri handar í opnu þess í skránni, t. d. heimili bæði í Keflavíkurhreppi og Garðahreppi.

Nú á félag heimilisfang í fleirum lögsagnarumdæmum, og skal þá tilkynna það og skrá í þeim báðum (öllum), enda skal taka fullt gjald fyrir skráninguna á báðum (öllum) stöðum. Í hverju lögsagnarumdæmi skal geta þess í athugasemd, að félagið hafi, og hvar það hafi, víðar heimili. 118 27. des.

Ef félag (útibú) skiptir um heimilisfang innan sama lögsagnarumdæmis, þá þarf ekki að tilkynna það, en geta skal þess í athugasemd í opnu félagsins (útibúsins), þegar lögreglustjóri hefir fengið vitneskju um breytinguna.

Nú flyzt félag í annað lögsagnarumdæmi, þá skal geta þess ofanmáls í opnu félagsins, er það hefir síðasta fengið þar í skrá, til vinstri handar, eins og félagsslita, enda skal þá skrá félagið ásamt öllu, sem áður hefir verið um það skráð, fyrir lögmælt gjald í lögsagnarumdæmi, þar sem það hefir tekið sér heimilisfang, og þar skulu tilkynningar og öll fylgiskjöl með þeim geymd (sbr. svfl. 13. gr. og hfl. 14. gr.).

6. gr.

Tilkynna skal til skrásetningar breytingar á samþykktum félags og öðru, sem tilkynnt hefir verið, t. d. breytingar á stjórn félags, hvernig undirskriftum sé hagað o. s. frv. Ennfremur þarf að tilkynna og skrá viðauka við það, sem fyrr hefir verið tilkynnt, ef viðaukinn er einhvers þess efnis, sem tilkynna hefði átt, ef svo hefði verið ástatt í upphafi, t. d. stofnun útibús, prókúru-umboð. Sönnun skal fylgja fyrir lögmæti breytingar eða viðauka, svo sem eftirrit úr gerðabók aðalfundar eða stjórnar félags eftir því sem á stendur (sbr. svfl. 13. gr. og hfl. 14. gr.).

II. Sérákvæði um hlutafélög.

7. gr.

Öll félög, sem lög um hlutafélög nr. 77, 27. júní 1921, taka yfir, skal tilkynna og skrá. Því skal skrásetja:

1. Öll innlend hlutafélög.
   a. Ef félagið er stofnað fyrir 1. jan. 1922, þá skal tilkynna það til skrásetningar fyrir 1. júlí 1922, einnig í öðru lögsagnarumdæmi þar, sem útibú þess er.
   b. Félög stofnuð eftir 1. jan. 1922 skal tilkynna til skrásetningar á mánaðarfresti eftir að það hefir verið löglega stofnað (hfl. 10. og 59. gr.).
2. Erlend félög, sem starfa hér fyrir 1. jan. 1922 og ætla að halda áfram starfsemi hér, skulu tilkynna sig til skrásetningar sem í 1. a. segir. Önnur erlend félög verða að gera það áður en þau taka hér til starfa (hfl. 46. og 59. gr.).

8. gr.

Hlutafélög skal skrásetja samkvæmt sýnishorninu af A-deild félagaskrárinnar.

Hver opna í A-deild skrárinnar er í 22 dálkum. Um hvern þeirra athugast hér að því er þörf þykir:

Í 1. dálk skal setja skrásetningardag tilkynningar, því að á þeim degi veltur það, hvenær félag má byrja starfsemi sína, heimild til að gefa út hlutabréf og vinning réttinda á hendur öðrum mönnum (sbr. hfl. 10., 22., 46. og 59. gr.). Í þessum dálki skal og standa birtingardagur tilkynningar í Lögbirtingablaðinu, og er áríðandi, að þess sé gætt að setja hann vegna fyrirmælanna í 17. gr. hfl.

Tilgang félags skal greina stuttlega, t. d. verzlun, bóksala, umboðsverzlun, heildverzlun, siglingar, sjávarútgerð o. s. frv.

118 27. des.

Í 4. og 5. dálki skal greina stofnendur og stjórnendur o. fl. svo glöggt, að ekki verði um villst.

Í 6. dálki er einungis sagt, hver eða hverir, einir eða að eins með öðrum, riti firmað. Sýnishorn undirskriftanna allra á að fylgja tilkynningu, en verður ekki tekið í skrána. Þar á móti skal birta eftirrit af sýnishorni þessu með auglýsingunni um félagið í Lögbirtingablaðinu.

Undirskriftarsýnishorn prókúrista er ekki heldur tekið í 7. dálk, en auglýsa skal það sem önnur undirskriftarsýnishorn.

Í 12. dálki greinir, hvort nokkrum hlutum fylgi sérréttindi og þá hver, t. d. að sumum hlutum fylgi réttur til arðs framar öðrum (svo sem 5% forgangsarðhlutir), að sumum hlutum fylgi forgangsréttur til að taka nýja hluti í félaginu, ef hlutafé verði aukið o. s. frv. Ber þá að greina, hvaða hlutum sérréttindin fylgi, t. d. nr. 1—10, öllum 500 króna hlutum o. s. frv.

Í 13. dálki er við það átt, ef einhverjum hlutum fylgir sú kvöð, að eigandi þeirra verði að sæta því, að aðrir leysi til sín hluti hans, t. d. stofnendur eða stjórn félagsins. Að öðru má vísa til aths. við 12. dálk.

Í 14. dálki segir um hömlur á meðferð hlutabréfa, t. d. bann við framsali, veðsetningu eða öðrum eigendaskiptum, forkaupsréttur stjórnar eða annara o. s. frv. Sbr. annars við aths. 12. dálks.

Í 17. dálki skal segja, hver útibúi stýri og geti að því leyti bundið firmað. Sýnishorn af undirskrift útibússtjóra skal fylgja tilkynningu, og skal auglýsa það í Lögbirtingablaðinu, eins og önnur slík sýnishorn.

Í 18. dálki kemur sérstaklega um umboð fyrir erlend félög. Þar skal fylgja sýnishorn undirskriftar þess eða þeirra, sem skuldbinda firmað hér með undirskrift sinni. Og eru þau sýnishorn auglýst sem fyrr segir. Skráning þessara félaga fer eftir meðfylgjandi fyrirmynd. Sýnishorn af undirskriftum þeirra, sem erlendis rita firmað, þarf þó ekki að fylgja.

Í 19. dálk koma athugasemdir, sem ekki er sérstakur dálkur ætlaður, en þykir þó ástæða til að taka í skrána, um það er beðið eða það er lögboðið, eins og skráning málsúrslita eftir hfl. 37. gr., tryggingarupphæð erlends félags samkvæmt hfl. 46. gr. 4. tölul.

Í 20. dálki skal lögreglustjóri draga saman efni hverrar tilkynningar, stutt en glöggt, og auglýsir hann það svo, ásamt undirskrifta-sýnishornunum, í Lögbirtingablaðinu.

Í 22. dálki segir stuttlega um aðalniðurstöðu félagsreikninganna ár hvert, svo sem eignir alls og skuldir alls, varasjóð, hreinan arð eða hreint tap um árið. En ekki skal það auglýsa né gjald taka fyrir skráninguna.

9. gr.

Breytingar og viðauka (sbr. 6. gr.) skal skrá í viðeigandi dálka. Ef félag leggur niður tilkynnta atvinnu eða bætir við sig atvinnu eða starfsgrein, skal skrá það í 3. dálk. Stjórnarbreytingar, þar á meðal ef skilanefnd eða skiptaréttur tekur við meðferð félags, skal skrá í 5. dálk, og þar með geta þess, hvernig stjórn eða skilanefnd ritar firmað, í 6. dálki. Breyting á prókúru-umboði kemur í 7. dálk. Aukning hlutafjár kemur í 8. dálk. Ef þá koma t. d. forgangshlutir, kemur það í 12. dálk o. s. frv. Í 19. dálk koma breytingar eða viðaukar við það, sem þar hefir verið skráð. Í 20. dálk kemur efni hverrar tilkynningar, sem svo skal auglýsa, eins og fyrr segir. Félagsslita skal geta ofanmáls til vinstri handar og í 20. dálki og auglýsa þau í Lögbirtingablaðinu.

III. Sérákvæði um samvinnufélög og samvinnusambönd.

10. gr.

Öll félög, sem teljast til samvinnufélaga samkvæmt 1.—3. gr. laga um samvinnufélög nr. 36, 27. júní 1921, svo og samvinnusambönd samkvæmt 28. gr. sömu laga, skulu tilkynna sig til skrásetningar.

Greint er milli:

1. Félaga, stofnaðra fyrir 15. júlí 1921. Skulu þau tilkynna sig innan mánaðar frá fyrsta aðalfundi, sem tækifæri hefir haft til að breyta samþykktum þess í það horf, sem lög um samvinnufélög mæla. Um útibú fer eftir 4. gr.
2. Félaga, stofnaðra eftir 15. júlí 1921. Þau tilkynna sig til skrásetningar á mánaðarfresti eftir að þau voru stofnuð (svfl. 11. sbr. 42. gr.).

11. gr.

Samvinnufélög og samvinnusambönd skal skrásetja samkvæmt sýnishorninu af B-deild félagaskrárinnar. Um einstaka dálka athugast.

1.—3. dálkur svarar að öllu leyti til 1.—3. dálks í A-deild. Skrásetningin hefir hér þá þýðingu meðal annars, að fyrr öðlast félagið ekki réttindi með samningum á hendur öðrum mönnum. Auglýsingin hefir hér að öllu sömu þýðingu sem um hfl. (svfl. 9. og 17. gr.).

4.—6. dálkur svarar alveg til 5.—7. dálks í A-deild, og má vísa til 8. gr.

Í 7. dálki greinir, hvort félagsmenn beri sameiginlega ábyrgð á fjárreiðum félagsins eða ekki. Og ef samvinnusamband er, þá hvort hvert félag í sambandinu beri slíka ábyrgð á fjárreiðum sambandsins eða ekki (sbr. svfl. 3. gr. 2. tölul.).

Í 8. dálki er átt við inngöngueyri samkvæmt 7. gr. svfl. Ef félag greiðir inngöngueyri, þegar það gengur í samvinnusamband, þá skal þess geta hér.

Í 9. dálki segir, hvort félag hafi inlánsdeild (sjá 26. gr. svfl.) eða með öðrum orðum, hvort félagið reki sparisjóðsstarfsemi eða þeirri starfsemi mjög skylda atvinnu.

Ákvæði um árgjöld í varasjóð og aðra sjóði eru þýðingarmikil fyrir lánstraust félaganna og því er þeirra getið í 10. dálki (sbr. svfl. 24. og 25. gr.). Sömuleiðis, hvort félag reki verzlun (11. dálkur) (sbr. svfl. 27. gr.).

12.—17. dálkur svarar til 16., 17. og 19.—22. dálks og má vísa til athugasemdanna í 8. gr. Í 17. dálki kemur upphæð sjóða og innlánsfjár, auk annars.

IV. Niðurlagsákvæði.

12. gr.

Tilkynningu skal fylgja lögboðið gjald fyrir skráningu hennar (svfl. 11. gr. sbr. 41. gr., og hfl. 15. gr. sbr. 60. gr.). Auk þess getur lögreglustjóri krafizt þess, að tilkynnandi greiði eða setji tryggingu fyrir greiðslu auglýsingarkostnaðar, enda ábyrgist hann greiðslu þess kostnaðar gagnvart ríkissjóði.

Ef menn herma vísir vitendur eða af stórfelldu gáleysi rangt frá í tilkynningum til félagaskrár eða vanrækja slíkar tilkynningar, þá varðar það refsingu, sektum eða fangelsi, nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum (svfl. 39. gr., hfl. 53.—55 gr.).

Reglur þessar eru settar samkvæmt lögum um samvinnufélög nr. 36, 27. júní 1921, 10. gr., og lögum um hlutafélög, nr. 77 s. d., 11. gr.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 27. des. 1921.

Pétur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

119

Skrá yfir hlutafélög

A-

„Þórður Kakali".

Slitið með skiptalokum — 1925.

1		2	3	4	5	6	7	8	9	10	11
Hvenær		Dagsetning samþykkta	Atvinna	Stofnendur	Stjórn. Framkv.-stjóri	Firmað rita	Prókúra	Hlutafé og skipting þess	Hlutafjársöfnun	Hlutabréf hljóða á	Hlutafé gr.? Hvenær kræft?
skrásett	birt										
Félagið rekur verzlun. Fyrrgreindir menn eru í stjórn félagsins, er Sigmundur Jóhannsson formaður en Sigvaldi Indriðason varaformaður. Prókúruhafi er Snorri Jóhannsson. Höfuðstóll er 2200 kr., sem skiptist í 50 og 100 kr. hluti, er hljóða á nafn og eru greiddir að fullu.

Birtingar til félagsmanna þarf ekki að setja í opinber blöð. Heimild til að rita firmað hafa formaður félagsstjórnarinnar og annar stjórnenda.

Sigmundur Jóhannsson og Carl Holm rita firmað þannig:

h/f. Verzlunin Hlíf

Sigm. Jóhannsson. Carl Holm.

Sigmundur Jóhannsson og Sigvaldi Indriðason rita firmað þannig:

h/f. Verzlunin Hlíf

Sigm. Jóhannsson,

Sigv. Indriðason, frá Hvoli.

Prókúruhafi ritar firmað þannig:

pr. pr. h/f. Verzlunin Hlíf

Snorri Jóhannsson.

Reykjavík, 4. apríl 1921.

Sigm. Jóhannsson. Carl Holm.

Sigv. Indriðason, frá Hvoli.

15. Prókúru-umboð það, sem við á sínum tíma gáfum hr. Þórarni Birni Stefánssyni, afturkallast hér með.

Reykjavík, 23. apríl 1921.

O. Friðgeirsson & Skúlason.

O. Friðgeirsson.

16. Ég gef hér með herra kaupmanni Carl Proppé, Reykjavík, fullt umboð til þess, í fjarveru og forföllum hr. kaupmanns og alþingismanns, Ólafs J. Proppé, að hafa umsjón með vátryggingarstarfsemi minni á Íslandi, og undirskrifa fyrir mína hönd öll skjöl þar að lútandi. Skal umboð þetta, í forföllum hr. Ólafs J. Proppé, vera jafn víðtækt og umboð það, sem ég hefi veitt honum.

Pegli (Ítalíu) þ. 1. desember 1920.

G. Egilsson.

Prókúruhafi ritar þannig:

pr. pr. G. Egilsson.

C. Proppé.

164 17. Við undirritaðir tilkynnum hér með að Helgi Jónsson verzlunarm. er genginn úr firmanu Marteinn Einarsson & Co., Reykjavík, og að Marteinn Einarsson rekur einn firmað framvegis með fullri ábyrgð.

Reykjavík, 1. apríl 1921.

Marteinn Einarsson.

Helgi Jónsson.

18. H.f. Kol & Salt tilkynnir, að á aðalfundi þess þ. 30. apríl þ. á. var endurkosinn í stjórn þess herra konsúll C. Zimsen, og er hann formaður stjórnarinnar. Meðstjórnendur hans eru þeir herrar Hjalti Jónsson skipstjóri og Jón Ólafsson framkvæmdarstjóri, og til vara Halldór Þorsteinsson skipstjóri.

Reykjavík, 6. maí 1921.

Í stjórn H.f. Kol & Salt.

C. Zimsen. Hjalti Jónsson.

Jón Ólafsson.

19. H.f. Kol & Salt veitir hér með herra Theodor Jakobssyni prókúru-umboð fyrir félagið.

Prókúruhafi ritar félagið þannig:

pr. pro. H.f. Kol & Salt

Theodor Jakobsson.

Jafnframt afturkallast prókúru-umboð það, er herra konsúll C. Zimsen hafði áður fyrir félagið.

Reykjavík, 6. maí 1921.

Í stjórn H.f. Kol & Salt.

C. Zimsen. Hjalti Jónsson.

Jón Ólafsson.

20. H.f. Sjóvátryggingarfélag Íslands, Reykjavík, tilkynnir að hr. cand. polit. Georg Ólafsson, Reykjavík, hafi prókúru fyrir félagið með öllum réttindum prókúruhafa frá 1. desember 1920, og undirskrifar þannig:

p. p. H.f. Sjóvátryggingarfélag

Íslands.

Georg Ólafsson.

Reykjavík, 18. marz 1921.

H.f. Sjóvátryggingarfélag Íslands

L. Kaaber. Jes Zimsen.

21. Frá 1. þ. m. er frk. Rósa Jónsdóttir gengin úr firmanu verzlunin „Alfa“ og rekum við undirritaðar frú Guðný Vilhjálmsdóttir og frú Vilborg V. Bjarnar

því verzlunina áfram með ótakmarkaðri ábyrgð og svörum til allra skuldbind- 164
inga firmans. Firmað ritum við hver í sínu lagi.

Reykjavík, 10. maí 1921.

Guðný Vilhjálmsdóttir,
Vilborg Bjarnar,
Rósa Jónsdóttir.

Frú Guðný Vilhjálmsdóttir ritar firmað þannig:

Verzlunin „Alfa"
Guðný Vilhjálmsdóttir.

Frú Vilborg V. Bjarnar ritar firmað þannig:

Verzlunin „Alfa"
Vilborg Bjarnar.

22. Iðnfyrirtæki undir nafninu hlutafélagið „Seros", Reykjavík, var stofnsett 25. okt. 1919 og lög þess voru samþykkt á fundi félagsins 3. des. sama ár. Á þeim fundi var kosin stjórn fyrir félagið og hlutu þessir kosningu: Formaður Sigurjón Pétursson og meðstjórnendur Emil Rokstad og Ólafur Gíslason allir í Reykjavík. Prókúruhafi er formaður. Starfsemi félagsins er tilbúningur á allskonar sápum, svertum, málningu, lakkvörum o. fl. slíkum efnum og vörutegundum.

Heimild til að rita firmað hafa formaður og annarhvor meðstjórnenda. Hlutafé er kr. 30000 er skiptist í eitt þúsund króna hluti og er það að fullu innborgað. Stjórnin hefir heimild til að auka hlutafé upp í kr. 50000, en til frekari hlutafjáraukningar þarf samþykki félagsfundar. Hlutirnir hljóða á nafn hluthafa.

Til aðalfundar skal boða með hálfsmánaðar fyrirvara í ábyrgðarbréfi.

Stjórn félagsins ritar firmað þannig:

pr. h/f. „Seros"
Sigurjón Pétursson
Ól. Gíslason,
eða pr. h/f. „Seros"
Sigurjón Pétursson
E. Rokstad.

Prókúruhafi ritar firmað þannig:

pr. pr. h/f. „Seros"
Sigurjón Pétursson.

Reykjavík, 24. maí 1921.

Sigurjón Pétursson, Ól. Gíslason,
E. Rokstad.

23. Undir firma h/f. Fiskiveiðafélagið „Njáll" eru reknar fiskiveiðar frá Reykjavík af hlutafélagi með lögum, dags. 6. maí 1921.

164 Í stjórn félagsins eru 3 menn og eru þeir: Guðmundur Ólafs formaður og Sigurður Hjaltested og Tómas Tómasson meðstjórnendur, og auk þess eru varamenn í stjórninni, Þorleifur Andrésson og Friðrik Kr. Magnússon. Formaður og einhver annar úr stjórninni ritar firmað. Hlutafé er 90000 kr. skipt í 18 hluti á 5000 kr. Hlutabréf hljóða á nafn. Hlutafé er allt greitt. Tilkynningar birtar í ábyrgðarbréfi eða símskeyti.

Formaður og Sigurður Hjaltested rita þannig:

Fiskiveiðafélagið „Njáll"
Guðm. Ólafs. Sigurður Hjaltested,

Formaður og Tómas Tómasson rita þannig:

Fiskiveiðafélagið „Njáll"
Guðm. Ólafs. Tómas Tómasson.
Reykjavík, 23. maí 1921.
Guðm. Ólafs. Sigurður Hjaltested,
Tómas Tómasson.

24. Á aðalfundi h/f. Trolle & Rothe í Reykjavík þ. 18. þ. m. voru þessir kosnir í stjórn félagsins: Formaður capt. R. Rothe, og meðstjórnendur þeir framkv.stj. August Flygenring, framkv.stj. Hjalti Jónsson, framkv.stj. M. Eskildsen, konsúll P. A. Ólafsson, og framkv.stj. Carl Finsen. Þetta tilkynnist hérmeð til firmaskrár Reykjavíkur.

Reykjavík 23. maí 1921.
Trolle & Rothe h/f.
Rud. Rothe. Carl Finsen.

25. Ég Guðrún A. Bramm, verzlunareigandi í Reykjavík, gef hérmeð fröken Steinunni Jónsdóttur umboð sem prókúrista fyrir verzlun mína og hefir hún öll réttindi prókúrista samkvæmt lögum.

Firmað ritar hún þannig:

Fatabúðin.
pr. pr. Guðríður A. Bramm
St. Jónsdóttir.
Reykjavík, 1. júní 1921.
Fatabúðin.
Guðríður A. Bramm.

26. Vér leyfum oss hér með að tilkynna til firmaskrár Reykjavíkur, að á aðalfundi fiskiveiðahlutafélagsins Kári, 22. marz þ. á., voru kosnir í stjórn félagsins: Formaður Richard Torfason bankabókari og meðstjórnendur Magnús Gíslason cand. jur., Ólafur Ólafsson præp. hon. frá Hjarðarholti, Rögnvaldur Snorrason kaupmaður á Akureyri og Magnús Bl. Jónsson prestur í Vallanesi. Vara-

stjórnarmaður var kosinn Páll Ólafsson kaupmaður frá Hjarðarholti. Fram- 164
kvæmdarstjóri var kosinn síðastnefndur Páll Ólafsson.

Reykjavík í apríl 1921.

Fiskiveiðahlutafélagið „Kári".

Rich. Torfason, Magnús Gíslason,

Ólafur Ólafsson.

27. Hérmeð tilkynnist til firmaskrárinnar, að prókúru-umboð það, er ég á sínum tíma gaf verzlunarmanni Jóni Á. Egilsson, er afturkallað frá og með þessum degi.

Reykjavík, 23. júní 1921.

A. Guðmundsson.

28. Það tilkynnist hérmeð til firmaskrárinnar fyrir Reykjavík, að á aðalfundi h.f. Eimskipafélags Íslands, er haldinn var 25. þ. m. gengu eftirtaldir menn úr stjórn félagsins:

Sveinn Björnsson, sendiherra, Köbenhavn,
Pétur A. Ólafsson, konsúll, Reykjavík,
Halldór Kr. Þorsteinsson, skipstjóri, Reykjavík,
Árni Eggertsson, fasteignasali, Winnipeg,

og voru þeir allir endurkosnir að undanskildum Sveini Björnssyni, sendiherra, en í hans stað var kosinn Hallgrímur Benediktsson, stórkaupmaður. Stjórnin er því nú skipuð þannig:

Kosnir af hluthöfum:
Pétur A. Ólafsson, konsúll, Reykjavík,
Eggert Claessen, bankastjóri, Reykjavík,
Jón Þorláksson, verkfræðingur, Reykjavík,
Garðar Gíslason, stórkaupmaður, Reykjavík,
Hallgrímur Benediktsson, stórkaupmaður, Reykjavík,
Halldór Kr. Þorsteinsson, skipstjóri, Reykjavík.
Fulltrúar Vestur-Íslendinga:
Árni Eggertsson, fasteignasali, Winnipeg,
Jón J. Bildfell, ritstjóri, Winnipeg.
Skipaður af ríkisstjórninni:
Hallgrímur Kristinsson, framkvæmdarstjóri, Reykjavík.

Reykjavík, 30. júní 1921.

H. F. Eimskipafélag Íslands.

Emil Nielsen.

29. Vér leyfum oss hérmeð að tilkynna til firmaskrárinnar að á aðalfundi Kaupfélags Reykvíkinga 5. marz þ. á. gekk úr stjórn félagsins herra bæjarfulltrúi Kristján V. Guðmundsson, en í hans stað var kosinn herra kennari Jón Jónsson

164 frá Flatey til heimilis í Finnbogahúsi við Laugaveg hér í bænum. Varamaður í stjórn félagsins í stað herra Ögmundar Hanssonar á Hólabrekku, var kosinn herra stud. jur. Sigurður Jónasson til heimilis á Vatnsstíg 16 hér í bænum.

Reykjavík, 12. júlí 1921.

Í stjórn Kaupfélags Reykvíkinga.

H. Helgason, Bjarni Pétursson,
Kjartan Ólafsson, Helgi Björnsson,
Jón Jónsson frá Flatey,
Sigurður Jónasson.

30. Við leyfum okkur hérmeð að tilkynna til firmaskrárinnar að Björn Guðmundsson er genginn úr firmanu „Verzlun Helga Zoëga" og réttur hans til að reka firmað jafnframt burtu fallinn. Geir H. Zoëga, sem er einkaeigandi, ritar firmað eins og áður.

Reykjavík, 14. júlí 1921.

Björn Guðmundsson,
Geir H. Zoëga.

31. Það tilkynnist hérmeð til firmskrár Reykjavíkur að vér höfum frá í dag gefið herra Eiríki Stephensen, Reykjavík, prókúru-umboð fyrir firmað h/f. Trolle & Rothe í Reykjavík og hefir hann öll réttindi prókúrista samkvæmt gildandi lögum.

Prókúruhafi ritar firmað þannig:

p. p. h/f. Trolle & Rothe
Eiríkur Stephensen.

Reykjavík, 30. júlí 1921.

Rud. Rothe, Carl Finsen.

32. Við undirritaðir, Guðsteinn Eyjólfsson, klæðskeri, Tómas Jónsson og Sigurjón Jónsson, allir til heimilis í Reykjavík, tilkynnum hérmeð að við rekum í félagi með ótakmarkaðri ábyrgð efnafræðilega hreinsun og litun (Kemisk Töjrensning og Farveri) á allskonar fatnaði, dúkum o. fl. úr ull, hálf-ull, bómull og silki o. s. frv., undir firmanafninu:

S/F. Efnalaug Reykjavíkur.

Firmað ritar Sigurjón Jónsson einn þannig:

S/F. Efnalaug Reykjavíkur.
Sj. Jónsson.

Reykjavík, 16. ágúst 1921.

Guðsteinn Eyjólfsson,
Tómas Jónsson,
Sigurjón Jónsson.

33. Undir nafninu h/f. Belgaum, er rekið fiskiveiðahlutafélag í Reykjavík, sem hefir þar heimili og varnarþing. Lög félagsins eru dagsett 28. maí 1921. Stjórn félagsins skipa: Jes Zimsen kaupmaður Reykjavík, formaður og Hjalti Jónsson skipstjóri Reykjavík, meðstjórnandi. Heimild til að rita firmað hefir stjórnin. Prókúru hefir Jes Zimsen. Hlutafé félagsins er kr. 300,000,00 og skiptist í 4 hluti, sem hver er að upphæð kr. 72000,00 og 12 hluti sem hver er að upphæð kr. 1000,00. Hlutirnir hljóða á nafn og eru að fullu innborgaðir. Birtingar til félagsmanna skulu gerðar í ábyrgðarbréfi eða með símskeyti. **164**

Reykjavík, 28. maí 1921.

Stjórn h/f. Belgaum

Jes Zimsen. Hjalti Jónsson.

Stjórn félagsins ritar firmanafnið þannig:

h/f. Belgaum

Jes Zimsen. Hjalti Jónsson.

Prókúruhafi ritar firmanafnið þannig:

p. p. h/f. Belgaum

Jes Zimsen.

34. Undir firmanafninu h/f. Jón Sigmundsson & Co., er rekin gullsmíðaverzlun og gullsmíðavinnustofa, sem hefir heimilisfang í Reykjavík. Lög félagsins eru dagsett 11. júní 1921.

Stjórn félagsins skipa:

Formaður Guðmundur J. Breiðfjörð kaupmaður í Reykjavík.

Meðstjórnendur: Eiríkur Þorsteinsson, kaupmaður í Gerðum í Gullbringusýslu, Jón Sigmundsson gullsmiður í Reykjavík.

Heimild til að rita firmað hafa formaður og annar meðstjórnandi. Prókúru hefir Jón Sigmundsson gullsmiður, sem jafnframt er framkvæmdarstjóri félagsins.

Hlutaféð er 30000,00 krónur er skiptist í 30 hluti, sem hver er að upphæð 1000 krónur.

Hlutaféð er að fullu greitt.

Birtingar til félagsmanna eru gerðar í ábyrgðarbréfi eða með símskeyti.

Reykjavík, 6. september 1921.

H/f. Jón Sigmundsson & Co.

Guðm. J. Breiðfjörð.

Eir. Þorsteinsson.

Jón Sigmundsson.

164 Guðmundur J. Breiðfjörð og Jón Sigmundsson rita firmað þannig:
H/f. Jón Sigmundsson & Co.
Guðm. J. Breiðfjörð.
Jón Sigmundsson.
Guðmundur J. Breiðfjörð og Eiríkur Þorsteinsson rita firmað þannig:
H/f. Jón Sigmundsson & Co.
Guðm. J. Breiðfjörð.
Eir. Þorsteinsson.
Prókúruhafi, Jón Sigmundsson, ritar firmað þannig:
pr. pr. H/f. Jón Sigmundsson & Co.
Jón Sigmundsson.

35. Hlutafélagið Þorsteinn Einarsson & Co., Reykjavík, er stofnað 1. október 1921 og eru félagssamþykktir frá þeim tíma.
Tilgangur félagsins er kolaverzlun.
Stjórn firmans skipa:
Þorsteinn Einarsson, Baldursgötu 31, framkvæmdarstjóri.
Hjálmar Bjarnason, Suðurgötu 5, meðstjórnandi.
Heimild til að rita firmað hefir stjórnin.
Prókúru-umboð hefir framkvæmdarstjóri.
Höfuðstóll hlutafjár er kr. 3000,00, er skiptist í 1000 króna hluti sem hljóða á nafn og eru að fullu innborgaðir.
Til félagsfunda skal boða með ábyrgðarbréfi.
H/f. Þorsteinn Einarsson & Co.
Þ. Einarsson. Hjálmar Bjarnason.
Framkvæmdarstjóri ritar firmað:
pr. pr. H/f. Þorsteinn Einarsson & Co.
Þ. Einarsson.
Reykjavík, 17. október 1921.
Þ. Einarsson. Hjálmar Bjarnason.

36. Magnús Þorsteinsson, Vesturgötu 20, og Brynjólfur Árnason, Hverfisgötu 18, Reykjavík, reka verzlun í Reykjavík, undir firmanafninu Magnús Þorsteinsson & Co., báðir sem fullábyrgir félagar, með ótakmarkaðri ábyrgð.
Hvor um sig ritar firmað.
Brynjólfur Árnason ritar firmað þannig:
Magnús Þorsteinsson & Co.
Magnús Þorsteinsson ritar firmað þannig:
Magnús Þorsteinsson & Co.
Reykjavík, 27. október 1921.
Brynjólfur Árnason.
Magnús Þorsteinsson.

37. Undir firmanafninu H/f. Ísólfur er rekin umboðssala og verzlun með innlendar og útlendar afurðir. Lög félagsins eru samþykkt á stofnfundi 12. okt. 1921. Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík. Stjórn félagsins skipa 3 menn: Guðm. Albertsson formaður og Þorsteinn Jónsson og Sigm. Jóhannsson meðstjórnendur. Framkvæmdarstjóri er Þorsteinn Jónsson, og hefir hann prókúruumboð fyrir félagið. Hlutaféð er kr. 15,000,00, sem skiptist í 1000,00 kr. hluti og er að fullu innborgað. Hlutabréf hljóða á nafn. Tilkynningar til hluthafa skulu sendar í ábyrgðarbréfi. Heimild til að rita firmað hafa einhverir tveir úr stjórninni. **164**

Stjórn félagsins ritar firmað þannig:

H/f. Ísólfur.
G. Albertsson, Sigm. Jóhannsson,
eða: H/f. Ísólfur.
G. Albertsson, Þorst. Jónsson,
eða: H/f. Ísólfur.
Þorst. Jónsson, Sigm. Jóhannsson.

Prókúruhafi ritar firmað þannig:

pr. pr. H/f. Ísólfur.
Þorst. Jónsson.

Reykjavík, 26. okt. 1921.

G. Albertsson. Þorst. Jónsson.
Sigm. Jóhannsson.

38. Undirrituð stjórn „Fiskiveiðahlutafélagsins Bragi" tilkynnir hér með, að félagið er hætt að starfa.

Reykjavík, 14. nóv. 1921.
Sighvatur Bjarnason,
Th. Thorsteinsson,
Siggeir Torfason.

39. H/f. Hrogn & Lýsi tilkynnir að það reki lýsisbræðslu og verzlun með sjávarafurðir. Varnarþing og aðalskrifstofa félagsins er í Reykjavík. Stjórn félagsins skipa: Pétur Magnússon, hæstaréttarmálaflutningsm., formaður, Björn Ólafsson kaupmaður og Þórður Sveinsson kaupmaður, meðstjórnendur. Einhverir tveir stjórnendur geta skuldbundið félagið og eignir þess. Prókúru-umboð hefir Björn Ólafsson. Hlutaféð er kr. 30000 og skiptist í 30 jafna hluti. Hlutabréfin eru nafnskráð. Tilkynningar til félagsmanna eru ekki birtar í blöðum. Varamaður í stjórn félagsins er Þ. J. Thoroddsen læknir. Lög félagsins eru samþykkt 4. desbr. 1921.

164 Pétur Magnússon og Þórður Sveinsson rita firmað þannig:
H/f. Hrogn & Lýsi.
Pétur Magnússon,
Þórður Sveinsson.
Pétur Magnússon og Björn Ólafsson rita firmað þannig:
H/f. Hrogn & Lýsi.
Pétur Magnússon,
Björn Ólafsson.
Björn Ólafsson og Þórður Sveinsson rita firmað þannig:
H/f. Hrogn & Lýsi.
Björn Ólafsson.
Þórður Sveinsson.
Prókúruhafi ritar firmað þannig:
pr. pr. H/f. Hrogn & Lýsi.
Björn Ólafsson.
Reykjavík, 6. desember 1921.
Pétur Magnússon. Björn Ólafsson.
Þórður Sveinsson.

40. Kristján Jónsson, Skólavörðustíg 46, tilkynnir, að hann reki verzlun í Reykjavík með fullri ábyrgð undir firmanafninu „Þjótandi".
Reykjavík, 2. desbr. 1921.
Kristján Jónsson.

41. Bræðurnir Einar og Guðmundur M. Björnssynir, báðir til heimilis á Vesturgötu 23 B, Reykjavík, tilkynna að þeir reki verzlun í Reykjavík, sem fullábyrgir félagar, undir firma:
SPORTVÖRUHÚS REYKJAVÍKUR
Einar Björnsson & Co.
Undirskrift, er snertir daglegan rekstur firmans, rita hvor um sig. Við allar stærri skuldbindingar eða veðsetningar á eignum firmans rita báðir firmað.
Einar Björnsson ritar firmað þannig:
SPORTVÖRUHÚS REYKJAVÍKUR
Einar Björnsson & Co.
E. Björnsson.
Guðmundur M. Björnsson ritar firmað þannig:
SPORTVÖRUHÚS REYKJAVÍKUR
Einar Björnsson & Co.
G. M. Björnsson.

Einar og Guðmundur M. Björnsson rita firmað þannig: 164

SPORTVÖRUHÚS REYKJAVÍKUR
Einar Björnsson & Co.
E. Björnsson. G. M. Björnsson.
Reykjavík, 5. desbr. 1921.
E. Björnsson. G. M. Björnsson.

42. Jón Magnússon á Stokkseyri og Maríus Ólafsson, Reykjavík, reka verzlun í Reykjavík með ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu:

Jón Magnússon & Maríus.

Hafa þeir hvor um sig rétt til að rita firmað.

Jón Magnússon ritar firmað þannig:

Jón Magnússon & Maríus.
Jón Magnússon.

Maríus Ólafsson ritar firmað þannig:

Jón Magnússon & Maríus.
Maríus Ólafsson.

Reykjavík, 8. desbr. 1921.
Jón Magnússon. Maríus Ólafsson.

43. Guðrún E. Hallgríms tilkynnir til firmaskrár Reykjavíkur, að hún reki ekki lengur verzlun í Reykjavík undir firmanafninu „Olíubúðin" og um leið er afturkallað prókúruumboð það, er Hallgr. T. Hallgríms hafði fyrir þetta firma.

Reykjavík, 8. desbr. 1921.
Guðrún E. Hallgríms.

44. Guðrún E. Hallgríms tilkynnir, að hún rekur verzlun í Reykjavík undir firmanafninu verzlunin „Hornbjarg". Prókúruumboð fyrir firmað hefir Hallgrímur T. Hallgríms, og ritar hann einn firmað þannig:

pr. pr. verzl. „Hornbjarg".
H. T. Hallgríms.
Reykjavík, 8. desbr. 1921.
Guðrún E. Hallgríms.

II. Mýra- og Borgarfjarðarsýsla.

Stjórn kaupfélags Akraness tilkynnir, að prókúruumboð Arnmundar Gíslasonar sé afturkallað frá 1. febr. 1921 að telja.

164

III. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.

1. Firmað „Kaupfélag Ólafsvíkur" rekur verzlun í Ólafsvík. Lög þess eru dagsett 19. febr. 1921. Heimili félagsins er í Ólafsvík. Félaginu stjórnar 5 manna nefnd. Í stjórn félagsins eru: Kristján Þórðarson, Guðm. Guðjónsson, Guðbrandur Guðmundsson, Þórður Kristjánsson og Stefán Kristjánsson, allir í Ólafsvík. Félagsmenn greiða 10 kr. í varasjóð og 100 kr. í stofnsjóð, er þeir ganga í félagið, og ábyrgjast skuldir félagsins, þar með talin aukainnlög í stofnsjóð, allir fyrir einn og einn fyrir alla, þó svo að hver félagsmaður losnar við skuldbindingar sínar 2 árum eftir að hann er kominn úr félaginu. Undirskrift meiri hluta stjórnarinnar er skuldbindandi fyrir félagið. Prókúru fyrir félagið hefir sira Guðmundur Einarsson í Ólafsvík þetta ár, og ritar hann firmað þannig:

pr. Kaupfélag Ólafsvíkur
Guðm. Einarsson.
Ólafsvík, 8. apríl 1921.
Kristján Þórðarson.
Guðm. Guðjónsson.
Guðbr. Guðmundsson.
Þórður Kristjánsson.
Stefán Kristjánsson.

2. Firmað „Kaupfélag Fróðárhrepps" pantar vörur fyrir félagsmenn. Lög þess eru dagsett 13. febr. 1921. Félaginu stjórnar 3 manna nefnd. Í stjórn félagsins eru: Bergsveinn Haraldsson, Ólafur Bjarnason og Sigþór Pétursson. Félagsmenn greiða 10 kr. í varasjóð og 50 kr. í stofnsjóð, er þeir ganga í félagið og ábyrgjast skuldir félagsins, þar með talin aukainnlög í stofnsjóð, allir fyrir einn og einn fyrir alla, þó svo, að hver félagsmaður losnar við skuldbindingar sínar 2 árum eftir að hann er kominn úr félaginu. Undirskrift meiri hluta stjórnarinnar er skuldbindandi fyrir félagið. Prókúru fyrir félagið hefir sira Guðmundur Einarsson í Ólafsvík þetta ár, og ritar hann firmað þannig:

pr. Kaupfélag Fróðárhrepps.
Guðm. Einarsson.
Brimilsvöllum, 10. apríl 1921.
Bergsveinn Haraldsson.
Ó. Bjarnason.
Sigþór Pétursson.

3. Firmað „Kaupfélag Hellissands" rekur verzlun á Hellissandi. Lög þess eru dagsett 27. febr. 1921. Heimili félagsins er á Hellissandi. Félaginu stjórnar 5 manna nefnd. Í stjórn félagsins eru: Pétur Kr. Pétursson, Guðm. Guðmundsson, Brandur Bjarnason, Vigfús Jónsson og Guðm. Þorvarðarson, allir í Neshreppi utan Ennis. Félagsmenn greiða 10 kr. í varasjóð og 100 kr. í stofnsjóð,

er þeir ganga í félagið, og ábyrgjast skuldir félagsins, þar með talin auka- 164
innlög í stofnsjóð, allir fyrir einn og einn fyrir alla, þó svo að hver félagsmaður losnar við skuldbindingar sínar 2 árum eftir að hann er kominn úr félaginu. Undirskrift meiri hluta stjórnarinnar er skuldbindandi fyrir félagið. Prókúru fyrir félagið hefir síra Guðmundur Einarsson í Ólafsvík þetta ár, og ritar hann firmað þannig:

pr. Kaupfélag Hellissands.
Guðm. Einarsson.
Hellissandi, 17. apríl 1921.
Pétur Kr. Pétursson.
Guðm. Guðmundsson.
Brandur Bjarnason.
Vigfús Jónsson.
Guðmundur Þorvarðarson.

4. Hlutafélagið „Auðunn" tilkynnir, að það reki fiskveiðar við Breiðafjörð og víðar. Heimili félagsins er í Stykkishólmi. Lög þess eru samþykkt 10. marz þ. á. Stofnfé félagsins er 24000 kr., skiptist í 500 kr. hluti og er að fullu innborgað. Hlutabréfin hljóða á nafn. Til félagsfunda skal boða skriflega. Stjórn félagsins skipa: Jón Guðmundsson veitingamaður sem formaður, og þeir Hannes Jónsson dýralæknir og Jóhann Garde Jóhannsson sem meðstjórnendur, allir í Stykkishólmi. Formaður félagsins, Jón Guðmundsson, ritar firmað sem prókúruhafi þannig:

p. p. H/f. „Auðunn"
Jón Guðmundsson.

IV. Barðastrandarsýsla.

1. Pöntunarfél. Rauðasandshrepps rekur verzlun og útgerð á Patreksfirði undir sama nafni. Samþykktir félagsins dagsettar 8. maí 1920. Allir félagsmenn ábyrgjast skuldir félagsins, in solidum, unz eitt ár er liðið frá brottför þeirra úr félaginu.

Í stjórn eru:

Síra Þorvaldur Jakobsson formaður.
Guðmundur Þórðarson.
Ólafur E. Thoroddsen.

Prókúru hefir:

Ólafur Ó. Thorlacius, Saurbæ.

2. Kaupfélag Flateyjar rekur verzlun í Flatey á Breiðafirði undir sama nafni. Samþykktir félagsins eru dagsettar 18. nóv. 1920. Hver félagsmaður greiðir

164 minnst 250 krónur er hann gengur í félagið, og ábyrgjast þeir allir skuldir þess in solidum, unz eitt ár er liðið frá brottför þeirra úr félaginu.

Í stjórn eru:

Hafliði Þ. Snæbjörnsson.
Jón S. Sigurðsson.
Gísli Gíslason.
Þórður Jónsson.
Sigmundur Guðmundsson.

Prókúru hefir:

Sigfús H. Bergmann.

3. Hér með tilkynnist að hr. Jóh. I. Jónsson er genginn úr firmanu Baldur frá 1. janúar að telja þetta ár.

Bíldudal 4. nóv. 1920.
Virðingarfyllst.
Verzlunin „Baldur".
G. Sigurðsson.

4. Konsúll og kaupmaður Ólafur Jóhannesson á Vatneyri hefir tilkynnt til firmaskrárinnar hinn 12. þ. m. að hann frá 1. nóv. þ. á. hafi tekið þá syni sína Gunnar, Kristinn og Garðar upp í firma sitt, er reki verzlun og útgerð undir firmanafninu Ó. Jóhannesson á Vatneyri. Allir félagar með ótakmarkaðri ábyrgð og rita þeir allir firmað.

Ó. Jóhannesson ritar firmað þannig:
Ó. Jóhannesson.
Kristinn Ó. Jóhannesson ritar firmað þannig:
Ó. Jóhannesson.
Gunnar Ó. Jóhannesson ritar firmað þannig:
Ó. Jóhannesson.
Garðar Ó. Jóhannesson ritar firmað þannig:
Ó. Jóhannesson.

V. Ísafjarðarsýsla og Ísafjarðarkaupstaður.

1. Thor E. Tulinius, Fr. Holme, Hans Hald Styhr, Fr. Paulsen tilkynna, að Aktieselskabet „De forenede Islandsforretninger" reki verzlun, skipaútgerð og iðnað á Ísafirði, Flateyri, Bolungarvík, Hesteyri, Arngerðareyri og Látrum í Aðalvík, samkv. samþ. 18. sept. 1912, 21. des. 1917, 13. marz 1918 og 4. okt. 1918. Hlutafé er 1,500,000 kr., skipt í 1000 kr. hluti, greitt að fullu. Birtingar í Berlingske Tidende.

Firmað rita 2 stjórnendur eða 1 stjórnandi ásamt 1 framkvæmdarstjóra, er hefir prókúru. Prókúru hafa Sv. O. Larsen og Jón K. F. Arnesen.

2. Kristján og Jón Eyjólfssynir tilkynna, að bróðir þeirra, Jens Eyjólfsson, sé genginn úr firmanu „Bræðurnir Eyjólfsson“ á Flateyri. **164**

3. Steingrímur Árnason og Guðmundur Pétursson tilkynna að þeir í félagi reki verzlun, útgerð, fiskkaup og fiskþurkun á Flateyri með ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu Steingrímur Árnason & Co. Steingrímur Árnason ritar firmað einn.

4. Karl Eyjólfsson og Jón J. Eyfirðingur reka verzlun og bakarí í Bolungarvík með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu: Karl Eyjólfsson & Co. Þeir rita firmað hvor um sig.

5. Í kaupfélagi Önfirðinga eru nú í stjórn: Páll Rósinkransson formaður, Hólmgeir Jensson, Finnur Finnsson, Bernharður Guðmundsson, Guðmundur Guðmundsson.

6. Raflýsingarfélag Ísafjarðar h/f. rekur framleiðslu ljóss og afls með raforku. Lög félagsins eru frá 5. ágúst 1920.

Í stjórn félagsins eru 5 menn og skipa hana nú: Tryggvi Jóakimsson formaður, Ólafur Pálsson kaupmaður gjaldkeri, Helgi Sveinsson bankastjóri, Magnús Magnússon kaupmaður og Sigurjón Jónsson afgreiðslumaður sem meðstjórnendur, allir á Ísafirði.

Fjórir stjórnendur rita firmað við skuldbindingu eða veðsetningu á eignum félagsins.

Prókúru hefir Ólafur Pálsson kaupmaður, Ísafirði.

Hlutaféð er 90000 kr., skipt í 78 hluti á 1000 kr. og 24 hluti á 500 kr. Allt hlutaféð er innborgað. Hlutabréfin hljóða á nafn.

Tilkynningar til hluthafa eru bréflegar og auk þess auglýstar á Ísafirði.

Prókúruhafi ritar firmað þannig:

pr. pr. Raflýsingarfél. Ísafjarðar h/f.
Ólafur Pálsson.

7. Kaupfélag Mýrahrepps tilkynnir:

Stjórnarkosning.

Úr stjórninni áttu að ganga þeir: Kr. Davíðsson, Jóhannes Davíðsson og Bj. Guðmundsson.

Í stjórnina voru kosnir í stað þeirra er gengu úr: Prófastur Þórður Ólafsson, búfr. Jón Þórarinsson og Björn Guðmundsson.

VI. Húnavatnssýsla.

Ég, kaupmaður Pétur Pétursson, Blönduósi, gef hér með hr. Sig. H. Sigurðssyni umboð sem prókúrista fyrir verzlun mína og hefir hann öll réttindi prókúrista samkvæmt gildandi lögum.

Firmað ritar hann:

pr. verzl. P. Péturssonar.
Sig. H. Sigurðsson.

Blönduósi, 7. maí 1921.
Pétur Pétursson.

VII. Norður-Múlasýsla og Seyðisfjarðarkaupstaður.

1. Hér með tilkynnist, að Sigurður Arngrímsson er genginn úr firmanu S. Arngrímsson Thorsteinsson & Co. og um leið verður hans nafn ekki lengur í firmanafninu.

Firmað rekum við undirritaðir eigendur óbreytt áfram undir firmanafninu:

Herm. Thorsteinsson & Co.

Seyðisfirði, 4. janúar 1921.
Hermann Þorsteinsson.
Böðvar Jónsson.

2. St. Th. Jónsson kaupmaður á Seyðisfirði tilkynnir, að hann gefi herra bókhaldara sínum Jóni Jónssyni í Firði umboð sem prókúrista fyrir verzlun sína samkvæmt lögum nr. 42, 13. nóvbr. 1903.

Firmað ritar hann þannig:

p. p. St. Th. Jónsson.
Jón Jónsson.

3. Við undirritaðir veitum hér með herra Einari Metúsalemssyni á Seyðisfirði prókúru-umboð fyrir útbú okkar á Seyðsifirði með þeim réttindum, sem lög nr. 42 frá 13. nóvember 1903 heimila.

Reykjavík, 9. október 1920.
Nathan & Olsen.

Vitundarvottar:
Ingvi Jóhannesson.
Ingólfur Jónsson.

4. Frú Solveig Björnsdóttir rekur verzlun Halldórs sál. Runólfssonar á Bakka- 164
firði undir nafninu Runólfsson. Prókúruhafi er Sveinbjörn Guðjohnsen sama staðar, og ritar hann firmað þannig:

Bakkafirði, 29. nóv. 1920.
pr. verzl. Runólfsson.
Sv. Guðjohnsen.

5. Undir firma hlutafélagið „Alda" á Seyðisfirði er stofnað félag með takmarkaðri ábyrgð til þess að reka verzlun, fiskveiðar, fiskkaup og lifrarbræðslu á Skálum á Langanesi, og eru lög félagsins dagsett 9. júlí 1921. Í stjórn félagsins eru 3 menn og eru þeir: Framkvæmdarstjóri Sigurður Jónsson, T. L. Imslands Arvinger og konsúll St. Th. Jónsson, og skipta þeir með sér verkum eftir samkomulagi.

Hlutaféð er 75000,00 krónur, er skiptist í 15 hluti á 5000,00 krónur hver og er allt hlutaféð innborgað. Hlutabréfin hljóða á nafn. Heimild til að rita firmað hefir öll stjórnin í sameiningu, en prókúru hafa T. L. Imslands Arvinger.

Stjórn félagsins ritar firmað þannig:

pr. H/f. Alda.
Sigurður Jónsson, St. Th. Jónsson,
T. L. Imslands Arvinger.

Prókúruhafi ritar firmað þannig:

pr. pr. H/f. Alda.
T. L. Imslands Arvinger.
Seyðisfirði, 9. júlí 1921.
T. L. Imslands Arvinger.
Sigurður Jónsson.
St. Th. Jónsson.

6. Ég undirritaður veiti hér með syni mínum, Otto Wathne, Seyðisfirði, prókúruumboð fyrir mig, og hefir hann öll réttindi prókúrista lögum samkvæmt.

Mun hann rita þannig:

pr. pr. Fr. Wathne
O. Wathne.
Seyðisfirði, 25. júlí 1921.
Fr. Wathne.

VIII. Suður-Múlasýsla.

1. Kaupfélag Berufjarðar rekur verzlun á Djúpavogi undir sama nafni. Lög félagsins eru samþykkt 30. marz 1920.

164 Hver félagsmaður greiðir 10 — tíu — krónur er hann gengur í félagið, og ábyrgjast allir félagsmenn skuldir þess „in solidum“ unz 2 ár eru liðin frá brottför þeirra úr félaginu.

Í stjórn félagsins eru: Þórhallur Sigtryggsson formaður, en meðstjórnendur Sveinn Sveinsson bóndi á Hofi í Álftafirði, Helgi Einarsson, bóndi á Melrakkanesi í Álftafirði, Georg Jónsson búfræðingur, Strýtu, Jón Stefánsson, kennari, Hálsi.

Varaformaður er Jón Stefánsson, Hálsi.

Varamaður í stjórninni er Jón Eiríksson, bóndi á Krossi.

Formaður ritar einn firmað.

Tilkynningar skal birta í Lögbirtingablaðinu.

Þórh. Sigtryggsson,
Jón Stefánsson,
Sveinn Sveinsson,
Georg Jónsson,
Helgi Einarsson.

Formaður ritar þannig:

Kaupfélag Berufjarðar
Þórh. Sigtryggsson.

2. Undirrituð stjórn Kaupfélags Héraðsbúa á Egilsstöðum gefur hér með herra Þorsteini Jónssyni á Reyðarfirði umboð sem prókúrista fyrir nefnt kaupfélag, og hefir hann öll réttindi prókúrista samkvæmt lögum nr. 42, 13. nóv. 1903.

Firmað ritar hann þannig:

p. p. Kaupfélag Héraðsbúa.
Þorsteinn Jónsson.
Egilsstöðum, 5. marz 1921.

Í stjórn Kaupfélags Héraðsbúa.

Halldór Stefánsson.
Páll Hermannsson.
Staddur í Reykjavík 18. marz 1921.

Í stjórn Kaupfélags Héraðsbúa.

Björn Hallsson frá Rangá.

3. Ég leyfi mér hér með að tilkynna til firmaskrár Suður-Múlasýslu, að ég hefi lagt niður útbú mitt á Reyðarfirði, sem ég tilkynnti til firmaskrárinnar 23. maí 1919 og jafnframt eru þá að sjálfsögðu fallin niður prókúruumboð þau til handa Pétri Bóassyni og Hallgrími A. Tulinius, sem ræðir um í sömu firmatilkynningu.

Reykjavík, 2. apríl 1921.
H. Benediktsson.

IX. Vestmannaeyjar. 164

Ég, Magnús Þórðarson, kaupmaður í Vestmannaeyjum, gef hér með herra Arinbirni Ólafssyni umboð sem prókúrista fyrir verzlun mína, og hefir hann öll réttindi prókúrista samkvæmt lögum nr. 42, 13. nóv. 1903.

Firmað ritar hann þannig:

p. p. Magnús Þórðarson
Arinbjörn Ólafsson.

Vestmannaeyjum, 10. júní 1921.
Magnús Þórðarson.

X. Árnessýsla.

Stjórn Kaupfélagsins Ingólfur H/f. á Stokkseyri skipa nú: Einar Jónsson bóndi á Geldingalæk formaður, Jón Jónsson hreppstjóri á Hlíðarenda og Bjarni Grímsson verzlunarmaður, Stokkseyri, varaformaður. Varamaður í stjórn er Runólfur Halldórsson hreppstjóri á Rauðalæk.

Formaður ritar firmað þannig:

Kaupfélagið Ingólfur H/f.
Einar Jónsson.

XI. Gullbringu- og Kjósarsýsla og Hafnarfjarðarkaupstaður.

1. Prókúruumboð herra Þorsteins Jónssonar fyrir hlutafélagið Norðri í Gufunesi, afturkallast hér með.

Reykjavík, 2. júní 1921.
Í stjórn h/f. Norðri
H. Kristinsson. Pétur Jónsson.
Pétur Magnússon. Vilhj. Briem.

2. Félagið heitir: „Kaupfélagið Báran". Heimili og varnarþing í Gerðum í Gerðahreppi. Tilgangur þess er að útvega félagsmönnum og öðrum sem beztar og ódýrastar vörur bæði utan lands og innan, og selja íslenzkar afurðir með sem hæstu verði. Lög félagsins eru samþykkt á stofnfundi í Gerðum 30. desbr. 1919.

Stjórn félagsins er í höndum framkvæmdarstjóra og stjórnarnefndar sem í eru 5 menn, sem eru: Þorbergur Guðmundsson, Páll Árnason, síra Friðrik J. Rafnar, Sigurgeir Ólafsson og Gísli Sighvatsson. Framkvæmdarstjóri er Þorlákur Ingibergsson. Félagið er hlutafélag. Stærð höfuðstóls er kr. 1500,00 og má auka það með samþykki stjórnarinnar.

Allir félagsmenn bera ábyrgð á skuldum félagsins „in solidum".

164 Prókúru félagsins hefir framkvæmdarstjóri Þorlákur Ingibergsson og ritar hann firmað þannig: pr. „Kaupfélagið Báran“ Þorlákur Ingibergsson, og hefir hann einn rétt til að rita það.

Gerðum, 18. júní 1921.
Í stjórn „Kaupfélagsins Bára“.
Þorbergur Guðmundsson,
Gísli Sighvatsson,
Páll Árnason,
Sigurgeir Ólafsson,
Friðrik J. Rafnar.

3. Undir firma „Sveinn Þorkelsson & Co“, reka þeir Sveinn Þorkelsson og Einar Sveinsson matarverzlun (kjötverzlun) í Hafnarfirði.

Sveinn Þorkelsson einn ber ótakmarkaða ábyrgð. Einar Sveinsson er samlagsfélagi með 5000 króna framlagi. Einar Sveinsson hefir prókúru.

Hafnarfirði 22. júlí 1921.
Sveinn Þorkelsson.
Einar Sveinsson.

Sveinn Þorkelsson ritar firmað þannig:
Sveinn Þorkelsson & Co.
Sveinn Þorkelsson.

Einar Sveinsson ritar firmað þannig:
p. p. Sveinn Þorkelsson & Co.
Einar Sveinsson.

4. Börn Einars G. Einarssonar í Grindavík, reka verzlun og bátaútgerð í Grindavík, undir firmanafninu „Verzlunin Einar í Garðhúsum“ með ótakmarkaðri ábyrgð. Prókúruumboð hefir Einar G. Einarsson í Garðhúsum, og ritar hann firmað þannig:

Pr. pr.
„Verzlunin Einar í Garðhúsum“
E. G. Einarsson.
Pt. Hafnarfirði, 1. ágúst 1921.
Pr. pr.
„Verzlunin Einar í Garðhúsum“
E. G. Einarsson.

5. Það tilkynnist hér með til verzlunarskrár Hafnarfjarðarkaupstaðar, að stofnað er í Hafnarfirði útgerðarfélag undir firmanafninu „Fiskiveiðafélagið Sækarl“. Félagsmenn eru þeir: Jón Sveinsson, Oddur Ívarsson, Guðmundur Hróbjartsson og Pétur J. Vermundsson, allir til heimilis í Hafnarfirði, og bera þeir ábyrgð á skuldum félagsins að einum fjórða hluta hver

Lög félagsins voru samþykkt á fundi þess 20. september 1921 og þá kosin 164
stjórn fyrir félagið og hlutu þessir kosningu: Jón Sveinsson framkvæmdarstjóri, Oddur Ívarsson og Guðmundur Hróbjartsson meðstjórnendur.

Undirskrift framkvæmdarstjóra eins skuldbindur félagið, en auk þess hefir Oddur Ívarsson prókúru:

Framkvæmdarstjóri ritar firmað þannig:

F/f. „Sækarl"
Jón Sveinsson.

Prókúruhafi ritar firmað þannig:

p. p. F/f. „Sækarl"
O. Ívarsson.

Hafnarfirði, 3. október 1921.

Jón Sveinsson. Oddur Ívarsson.
Guðmundur Hróbjartsson.
Pétur J. Vermundsson.

6. Það tilkynnist hér með til firmaskrárinnar að vér höfum veitt verzlunarmanni Þórarni Egilson prókúruumboð fyrir oss, lögum samkvæmt.

Firmanafn vort ritar hann þannig:

pr. pr. Bookless Bros
Þórarinn Egilson.

Hafnarfirði, 26. nóvember 1921.

D. H. Bookless.

AUGLÝSING 165

frá skráritara vörumerkja í Reykjavík
um skrásetningar þær, sem gerðar hafa verið árið 1921.

Skrás. 1921 nr. 1.

Tilkynnt 14. desember 1920, kl. 6 síðdegis, af Chevrolet Motor Company of Michigan, verksmiðjurekstur, Flint, Michigan, Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 20. janúar 1921.

CHEVROLET

Lýsing á merkinu: Orðið: CHEVROLET.

Samkv. tilk. 4. okt. 1913, er merkði skrásett í Washington 31. marz 1914 fyrir bifreiðar, bifvéla-akfæri og hluta af þeim.

165 Skrás. 1921 nr. 2.

Tilkynnt 14. desember 1920, kl. 6 síðd., af Westinghouse Union Battery Co. verksmiðjurekstur, Swissvale, Pennsylvania, Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 20. janúar 1921.



Lýsing á merkinu: Aflangur ferhyrningur með sneiddum hornum; innan í honum stendur orðið: WESTINGHOUSE á ská frá horni til horns, en sitt hvoru megin við það eru stafirnir W og U fléttaðir saman, og stendur stafurinn B efst innan í U fyrir ofan W, en stafirnir C og O fyrir neðan W, einnig innan í U.

Merkið er samkvæmt tilk. 7. júlí 1920, skrásett í Washington 2. nóv. s. á., fyrir rafmagnsgeyma og samtengiáhöld til þeirra.

Skrás. 1921 nr. 3.

Tilkynnt 14. desember 1920, kl. 6 síðd., af Dollfus-Mieg & Cie, verksmiðjurekstur, Mulhouse (Haut-Rhin) Frakklandi, og skrásett 20. janúar 1921.

Lýsing á merkinu: Mynd af bjöllu með kórónu yfir.

Merkið er skrásett fyrir garn, tvinna, band, dregla og vefnað af öllum gerðum.

Samkv. tilk. 31. desember 1919, er merkið skrásett í París fyrir ofangreindar vörutegundir.

Skrás. 1921 nr. 4. 165

Tilkynnt 16. desember 1920, kl. 5 síðd., af Richard Haworth and Company Limited, baðmullarvefnaðargerð, Manchester, Englandi, og skrásett 22. janúar 1921.

Lýsing á merkinu: Orðin „SPERO" MAKE á breiðu bandi og innan í því skjöldur, sem skipt er til helminga. Hjartarhöfuð tvö eru í skildinum, sitt í hvorum helming. Á sveig yfir skildinum er hjartarhöfuð, og fyrir neðan hann eru orðin: Quod ero spero, letruð á borða.

Samkv. tilk. 29. nóv. 1906, er merkið skrásett í London 9. ágúst 1907, 24. flokki, fyrir allskonar baðmullarvefnað.

Skrás. 1921 nr. 5.

Tilkynnt 21. janúar 1921, kl. 5 síðd., af The American Tobacco Company, tóbaksgerð, New-York, Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 15. febrúar s. á.

Lýsing á merkinu: Rétthyrndur einkennismiði, sem skiptist í fjóra hluta, er standa samhliða og ætlaðir eru til að hafa utan á öskjur um bréfvindla. Ysti hlutinn til hægri, sem og næst yzti til vinstri, eru mjóir með láréttum línum. Í næst yzta hlutanum til hægri sést hálf sól, er geislar stafa frá, og standa orðin: SWEET CAPORAL, þvers um yfir geislana. Í sólinni er mynd af tyrkneskri húfu. Fyrir neðan sólina stendur: Kinney Bros, ásamt ummælum um vöruna. Í yzta hlutanum

165 til vinstri eru efst ýms ummæli um vöruna, en þar undir til hægri, láréttar línur og yzt til vinstri aflangur hvítur reitur.

Samkv. tilk. 23. nóv. 1892, er merkið skrásett í Washington 19. nóv. 1895 fyrir vindla, endaskorna vindla (Cheroots), vindlinga og reyktóbak.

Skrás. 1921 nr. 6.

Tilkynnt 21. janúar 1921, kl. 5 síðd., af Perry & Company, Limited, verksmiðjurekstur, Birmingham, Englandi, og skrásett 15. febrúar s. á.

Lýsing á merkinu: Yzt er svört umgerð, er myndar aflangan ferhyrning, en innan í henni er á ská upp og niður, breitt, svart band og stendur til vinstri við það á ská orðið: PERRY, en frá bandinu ofanverðu hægra megin liggur annað mjórra band niður í hornið þeim megin, en í horninu þar uppi yfir, er skáferhyrningur og í hann letrað: & P Co.

Merkið er skrásett fyrir pappír (þó eigi veggfóður), ritföng og bókband.

Samkvæmt útskrift úr ensku vörumerkjaskránni, hefir merkið verið skrásett í London 5. apríl 1889, 39. flokki, fyrir ofangreindar vörutegundir, en tilkynnandi verið skrásettur sem eigandi merkisins 1. júní 1904.

Skrás. 1921 nr. 7.

Tilkynnt 21. janúar 1921, kl. 5 síðd., af The West of England Bacon Co., Limited, flesk- og svínafeitissala, Calne, Wiltshire; Cardrew, Redruth, Cronwall; and Town Mills, Totnes, Devonshire, Englandi, og skrásett 15. febrúar s. á.



Lýsing á merkinu: Mynd af hálfri sól og ganga út frá henni upp á við 7 geislar, en uppi yfir henni stendur í hálfhring orðið: SUNSET, og er hver stafur í milli tveggja geisla.

Merkið er skrásett fyrir flesk, reykt svínslæri, svínakjöt, búgur, svínafeiti og aðrar svínakjötsafurðir, sem notaðar eru sem fæða.

Samkv. tilk. 20. des. 1916, er merkið skrásett í London, 42. flokki, 10. júlí 1917, fyrir ofanskráðar vörutegundir.

Skrás. 1921 nr. 8. 165

Tilkynnt 5. febrúar 1921, kl. 2 síðd., af söðlasmíðabúðinni „Sleipnir“, söðla- og aktýgjasmíði, Reykjavík, og skrásett 15. febrúar s. á.

Lýsing á merkinu: Mynd, er tákna á Óðinn, ríðandi á hestinum „Sleipni“.

Skrás. 1921 nr. 9.

Tilkynnt 1. apríl 1921, kl. 5½ síðd., af The Willys-Overland Company, bifreiðagerð, Toledo, Ohio, Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 5. s. m.

Lýsing á merkinu: Tveir hringar; annar, sá stærri, lykur um þann minni, en innan í minni hringnum eru stafirnir W og K saman bundnir. Milli hringanna stendur efst: WILLYS, en neðst: KNIGHT.

Merkið er skrásett fyrir bifreiðar, bifvélaaktæki og bifhjólhesta.

Samkv. tilk. 26. maí 1916, er merkið skrásett í Washington 5. septbr. s. á. fyrir ofangreind flutningstæki.

165 **Skrás. 1921 nr. 10.**

Tilkynnt 1. apríl 1921, kl. 5½ síðd., af sama, og skrásett 5. s. m.

Lýsing á merkinu: Orðið OVERLAND, skráð skáhallt upp á við með skrifletri.

Merkið er skrásett fyrir bifreiðar.

Samkv. tilk. 21. septbr. 1908, er merkið skrásett í Washington 26. janúar 1909 fyrir áðurgreind flutningstæki.

Skrás. 1921 nr. 11.

Tilkynnt 1. apríl 1921, kl. 5½ síðd., af The Borden Company, verksmiðjurekstur, New York, N. Y., Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 5. s. m.

Lýsing á merkinu: Orðið PEERLESS prentað á skáhallt band og nær upphafstafur orðsins ögn upp og niður fyrir bandið.

Merkið er skrásett fyrir mjólk, niðursoðna mjólk, áir, þurkaða mjólk, rjóma, þurkaðan rjóma, smjör og ost.

Skrás. 1921, nr. 12. 165

Tilkynnt 21. maí 1921, kl. 5 síðd., af Husqvarna Vapenfabrik Atiebolag, verksmiðjurekstur, Husqvarna í Svíþjóð, og skrásett 7. júlí s. á.

Lýsing á merkinu: Gotneski bókstafurinn H með kórónu yfir.

Samkv. tilk. 28. febr. 1906, er merkið skrásett í Stokkhólmi 5. júlí s. á., og sú skrásetning síðan endurnýjuð 20. júní 1916.

Skrás. 1921, nr. 13.

Tilkynnt 21. maí 1921, kl. 5 síðd. af sama og skrásett 7. júlí s. á.



Lýsing á merkinu: Sporöskjulagaður hringur og innan í honum annar minni. Efst milli hringanna stendur orðið: HUSQVARNA, en neðst er lítill hringur,

165 er lárviðargreinar ganga út frá. Innan í minni hringnum er stafurinn H, og yfir honum kóróna.

Samkv. tilk. 12. febr. 1901, er merkið skrásett í Stokkhólmi 26. s. m. fyrir saumavélar, og sú skrásetning endurnýjuð 14. febr. 1911.

Skrás. 1921, nr. 14.

Tilkynnt 27. maí 1921, kl. 5½ síðd., af C. F. Rich & Sönner A/S., kaffibætis- og kaffirótarverksmiðja, Kaupmannahöfn, og skrásett 7. júlí s. á.

Lýsing á merkinu: Einkennismiði með rauðum grunni og í honum miðjum aflangur hvítur reitur. Í hvíta reitnum er landlagsmynd með 2 gjósandi hverum milli fjallshlíða og þar fyrir ofan orðið: GEYSIR, en fyrir neðan myndina, í sérstakri umgerð, milli tveggja smáreita með myndum af drekum, standa í tveim línum orðin: Exportkaffesurrogat. Bezti kaffibætir. Þar undir eru prentuð á íslenzku, meðmæli með vörunni og undirskrifuð: C. F. Rich & Sönner A/S. Köbenhavn, K. Hægra og vinstra megin við hvíta reitinn eru litlir, hringmyndaðir, hvítir reitir, og í þeim mynd af kaffikvörn og orðin: Export-Caffe. C. F. Rich & Sönner Aktieselskab.

Samkv. tilk. 15. jan. 1921, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 5. febr. s. á. 165
fyrir kaffirót og kaffibæti.

Skrás. 1921, nr. 15.

Tilkynnt 16. júní 1921, kl. 6 síðd., af The Texas Company, verksmiðjurekstur, Port Arthur í Texas og New York, N. Y. Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 15. júlí s. á.

TEXACO

Orðið: TEXACO.

Samkvæmt tilkynningu dags. 27. maí 1905, er merkið skrásett í Washington 4. desember 1906 fyrir steinolíu, olíu til ljósa, smurningsolíur og jarðolíur.

Skrás. 1921, nr. 16.

Tilkynnt 16. júní 1921, kl. 6 síðd., af Aktibolaget Jernverksmagasin, járnvöruverzlun, Malmö í Svíþjóð, og skrásett 15. júlí s. á.

ARIEL

Orðið: ARIEL.

Samkvæmt tilkynningu dags. 10. júní 1920, er merkið skrásett í Stokkhólmi 3. ágúst s. á. fyrir eldavélar, reykháfslúgur og múraðar reykjarpípur fyrir ofna, og ber að skoða orðið ARIEL sem sérstaklega tilbúið heiti fyrir þær vörutegundir.

Skrás. 1921, nr. 17.

Tilkynnt 16. júní 1921, kl. 6 síðd. af sama, og skrásett 15. júlí s. á.

GEYSIR

Orðið: GEYSIR.

Samkvæmt tilkynningu dags. 11. apríl 1911, er merkið skrásett í Stokkhólmi 24. maí s. á. fyrir eldstór og eldavélar, og ber að skoða orðið Geysir sem sérstaklega tilbúið heiti fyrir þær vörutegundir.

165 **Skrás. 1921, nr. 18.**

Tilkynnt 16. júní 1921, kl. 5 síðd., af Ajax Rubber Company, Inc. togleðursgerð, Millbrook, New York, Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 15. júlí s. á.

Orðin: AJAX ROAD KING í bogadreginni línu.

Samkvæmt tilkynningu dags. 28. maí 1917, er merkið skrásett í Washington 11. des. s. á. fyrir bifreiða- og reiðhjólagjarðir úr togleðri með striga að innan.

Skrás. 1921, nr. 19.

Tilkynnt 23. júní 1921, kl. 5 síðd., af Nordiska Kullager Aktiebolaget, verksmiðjurekstur, Göteborg í Svíþjóð, og skrásett 21. júlí s. á.

Stafirnir NKA samtengdir, og nær stafurinn K upp og niður fyrir hina tvo stafina.

Samkvæmt tilkynningu dags. 30. sept. 1919, er merkið skrásett í Stokkhólmi 28. okt. s. á. fyrir kúluleg, ásleg, kringluleg, orkuleiðslutæki, reiðhjól, vagna, flutningatæki og hluta í þessar vörur.

Skrás. 1921, nr. 20.

Tilkynnt 23. júní 1921, kl. 5 síðd., af The Borden Company, verksmiðjurekstur, New York, Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 21. júlí s. á.

Mynd af fugli (örn), með útþanda vængi, sem ber í nefi sér 3 bönd og stendur á einu þeirra orðið: EAGLE, á öðru orðin: CAIL BORDEN og á því þriðja orðið: BRAND.

Samkvæmt tilkynningu dags. 10. marz 1920, er merkið skrásett í Washington 14. des. s. á. fyrir mjólkurbúsafurðir svo sem: nýmjólk, undanrennu og rjóma, gerilsneydda, niðursoðna, vatnssneydda, þéttaða eða þurkaða mjólk og rjóma, með eða án annara efna; maltborna mjólk; ísrjóma; nærandi kjarnseyði fyrir tilbúna drykki svo sem kaffi, með eða án bætiefna; sykurvörur svo sem „Karamellur“ og „Karamel-paste“. 165

Skrás. 1921, nr. 21.

Tilkynnt 30. júní 1921, kl. 2 síðd., af Fairbanks, Morse & Co., verksmiðjurekstur, Chigaco í Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 29. júlí s. á.



Innsiglismyndaður einkennismiði með hring utan um hönd, sem ber lóð milli stafanna F og M. Utan um hringinn standa orðin: „FAIRBANKS-MORSE QUALITY“ og „100%“.

Samkvæmt tilkynningu, dags. 26. júní 1920, er merkið skrásett í Washington 14. des. s. á. fyrir rafvélar og hreyfivélar.

Skrás. 1921, nr. 22.

Tilkynnt 30. júní 1921, kl. 2 síðd., af sama, og skrásett 29. júlí s. á.



165 Innsiglismyndaður einkennismiði með hring utan um hönd, sem ber lóð milli stafanna F og M. Utan um hringinn standa orðin: „FAIRBANKS-MORSE QUALITY“ og „100%“.

Samkvæmt tilkynningu, dags. 26. júní 1920, er merkið skrásett í Washington 1. febrúar 1921 fyrir gas-, steinolíu-, benzín- og hráolíuvélar, eimdælur og afldælur, vindmylnur og mölunarmylnur.

Skrás. 1921, nr. 23.

Tilkynnt 30. júní 1921, kl. 2 síðd., af Aktiebolaget J. V. Svenssons Motorfabrik, vélaverksmiðja, Augustendal, Stokkhólmi í Svíþjóð, og skrásett 29. júlí s. á.

AVANCE

Orðið: ADVANCE. Merkið er samkvæmt tilkynningu, dags. 10. febr. 1913, skrásett í Stokkhólmi 11. s. m., sem sérstaklega tilbúið heiti fyrir hreyfivélar og áhöld þau, er þeim fylgja, svo sem snara- og merkitæki, eimreiðar og eimskreiðar, handreiðar, vagna, vökvadælur og loftdælur, sprautur, þjappara, rafalvindur og lyftur, búnaðaráhöld og vélar, svo sem þreskivélar, kvarnir, plóga og plægivélar, vélgröfur, grjótborunarvélar, grjótmulningsvélar, fjaðrahamra og lofthamra, viðarkljúfa, sagir, blaðskrúfur, kælara, eima, eimsvala, ljós- og hitunartæki, svo sem steinolíuvélar og -lampa, sprittvélar og -lampa, skip og báta, steypta hluti úr járni og öðrum málmum, vélsmurningsolíu og olíuhreinsunartæki.

Skrás. 1921, nr. 24.

Tilkynnt 21. júlí 1921, kl. 12 á h., af Joseph Watson & Sons, Limited, sápugerðarmenn, Leeds í Englandi, og skrásett 9. ágúst s. á.

Myndastytta af Venus og á hana letrað: VENUS DE MILO. Merkið er skrá-

sett í London 31. marz 1879, 47. flokki, fyrir almenna sápu og 48. flokki, fyrir ilmsápu, og sú skrásetning síðast endurnýjuð 31. marz 1921. Samkvæmt útskrift úr ensku vörumerkjaskránni er merkið skrásett sem eign tilkynnanda 24. ágúst 1897. 165

Skrás. 1921, nr. 25.

Tilkynnt 26. júlí 1921, kl. 11 f. h., af Arvika-Verken, vélaverksmiðja, Arvika í Svíþjóð, og skrásett 12. ágúst sama ár.

VIKING

Orðið: VIKING. Merkið er samkvæmt tilkynningu, dags. 3. marz 1909, skrásett í Stokkhólmi 6. apríl s. á. sem sérstaklega tilbúið heiti fyrir plóga, herfi, „Kultivatorer", sáðvélar, hestahaka, hestahrífur, heysnúara, heyþjappara, hestavindur, þreskivélar, sáðhreinsara, kvarnir, sáðmjölna, olíukökumjölna, beinmjölna, rótskera, hálmkurlara, áburðardreifa, steinolíumótora, benzínmótora, svo og sláttu- og uppskeruvélar.

Skrás. 1921, nr. 26.

Tilkynnt 26. júlí 1921, kl. 11 f. h., af sama, og skrásett 12. ágúst s. á.

HERKULES

Orðið: HERKULES. Merkið er samkvæmt tilkynningu, dags. 22. maí 1920, skrásett í Stokkhólmi 15. júní s. á. sem sérstaklega tilbúið heiti fyrir plóga, herfi, „Kultivatorer", hreinsara, haka, sáðvélar, sláttu- og uppskeruvélar, uppskerutæki, sjálfbindara, hrífur, hey- og hálmþjappara, þreskivélar, hestavindur, hálmkurlara, fræ- og sáðhreinsara, rótskera, fóðurkökumjölna, hratkvarnir, mómjölna, mótora — þó eigi reiðhjólamótora —, smjörbústæki, landbúnaðarvélar og garðyrkjutæki yfirleitt — þó eigi fyrir hluti eins og leg, hjólslithólka og hjólnöf.

165 **Skrás. 1921, nr. 27.**

Tilkynnt 30. júlí 1921, kl. 12 á h., af Aktiebolaget B. A. Hjorth & Co., verksmiðjurekstur, Stokkhólmi í Svíþjóð, og skrásett 16. ágúst s. á.

PRIMUS

Orðið: PRIMUS.

Merkið er samkvæmt tilkynningum dags. 1. okt. 1897 og 9. febr. 1906, skrásett í Stokkhólmi 6. des. 1897, sem sérstaklega tilbúið heiti fyrir steinolíusuðuvélar og hluta úr þeim, jafnvægi fyrir þær til notkunar í skipum, steinoliueldstór, steinolíubökunarofna, steinolíusteikaraofna, steinolíuofna, steinolíustrauofna, steinolíukaffibrennara og ristir í steinolíusuðuvélar, og 31. marz 1906 ennfremur fyrir steðja, ása, bifreiðar, brýni fyrir hnífa og skæri, baðeldstór, baðofna, baðker, smiðjubelgi, blástursvélar, blakkir, nafra, byggingartól, bindivélar, hemla, snarali, hverfisteina, borstál, bursta, benzínsuðuvélar, slökkvikrana, slökkvitæki, borunaráhöld, borunarvélar, snara, beygivélar, eldsneyti, bökunarofna, miðdepluhaldara, miðdeplivélar, miðdeplitæki, aflvindur, uppþvottavélar, handreiðar og hluta úr þeim, dráttarútbúnað, demanta, draghjól, hurðarlokur, hurðarspengur, hjólteina, ejektora, eggjárn, smiðjur, þjalir, gluggakróka, gluggajárn, frystivélar, blævængi, ávaxtatínara, ávaxtaflysjara, núningstengsl, fresa og fresavélar, sverfivélar, gassuðuvélar, gaffla, gafflafægjara, ísbúðingsvélar, skrúfskurðartæki, málmsteypuvélar og -tæki, skáskurðartæki, handsláttuvélar, málmsteypuáhöld, skrúfskurðarvélar, gasofna, herzluofna, hömrunarvélar, lyftivélar, lyftitæki, hamra, hjólása, hjólbyssur, hjólnöf, handklæðagrindur, höggtæki fyrir tré, grjót, járn og aðra málma, haka, hjól og hluta þeirra, herfiduft, hrossa- og hundahlífar, hælreka, hjólhnoða, glóðarristar, hefla, heflivélar, hjólskorpunartæki, ísskápa, ískælara, ísfötur, injektora, efnasamsetningar fyrir rjómabú, eldstæði, kaffibrennara, tappatogara, suðuílát, hnífa, hníffægjara, kjötmylnur, kerrur, tengsli, ofnhurðir, fatahengjara, suðuáhöld, mylnur, kvarnir, skepnumúla, jötur, eimvatnsræsi, strengi, haldtengur, tannhjól, kembivélar, kylfur, steypumót, grjóthaka, kúlur, keðjur, eftirlitsáhöld, lampa, ljóstæki, skrár, kveikingatæki, kveikingasamsetningar, fermingar- og affermingartæki, hleðslutæki, línur, blýlokur, mjólkursíur, smjörgerðarvélar, kefli, hreyfivélar, mælingaráhöld, húsgagnaspengur, pela, vélar og áhöld til hreinsunar á ávöxtum og til að burtnema kjarna o. fl., mótorhluta, leðjuvélar, þrýstingsmæla, mælitæki og -áhöld, mekaniskan aflflutningsútbúnað, ostagerðarvélar, olíuhreinsara, olíugeyma, ostahnífa, ostahöldur, olíurannsóknartæki, olíur, „Ovalværk“, pjátraraverkfæri, pjátraravélar, dælur, regnhlífagrindur, sópa- og ryksogunarvélar með loftþrýsting, kartöfluflysjarar, „Paternoster“-tæki, þéttingar, fægiefni, meitla- og hnoðtæki með loftþrýsting, þjappara, jafnara, reimar, pípustýfara, raspa, miðstöðvarofna og hluta þeirra, reiknivélar, þurkhús, reimhjól, ryðvara, pípuverkfæri, reimaáburð, respiratora, teikniáhöld, reimlokur, skilvindur og hluta þeirra, strokka, smjörhnoðunar-

og hreinsunarvélar, sprittsuðuvélar, eldavélar, straujárn, skeiðar, brýnslutæki, 165
brýnsluvélar, brýnsluhjól, prjónavélar, smíðaverkfæri, smíðavélar, smurningstól, spurningskönnur, sagir, skrúfstykki, skrúflykla, skrallbora, skæri, sleggjur, uppskeruvélar, smíðamót, slöngur, skauta, skautaólar, skottæki, spjöld, grafali, rennitæki, sögunarvélar, skurðarverkfæri fyrir tré, stimpilvélar, teina, teinatengingar, rennistál, ritvélar, sogflöskur, spunavélar, skrúfþvingur, aktýgi og hluta þeirra, rennibekki, sköft, trönur, kantbeygjutengur, tannbeygjutengur, smergil-léreft og -pappír, sandpappír, rekur og skóflur, þvottavélar, þvottaáhöld, trévinnsluvélar, tengur, aflfærara, þurkofna, garðyrkjutæki, axarsköft, axir, vinduvélar, hitunarvélar, verkfæravélar, spil, ventla, vatnstrog fyrir skepnur, vogir, verkfærastál, vefstóla og vefnaðarvélar, skiptitæki og hluta þeirra, verkfærahaldara, „Vaterpas", loftræsara, vagnaáhöld, vatnsleiðsluáhöld, akuryrkjutól og -vélar, eimkatlar og smiðjur.

Skrás. 1921, nr. 28.

Tilkynnt 16. ágúst 1921, kl. 4 síðd., af Maxwell Motor Company, Incorporated, bifreiðagerð, Detroit í Michigan, Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 30. s. m.

Skjöldur með rákum langs eftir og hringur í miðju. Þvers yfir skjöldinn er skáhallur flötur, sem á stendur orðið: MAXWELL.

Samkvæmt tilkynningu, dags. 10. septbr. 1920, er merkið skrásett í Washington 26. apríl 1921 fyrir bifreiðar.

Skrás. 1921, nr. 29.

Tilkynnt 16. ágúst 1921, kl. 4 síðd., af The Studebaker Corporation, bifreiðagerð, South Bend í Indíana og Detroit í Michigan, Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 30. s. m.

165

Mynd af bifreiðahjóli og þvers yfir það flötur, sem stendur á orðið STUDEBAKER.

Samkvæmt tilkynningu, dags. 4. september 1920, er merkið skrásett í Washington 26. apríl 1921 fyrir bifreiðar, vöruflutningsbifreiðar og dráttarvagna.

Skrás. 1921, nr. 30.

Tilkynnt 16. ágúst 1921, kl. 4 síðd., af Salt's Textile Company (de France), vefnaðar- og silkivöruframleiðsla, Lyon í Frakklandi, og skrásett 30. s. m.

SALT'S

Orðið: SALT'S.

Merkið er samkvæmt tilkynningu, dags. 24. febr. 1921, skrásett í París fyrir afurðir úr ull og hári, silkivörur, það sem unnið er úr hampi, hör, juta og öðrum trefjaefnum, baðmullarvörur, tilbúinn fatnaður af öllum gerðum, vörur fyrir hattaverzlanir, kvenskraut, vírborða, hnappa, knipplinga og bönd, skrautfjaðrir, tilbúin blóm, útsaum og kögurvefnað.

Skrás. 1921, nr. 31.

Tilkynnt 28. september 1921, kl. 12 á h., af Aarhus Oljefabrik A/S., olíugerð, Aarhus í Danmörku, og skrásett 7. október s. á.

Cottrex

Orðið: COTTREX.

Samkvæmt tilkynningu, dags. 16. júní 1921, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 9. júlí s. á. fyrir fituefni úr dýrum og jurtum.

Skrás. 1921, nr. 32. 165

Tilkynnt 28. september 1921, kl. 12 á h., af sama, og skrásett 7. október s. á.

NEUTREX

Orðið: NEUTREX.

Merkið er, samkvæmt tilkynningum dags. 28. júní og 8. ágúst 1901, skrásett í Kaupmannahöfn 11. júlí s. á. sem sérstaklega tilbúið heiti fyrir pálma- og kokosfeiti, og 30 ágúst s. á. fyrir fituefni úr dýrum og jurtum, sem nothæf eru til manneldis eða sem hráefni í mat.

Skrás. 1921, nr. 33.

Tilkynnt 28. september 1921, kl. 12 á h., af A/S. De Danske Spritfabrikker, vínandagerð, Köbenhavn í Danmörku, og skrásett 7. október s. á.

Merkið er í tvennu lagi: 1) Miði, sem festur er á hlið flöskunnar; umgerð miðans er tvöföld, yzt blá rönd með smátindum og þar fyrir innan smástrikuð, svört rönd. Innan umgerðarinnar er á ljósgráum grunni hvítur Maltakross á rauðum grunni og stendur þar fyrir ofan með dökkbláu letri: „DENATURERET SPRIT 93%“, en fyrir neðan með bláu, smástrikuðu letri: „DANSK SPRIT-CENTRAL“, og með svörtu letri: „AALBORG. FREDERICIA. ODENSE. KÖBENHAVN“. 2) Miði,

165 sem festur er á háls flöskunnar; er hann aflangur og ljósblár; í miðju hans er hringur og orðin: „DANSK SPRIT-CENTRAL“ letruð innan í hann með bláu letri, utan um stafina DSC, sem standa með ljósbláu letri á dökkbláum grunni. Beggja megin við hringinn stendur með bláu, smástrikuðu letri: „DENATURERET SPRIT“, og með bláu letri þversum: DSC, og jafnframt hvítur Maltakross á rauðum grunni.

Samkvæmt tilkynningu, dags. 25. júní 1921, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 23. júlí s. á.

Skrás. 1921, nr. 34.

Tilkynnt 5. nóvember 1921, kl. 6 e. h., af firmanu I. & R. Morley, stórkaupmenn, London á Englandi, og skrásett 10. s. m.

THETA

Orðið THETA.

Merkið er skrásett í London 27. júní 1919, 38. flokki, fyrir fatnað, og er tilkynnandi, samkv. útskrift úr ensku vörumerkjaskránni, skráður sem eigandi merkisins hinn 31. marz 1920.

Skrás. 1921, nr. 35.

Tilkynnt 5. nóvember 1921, kl. 6 e. h., af sama, og skrásett 10. s. m.



Hjól með vængjum.

Merkið er skrásett í London 29. maí 1876, 38. flokki, fyrir hatta, klúta, herðafetla úr silki, prjónles, hanzka, hálsbindi, axlabönd og annan tilbúinn fatnað, og er tilkynnandi, samkv. útskrift úr ensku vörumerkjaskránni, skráður sem eigandi merkisins hinn 31. marz 1920.

Skrás. 1921, nr. 36.

Tilkynnt 22. des. 1921, kl. 2 síðd., af Cadburry Brothers, Limited, verksmiðjurekstur, Bournville hjá Birmingham, Englandi, og skrásett 27. s. m.

CADBURY

Orðið: CADBURY. 165

Samkvæmt tilkynningu, dags. 17. júlí 1909, er merkið skrásett í London 24. febrúar 1915, 42. flokki, fyrir kakaó, súkkulaði, konfekt og kex úr súkkulaði, sykurkonfekt, „Bonbons“ tilbúið úr hnetum eða ávöxtum og blóm úr soðnum sykurvörum.

Skrás. 1921, nr. 37.

Tilkynnt 23. des. 1921, kl. 12 á h., af J. S. Fry & Sons, Limited, verksmiðjurekstur, Bristol á Englandi, og skrásett 27. s. m.

FRY

Orðið: FRY.

Merkið er skrásett í London 20. maí 1886, 42. flokki, fyrir súkkulaði, kakaó og allar blandanir, sem búnar eru til úr þessum vörutegundum og heyra undir ofangreindan flokk.

Samkvæmt útskrift úr ensku vörumerkjaskránni, er tilkynnandi skráður sem eigandi merkisins 7. febr. 1896.

Skrás. 1921, nr. 38.

Tilkynnt 23. des. 1921, kl. 12 á h., af J. & J. Colman, Limited, verksmiðjurekstur og verzlun, Norwich og London á Englandi, og skrásett 27. s. m.

Mynd af nautshöfði.

Merkið er skrásett í London 3. janúar 1876, 42. flokki, fyrir mustarð og næringarsterkju, malað og ómalað hveiti, og 47. flokki, fyrir indigo, „ultramarin“-blákku og línsterkju til þvotta og iðnaðar.

Samkvæmt útskrift úr ensku vörumerkjaskránni er tilkynnandi skráður sem eigandi merkisins 4. febr. 1897.

165 **Skrás. 1921, nr. 39.**

Tilkynnt 23. des. 1921, kl. 12 á h. af sama og skrásett 27. s. m.



Rétthyrndur, gulur einkennismiði, er skiftist í fjóra hluta, er standa samhliða. Í yzta hlutanum til vinstri stendur með rauðu, svörtu og gyltu letri orðið: MUSTARD milli skjaldarmerkis Noregs að ofan og ítalska og hollenzka skjaldarmerkisins neðst, ásamt ummælum um, að verzlunarhús tilkynnanda framleiði vörur til afnota við hirðir þessara ríkja. Í næst yzta hlutanum til vinstri stendur efst með samskonar letri orðið: COLMAN'S, en þar fyrir neðan er mynd af nautshöfði á silfurlituðum grunni innan í skrauthring með gyltum tungum. Vinstra megin við myndina stendur með svörtu letri orðið: BULL'S, en hægra megin orðið: HEAD. Fyrir neðan myndina stendur orðið MUSTARD með rauðu, svörtu og gyltu letri, og þar fyrir neðan orðin: DOUBLE SUPERFINE, með svörtu letri. Í næst yzta hluta merkisins til hægri standa þversum, með svörtu og rauðu letri, ummæli um vöruna og samsetning hennar með undirskrift tilkynnanda. Í yzta hlutanum til hægri standa með rauðum, svörtum og gyltum stöfum orðin: COLMAN'S og MUSTARD, en milli þeirra er mynd af orðum frakknesku heiðursfylkingarinnar milli tveggja verðlaunapeninga. Fyrir neðan orðið Mustard er mynd af nautshöfði á silfurlituðum grunni með gyltum hring utan um, og orðin BULL'S og HEAD skráð sitt hvoru megin við myndina með svöru letri.

Samkvæmt tilkynningu, 28. des. 1917, er merkið skrásett í London 11. júlí 1918, 42. flokki, fyrir mustard, hvort heldur uppleystan eða þurran.

Samkvæmt 10. gr. laga 13. nóv. 1903, um vörumerki, hafa eftirgreind merki verið endurnýjuð:

Skrás. 1911, nr. 2.

Det danske Petroleums Aktieselskab, Köbenhavn, frá 3. marz 1921.

Skrás. 1911, nr. 3.

Isidor Nielsens meck. Værksted, Trondhjem, frá 15. marz 1921.

Skrás. 1911, nr. 4. 165
Det danske Petroleums Aktieselskab, Köbenhavn, frá 18. apríl 1921.

Skrás. 1911, nr. 7.
Samband ísl. samvinnufélaga, Reykjavík, frá 24. okt. 1921.

Og ennfremur hafa verið afmáð úr vörumerkjaskránni, samkv. 12. gr. sömu laga:

Skrás. 1911, nr. 1.
Fredrich Chr. Möller, Reykjavík, 18. febr. 1921.

Skrás. 1911, nr. 5. H/f. P. J. Thorsteinsson & Co., Reykjavík, 18. maí 1921.
Skrás. 1911, nr. 6 Cadbury Brothers, Ltd., Birmingham, 19. ágúst 1921.

Skrifstofu vörumerkjaskráritarans í Reykjavík, 31. desember 1921.

STYRKUR ÚR RÍKISSJÓÐI 166

14. gr. A. b. 5.

5000 kr. af fé því fyrir árið 1921, er ræðir um í 14. gr. A. b. 5 fjárlaganna fyrir árin 1920 og 1921, og vöxtum Prestsekknasjóðs og Árgjaldssjóðs 1500 kr., samtals kr. 6500,00, hefir verið úthlutað svo sem hér segir, og var úthlutun sú samþykkt að því er snertir ríkissjóðsstyrkinn með bréfi kirkjumálaráðuneytisins, dags. 23. júní.

I. Uppgjafaprestar.

1.	Jón Ó. Magnússon	kr.	200,00
2.	Páll Sívertsen	—	200,00
3.	Stefán Stephensen	—	250,00
4.	Tómas Björnsson	—	150,00

II. Prestsekkjur.

1.	Anna J. Kristjánsdóttir frá Þóroddsstað	kr.	100,00
2.	Arnbjörg Einarsdóttir frá Breiðabólsstað á Skógarströnd	—	150,00
3.	Anna Vilhjálmsdóttir frá Stað í Grindavík	—	100,00
4.	Ásta Þórarinsdóttir frá Grenjaðarstað	—	100,00
5.	Ástríður Petersen frá Svalbarði	—	150,00
6.	Auður Gísladóttir frá Hólmum	—	80,00

166

7.	Bergljót Blöndal frá Hvammi í Laxárdal	kr.	150,00
8.	Guðríður Pétursdóttir frá Höfða	—	50,00
9.	Guðrún Björnsdóttir frá Sauðanesi	—	125,00
10.	Guðrún B. Gísladóttir frá Staðarhólsþingum	—	50,00
11.	Guðrún J. Jónsdóttir frá Bergsstöðum	—	200,00
12.	Guðrún S. Jónsdóttir frá Kolfreyjustað	—	100,00
13.	Guðrún Ólafsdóttir frá Otrardal	—	150,00
14.	Guðrún Pétursdóttir frá Görðum á Álftanesi	—	75,00
15.	Guðrún Torfadóttir frá Hólmum	—	125,00
16.	Halldóra Vigfúsdóttir frá Breiðabólsstað í Vesturhópi	—	120,00
17.	Hansína Þorgrímsdóttir frá Þingeyrarklaustri	—	150,00
18.	Helga Ketilsdóttir frá Stað í Grindavík	—	125,00
19.	Hlíf Bogadóttir frá Eydölum	—	225,00
20.	Ingibjörg Sigurðardóttir frá Kálfatjörn	—	100,00
21.	Ingunn Loftsdóttir frá Desjarmýri	—	75,00
22.	Jóhanna Soffía Jónsdóttir frá Viðvík	—	100,00
23.	Kamilla S. Briem frá Hruna	—	125,00
24.	Kristín Pétursdóttir frá Valþjófsstað	—	150,00
25.	Kristín Sveinbjarnardóttir frá Holti	—	100,00
26.	Kristín Thorlacius frá Saurbæ í Eyjafirði	—	80,00
27.	Lilja Ólafsdóttir frá Breiðabólsstað á Skógarströnd	—	150,00
28.	Margrét Erlendsdóttir frá Stafafelli	—	50,00
29.	Margrét A. Þórðardóttir frá Gaulverjabæ	—	70,00
30.	Metta Einarsdóttir frá Stafafelli	—	110,00
31.	Ragnheiður Jónsdóttir frá Vestmannaeyjum	—	50,00
32.	Ragnheiður H. Magnúsdóttir frá Stað í Steingrímsfirði	—	150,00
33.	Ragnheiður Pálsdóttir frá Tjörn á Vatnsnesi	—	150,00
34.	Ragnh. Gísladóttir frá Eyvindarhólum	—	120,00
35.	Ragnhildur Metúsalemsdóttir frá Hjaltastað	—	150,00
36.	Sesselja Þórðardóttir frá Skinnastað	—	150,00
37.	Sigríður Jónasdóttir frá Melstað	—	135,00
38.	Sigríður Metúsalemsdóttir frá Staðarbakka	—	120,00
39.	Sigrún Kjartansdóttir frá Mosfelli	—	150,00
40.	Steinunn Eiríksdóttir frá Þingmúla	—	180,00
41.	Steinunn Pétursdóttir frá Árnesi	—	200,00
42.	Steinunn Sívertsen frá Útskálum	—	160,00
43.	Valgerður Jónsdóttir frá Völlum	—	120,00
44.	Vigdís Einarsdóttir frá Stað í Grunnavík	—	120,00
45.	Þórey Bjarnadóttir frá Staðarbakka	—	150,00
46.	Þórunn Sigríður Pétursdóttir frá Eydölum	—	60,00
47.	Þuríður Kjartansdóttir frá Hofi í Vopnafirði	—	100,00
	Samtals	kr.	6500,00

14. gr. B. XIII. 2. 166

Samkvæmt fjárlögunum fyrir árin 1920 og 1921, 14. gr. XIII. 2., var veittur þessi styrkur til farkennslu fyrir árið 1921.

I. Skaftafellssýsla:

1. Kirkjubæjarhreppur	kr.	200,00
2. Leiðvallahreppur	—	75,00
3. Álftavershreppur	—	75,00
4. Skaftártunga	—	75,00
5. Mýrahreppur	—	50,00

II. Árnessýsla:

1. Villingaholtshreppur	kr.	150,00
2. Gaulverjabæjarhreppur	—	200,00

III. Gullbringu- og Kjósarsýsla:

Mosfellshreppur	kr.	200,00

IV. Mýra- og Borgarfjarðarsýsla:

1. Hálsahreppur	kr.	75,00
2. Andakílshreppur	—	75,00
3. Leirár- og Melasveit	—	100,00
4. Borgarhreppur	—	200,00

V. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla:

Kolbeinsstaðahreppur	kr.	100,00

VI. Dalasýsla:

1. Hörðudalshreppur	kr	75,00
2. Laxárdalshreppur	—	150,00
3. Saurbæjarhreppur	—	150,00

166

VII. Barðastrandarsýsla:

1. Geiradalshreppur	kr.	50,00
2. Ketildalahreppur	—	150,00

VIII. Ísafjarðarsýsla:

1. Ögurhreppur	kr.	75,00
2. Reykjarfjarðarhreppur	—	125,00

IX. Strandasýsla:

Kirkjubólshreppur	kr.	75,00

X. Húnavatnssýsla:

1. Vindhælishreppur	kr.	200,00
2. Torfalækjarhrepps fræðsluhérað	—	75,00

XI. Skagafjarðarsýsla:

1. Akrahreppur	kr.	200,00
2. Staðahreppur	—	125,00

XII. Eyjafjarðarsýsla:

Öxnadalshreppur	kr.	50,00

XIII. Þingeyjarsýsla:

1. Hálshreppur	kr.	50,00
2. Ljósavatnshreppur	—	125,00
3. Tjörneshreppur	—	125,00
4. Flateyjarhreppur	—	50,00
5. Kelduneshreppur	—	150,00
6. Axarfjarðarhreppur	—	75,00
7. Hólsfjallahreppur	—	50,00
8. Presthólahreppur	—	200,00
9. Svalbarðshreppur	—	175,00

XIV. Norður-Múlasýsla:

1. Hróarstunguhreppur	kr.	125,00
2. Fljótsdalshreppur	—	150,00

XV. Suður-Múlasýsla: 166

1. Vallahreppur	kr.	125,00
2. Eiðahreppur	—	125,00
3. Mjóafjarðarhreppur	—	100,00
4. Breiðdalshreppur	—	200,00
5. Stöðvarhreppur	—	125,00
6. Norðfjarðarhrepps fræðsluhérað	—	150,00
7. Fáskrúðsfjarðarhrepps fræðsluhérað	—	200,00

14. gr. B. XIV. a.

Samkvæmt fjárlögunum fyrir árið 1920 og 1921, 14. gr. B. XIV. a., var veittur þessi styrkur til unglingaskóla fyrir árið 1921:

1. Núpsskóli í Dýrafirði	kr.	4000,00
2. Hvítárbakkaskóli	—	4500,00
3. Ísafjarðarskóli	—	2000,00
4. Húsavíkurskóli	—	2000,00
5. Siglufjarðarskóli	—	1000,00
6. Hjarðarholtsskóli	—	2000,00
7. Víkurskóli	—	1000,00
8. Sauðárkróksskóli	—	1000,00
9. Skútustaðaskóli	—	600,00
Samtals	kr.	18100,00

Styrkur til búnaðarfélaga.

16. gr. 2.

Samkvæmt fjárlögunum fyrir árin 1920 og 1921, 16. gr. 2, var með bréfi atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, dags. 19. febrúar 1921, veittur þessi styrkur fyrir árið 1920 til búnaðarfélaga.

I. Skaftafellssýsla.

	Dagsv. tala.	Kr. a.
1. Búnaðarfélag Bæjarhrepps	548	212,11
2. — Öræfinga	506	195,86
3. — Borgarhafnarhrepps	290	112,25

		Dagsv. tala.	Kr. a.
4.	Búnaðarfélagið „Afturelding“ í Nesjahreppi	2020	781,84
5.	Búnaðarfélag Mýrahrepps	728	281,77
6.	— Skaftártunguhrepps	457	176,88
7.	— Hvammshrepps	664	257,00
8.	— Dyrhólahrepps	586	226,81
9.	— Hörgslandshrepps	624	241,48
10.	— Hörgslands- og Kirkjubæjarhreppa	923	357,24
11.	— Álftavershrepps	407	157,53
12.	Framfarafélag Leiðvallahrepps	303	117,27
	Samtals	8056	3118,04

II. Rangárvallasýsla.

		Dagsv. tala.	Kr. a.
1.	Búnaðarfélag Austur-Eyjafjallahrepps	299	115,72
2.	— Austur-Landeyjahrepps	905	350,27
3.	— Fljótshlíðarhrepps	739	286,03
4.	— Holtamanna	1436	555,80
5.	— Hvolhrepps	816	315,83
6.	— Rangárvallahrepps	1041	402,91
7.	Framfarafélag Landmannahrepps	1141	441,62
	Samtals	6377	2468,18

III. Árnessýsla.

		Dagsv. tala.	Kr. a.
1.	Búnaðarfélag Skeiðahrepps	2999	1160,75
2.	— Villingaholtshrepps	349	135,08
3.	— Hrunamannahrepps	599	231,84
4.	— Gaulverjabæjarhrepps	1753	678,49
5.	— Þingvallahrepps	189	73,15
	Samtals	5889	2279,31

IV. Gullbringu- og Kjósarsýsla.

		Dagsv. tala.	Kr. a.
1.	Búnaðarfélag Mosfellssveitar	582	225,26
2.	— Kjalnesinga	192	74,31
3.	— Kjósarhrepps	4370	1691,38
4.	— Garðahrepps	553	214,05
5.	— Bessastaðahrepps	362	140,11
	Samtals	6059	2345,11

V. Reykjavík.

166

	Dagsv. tala.	Kr. a.
Jarðræktarfélag Reykjavíkur	1879	727,25

VI. Borgarfjarðar- og Mýrasýsla.

		Dagsv. tala.	Kr. a.
1.	Búnaðarfélag Leirár- og Melahrepps	802	310,41
2.	— Hvalfjarðarstrandarhrepps	343	132,76
3.	— Skorradalshrepps	291	112,64
4.	— Andakílshrepps	1213	469,47
5.	— Skilmannahrepps	238	92,13
6.	— Innri-Akraneshrepps	348	134,70
7.	— Reykdæla	2733	1057,77
8.	— Hálsahrepps	299	115,72
9.	— Lundareykjadalshrepps	619	239,59
10.	— Þverárhlíðarhrepps	283	109,55
11.	— Stafholtstungnahrepps	1306	505,48
12.	— Álftaneshrepps	638	246,95
13.	— Borgarhrepps	951	368,08
14.	— Hvítársíðuhrepps	1166	451,29
15.	— Hraunhrepps	616	238,43
16.	— Norðurárdalshrepps	308	119,20
	Samtals	12154	4704,17

VII. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.

		Dagsv. tala.	Kr. a.
1.	Búnaðarfélag Helgafellssveitar	893	345,63
2.	— Eyjahrepps	602	233,01
3.	— Staðarsveitar	130	50,32
4.	— Kolbeinsstaðahrepps	743	287,59
5.	— Miklaholtshrepps	657	254,29
6.	— Eyrarsveitar	103	39,87
	Samtals	3128	1210,71

VIII. Dalasýsla.

		Dagsv. tala.	Kr. a.
1.	Búnaðarfélag Laxárdalshrepps	294	113,80
2.	— Miðdalahrepps	920	356,08
3.	— Fellsstrandarhrepps	457	176,88

166

		Dagsv. tala.	Kr. a.
4.	Búnaðarfélag Hvammshrepps	440	170,30
5.	— Haukadalshrepps	122	47,23
6.	— Saurbæjarhrepps	289	111,86
7.	— Hörðudalshrepps	603	233,40
	Samtals	3125	1209,55

IX. Barðastrandarsýsla.

		Dagsv. tala.	Kr. a.
	Búnaðarfélag Geiradalshrepps	206	79,74

X. Ísafjarðarsýsla.

		Dagsv. tala.	Kr. a.
1.	Búnaðarfélag Mýrahrepps	724	280,22
2.	— Reykjarfjarðarhrepps	71	27,48
3.	— Nauteyrarhrepps	525	203,20
	Samtals	1320	510,90

XI. Strandasýsla.

		Dagsv. tala.	Kr. a.
1.	Búnaðarfélag Bæjarhrepps	359	138,95
2.	— Kirkjubóls- og Fellshreppa	148	57,28
3.	— Hrófbergshrepps	109	42,19
	Samtals	616	238,42

XII. Húnavatnssýsla.

		Dagsv. tala.	Kr. a.
1.	Búnaðarfélag Þverárhrepps	782	302,67
2.	— Engihlíðarhrepps	686	265,52
3.	— Sveinsstaðahrepps	673	260,49
4.	— Svínavatnshrepps	772	298,80
5.	— Kirkjuhvammshrepps	940	363,82
6.	— Staðarhrepps	1057	409,11
7.	— Vindhælishrepps	1155	447,04
8.	— Fremri-Torfastaðahrepps	535	207,07

		Dagsv. tala.	Kr. a.
9.	Búnaðarfélag Ytri-Torfastaðahrepps	596	230,68
10.	— Þorkelshólshrepps	2097	811,64
	Samtals	9293	3596,84

XIII. Skagafjarðarsýsla.

		Dagsv. tala.	Kr. a.
1.	Búnaðarfélag Seiluhrepps	2266	877,05
2.	— Staðarhrepps	1470	568,94
3.	— Lýtingsstaðahrepps	1117	432,32
4.	— Rípurhrepps	1049	406,00
5.	— Skefilsstaðahrepps	344	133,15
6.	— Skarðshrepps	636	246,18
	Samtals	6882	2663,64

XIV. Eyjafjarðarsýsla.

		Dagsv. tala.	Kr. a.
1.	Framfarafélag Glæsibæjarhrepps	802	310,40
2.	— Skriðuhrepps	264	102,19
3.	— Öngulstaðahrepps	338	130,82
4.	Búnaðarfélag Svarfdæla	935	361,88
5.	— Saurbæjarhrepps	576	222,94
6.	— Öxndæla	861	333,25
	Samtals	3776	1461,48

XV. Akureyri.

	Dagsv. tala.	Kr. a.
Jarðræktarfélag Akureyrar	746	288,75

XVI. Þingeyjarsýsla.

		Dagsv. tala.	Kr. a.
1.	Búnaðarfélag Ljósavatnshrepps	1102	426,52
2.	— Svalbarðsstrandarhrepps	774	299,57
3.	— Hálshrepps	783	303,06
4.	Framfarafélag Grýtubakkahrepps	309	119,59
5.	Búnaðarfélag Skútustaðahrepps	581	224,87

166

	Dagsv. tala.	Kr. a.
6. Jarðabótafélag Húsavíkur	309	119,59
7. — Aðaldæla	1426	551,93
8. — Reykdæla	1138	440,46
9. Jarðræktarfélagið „Ófeigur“ í Reykjahverfi	616	238,43
10. Búnaðarfélag Svalbarðshrepps	389	150,56
Samtals	7427	2874,58

XVII. Suður-Múlasýsla.

	Dagsv. tala.	Kr. a.
Búnaðarfélag Breiðdalshrepps	577	223,33

	Dagsv. tala.	Kr. a.
1. Skaftafellssýsla	8056	3118,04
2. Rangárvallasýsla	6377	2468,18
3. Árnessýsla	5889	2279,31
4. Gullbringu- og Kjósarsýsla	6059	2345,11
5. Reykjavík	1879	727,25
6. Borgarfjarðar- og Mýrasýsla	12154	4704,17
7. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla	3128	1210,71
8. Dalasýsla	3125	1209,55
9. Barðastrandarsýsla	206	79,74
10. Ísafjarðarsýsla	1320	510,90
11. Strandasýsla	616	238,42
12. Húnavatnssýsla	9293	3596,84
13. Skagafjarðarsýsla	6882	2663,64
14. Eyjafjarðarsýsla	3776	1461,48
15. Akureyri	746	288,75
16. Þingeyjarsýsla	7427	2874,58
17. Suður-Múlasýsla	577	223,33
Samtals	77510	30000,00

Alls 100 félög, dagsverkið 38,7.

EMBÆTTI OG SÝSLANIR m. m.

Hinn 12. nóvember 1920 var settur kennari við gagnfræðaskólann á Akureyri, Lárus Bjarnason, allramildilegast skipaður kennari við sama skóla.

Hinn 31. desember 1920 var bankaútbússtjóri á Eskifirði, Guðmundur Loftsson, settur til þess fyrst um sinn, frá 1. janúar þ. á. að telja, að gegna sýslumannsembættinu í Suður-Múlasýslu.

Hinn 15. nóvember 1920 var prófessor Eiríki Briem veitt samkvæmt beiðni lausn frá starfinu sem framkvæmdarstjóri Söfnunarsjóðs Íslands frá 1. janúar þ. á. að telja.

Hinn 15. s. m. var bankaritari Vilhjálmur Briem settur framkvæmdarstjóri Söfnunarsjóðs Íslands, fyrst um sinn frá 1. janúar þ. á. að telja.

31. desbr. 1920 var sóknarpresti í Auðkúluprestakalli, síra Stefáni M. Jónssyni, samkvæmt umsókn hans, veitt lausn frá prestskap frá 1. júní þ. á. að telja, með eftirlaunum.

Hinn 24. jan. var sóknarprestinum í Staðarprestakalli í Strandaprófastsdæmi, Guðlaugi Guðmundssyni, samkvæmt umsókn hans, veitt lausn frá prestskap sökum heilsubrests, frá fardögum þ. á. að telja, með eftirlaunum.

Hinn 31. s. m. var sýslumanni í Dalasýslu, Bjarna Þ. Johnsen, allramildilegast veitt lausn frá sýslumannsembættinu í Dalasýslu, án eftirlauna.

S. d. var sóknarprestinum í Flateyjarprestakalli í Barðastrandarprófastsdæmi, séra Sigurði Jenssyni, præp. hon., samkvæmt umsókn hans, veitt lausn frá prestskap sökum heilsubrests, frá fardögum þ. á. að telja, með eftirlaunum.

Hinn 8. febr. var Jón Foss læknir settur til að gegna héraðslæknisembættinu í Borgarfjarðarhéraði, fyrst um sinn, frá 1. s. m. að telja þangað til öðruvísi verður ákveðið.

Hinn 24. s. m. var sóknarprestinum í Miklabæjarprestakalli, síra Birni Jónssyni, præp. hon., samkvæmt umsókn hans, veitt lausn frá prestskap sökum heilsubrests, frá næstkomandi fardögum að telja, með eftirlaunum.

Hinn 2. maí var Hans Magnús Torfason, sýslumaður í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógeti í Ísafjarðarkaupstað, allramildilegast skipaður sýslumaður í Árnessýslu.

Sama dag var fulltrúi í fjármálaráðuneytinu, cand. juris Magnús Gíslason, allramildilegast skipaður sýslumaður í Suður-Múlasýslu.

Sama dag var Jón Bjarnason læknir í Keflavík, allramildilegast skipaður héraðslæknir í Borgarfjarðarhéraði.

6. s. m. var settur prestur í Grundarþingaprestakalli í Eyjafjarðarprófastsdæmi, séra Gunnar Benediktsson, skipaður sóknarprestur sama staðar.

Sama dag var sóknarprestur í Bergstaðaprestakalli í Húnavatnsprófastdæmi, séra Björn Stefánsson, allramildilegast skipaður sóknarprestur í Auðkúluprestakalli í sama prófastsdæmi.

28. sama mánaðar var cand. theol Halldór Kolbeins, skipaður sóknarprestur í Flateyjarprestakalli í Barðastrandarprófastsdæmi.

Sama dag var settur prestur í Barðsprestakalli í Fljótum, sér Stanley Guðmundsson, skipaður sóknarprestur sama staðar.

10. júní var sóknarpresti í Mjóafjarðarprestakalli, séra Þorsteini Ástráðssyni, veitt Prestsbakkaprestakall í Strandaprófastsdæmi.

Sama dag var aðstoðarpresti í Miklabæjarprestakalli í Skagafjarðarprófastsdæmi, síra Lárusi Arnórssyni, veitt téð prestakall.

Hinn 3. júlí var aðstoðarmaður í fjármálaráðuneytinu, Þorsteinn Þorsteinsson, allramildilegast skipaður sýslumaður í Dalasýslu.

Sama dag var mag. art. Sigurður Guðmundsson allramildilegast skipaður skólameistari við gagnfræðaskólann á Akureyri, frá 1. sept. þ. á. að telja.

15. sama mánaðar var Kristmundur Guðjónsson, cand. med., settur til að gegna héraðslæknisembættinu í Reykhólahéraði, fyrst um sinn frá 1. s. m. að telja, þangað til öðruvísi verður ákveðið.

21. sama mánaðar var Gunnar Egilson erindreki, skipaður framkvæmdarstjóri Brunabótafélags Íslands frá 1. október þ. á. að telja.

22. sama mánaðar var cand. med. Jón Árnason, settur héraðslæknir í Axarfjarðarhéraði.

25. sama mánaðar var sóknarpresti í Mosfellsprestakalli í Grímsnesi, séra Þorsteini Briem, veitt Garðaprestakall á Akranesi.

Hinn 1. ágúst var Oddur Gíslason málaflutningsmaður í Kaupmannahöfn, allramildilegast skipaður sýslumaður í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógeti í Ísafjarðarkaupstað.

Hinn 6. s. m. var settur héraðslæknir í Öxarfjarðarhéraði, Jón Árnason, allramildilegast skipaður héraðslæknir sama staðar.

Hinn 5. september var Freysteinn Gunnarsson cand. theol. settur kennari við Kennaraskólann frá 1. okt. þ. á. að telja.

Hinn 7. s. m. var settur prófastur í Strandaprófastsdæmi, sér Jón Brandsson, sóknarprestur í Tröllatunguprestakalli, skipaður prófastur í téðu prófastsdæmi.

Hinn 8. s. m. var settur prestur í Staðarprestakalli í Grunnavík, séra Jónmundur Halldórsson, skipaður sóknarprestur sama staðar.

Þann 27. s. m. skipaði atvinnumálaráðherrann cand. polit. Georg Ólafsson bankastjóra við Landsbankann, frá 1. nóvember að telja.

30. s. m. leysti dóms- og kirkjumálaráðherrann landlæknir G. Björnson frá landlæknisstörfum um 6 mánaða tíma, til þess að hann geti gefið sig óskiptur að undirbúningi, er hann hefir tekizt á hendur samkvæmt beiðni ráðuneytisins, á framkvæmd laga um varnir gegn berklaveiki.

Sama dag setti dóms- og kirkjumálaráðherra prófessor Guðmund Hannesson til þess að gegna landlæknisembættinu um 6 mánuði frá 1. október að telja.

Hinn 29. október var settur fulltrúi, cand. jur. Sigfús M. Johnsen, skipaður fulltrúi í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.

Sama dag var settur aðstoðarmaður, cand. jur. Steindór Gunnlaugsson, skipaður aðstoðarmaður í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.

Hinn 31. sama mánaðar var cand. jur. Sigurður Sigurðsson skipaður fulltrúi í fjármálaráðuneytinu frá 1. nóv. þ. á. að telja.

Hinn 12. nóvembermánaðar var sóknarprestur í Staðarstaðarprestakalli í Snæfellsnesprófastsdæmi, séra Jón N. Jóhannessen, skipaður sóknarprestur í Staðarprestakalli í Steingrímsfirði.

19. sama mánaðarþóknaðist Hans hátign konunginum, að fela fjármálaráðherra Magnúsi Guðmundssyni, að veita forstöðu dóms- og kirkjumáladeild stjórnar-

ráðsins og að gegna störfum forsætisráðherra, að svo miklu leyti, sem þörf kann að verða á, meðan forsætisráðherra, Jón Magnússon, er fjarverandi í embættisferð til Kaupmannahafnar.

21. s. m. var héraðslækninum í Grímsneshéraði, Skúla Árnasyni, allramildilegast veitt lausn í náð frá téðu embætti, frá 1. janúar næstkomandi, með eftirlaunum.

PÓSTMENN SKIPAÐIR

Hinn 5. febrúar 1920 var Teitur Kristján Þórðarson af aðalpóstmeistara skipaður póstafgreiðslumaður í Reykjavík frá 1. janúar sama ár að telja.

Sama dag voru þau Helgi Björnsson, Kristín Brynjólfsdóttir, Kara Briem, Sigríður Einarsdóttir og Sæmundur Helgason af aðalpóstmeistara skipuð póstaðstoðarmenn í Reykjavík frá 1. janúar sama ár að telja.

6. sama mánaðar var póstafgreiðslumaður Ole P. Blöndal af atvinnumálaráðherra skipaður póstritari frá 1. janúar sama ár að telja.

Sama dag var cand. Magnús Jochumsson af atvinnumálaráðherra skipaður póstfulltrúi hjá aðalpóstmeistara frá 1. janúar sama ár að telja.

Sama dag var póstafgreiðslumaður Friðrik Möller af atvinnumálaráðherra skipaður póstmeistari á Akureyri frá 1. janúar s. á. að telja.

Sama dag var póstafgreiðslumaður Guðmundur Bergsson af atvinnumálaráðherra skipaður póstmeistari á Ísafirði frá 1. janúar s. á. að telja.

Sama dag var póstafgreiðslumaður Sigurður Baldvinsson af atvinnumálaráðherra skipaður póstmeistari á Seyðisfirði, frá 1. janúar s. á. að telja.

Sama dag var póstafgreiðslumaður Þorleifur Jónsson af atvinnumálaráðherra skipaður póstmeistari í Reykjavík, frá 1. janúar s. á. að telja.

Sama dag var póstafgreiðslumaður Páll Steingrímsson af atvinnumálaráðherra skipaður póstfulltrúi í Reykjavík frá 1. janúar s. á. að telja.

18. sama mánaðar var Friðrik Möller veitt lausn frá póstmeistaraembætti á Akureyri, frá 1. maí s. á. að telja.

Hinn 9. marz 1920 var póstaðstoðarmaður Einar Hróbjartsson af aðalpóstmeistara skipaður póstafgreiðslumaður í Reykjavík, frá 1. janúar s. á. að telja.

Hinn 7. apríl 1920 var póstmeistari Guðmundur Bergsson af atvinnumálaráðherra skipaður póstmeistari á Akureyri, 1. maí s. á. að telja.

28. sama mánaðar setti aðalpóstmeistari Odd Guðmundsson til þess að gegna póstmeistaraembættinu á Ísafirði fyrst um sinn frá 1. maí s. á. að telja.

Hinn 20. maí 1920 var Finnur Jónsson af atvinnumálaráðherra skipaður póstmeistari á Ísafirði frá 1. júlí s. á. að telja.

Hinn 1. júlí 1920 veitti aðalpóstmeistari Kristjáni Teiti Þórðarsyni lausn frá póstafgreiðslumannssýslan í Reykjavík, frá nefndum degi að telja.

Hinn 12. ágúst 1920 var Egill Sandholt af aðalpóstmeistara skipaður póstafgreiðslumaður í Reykjavík frá 1. sama mánaðar að telja.

Sama dag var hreppstjóri Ólafur Eggertsson af aðalpóstmeistara skipaður póstafgreiðslumaður á Króksfjarðarnesi frá 1. sama mánaðar að telja.

Sama dag var Kristján Sigurðsson af aðalpóstmeistara skipaður póstaðstoðarmaður í Reykjavík, frá 1. sama mánaðar að telja.

30. sama mánaðar veitti aðalpóstmeistari Kristjáni Torfasyni kaupmanni lausn frá póstafgreiðslumannssýslan á Flateyri, frá 1. september s. á. að telja.

Sama dag setti aðalpóstmeistari kaupmann Jón Eyjólfsson til þess fyrst um sinn að gegna póstafgreiðslumannssýslaninni á Flateyri, frá 1. september s. á. að telja.

Hinn 23. nóvember 1920 var kaupmaður Jón Eyjólfsson af aðalpóstmeistara skipaður póstafgreiðslumaður á Flateyri, frá 1. sama mánaðar að telja.

Hinn 3. desember 1920 var Jósep Blöndal af aðalpóstmeira vikið frá póstafgreiðslumannssýslaninni á Siglufirði um stund, sakir vanskila.

Sama dag setti aðalpóstmeistari kaupmann Sophus Blöndal til þess fyrst um sinn að gegna póstafgreiðslumannsýslaninni á Siglufirði.

Hinn 3. janúar 1921 setti aðalpóstmeistari Gísla Eiríksson til þess fyrst um sinn að gegna póstafgreiðslumannssýslaninni á Stað í Hrútafirði.

Hinn 12. marz veitti aðalpóstmeistari prófasti Sigurði Jenssyni lausn frá póstafgreiðslumannssýslaninni í Flatey, frá 1. júní að telja.

Sama dag setti aðalpóstmeistari Jón Sigurð Sigurðsson til þess um stund að gegna póstafgreiðslumannssýslaninni í Flatey.

Hinn 11. apríl var Gísli Eiríksson af aðalpóstmeistara skipaður póstafgreiðslumaður á Stað, frá 1. sama mánaðar að telja.

Hinn 4. maí var Jón Sigurður Sigurðsson af aðalpóstmeistara skipaður póstafgreiðslumaður í Flatey, frá 1. júní að telja.

17. sama mánaðar veitti aðalpóstmeistari Elínu Sigurðardóttur lausn frá póstafgreiðslumannssýslaninni á Þórshöfn, frá 1. júní að telja.

Sama dag setti aðalpóstmeistari Davíð Kristjánsson til þess fyrst um sinn að gegna póstafgreiðslumannssýslaninni á Þórshöfn, frá 1. júní að telja.

Hinn 21. júní setti aðalpóstmeistari Otto Jörgensen til þess fyrst um sinn að gegna póstafgreiðslumannssýslaninni á Siglufirði, frá 1. júlí að telja.

Hinn 1. október veitti aðalpóstmeistari héraðslækni Magnúsi Péturssyni lausn frá póstafgreiðslumannssýslaninni á Hólmavík, frá 1. janúar 1922 að telja.

Hinn 30. nóvember var Jósep Blöndal af aðalpóstmeistara leystur frá póstafgreiðslumannssýslaninni á Siglufirði, frá 1. desember að telja.

Sama dag var Otto Jörgensen af aðalpóstmeistara skipaður póstafgreiðslumaður á Siglufirði, frá 1. desember að telja.

Sama dag var Kristinn Benediktsson af aðalpóstmeistara skipaður póstafgreiðslumaður á Hólmavík, frá 1. janúar 1922 að telja.

Sama dag var Davíð Kristjánsson af aðalpóstmeistara skipaður póstafgreiðslumaður á Þórshöfn, frá 1. janúar 1922 að telja.

Hinn 24. desember var Kristján A. Kristjánsson af aðalpóstmeistara skipaður póstafgreiðslumaður á Suðureyri, frá 1. janúar 1922 að telja.

ALÞINGISMENN

1921

kosnir fyrir Reykjavík.

5. febrúar var Jón Baldvinsson framkvæmdarstjóri, Jón Þorláksson verkfræðingur og síra Magnús Jónsson dósent kosnir alþingismenn fyrir Reykjavík.

KONSÚLAR

Hinn 27. apríl var Jon Carl Friðrik Arnesen viðurkenndur sænskur vicekonsúll á Akureyri.

Hinn 10. júní var Jóhann Þorkell Jósefsson viðurkenndur þýzkur varakonsúll í Vestmannaeyjum.

Hinn 7. október var bankastjóri Hans Truelsen Tofte viðurkenndur sænskur aðalkonsúll á Íslandi, með bústað í Reykjavík.

21. sama mánaðar var kaupmaður Sigfús Blöndal viðurkenndur þýzkur konsúll í Reykjavík.

HEIÐURSMERKI

Hinn 3. júlí sæmdi Hans hátign konungurinn **stórkrossi Fálkaorðunnar:**
Jón Magnússon forsætisráðherra, Niels Neergaard Statsminister, I. C. Christensen Undervisningsminister, A. N. Krieger Kabinetsskretær,
og stórriddarakrossi Fálkaorðunnar:
Carl Juel Hofmarskalk, Carl Cartensen Kommandör, C. F. Gjernals Oberst, Jón Sveinbjörnsson konungsritara, C. W. Appeldorn Oberstlöjtnant, Jóhannes Jóhannesson bæjarfógeta, Bjarna Jónsson dócent, Einar Arnórsson prófessor, Svein Björnsson sendiherra, O. C. Kragh Rektor, J. E. Böggild Gesant, Jón

Krabbe sendiherrasveitarritara, F. Cold Kommandör, V. J. A. Hartung, Kommandör, N. C. Monberg Etatsraad, P. O. A. Andersen Statsgældsdirektör,

og ennfremur riddarakrossi Fálkaorðunnar:

C. C. Sehested Hoffröken, H. S. Sander Kaptajn, Codfred Hansen Kaptajn, A. H. Vedel Premierlöjtnant, A. C. Beck Hoffurer, Hans Tegner Professor, P. B. Grandjean Arkivregistrator, Þorstein M. Jónsson kennara, L. Dornonville de la Cour Kaptajn, A. A. Riisager Overlægi, H. de Jonquières Hansen Kaptajn, Svenn Poulsen Redaktör.

Hinn 1. desember sæmdi Hans hátign konungurinn **stórriddarakrossi Fálkaorðunnar:**

Pétur Jónsson atvinnumálaráðherra, Finn Jónsson prófessor, Eirík Briem prófessor, Thor Jensen útgerðarmann, Klemens Jónsson fyrrv. landritara, Ásgeir Sigurðsson konsúl, Guðmund Magnússon prófessor, C. O. Jensen prófessor,

og riddarakrossi Fálkaorðunnar:

Jóhann Þorkelsson dómkirkjuprest, Þórunni Jónassen ekkjufrú, Elínu Briem Jónsson ekkjufrú, Valdimar Ó. Briem vígslubiskup, Harald Níelsson prófessor, Einar Hjörleifsson Kvaran rithöfund, Þorstein Gíslason ritstjóra, Ágúst Flygenring kaupmann, Björn Sigurðsson fyrrv. bankastjóra, Þórarinn Erlend Tulinius stórkaupmann, Magnús Kristjánsson alþingismann, Jón Bergsson bónda, Egilsstöðum, Ágúst Helgason bónda, Birtingaholti, Magnús Sigurðsson bónda, Grund, Snæbjörn Kristjánsson hreppstjóra, Hergilsey, Halldór Þorsteinsson skipstjóra, Hjalta Jónsson skipstjóra, Sigurð Pétursson skipstjóra, Johan Ferdinand Aasberg skipstjóra, Jörgen Anton Christensen dócent.

21. nóvbr. var konsúl Otto Tuliniusi allramildilegast leyft að bera heiðursmerki sem riddari af vasaorðunni, I. fl., er Hans hátign konungur Svía hefir sæmt hann.

Ráðuneytið og orðunefndin tilkynna, að Hans hátign konungurinn hafi 31. október afhent Hennar hátign, ekkjudrottningu Louise, stórkrossinn af íslenzku Fálkaorðunni í tilefni af sjötugsafmæli ekkjudrottningarinnar.

HEIÐURSGJAFIR

Af vöxtum af styrktarsjóði Kristjáns konungs IX. fyrir árið 1920 hefir stjórnarráðið veitt þeim Hermundi Valdimar Guðmundssyni, bónda í Vallanesi í Seluhreppi í Skagafjarðarsýslu, og Hallgrími Níelssyni, hreppstjóra á Grímsstöðum í Álftaneshreppi í Mýrasýslu, heiðursgjafir, 160 krónur hvorum, fyrir framúrskarandi dugnað í jarðabótum, byggingum og öðru, sem að búnaði lýtur.

STYRKVEITING

Af vöxtum af styrktarsjóði Friðriks konungs VIII. fyrir árið 1921 hefir atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið veitt Árna Einarssyni bónda í Múlakoti 200 kr. styrk til trjárækta.

EINKARÉTTUR

9. febr. 1921 þóknaðist Hans hátign konunginum að veita Norsk Hydroelektrisk Kvælstofaktieselskab, Solligaten 7 í Kristjaníu í Noregi, einkarétt á Íslandi um 5 ára tímabil á útbúnaði á leiðslu lofttegunda gegnum þynnulogaofna.

Sama dag 1921 þóknaðist Hans hátign konunginum að veita Norsk Hydroelektrisk Kvælstofaktieselskab, Solligaten 7 í Kristjaníu í Noregi, einkarétt á útbúningi á loftleiðslu í rafofnum með þynnulogum.

6. maí 1921 þóknaðist Hans hátign konunginum að veita Norsk Hydroelektrisk Kvælstofaktieselskab, Solligaten 7 í Kristjaníu í Noregi, einkarétt á aðferð til að binda köfnunarefnislofttegundir í hringrásakerfi.

Sama dag 1921 þóknaðist Hans hátign konunginum að veita Norsk Hydroelektrisk Kvælstofaktieselskab, Solligaten 7 í Kristjaníu í Noregi, einkarétt á bogaraflogaofni til að blanda súrefni í köfnunarefni loftsins og kæla um leið lofttegundir þær, sem myndast, þannig að hitinn úr þeim verði að notum.

Sama dag 1921 þóknaðist Hans hátign konunginum að veita Norsk Hydro-elektrisk Kvælstofaktieselskab, Solligaten 7 í Kristjaníu í Noregi, einkarétt á aðferð til rafaðgreiningar á bráðnum rafaðgreinanlegum efnum.

Sama dag 1921 þóknaðist Hans hátign konunginum að veita framkvæmdarstjóra E. A. A. Gronvall í Stokkhólmi í Svíþjóð einkarétt á Íslandi um 5 ára tímabil á aðferð til að framleiða vikurjárn.

23. maí 1921 þóknaðist Hans hátign konunginum að veita h/fj. Frederikstads Elektrokemiske Fabriker, F. E. F., í Frederiksstad í Noregi, einkarétt á Íslandi um 5 ára tímabil á aðferð til að framleiða perbóröt.